

ÁRSSKÝRSLA SJÁLANDSSKÓLA

2014 – 2015

Vilja
Virða

Skjal sótt af 100011000w.org



SJÁLANDS  SKÓLI

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Hagnýtar upplýsingar.....	4
Nemendur.....	4
Ástundun.....	5
Starfsmenn.....	5
Ytri tengsl.....	9
Tengsl við nærsamfélagið.....	10
Skólaárið.....	11
Skóladagur nemenda.....	13
Skólahúsnaði-skólalóð.....	14
Áherslur í starfi Sjólandsskóla árið 2014 – 2015.....	15
Tyllidagar og viðburðir á skólaárinu.....	16
Samstarf heimilis og skóla.....	25
Samstarf kennara og foreldra.....	25
Foreldraheimsóknir og stjórnendakaffi.....	25
Skýrsla foreldrafélags Sjólandsskóla.....	26
Þróunarverkefni á skólaárinu.....	27
Starfsþróun, kannanir og þróunarverkefni á skólaárinu.....	27
Fræðsluerindi og námskeið fyrir hluta/alla starfsmenn skólans:.....	27
Kannanir og sjálfsmat.....	28
Þróunarverkefni skólans á skólaárinu 2014-2015.....	28
Samantekt og mat á árangri skólastarfsins.....	28
Skýrslur umsjónarkennara.....	29
Skýrsla umsjónarkennara í 1. og 2. bekk.....	29
Skýrsla umsjónarkennara í 3. og 4. bekk.....	36
Skýrsla umsjónarkennara í 5. og 6. bekk.....	44
Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk.....	55
Skýrsla umsjónarkennara í 8. Bekk.....	61
Skýrsla umsjónarkennara í 9. -10. bekk.....	65
Skýrsla enskukennara.....	70

Skýrsla dönskukennara	75
Valnámskeið á unglingastigi	81
Skýrslur list og verkgreinakennara	90
Skýrsla íþróttakennara.....	90
Skýrsla sundkennara	92
Skýrsla myndmenntakennara.....	105
Skýrsla textílkennara	110
Skýrsla hönnunar og smíðakennara.....	114
Skýrsla tónmenntakennara.....	119
Stuðningsþjónusta	126
Skýrsla þroskajálfa	129
Skýrsla námsráðgjafa.....	130
Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu – og upplýsingatækni	134
Skýrsla bókasafns Sjálandsskóla	141
Skýrsla tómstundaheimilisins Sælukots	143
Fylgiskjal 1 - Skipurit Sjálandsskóla skólaárið 2014-2015	148
Fylgiskjal 2 - Skóladagatal 2014-2015	149
Fylgiskjal 3 - Skýrsla sjálfsmatshóps Sjálandsskóla	150
Fylgiskjal 4 – Skýrsla um niðurstöður samræmdra prófa 2014	159
Fylgiskjal 5 - Fréttadagbók af heimasíðu.....	169
Fylgiskjal 6 – Skýrsla Klakans	170

Inngangur

Ársskýrsla Sjólandsskóla 2014-2015 er tíunda skýrsla skólans frá upphafi. Ársskýrslan er skrifuð með það í huga að gefa lesendum skýra mynd af skólastarfinu eins og kostur er. Allir kennarar og starfsfólk skólans koma að gerð skýrslunnar með lýsingu á þeim störfum sem þeir hafa innt af hendi á skólaárinu. Skýrslunni er ætlað að varpa ljósi á það framsækna starf sem fram fer í skólanum sem og hindranir sem verið hafa á veginum með það að leiðarljósi að bæta og þróa starfið í Sjólandsskóla.

Sjólandsskóli er heildstæður, einsetinn grunnskóli með 1. -10. bekk. Foreldrar í Garðabæ hafa val um grunnskóla. Þess vegna dreifist búseta nemenda og um eiginleg skólahverfi er ekki að ræða. Nærhverfi Sjólandsskóla eru Ásahverfi, Grundir, Sjólandshverfi, Prýði og Nes. Hverfið markast af Hafnarfjarðarvegi í suður, Gálgahrauni í vestur, Arnarnesvogi í norður og Kópavogi í austur.

Fyrsti skóladagur skólaársins 2014 - 2015 var 25. ágúst og voru 267 nemendur skráðir við skólann. Foreldraviðtöl voru boðuð fyrsta skóladaginn. Fyrirkomulagið var með þeim hætti að nemendur voru boðaðir í viðtal til umsjónarkennara með forráðamönnum. Markmið þessara viðtala var að kynnast nýjum nemendum, fara yfir skipulag vetrarins með eldri nemendum og skerpa á markmiðum hvers og eins.

Sjólandsskóli starfar eftir aðalnámskrá grunnskóla og grunnskólalögum. Skóladagatal skólans er í fylgiskjali númer 2. Skólastjóri skólans, skólaárið 2014-2015 var Helgi Grímsson og aðstoðarskólastjóri var Edda Björg Sigurðardóttir.

Skýrslan skiptist í 10 kafla auk formála. Skýrslunni er dreift til skólaráðs, stjórnar foreldrafélagsins, skólanefndar Garðabæjar, forstöðumanns fræðslu- og menningarsviðs ásamt deildarstjóra skóladeildar. Skólaskýrslan 2014-2015 er einnig birt á vef Sjólandsskóla ásamt ýmsum öðrum upplýsingum sem lúta að skólastarfinu.


Sjólandsskóli, 30. júní 2015,

Edda Björg Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri.

Hagnýtar upplýsingar

Nemendur


Samtals hóf 267 nemandi nám í skólanum í ágúst 2015 en voru 266 við skólalok. Stúlkur í skólanum voru 127 og drengir voru 139. Í 1. og 2. bekk var samkennt í þremur umsjónarhópum með alls 60 nemendur. Samkennta var í 3. og 4. bekk í þremur umsjónarhópum með alls 54 nemendur. Í 5.–6. bekk var samkennta í þremur umsjónarhópum með alls 51 nemendur. Tveir umsjónarhópar voru í 7. bekk með alls 33 nemendur. Í unglingadeild var kennt í tveimur umsjónarhópum í 8. bekk og samkennta í 9.-10. bekk í tveimur umsjónarhópum. Í 8. bekk voru 37 nemendur, 23 nemendur í 9. bekk og 8 nemendur í 10. bekk



Fjöldi nemenda eftir kyni 2014-2015

Fjöldi nemenda í Sjálandsskóla á árunum 2005 – 2014

Nemendafjöldi í Sjálandsskóla jókst jafnt og þétt frá árunum 2005 - 2010 en hefur haldist nokkuð jafn síðan. Áætlaður fjöldi nemenda á skólaárinu 2015-2016 er um það bil 275 nemendur. Í línuriti hér til hliðar og í töflunni hér fyrir neðan má sjá þróun nemendafjölda frá árinu 2005 – 2015.




Þróun nemendafjölda

Tafla 1. Þróun nemendafjölda frá skólaárinu 2005 – 2014

Ár	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Nemendafjöldi	85	114	167	182	238	249	251	245	258	262

Eftirfarandi súlurit sýnir búsetu nemenda í Sjálandsskóla skipt eftir hverfum Garðabæjar. Nokkrir nemendur skólans búa utan sveitafélagsins og flokkast þeir undir Hafnarfjörð og annað.



Búseta nemenda Sjálandsskóla


Ástundun

Samantekt ástundunar leiðir í ljós að skráðir veikindadagar í Mentor eru samtals 1706. Beðið var um leyfi fyrir nemendur í 1030 daga. Það vekur eftirtekt að veikindadögum fjölgar um 203 daga á milli ára. Fjöldi leyfisdaga er svipaður á milli ára.

Ef tekið er meðaltal af þessum fjarvistum þá er hver

nemandi veikur í 6,5 daga og í leyfi að meðaltali 4 daga sem er sama meðaltal og sl. skólaár. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá ástundun nemenda eftir árgöngum.

Sjá má á línuritunni hér til hliðar þróun veikinda og leyfisdaga nemenda. Leyfis dagar eru svipaðir á milli ára en veikindadögum hefur fjölgað nokkuð.



Veikinda- og leyfis dagar nemenda sl. fjögur skólaár


Tafla 2. Veikinda og leyfis dagar nemenda frá skólárinu 2005 - 2014

Bekkur	2008-2009		2009-2010		2010-2011		2011-2012		2012-2013		2013-2014		2014-2015	
	Veikindi	Leyfi	Veikindi	Leyfi	Veikindi	Leyfi	Veikindi	Leyfi	Veikindi	Leyfi	Veikindi	Leyfi	Veikindi	Leyfi
1.-2.bekkur							139	95	266	180	404	177	309	203
3.-4.bekkur	157	190	258	152	240	240	202	106	257	131	214	166	239	151
5.-6.bekkur	246	120	362	195	372	238	253	185	283	219	201	196	325	170
7.bekkur	59	34	99	30	263	242	163	132	164	164	195	212	194	180
8.bekkur	115	83	202	91	107	51	204	192	125	105	161	85	286	169
9.bekkur			141	111	209	75	97	93	312	197	336	196	256	103
10.bekkur					118	140	135	45	104	37			97	54

Starfsmenn


Í Sjálandsskóla starfar hópur fagmenntaðra og ófaglærðra starfsmanna sem vinna í sameiningu að því að byggja upp skólastarf sem einkennist af vilja og virðingu en það eru einkunnarorð skólans. Sameiginlega hafa allir starfsmenn Sjálandsskóla hag nemenda að leiðarljósi. Þeir starfa undir verkstjórn skólastjórnenda og eiga í nánú samstarfi sín á milli, við nemendur, foreldra og aðra sem að skólastarfinu koma. Allir starfsmenn skólans bera ábyrgð á skólastarfinu jafnt undirbúningi, framkvæmd, mati og leggja metnað sinn í að styðja hvern annan í starfi. Starfsmenn skólans miðla þekkingu sín á milli, reynslu og færni og nýta sér þau tækifæri sem gefast til þess að vaxa í starfi jafnt innan veggja skólans sem utan.

Skólaárið 2014 – 2015 störfuðu við skólann 55 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli. Hluti þeirra var í afleysingum vegna veikinda eða fæðingarorlofs. Kennarar voru 24, tveir stjórnendur, einn




Lögheimili starfsfólks Sjálandsskóla

kennsluráðgjafi og tveir þroskajálfar. Stuðningsfulltrúar voru að jafnaði níu, einn meðferðarfulltrúi, fimm skólaliðar, einn bókaþörfur, einn ritari, einn umsjónarmaður með húsnæði skólans og átta starfsmenn að jafnaði við tómstundaheimilð Sælukot.



Aldur starfsmanna



Kyn starfsmanna

Eftirtaldir starfsmenn störfuðu við skólann í fullu starfi og afleysingu skólaárið 2014-2015.

Nafn	Starfsheiti	Netfang
Andri Hjartar Grétarsson	Stuðningsfulltrúi / stm. tómst.heimili	andri@sjalandsskoli.is
Anna Lilja Torfadóttir	umsjónarkennari 9-10. bekk	annalilja@sjalandsskoli.is
Anna Lís Ríkhardsdóttir	Forstöðumaður Klakans	annari@sjalandsskoli.is
Anna María Baldursdóttir	Stuðningsfulltrúi	annaba@sjalandsskoli.is
Arngunnur Sigurþórsdóttir	umsjónarkennari 5.-6. bekk	arngunnur@sjalandsskoli.is
Bergþór Bjarki Guðmundsson	Stuðningsfulltrúi/Sælukot	bergthor@svanir.is
Birgitta Maggý Valsdóttir	Veikindaleyfi	birgittava@sjalandsskoli.is
Bjarnveig S Jakobsdóttir	Smíðakennari	bjarnveig@sjalandsskoli.is
Björg Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	bjorggun@sjalandsskoli.is
Bryndís A. Rail	Sérkennari	bar@sjalandsskoli.is
Davíð Örvar Ólafsson	Íþróttakennari	davido@sjalandsskoli.is
Díana Karen Rúnarsdóttir	Forstöðumaður Sælukots	diana@sjalandsskoli.is
Edda Björg Sigurðardóttir	Aðstoðarskólastjóri	edda@sjalandsskoli.is
Eiríkur Þór Vattnes Jónasson	umsjónakennari í 3-4. bekk	eirikur@sjalandsskoli.is
Elfa Hrönn Friðriksdóttir	Sérkennsla	elfa@sjalandsskoli.is
Elías Orri Gíslason	Stuðningsfulltrúi	eliasgi@sjalandsskoli.is
Emilía Christina Gylfadóttir	Þroskajálfi	emiliagy@sjalandsskoli.is
Erla M Hjartar Grétarsdóttir	stuðningsfulltrúi	erlahj@sjalandsskoli.is
Erna Sif Auðunsdóttir	Umsjónarkennari í 8. bekk	ernaa@sjalandsskoli.is
Geirþrúður Guðmundsdóttir	umsjónarkennari í 5-6. bekk	geirthrudur@sjalandsskoli.is

Nafn	Starfsheiti	Netfang
Guðrún Dóra Jónsdóttir	Myndmenntakennari	gudrunj@sjalandsskoli.is
Harpa Maren Sigurgeirsdóttir	Námsráðgjafi	harpamaren@sjalandsskoli.is
Helga Hanna Hafsteinsdóttir	Starfsmaður í Sælukoti	helgahanna55@gmail.com
Helgi Grímsson	Skólalæsi	helgi@sjalandsskoli.is
Hilmar Örn Skagfield Jónsson	starfsmaður í Sælukoti	
Hrafnhildur M Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	hrafnhildurg@sjalandsskoli.is
Hrafnhildur Sigurðardóttir	Umsjónarkennari í fæðingarorlofi	hrafnhildursi@isafjordur.is
Hrafnhildur Sævarsdóttir	Íþróttakennari	hrafns@sjalandsskoli.is
Hrefna María Ragnarsdóttir	Starfsmaður á Bókasafni	hrefnara@sjalandsskoli.is
Ingunn Þóra Hallsdóttir	Umsjónarkennari í 3-4. bekk	ingunnth@sjalandsskoli.is
Ingveldur Karlsdóttir	Umsjónarkennari í 3-4. bekk	ingveldurk@sjalandsskoli.is
Íris Björk Baldursdóttir	Umsjónarkennari í 1-2. bekk	irisb@sjalandsskoli.is
Jolanta Agnieszka Kozica	Skólalæsi	jolantako@sjalandsskoli.is
Jóhanna Elísa Magnúsdóttir	Meðferðafulltrúi	johannam@sjalandsskoli.is
Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir	umsjónarkennari í 9-10.bekk	johannakristin@sjalandsskoli.is
Jóna Þórdís Eggertsdóttir	Stuðningsfulltrúi	jonaeg@sjalandsskoli.is
Kolbrún Guðmundsdóttir	Stuðningsfulltrúi	kolbrungu@sjalandsskoli.is
Leonard Bizoi	Skólalæsi	leonardb@sjalandsskoli.is
Linda Björk Sveinbjörnsdóttir	Starfsmaður í Sælukoti	
Linda Rán Úlfisdóttir	Skólaritari	lindau@sjalandsskoli.is
Margrét Þorleifsdóttir	Umsjónarkennari í 5-6. bekk	margretth@sjalandsskoli.is
Nina Stoyanova Atanasova	Skólalæsi	ninaa@sjalandsskoli.is
Ólafur Schram	Tónmenntakennari	olafurs@sjalandsskoli.is
Óskar Birgisson	kennsluráðgjafi	oskar@sjalandsskoli.is
Rebekka Árnadóttir	Umsjónarkennari í 7. bekk.	rebekkaar@sjalandsskoli.is
Sigríður G. Guðmundsdóttir	umsjónarkennari í 7. bekk	sirry@sjalandsskoli.is
Sigríður Ólafsdóttir	Sérkennari	sigriduro@sjalandsskoli.is
Sigurbjörg Ósk H Sigurðardóttir	Umsjónarkennari í 5-6. bekk	sigurbjorgs@sjalandsskoli.is
Sigurður Guðleifsson	Húsvörður	sigu@sjalandsskoli.is
Silja Kristjánsdóttir	Textílkennari	siljak@sjalandsskoli.is
Sonia Dias F.C. Leite	Skólalæsi	soniad@sjalandsskoli.is
Starri Friðriksson	Stuðningsfulltrúi	starri@sjalandsskoli.is
Svanhildur Gísladóttir	Skólalæsi	svanhildurgi@sjalandsskoli.is
Svanhildur M Ingvarsdóttir	umsjónarkennari	svanhildurin@hofsstadaskoli.is
Særunn Sigurjónsdóttir	Þroskajálfari	saia@internet.is
Þórey Íris Halldórsdóttir	Umsjónarkennari í 1.-2.bekk	thoreyh@sjalandsskoli.is

Símenntun starfsmanna

Starfsmenn Sjálandsskóla sækja námskeið í skyndihjálp annað hvert ár. Þeir starfsmenn sem ekki voru með skyndihjálparskírteini í gildi sóttu námskeið á vegum skólans 12. ágúst 2014. Auk skyndihjálparnámskeiðs sóttu íþrótt- og sundkennarar auk nokkurra kennara sundvarðarpróf sama dag. Miðvikudaginn 13. ágúst komu nýir kennarar skólans á kynningu. Allir kennarar Sjálandsskóla sóttu þann 16. ágúst ráðstefnu áhugafólks um skólabróun sem bar yfirskriftina „Komdu og skoðuðu í kistuna mína“, en hún var að þessu sinni haldin Smáraskóla. Þar fór fram nokkurs konar skiptimarkaður góðra hugmynda í skólastarfi. Þann 18. ágúst fóru kennarar á ípad námskeið sem haldið var á vegum Skema. Námskeiðinu var skipt í tvo hópa þ.e. fyrir þá sem voru að stíga sín fyrstu skref í notkun ípad og fyrir þá sem voru lengra komnir. 19. ágúst fóru kennarar skólans á námsefniskynningu Námsgagnastofnunar. Þá voru fyrstu dagar skólaársins nýttir til samráðs í teyrum

og nánari undirbúning fyrir komandi vetur. Ítarlega var farið yfir hugmyndafræði og innra skipulag skólans ásamt breyttum áherslum í námsmati. Innleiðing námsmats í mentor hófst á haustdögum 2011 og var þeirri vinnu haldið áfram með rýni í námsmarkmið, lykilhæfni og framsetningu námsmats, út frá nýrri námskrá. Námsmati nemenda til forráðamanna var skilað í gegnum Mentor vorið 2013 en var endurbætt og aðlagð skólaárið 2013 -2014. Námsmatið var afhent með sama hætti vorið 2015 en tekin var ákvörðun í lok skólaársins að endurskoða þá framkvæmd á næsta skólaári.

Starfsmenn skólans störfuðu samkvæmt gildandi símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2014-2015. Persónuleg endurmenntun kennara var fjölbreytileg og í samræmi við þarfir kennara til að sinna sínu starfi. Allir kennarar skiluðu yfirlitsblaði um endurmenntun sína til aðstoðarskólastjóra við lok skólaársins.

Nýir kennarar sem ekki höfðu lokið námskeiði í *Leið til læsis* og *Pals* sóttu slík námskeið í september.

Ráðningar starfsfólks

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum á skólaárinu. Í ágúst 2014 bættust átta nýir starfsmenn í hópinn, þrír kennarar og fimm stuðningsfulltrúar. Í janúar 2015 bættust við tveir stuðningsfulltrúar til viðbótar í starfsmannahópinn. Tveir kennarar og einn þroskaþjálfari leystu af í fæðingarorlofi á skólaárinu. Allir nýir starfsmenn voru kallaðir í viðtal með skólastjóra. Við ráðningu allra starfsmanna var lögð rík áhersla á að allt starfsfólk skólans starfaði í teymum og nánú samstarfi með það helsta hlutverk að starfa með börnum að fjölbreyttum verkefnum. Einnig var lögð rík áhersla á að starfsfólk sýndi sveigjanleika og væri tilbúið að grípa inn í störf annarra starfsmanna ef aðstæður krefðust þess. Stefna Sjálandsskóla er að þeir sem sinna kennslu hafi til þess fullgild réttindi.

Forföll starfsmanna

Þegar upp komu forföll hjá kennurum var leitast við að tryggja sem minnsta röskun á starfi nemenda og þeir fylgdu stundatöflu eins og kostur var. Kennarar Sjálandsskóla störfuðu áfram eftir samkomulagi kennara við Garðabæ þar sem ákvæði í samningnum gerir ráð fyrir því að kennarar bæti á sig forföllum annarra kennara í teymum án sérstakrar greiðslu. Þetta fyrirkomulag átti við um forföll á fyrsta degi. Þá sinntu kennarar, forfallakennarar og skólastjórnendur forfallakennslu. Í undantekningartilfellum sinntu stuðningsfulltrúar eftirliti með nemendum í forföllum kennara en þá með leiðsögn. Forföll annarra starfsmanna voru í flestum tilvikum leyst með hagræðingu og flutningi verkefna. Nokkuð var um langtímaveikindi og var í þeim tilfellum fenginn afleysingakennari í tímabundið starf. Þegar forföll starfsmanna á skólaárinu er borin saman við forföll síðasta árs hefur skráðum veikindadögum fækkað frá árinu áður. Forföll vegna veikinda starfsfólks jókst verulega á milli ára sem rekja má til langvarandi veikinda nokkurra starfsmanna. Veikindadögum barna fækkaði lítillega miðað við skólaárið á undan. Sjá nánar forföll skólaársins 2014-2015 í töflunni hér á næstu síðu.

Tafla 3. Veikindadagar starfsfólks

	<i>Veikindi</i>	<i>Veikindi barna</i>	<i>Samtals</i>
<i>Kennarar</i>	270	59	329
<i>Aðrir</i>	144	24	168
<i>Samtals</i>	414	83	497

Í ágúst 2011 undirrituðu fulltrúar Garðabæjar og kennara Sjálandsskóla samkomulag um breytta vinnutímaskilgreiningu og breytt vinnuframlag kennara sem tók þá strax gildi. Jafnhliða nýjum kjarasamningi KÍ í maí 2014 er komið að endurskoðun sérkjarasamningsins við kennara Sjálandsskóla þar sem að nýr samningur FG og SNS boðaði endurskoðun á vinnutímaskilgreiningum og vinnuframlagi allra kennara, með svokölluðu Vinnumati. Samkomulagið hafði falið í sér að vinnutímaákvæði kennara yrðu hliðstæð og hjá öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum sveitarfélaga, þ.e. á bilinu frá kl. 8 – 17 og innan þeirra tímamarka væri öll vinnuskylda kennara en á móti fengju kennarar skólans hærri laun en ella. Markmið samkomulagsins var að tryggja enn frekar vinnuumhverfi þar sem kennarar vinna saman sem hópur fagmanna að undirbúningi, framkvæmd og mati skólastarfs, undir verkstjórn skólastjóra; nemendum, starfsmönnum og skólastarfinu í heild sinni til bóta.

Samkomulagið var framlengt fyrir skólaárið 2014-2015 en þegar ljóst var að FG hafði samþykkt vinnumatið voru forsendur fyrir sérstöku samkomulagi við kennara Sjálandsskóla og því ljóst að frá og með 1. ágúst 2015 væru kennarar skólans á sömu kjörum og kennarar í öðrum skólum. Olli þetta miklum óróleika og erfiðleikum í starfshópnum og sér ekki fyrir endann á því.

Starfmannasamtöl

Starfsmannasamtöl voru í apríl sem skólastjórnendur tóku við kennara og starfsmenn en umsjónarmaður tók viðtöl við skólaliða. Samtölin fóru fram með nokkuð breyttu sniði frá því sem áður vegna innleiðingar Vinnumats vegna kjarasamning kennara. Í starfsmannasamtölunum sem voru styttri en undanfarin ár var stuðst við umræðublað sem starfsmaður fékk sent fyrir viðtalið. Meðal annars var rædd líðan starfsmanns í vinnunni, starfsánægja, starfið sjálft, endurmenntun starfsmanns og óskir næsta skólaárs. Önnur mál sem stjórnendur og starfsmaður töldu mikilvæg voru einnig rædd.

Ytri tengsl

Hátíðarsalur Sjálandsskóla var nýttur til fjölmargra viðburða. Til að mynda voru haldnir fundir íbúafundir nærliggjandi fjölbýlishúsa, fundir grunnstoðar Garðabæjar, skemmtikvöld á vegum foreldrafélags Sjálandsskóla, Stjórnunnar og eldri borga. Þá voru í salnum haldar fjölmargar skemmtanir á vegum Sjálandsskóla, Alþjóðaskólans og Klakans.

Gestakomur

Fjölmargir gestir komu í vetur og kynntu sér starfsemi skólans og bygginguna. m.a.

- Kennarar frá Naustaskóla á Akureyri
- Norrænir skólastjórnendur sem voru hér á ráðstefnu
- Kennarar og stjórnendur í South end on Sea, vinabær
- Skólanefnd Garðabæjar
- Kennaranemar í réttindanámi frá HÍ
- Kennarar úr Hrafnagilsskóla á Akureyri
- Stjórnendur úr grunnskóla Grindavíkur
- Fyrirlesarar á ráðstefnu um hönnun skólabygginga
- Bæjarráð Garðabæjar
- Hönnunarteymi úr Mosfellsbæ
- Stjórnendur úr Grunnskólanum í Sandgerði.

Stjórnendur og kennarar skólans aðstoðuðu einnig fjölmarga kennaranema með því að svara spurningalistum, taka þátt í viðtölum og aðstoða nema með lokaritgerðir.

Tengsl við nærsamfélagið

Sjálandsskóli átti margháttað samstarf við aðila innan Garðabæjar að þróun skólastarfs.

- Nemendur, starfsfólk og stjórnendur áttu mikið og ánægjulegt samstarf við félagsmiðstöðina Klakann.
- Starfsfólk og nemendur Sjálandsskóla áttu gott samstarf við Alþjóðaskólann á Íslandi sérstaklega í tengslum við Smáþjóðaleikana.
- Kennara og starfsfólk skólans hittust á fagfundum með grunnskólum Garðabæjar tvisvar sinnum á sl. skólaári og nokkrum sinnum vegna námskeiðs í náttúrufræði
- Náðið samstarf var við leikskólann Sjáland sem er með 5 ára deild sína í skólanum.
- Skólinn átti gott samstarf við starfsfólk íþróttamiðstöðvarinnar í Sjálandi.
- Skólastjórnendur áttu reglulega fundi með skólastjórum í Garðabæ og sátu fundi grunnskólafulltrúa.
- Sjálandsskóli hélt helgistund í Vídalínskirkju í samstarfi við sóknarprest og fermingarfræðsla fór fram í skólanum í fyrsta sinn.
- Nemendur skólans fóru í fjölmargar vettvangsferðir í nágrenni skólans allt skólaárið.
- Aðstoðarskólastjóri og kennarar 1.- 2. bekkjar áttu í samstarfi við leikskóla í bænum vegna "brúum bilið" verkefnisins.
- Aðstoðarskólastjóri og kennarar í 7. bekk áttu samráð við grunnskólana í Garðabæ vegna flutnings nemenda í og úr Sjálandsskóla.
- Kennarar, námsráðgjafi og þroskapijálfi í unglingadeild áttu samstarf við FG vegna fjarnáms nemenda og flutnings nemenda milli skóla.
- Skólinn átti í samstarfi við fjölmargar bæjarstofnanir t.d. starfsfólk stofnana ÍTG, áhaldahús, garðyrkjudeild og bæjarskrifstofur vegna undirbúnings og framkvæmd skólastarfsins.

- Nemendaverndarráð skólans átti í margvíslegu samstarfi við fjölskyldusvið Garðabæjar, heilsugæslu Garðabæjar, Vinakot, Greiningarstöð ríkisins og BUGL vegna vinnu með nemendum skólans.
- Skólinn tók þátt í Comeniusarverkefninu verkefninu "Treasure Island" og var í samstarfi við skóla víðs vegar um heiminn vegna þess.
- Stjórnendur skólans áttu fund með stjórnendum Ísafoldar um fyrirhugað samstarf á næsta skólaári.

Klakinn

Klakinn tók til starfa september 2012 sem sjálfstæð eining en áður hafði Klakinn (þá Herkulez) verið rekin af Garðalundi. Aðstoðarforstöðumaður var ráðinn til starfa í september til ármóta en staða forstöðumanns Klakans var auglýst í janúar 2013 og forstöðumaður fastráðinn 1. febrúar 2013.

Nýtt nafn var lýðræðislega valið af nemendum unglingadeildarinnar og Klakinn varð fyrir valinu. Á skólaárinu var Anna Lís Ríkarðsdóttir forstöðumaður Klakans í fjarveru Helga Völu Gunnarsdóttur en hún fór í fæðingarorlof haustið 2014.

Stjórn nemendafélagsins var kosin meðal nemenda og starfaði stjórnin saman út skólaárið og sóttu hina ýmsu fundi fyrir hönd nemenda Sjáalandsskóla. Félagsmálaval starfaði í vetur þar sem nemendur skipulögðu félagsstarf vetrarins. Opið var í félagsmiðstöðinni einu sinni í viku eða á fimmtudögum. Í desember byrjaði starf á þriðjudögum en þá byrjuðu leiklistaræfingar en því starfi lauk með leiksýningum í apríl.

Miðdeildarstarf hefur verið starfandi í vetur og opið hefur verið annarsvegar fyrir nemendur í 5.-6. bekk og hinsvegar fyrir nemendur í 7. bekk.

Farnar voru haust-, skíða- og vorferðir með nemendum í unglingadeild, opin hús haldin af ýmsu tagi, nemendur tóku þátt í Samfés starfi yfir veturinn og ýmis böll sótt heim og haldin í Klakanum. Samstarf var við Garðaskóla, Álfthanesskóla, ÍTH í Hafnarfirði og Samfés.

Skólaárið

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda voru 173 og skertir dagar skólaárið 2014 - 2015 alls sjö. Á skertum dömum mæta nemendur hluta úr degi. Þeir dagar eru skólaþingardagur, tveir foreldradagar, dagur vegna jólaskeppunar, öskudagur, innilega og skólaslitadagur. Kennsla féll niður í jólaeyfi nemenda sem var frá 20. desember til og með 2. janúar. Vetrarleyfi var 9. til og með 13. febrúar og páskaeyfi 27. mars til og með 6. apríl. Kennsla féll niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 12. september, 27. október, 2. Janúar, 13. febrúar og 15. maí.

Aðrir dagar á skólaárinu þar sem brugðið var út frá hefðbundnu skólastarfi hjá öllum nemendum skólans voru:

- 4. september Gróðursetningardagur
- 7. október Íþróttadagur
- 3.-7.nóvember Vinavika
- 7. nóvember Baráttudagur gegn einelti – gleðidagur
- 17. nóvember Dagur íslenskrar tungu/rithöfundadagur
- 1. desember 1.des. hátíð - fullveldishátíð
- 2.-3. desember Jólápemadagar
- 18. desember Kirkjuferð og hátíðarmatur starfsfólks og nemenda
- 19. desember Jólaskemmtun
- 18. febrúar Öskudagur
- 15. apríl Skíðaferð 1.- 10. bekkur - dagsferð
- 27. apríl Dagur umhverfisins
- 29. maí Smáþjóðaleikar og Unicefhlaupið
- 2.- 3. júní Vorleikar
- 8.-9. júní Innilega

Þess ber þó að geta að ekki var um að ræða skerta kennsludaga heldur breytt fyrirkomulag. Aðeins öskudagur var einum tíma styttri en venja er. Fjallað er sérstaklega um skipulag þessara daga í sérstökum kafla. Lesa má um flesta þessa viðburði í fréttadagbók (fylgiskjal 5).

Skóladagur nemenda

Skólastarf hefst kl. 8:15 og lýkur klukkan 14:05.

Skólahúsnæðið er opið frá kl. 7:30 á morgnana. Nemendur geta mætt í skólann frá klukkan 7:30 en umsjónarmaður húsnæðis sér um gæslu fyrst á morgnana til klukkan 8:00 þegar starfsmenn almennt mæta. Eftir að skóla lýkur býðst nemendum í 1.-4. bekk lengd viðvera til klukkan 17:15 sem er starfrækt á vegum tómstundaheimilis Sjálandsskóla, Sælukoti.

Á samkomusal komu nemendur í 1.-7.bekk saman á hverjum morgni í hátíðarsalnum og sungu saman tvö lög, sáu skemmtiatriði ef slíkt var í boði og hlustuðu á tilkynningar. Skólastjóri stýrði samkomu og starfsmenn skólans tóku þátt í henni. Foreldrar og forráðamenn voru ávallt velkomnir að taka þátt í samkomu og nýttu margir sér það. Í 8. og 10. bekk hófst kennsla klukkan 8:15. Nemendur í 8., 9. og 10. bekk komu af og til í morgunsöng.

Nemendur í 1.-7.bekk fá 10 mínútna langan nestistíma og 20 mínútna útivistartíma fyrir hádegi. Nesti og útivist eru tvískipt þannig að 1.-4. bekkur byrjar útivist á meðan 5.-7. bekkur er í nesti. Í nestistímanum er létt hressing í kennslurýminu og lögð er áhersla á að nemendur komi með ávexti eða grænmeti.

Sami háttur er hafður á í hádegishléinu en borðað er í matsalnum. Öllum nemendum gefst kostur á að kaupa hádegismat í skólanum eða koma með nesti. Hægt er að hita í örbylgjuofni og/eða nýta samlokugrill í skólanum.

Starfsmenn skipta með sér gæslu í öllum frímínútum bæði úti og inni eftir því sem við á.

Nemendur sækja íþróttakennslu og sund í íþróttahúsi Sjálandsskóla eina klst. á viku í hvorri grein. Auk þess fara nemendur í 1.-7.bekk útikennslu einn dag í viku alls þrjár kennslustundir.

Í umsjónartíma áttu nemendur stund með umsjónarhópnum sínum á umsjónarsvæði. Farið var í markvissa málörvun, lífsleikni, skipulag eða uppgjör dagsins eftir því hvort um var að ræða umsjónartíma í upphafi eða lok dags.

Á milli kennslustunda áttu nemendur hlé sem var notað til næringar, útiveru, hreyfingar og slökunar. Í frímínútum gátu nemendur valið um hvort þeir færu út á skólalóð til leikja og íþróttar eða væru inni í rólegum leikjum, spilum, handavinnu eða vinnu með þroskandi leikföng. Einnig stóð nemendum til boða að vinna verkefni í listgreinastofum tvisvar í viku og á bókasafni skólans alla daga.

Hver kennslustund hjá 1.-7. bekk var 60 mínútur og skipti þá ekki máli að hvaða fagi var unnið. Kennarar voru afar sáttir við þessa tímalengd og hentaði það skólastarfinu vel. Kennslustundir hjá 8. og 10. bekk voru ýmist 40 eða 60 mín.

Skóladagurinn var jafn langur hjá öllum nemendum í 1.-7. bekk. Var það upphaflega gert til þess að stuðla að betra næði í lok skóladags þar sem allir árgangar voru saman á heimasvæði. Þannig fengu yngstu nemendur talsvert lengri skóladag en gengur og gerist en 5., 6. og 7. bekkur í við styttri. Á mánudögum voru nemendur í 8. - 10. bekk í kennslu til 14:50 á öðrum dögum lauk skóladegi þeirra kl. 14:05. Unglingadeildin hefur styttri frítíma á milli kennslustunda og voru því með lengri kennslutíma

þrátt fyrir að lengd skóladagsins væri sú sama fjóra daga vikunnar. Var þetta gert með samþykki foreldraráðs, grunnskólafulltrúa og menntamálaráðuneytis. Þetta fyrirkomulag skóladags gafst afar vel og hefur því verið haldið áfram.

Sérstakir foreldraviðtalsdagar voru hafðir að hausti á fyrsta skóladegi, 28. október og aftur 4. febrúar. Engir sérstakir prófdagar voru hafðir í 1.-7. bekk en á unglingastigi voru og tveir dagar að vori hjá 8. - 10. bekk.

Skólahúsnæði-skólalóð

Skólinn er staðsettur í útjaðri Sjálandshverfis í fjöruborðinu í Arnarnesvogi. Hann stendur við Löngulínu 8, 210 Garðabæ. Hraunsholtslækur rennur undir skólabygginguna og stendur skólinn við fjöruna í Arnarnesvogi. Þrír inngangar eru við skólann og einn við hátíðarinngang. Nemendur nota innganginn við Ránargrund en einnig er hátíðarinngangur við Löngulínu sem einnig er inngangur fyrir íþróttahús skólans.

Skólalóðin

Á lóð við annan áfanga skólans eru nokkur svæði sem nýtast vel í skólastarfinu. Við norðurenda íþróttahúss er þrek- og teygjustöð. Við vesturenda er hringsvið, áttaviti og skákborð og á suðurhlíð hópeflisstöð.

Fjaran og Arnarnesvogurinn

Nálægð við Arnarnesvoginn og Hraunsholtslæk skiptir miklu máli í skólastarfinu og nýttist afar vel í allri útikennslu. Nemendur læra fljótt og vel að lækurinn og fjaran er ekki leiksvæði og þar má aðeins vera með starfsmanni skólans. Öllum nemendum 5.-7. bekkjar stóð til boða að fara út á sjó að hausti og vori. Kajaknámskeið er eitt af valnámskeiðum á unglingastigi og svo eru kjarar í sundlaug notaðir fyrir alla aldurshópa.

Skólahúsnæðið

Skólaárið 2014 -2015 var nýting á skólahúsnæðinu góð. Þannig voru öll heimasvæðin fullnýtt til kennslu fyrir Sjálandsskóla og Alþjóðaskólann. Annar áfangi skólans sem er í raun samfélagsmiðstöð var einnig fullnýttur frá morgni til kvölds af fjölmörgum aðilum. Þá hefur Leikskólinn Sjáland verið með aðsetur fyrir fimm ára nemendur í einum íþróttasalnum og í húsnæði tómstundaheimilisins fram að opnunartíma þess. Tónlistarskóli Garðabæjar er með þrjár kennslustofur í öðrum áfanga skólans.

Heimasvæði

Skólaárið var nemendum skipt á milli heimasvæða. 1.-2. bekkur var saman á neðri heimasvæði í þremur umsjónarhópum. Á sama svæði var Alþjóðaskólinn með 5 og 6 ára nemendur fremst á svæðinu auk aðstöðu við inngang og fatahengi í miðálmu. 3.-4. bekkur var saman á efra heimasvæði í miðju álmu skólans í þremur umsjónarhópum. Alþjóðaskólinn var með nemendur í 3. og 4. bekk fremst á sama heimasvæði. 5.- 6. og 7. bekkur var á efri hæð í syðri álmu með fjórum umsjónarhópum. Unglingadæildin með nemendum í 8.-10. bekk var á heimasvæði á neðri hæð í syðri álmu. Alþjóðaskólinn var með umsjónarsvæði á efri hæð syðri álmu og á palli fyrir ofan bókasafn skólans.

Sérgreinastofur

Hefðbundið skólasafn er í upplýsingamiðstöð Sjálandsskóla. Innangengt er á milli saumastofu (textílmennt), myndmenntastofu og smíðastofu (hönnun og tæknimennt) og hafa þeir kennarar sem þar kenna sameiginlega vinnuaðstöðu. Íþróttakennsla fór fram á battavelli fyrir framan skólann og í íþróttasal skólans. Sundkennsla fór fram í sundlaug skólans. Tónlistarkennsla fór fram í tónlistarmiðstöð skólans í öðrum áfanga.

Samfélagsmiðstöð

Á skólaárinu hefur skólinn verið sannkölluð samfélagsmiðstöð. Skólahúsnæðið nýtist mörgum bæjarbúum og fjölmargar stofnanir, félagasamtök og skólar notfæra sér skólabygginguna og er starf í henni flesta daga vikunnar frá morgni til kvölds.

Meðal notenda eru: Sjálandsskóli, Alþjóðaskólinn, Leikskólinn Sjáland, Tómsundaheimilið Sælukot, Tónlistarskóli Garðabæjar, Félagsmiðstöðin Klakinn, Jónshús, Ungmennafélagið Stjarnan, Júdófélag Garðabæjar, ungbarna- og meðgöngusund og Kajakfélagið.

Áherslur í starfi Sjálandsskóla árið 2014 – 2015

Helstu áhersluatriði á skólaárinu 2014 – 2015 voru samkvæmt skólaskýrslu 2013 – 2014 og starfsáætlun:

Skólanámskrá með hliðsjón af skólastefnu Garðabæjar og aðalnámskrá

Á skólaárinu var lögð áhersla á ljúka aðlögun skólanámskrár, þar með talið námsvísa að aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Garðabæjar. Þessi verkefni tókst ekki að ljúka að fullu á skólaárinu en áætluð lok eru í á næsta skólaári.

Spjaldtölvur í skólastarfi

Skólinn hafði yfir að ráða tæplega 80 spjaldtölvum, þar af 30 sem skólinn fékk að láni þetta skólaár. Þetta ár var notað til að efla kennara í að nýta sér nýja tækni í skólastarfi og þróa leiðir til þess að hver og einn nemandi á unglingastigi hafi yfir að ráða eigin snjalltæki (hvort sem það er tæki sem hann á sjálfur eða skólinn útvegar).

Once up on an Island

Sjálandsskóli fékk úthlutað styrk frá Menntaáætlun ESB til þess að taka þátt í Evrópsku samstarfsverkefni fyrir skólaárin 2013 – 2015. Þetta verkefni er framhaldsverkefni Fjársjóðseyjunnar (Treasure Island) og ber yfirskriftina **Once up on an Island**. Verkefnið unnið í samstarfi grunn- og leikskóla frá 8 löndum í Evrópu. Þessi lönd eru Ísland, Danmörk, England, Spánn, Pólland, Frakkland, Grikkland og Ítalía. Þátttökuskólarnir eiga líkt og áður að vera á eyju. Nemendur í 1. -4. bekk tóku þátt í þessu verkefni á skólaárinu og var áherslan á sagnasjóð viðkomandi samfélaga. Mörg verkefni nemenda Sjálandsskóla er að finna á heimasíðu Sjálandsskóla

<http://www.sjalandsskoli.is/namid/comenius-verkefni/2013-2015-once-upon-an-island/> . Einnig er hægt að sjá

Umhverfisnefnd

Í umhverfisnefnd sátu veturinn 2014 – 2015: Erna Sif Auðunsdóttir kennari, Geirprúður Guðmundsdóttir kennari, Heiða Lind Sigurðardóttir, Helgi Grímsson skólastjóri, Ingunn Þóra Hallsdóttir kennari, Sigurður Guðleifsson umsjónarmaður fasteigna. Fulltrúi foreldra var Eiríkur Þór Vattnes Jónsson en hann á börn í 2. og 5. bekk. Einnig áttu nemendur í 8. bekk fulltrúa í nefndinni en það voru þær: Camilla, Gyða, Sigurrós og Daníella. Frá áramótum var fundað mánaðarlega eftir kennslu í fundarherbergi hjá ritara. Einu sinni fór verkefnaskiptin fram í tölvupósti, annars var alltaf sest niður og málin rædd á umræddum fundartíma. Næstu skref hjá nefndinni felast í því að fá nemendur og starfsfólk í að huga betur að flokkun. Búið er að leggja línurnar og hafist verður handa strax í september.

Í samskiptum við Katrínu Magnúsdóttur hjá Landvernd var ákveðið að fá aðila frá þeim til að taka út skólann í haust og fá þá fánann í annað sinn í september.

Tyllidagar og viðburðir á skólaárinu

Hefðbundið skólastarf var brotið upp með ýmsum uppákomum. Einu sinni í mánuði vorum við með mismunandi uppákomur sem bæði nemendur og starfsfólk tóku þátt í má þar nefna bleikan dag, fatarugldag, bangsadag, rauðan dag, hár og hattadag, gulan dag og náttfatadag. Þessir dagar heppnuðust mjög vel og gerðu skólastarfið litríkara og skemmtilegra. Gert er ráð fyrir að þessir dagar verði áfram í svipaðri mynd.

Morgunsöngur

Morgunsöngur hefur verið í allan vetur. Sungin hafa verið tvö lög á hverjum morgni og þess gætt að hafa söngskrána fjölbreytta og að lögin höfði til sem flestra nemenda. Þá hafa lög markvisst verið kennd í tónmennt til að fjölga lögum sem nemendur þekkja og geta sungið vel. Í vetur hefur verið lögð áhersla á að nemendur syngi og þekki nokkur íslensk þjóðlög, lög við texta þjóðkunnra ljóðskálda, lög úr teiknimyndum og barnaleikritum, þjóðlög nokkurra annarra þjóða, afrísk lög, ný og gömul barnalög og ný og gömul íslensk sönglög og dægurlög. Morgunsöngur var tengdur þeim þemum sem voru í gangi hverju sinni hjá umsjónarhópum.

Gróðursetningardagur í Sandahlíð

Sjálandsskóli fékk úthlutað landsvæði til ræktunar hjá Skógræktarfélagi Garðabæjar. Svæðið er í suðaustanverðri Sandahlíð nálægt Guðmundarlundi. Farið var með alla nemendahópa miðvikudaginn 4. september í gróðursetningar- og útivistarferð. Nemendum skólans var skipt í fjóra hópa. Á meðan einn hópur plantaði birkiplöntum undir stjórn starfsfólks Garðyrkjudeildar Garðabæjar voru hinir við leiki í Guðmundarlundi. Afar vel hefur tekist að blanda nemendum í 1.-10.bekk saman í gróðursetninguna með það að leiðarljósi að eldri nemendum sé falið eftirlit með yngri nemendum. Í

hádeginu voru grillaðar pylsur og farið í frjálsan leik á svæðinu. Dagurinn tókst mjög vel enda var veður gott og allir í sólskinsskapi.

Íþróttadagur Sjálandsskóla

Íþróttadagurinn var miðvikudaginn 7. október á milli 8.35 og 14:00.

Frá 13:00 – 14:00 var Norræna skólahlaupið þar sem nemendur og starfsfólk hleypur saman. Boðið var upp á þrjár vegalengdir 2,5 km, 5 km og 10 km.

- 1.- 3. bekkur hljóp að hámarki 2, 5 km
- 4. – 6. bekkur hljóp að hámarki 5 km (mega velja 2,5 km)
- 8. – 10. bekkur hljóð að hámarki 10 km (mega velja 2,5 eða 5 km)

2,5 km voru hlaupnir í átt að dælustöðinni við Arnarnes –500 metrar að dælustöðinni

5 km og 10 km verða hlaupnir í átt að Gálgahrauni, einn eða tveir hringir eftir vegalengd

Milli kl. 8:35- 12:10 fóru nemendur á stöðvar í 20-25 mín.

Stöðvarnar sem voru í boði eru: fótbolti, pókó, brennó, blak, körfubolta, bandý, borðtennis/boccia og bland í poka.

1. Battavöllur og grasvöllur – fótbolti
2. Skólalóð/ þarf að kríta velli – Pókó
3. Úti á skólalóð og íþróttahús – blak
4. Úti á skólalóð og íþróttahús – brennó
5. Ylströndin – bland í poka
6. Körfuboltavellir – Körfubolti
7. Matsalur / Danssalur – Bandý
8. Pallur hjá íþróttasal – Borðtennis + Boccia

Starfsmenn á svæðunum sáu um að taka til dót sem til þurfti og frágang í lokin. Starfsmenn og nemendur eiga að mæta í íþróttafötum. Nemendur í 10.bekk voru hópstjórar í hverjum hópi og fylgdu sínum hópi á stöðvarnar. Íþróttadagurinn gekk vel og veðrið var gott.

Vinavika

Vinavika var haldin vikun 4.-7. nóvember sem endaði á *Gleðidegi*. Hver umsjónarhópur gerði eitthvað skemmtilegt tengt vináttu þessa viku. Á gleðideginum mættu nemendur og starfsfólk í betri fötunum. Nemendur komu með veitingar á hlaðborð síns bekkjar og var haldin veisla. Það heppnaðist mjög vel og nemendur skemmtu sér konunglega.

Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur þann 18. nóvember og af því tilefni fengum við rithöfundinn og leikarann Gunnar Helgason í heimsókn sem las upp úr nýjustu bók sinni Gula spjaldið í Gautaborg. Nemendur gerðu fjölbreytt verkefni af tilefni dagsins sem dæmi völdu nemendur í 3.-4.bekk sér ljóð úr ljóðabókum, ortu sín eigin ljóð og myndskreyttu. Í 5.-6.b. völdu nemendur fallegasta

Íslenska orðið. Allar tillögur voru hengdar upp og að lokum var kosið um fallegasta orðið. Það orð sem flest atkvæði fékk var orðið *naflastrengur*. Krakkarnir útbjuggu skilti með orðinu á og höfðu með sér í morgunsöng.

Fullveldisdagurinn 1. desember

Fullveldisdagurinn hófst með því að nemendur í 8. bekk fluttu dagskrá í morgunsöng sem var heimildarmynd sem þau unnu um Jón Sigurðsson. Myndin var afrakstur þemavinnu nemenda um Jón Sigurðsson og fullveldisdaginn. Handritið unnu nemendur upp úr þemabókinni. Nemendur skiptu sér í hópa og ýmist léku, sáu um búninga, klipptu saman myndina, völdu og sömdu tónlist við myndina þar sem þetta var þögul mynd í anda ársins 1918. Foreldrum nemenda í 8. bekk var boðið að hlusta á kynningu nemenda. Dagskráin gekk vel og lögðu allir nemendur 8. bekkjar sitt af mörkum til að gera þessum degi góð skil.

Jóladagskráin

Hefðbundið skólastarf var brotið upp að hluta hjá öllum árgöngum. Umsjón með verkefnum höfðu Arngunnur Hafstað Sigurþórsdóttir, Bjarnveig Sigurborg Jakobsdóttir og Guðrún Dóra Jónsdóttir. Kennarar og starfsfólk í Sjálandsskóla tóku þátt í að framkvæma verkefni. Jóladagarnir voru 2. og 3. desember, samtals fjórar lotur með uppbroti á hefðbundinni stundatöflu í öllum árgöngum. Unnið var að jólasakrauti fyrir skólann. Hverri bekkjarheild í 1.-6. bekk var skipt niður í þrjá hópa. Þrjú verkefni voru í boði á hverju heimasvæði og fengu nemendur að vinna að öllum verkefnum í hringekju. 7. bekkur og unglingadeild unnu að gluggamyndum á sínum svæðum, ásamt því að vinna aukaverkefni.

Verkefni 1.-6. bekkjar

- Stjörnur gerðar úr garni og lími (allir)
- Klippt snjókorn (aðferðir misjafnar eftir aldri)
- Stjörnur, litaðar og klipptar út (1.-4. bekkur)
- Origami stjörnur unnar úr jólapappír (5.-6. bekkur)

Verkefni 7.-10. bekkjar

- Gluggamyndir
- Aukaverkefni: Klippt snjókorn og origami stjörnur

Almennt gengu jóladagarnir mjög vel og voru nemendur í flestum tilfellum ánægðir með verkefni. Verkefni voru hæfilega krefjandi og auðvelt var að aðlagja þau getu hvers og eins.

Árleg kirkjuferð í Vídalínskirkju var farin fimmtudaginn 18. desember kl. 09:30-11:00. Nemendur höfðu val um að fara til kirkjunnar eða á bókasafnið og hlusta þar á lestur sögu. Allir nemendur ásamt starfsfólki gengu fylktu liði til Vídalínskirkju og á bókasafnið. Í kirkjunni tók Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir tók á móti okkur. Nemendur tóku virkan þátt í hugvekjunni með söng, upplestri á jólasögu, en einnig voru tveir nemendur valdir til að kveikja á kertunum á aðventukransinum. Eldri nemendur báru ábyrgð á að fylgja yngri nemendum upp í kirkju og sitja við hlið þeirra á meðan á athöfninni stóð. Þetta fyrirkomulag hefur gefist afar vel.

Litlu jólin voru haldin 19. desember. Dagurinn hófst með jólaskemmtun, þá helgileik, stofujól og endaði með dansi í kringum jólatréð.

Öskudagurinn

Á öskudegi var brugðið út frá hefðbundnu skólastarfi. Nemendur máttu koma í öskudagsbúningi í skólann og starfsmenn voru einnig uppáklæddir í tilefni dagsins. Fyrsta stund fór í undirbúning söngatriða og hlutverkaleiki í búningum. Að loknum frímínútum var skemmtun og dans í samkomusal skólans. Að henni lokinni opnuðu ýmsar stöðvar í skólanum þar sem nemendur gátu m.a. slegið „Köttinn úr tunnunni“, farið í gegnum draugahús sem nemendur 8. bekkjar útbjuggu, farið í limbó, gengið á stultum og hoppað í hoppukastala.

Klukkan ellefu opnuðu þrettán „verslanir“ í skólanum þar sem nemendur gátu sungið söngva sína og fengið sælgæti að launum fyrir góðan söng. Sælgætið höfðu foreldrar gefið til skólans. Dagurinn sem endaði á hádegisverði tókst afar vel og voru börn og foreldrar ánægð með með daginn. Nemendur í unglingadeild lögð hönd á plóginn á þessum degi, 8. bekkingar í draugahúsi en 9. og 10. bekkingar aðstoðuðu á öðrum stöðvum auk sem þeir „afgreiddu“ í verslunum.

Árshátíð unglingadeildar

Árshátíð unglingadeildar Sjálandsskóla var haldin fimmtudaginn 30. apríl. Nemendur stóðu að undirbúningi árshátíðar með aðstoð forstöðumanns Klakans. Í fyrra var sú ákvörðun tekin að halda árshátíðina ekki með Garðalundi og Elítunni heldur halda sér árshátíð í Klakanum. Það gekk mjög vel og var því ákveðið að halda aftur sér árshátíð. Nemendur bjuggu til skreytingar og skreyttu hátíðarsalinn, útbúið var dagskrá, auglýsingar og aðgöngumiðar, allt í þemalíttum árshátíðarinnar. Nemendur tóku upp árshátíðarmyndband.

Í vikunni voru þemadagar þar sem nemendur klæddu sig eftir mismunandi þema dagana fyrir árshátíðina.

Árshátíðin byrjaði kl. 18.00 þegar húsið opnaði og hófst með myndatöku við sérhannaðan vegg sem nemendur höfðu útbúið. Allir nemendur unglingadeildarinnar nema tveir komu á árshátíðina. Fljótlega byrjuðu skemmtiatriði frá nemendum og kennurum. Auðunn Blöndal kom og skemmti viðstöddum í borðhaldinu við mikinn fögnuð. Því næst kom atriði frá Sirkus Ísland. Á milli atriða var borðaður hátíðarkvöldverður sem matreiddur var af veisluþjónustunni Grillvagninum við mikla ánægju viðstaddra. Eftirrétturinn var íshlaðborð. Árshátíðin stóð til kl. 23. Þessi fimmta árshátíð unglingadeildar Sjálandsskóla og Klakans var vel heppnuð og voru nemendur og kennarar ánægðir með kvöldið og ekki er nokkur vafi á að þetta nýja fyrirkomulag er komið til að vera.

Smáþjóðaleikar 2015

Smáþjóðaleikarnir voru haldnir 29. maí 2015. Leikarnir voru samstarfsverkefni 1. – 7. bekkjar Sjálandsskóla og Alþjóðaskólans. Nemendum skólanna var skipt í 20 hópa, fimm hópar á hverjum stað í einu. Leikarnir fóru fram á fjórum stöðum í kringum skólann. Við Ránargrund, á skólalóðinni, í og við íþróttahúsið og á grasbletti við leikskólann Sjáland. Við Ránargrund hlupu nemendur í UNICEF hlaupinu, allir fimm hóparnir í einu. Á hinum stöðvunum voru fimm stöðvar á hverjum stað þar sem nemendur fengu að spreyta sig á hverri stöð í ca 10-12 mínútur.

Dagurinn byrjaði á því að nemendum var skipt í hópa í umsjón. Síðan hittust allir í matsalnum og þar var stutt setningarathöfn áður en allir fóru á sínar stöðvar. Eftir nesti komu allir aftur við sitt númer í matsalnum og fóru á sín svæði. Kl 12.30 kom Blossi sem er lukkudýr Smáþjóðaleikanna í ár og var með sprell fyrir nemendur. Eftir atriði Blossa var komið að síðasta hluta leikanna og svo fóru allir heim.

Ránargrund

1. Unicef hlaup – hlaupið ákv tíma alls ekki lengur.

Skólalóðin

1. Körfubolti á körfuboltavellinum
2. Tennis á battavellinum
3. Langstökk stokkið ofan í steinana hjá vegasaltinu/römbunni, 2-3 umferðir
4. Þrístökk stokkið í steinana, 2-3 umferðir
5. Hindrunarhlaup – hlaupið á gangstéttinni hringin í kringum grasvöllinn.

Íþróttasalur

1. Badminton
2. Borðtennis
3. Hástökk
4. Videó af Blossa og spurningar úr því
5. Búa til verðlaunapening

Grasvöllur hjá Sjálands leikskóla

1. Krakkablak
2. Skutlukast
3. Kúluvarp
4. Spretthlaup 60m
5. Boðhlaup

Leikarnir tókust mjög vel, veðrið lék við okkur og allir glaðir og kátir. Verkefni var vel skipulagt en það má skoða fyrir næsta skólaár hvort það hafi verið of langt fyrir yngstu nemendurnar. UNICEF hlaupið fór fram á sama degi sem var e.t.v. of mikið. Þá væri skemmtilegt að hafa lokahátíð. Þetta var frábært dagur og skemmtilegt samstarf á milli Alþjóðaskólans og Sjálandsskóla sem vert er að endurtaka.

Vorleikar

Vorleikar voru haldnir þann 2. og 3. júní 2015 frá kl. 9 – 12.10. Báða dagana voru fjölbreytt verkefni á 20 stöðvum sem tengdust sköpun og hreyfingu. Krakkarnir fóru á 10 stöðvar hvorn daginn, 15 mínútur á hverri stöð. Í hópunum voru 12-14 nemendur úr 1.-10. bekk, 2-3 úr hverjum árgangi. Elstu nemendur í hverjum hópi voru hópstjórar, þeir sáu um að halda hópnum saman og báru ábyrgð á að allir færu á rétta stöð. Starfsmenn á svæðunum sáu um að taka til dót sem að til þurfti og ganga frá því eftir notkun.

Í hádeginu eftir að vorleikunum lauk var slegið upp pylsuveislu. Vorleikarnir gengu í alla staði vel og mikill hugur í öllum að halda þessum viðburði áfram næstu skólaár.

Staðsetningarnar og skipulag voru eftirfarandi:

STÖÐ	VERKEFNI	STAÐUR	STARFSMAÐUR
Þingeyri	Pókó	Skotboltavöllur	Sigurbjörg
Vestmannaeyjar	Snú snú	Skotboltavöllur	Sesselja
Bolungarvík	Sápukúlur	Hjá klifurvegg	Anna Lilja
Vopnafjörður	Fiskapema	Myndmenntastofa	Guðrún Dóra
Drangsnes	Kaplakubbar	Pallur 5.-6. b.	Þórey
Akureyri	Vatnslitaverkefni	Fiskabúrið	Sigga Ó.
Hafragilsundirlendi	Minute to win it	Íþróttahús	Hrafnhildur Sæ.
Úlfjótswatn	París	Hjá eina krónu staur	Inga
Búðardalur	Kríta fugla	Göngustígur við sjó	Íris
Skaftafell	Teygjó	Hátíðarinnangangur	Rebekka
Dalvík	Vöflur	5.-6. b. Eldhús	Svanhildur/Hrefna
Hafnarfjörður	Vinabönd	7. b. Svæði	Elfa
Súðavík	Fréttablað	Unglingasvæði	Maggý
Ásbyrgi	Skólahreysti	Íþróttahús	Davíð
Höfn	Mikado	Battavöllur	Hrafnhildur Sig.
Egilsstaðir	Vefskúlpúr	Göngustígur fyrir framan textílstofu	Arngunnur
Þórsmörk	Húllahringir	Körfuboltavöllur	Heidi
Hofsós	Risa twister	1.-2. b. svæði	Ingunn
Kópasker	Steinamálun	hátíðarinnangangur	Margrét/Sirry
Ólafsvík	Kubbur	Grasvöllur	Jóhanna
Álftanes	Stinger	körfuboltavöllur	Eiríkur
Patreksfjörður	Tálgun	Skógur	Bjarnveig

Heilsueflandi grunnskóli

Sjálandsskóli er heilsueflandi grunnskóli. Í heilsueflandi skólum fer fram skólastarf í anda heilsueflingar þar sem markvisst er unnið að því að stuðla og efla velferð og góða heilsu nemenda og starfsfólks. Þessi markmið samrýmast vel stefnu og starfi Sjálandsskóla því Sjálandsskóli hefur frá upphafi skólans lagt mikla áherslu á að leggja rækt við líkama og sál. Í vetur var lögð áhersla á starfsfólk og geðheilsu. Á fundi í upphafi skólaárs ræddi nefndin mikilvægi þess að vinna með

geðorðin 10. Það gekk vel á yngsta stigi en vinnan lognaðist út af á eldri stigum. Ef til vill hefði nefndin átt á ýta meira undir mikilvægi þessa verkefnis.

Við munum halda áfram að leggja áherslu á þá þætti sem búið er að vinna með undanfarin ár sem eru:

- Öryggi og hreyfing
- Nemendur
- Starfsfólk og geðheilsa.

Á næsta skólaári verður lögð áhersla á líðan starfsfólks. Á þessu starfsári var ýmislegt gert til að stuðla að bættri heilsu bæði nemenda og starfsmanna. Að venju tók skólinn þátt í að hvetja alla nemendur til að ganga í skólann og vorum við þátttakendur í verkefninu Göngum í skólann. Vel gekk að hvetja nemendur áfram í því að koma fyrir eigin vélarafli á meðan og eftir að áttakinu lauk. Í október hlupu allir nemendur skólans og fjölmargir starfsmenn 2,5 km, 5km eða 10km í Norræna skólahlaupinu. Margir nemendur og starfsmenn tóku virkan þátt í heilsuáttakinu Lífshlaupinu. Þar stóðum við okkur ágætlega, en lögð var áhersla á að þetta verkefni væri langhlaup ekki spretthlaup. Í lífshlaupinu var starfsfólki boðin hreyfing í hádeginu. Heilsuvika var í janúar þar sem hreyfing fékk stærri sess á skólatíma með morgungöngu, leikjum, hlaupi og fleira. Í framhaldi af þessari viku fékk 7. bekkur leyfi stjórnenda að sleppa morgunsöng, í staðin fara þau í morgungöngu, boðhlaup, leiki eða ýmsa skemmtilega hreyfileiki. Í mars tóku unglingarnir okkar þátt í Skólahreysti og stóðu þau sig mjög vel. Í aprílmánuði fór allur skólinn í skíðaferð. Á vordögum tókum við einnig þátt í áttakinu Hjólað í vinnuna og var ágætis þátttaka í því verkefni bæði meðal nemenda og starfsfólks.

Í tilefni þess að Smáþjóðaleikarnir eru á Íslandi þetta árið tókum við þátt í sameiginlegu verkefni með Alþjóðaskólanum. Þetta verkefni var í anda Smáþjóðaleikanna og var 1.-7. bekk beggja skóla blandað saman í 20 hópa og tóku þeir þátt í hluta af þeim íþróttum sem keppt er í á Smáþjóðaleikunum. Þá hlupum við til góðs í UNICEF-hlaupinu og tók 5. bekkur þátt í Kiwanishlaupinu. Sjálandsskóli er mjög hreyfanlegur skóli, bæði nemendur og starfsfólk er duglegt að koma gangandi eða hjólandi til vinnu.

Lionshlaup

Hið árlega Lionshlaup var haldið 13. maí 2015. Nemendur 5. bekkjar tóku þátt og var þeim skipt í þrjú lið þar sem venjan er sú að keppt sé í boðhlaupi. Það voru félagar úr Lionsklúbbum Eik í Garðabæ sem stóðu fyrir hlaupinu eins og undanfarin ár og spjölluðu þeir aðeins við nemendur áður en hlaupið hófst. Daníel Laxdal, knattspyrnumaður úr Stjórnunni kom og ræddi við nemendur um heilbriggt líferni og tilefni hlaupsins. Nemendur stóðu sig vel í hlaupinu. Mikill keppnisandi og góð stemmning var í hópnum, og hvöttu stuðningsmenn liðin ákaft áfram. Allir þátttakendur fengu viðurkenningarskjöl og vinningsliðið fékk bikar í verðlaun. Veðrið lék við okkur og var þetta skemmtilegur viðburður sem tókst með ágætum.

10 ára afmæli Sjálandsskóla

Föstudaginn 7. nóvember var Gleðidagur ískólanum en þann dag var einnig upphaf á 10 ára afmæli skólans, en Sjálandsskóli er á 10. starfsári. Nemendur mættu á morgunsöng með fána sem þeir höfðu búið til í vikunni. Gunnar Einarsson bæjarstjóri kom í heimsókn og var með stutt ávarp á morgunsöng. Eftir morgunsöng gekk hann um skólann og kynnti sér skólafærni. Í tilefni dagsins komu nemendur

með veitingar á hlaðborð á sínu svæði. Þetta var því mikill gleði og hátíðisdagur. Öllum fyrrverandi starfsmönnum og nemendum var boðið í heimsókn ásamt, foreldrum, starfsmönnum stofnana sem við vinnum mikið með, skólanefnd og svo embættismönnum bæjarins.

Afmælishátíðin sjálf var síðan haldin fimmtudaginn 30. apríl. Dagskráin hófst í morgunsöng en þá var Skólasöngurinn sem foreldrafélag skólans gaf skólanum í afmælisgjöf fluttur á „generlaprufu“. Um morguninn var síðan mikill gleðidagur og nemendur komu með veitingar í skólann.

Í lok skóladags var hátíðardagskrá á sal. Kynnar dagsins voru úr hópi 10. bekkinga og buðu þeir gesti velkomna. Fyrst var tónlistaratriði frá litlu lúðrasveit Tónlistarskóla Garðabæjar, þá flutti Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar ávarp og kenndi nemendum að þakka fyrir sig með táknrænum hætti. Þá var ávarp „elsta nemanda skólans“, Láru Sifjar Davíðsdóttur en hún er fyrsti nemandinn sem hefur verið allan sinn grunnskólaferil í Sjálandsskóla. Því næst söng skólakór Sjálandsskóla tvö lög. Að endingu var Skólasöngurinn frumfluttur.

Þá hófst opið hús þar sem verk nemenda voru sýnd um allan skóla fram til kl. 16.

1.-2. bekkur: Hvað verður hér eftir 10 ár – hvernig viljum við hafa skólann eftir 10 ár.

Nemendur unnu verk undir stjórn umsjónarkennara sinna að líkani að skólanum og umhverfi hans eins og þeir sjá hann fyrir sér eftir 10 ár.

3.-4. bekkur: Hvað var hér áður en skólinn var reistur?

Nemendur settu upp veggspjöld og myndir af því hvernig umhverfið var áður en að skólinn var byggður.

5.-6. bekkur: Hvað hefur verið sagt um Sjálandsskóla í þessi ár frá því að undirbúningur skólans hófst?

Nemendur söfnuðu upplýsingum af vefnum og úr fjölmiðlum þar sem fjallað er um Sjálandsskóla og starfið í honum og birtu á stóru veggspjaldi.

7. bekkur: Garðabærinn okkar – hverfið okkar.

Nemendur gerði líkön af því sem þeim þykir skipta mestu máli í Garðabæ, þá staði sem þeim þykir vænt um (fyrir utan eigið heimili og skólann).

8. bekkur: Sjálandsskóli á myndböndum og myndum í ljósmyndasafni Sjálandsskóla.

Nemendur settu saman myndband af því helst sem hefur gerst í skólanum á liðnum 10 árum.

Unglingastig: Afmælisrit

Nemendur á unglingastigi settu saman afmælisrit.

Allir nemendur: Útilistaverk

Allir nemendur skólans unnu að gerð útilistaverks við sundlaugin og lækinn þar sem ýmsar kynjaverur og fiskar gera sig heimankomna í læknum og næsta umhverfi hans.

Gestum var boðið upp á súkkulaðiköku, vöflur, kaffi og ávaxtasafa. Dagurinn þótti afar vel heppnaður og varpa góðu ljósi á það starf sem unnið hefur verið í skólanum frá upphafi.

Innilega, útilega og vorhátíð

Dagana 8. – 9. júní var útivistardagur og innilega í Sjúalandsskóla. Með yfirumsjón fóru Edda Björg Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri og Helgi Grímsson skólastjóri. Allir kennarar skólans og aðrir starfsmenn tóku þátt í frekari skipulagningu. Foreldrafélagið sá um skipulagningu á kvöldmatnum og morgunmatnum.

Að morgni þriðjudagsins 8. júní komu nemendur með farangur í skólann, komu sér fyrir á svefnstað. Í framhaldinu var stutt umsjón með umsjónarkennara. Þá var farið af stað í fjallgönguna sem var að þessu sinni á Esjuna. Nokkrir foreldrar tóku þátt í göngunni með okkur.

Farið með rútum að Esjunni. Önnur þeirra var skipulögð fyrir nemendur í 1.-4. bekk og hin fyrir nemendur í 5.-7. bekk.

Val var um þrjár gönguleiðir.

A: Styttri gangan - Skógarhringur. Nemendur í 1.-4. bekk fóru með kennurum eftir göngustígnum og yfir í skóginn. Göngutími var 2-3 klst. Að göngu lokinni fóru nemendur í frjálstan leik á svæðinu. Göngustjórar voru Sif og Bjarnveig.

B: Langa ganga - Stóri hringur. Nemendur í 3.-7. bekk fóru upp göngustíginn og langleiðina að Gunnlaugsskarði og svo niður í skóg. Gangan tók rúmlega 3 klst. Nemendur í 5.-7. bekk fóru í þessa göngu en áhugasamir nemendur í 3. – 4. bekk máttu einnig velja þessa leið. Að göngu lokinni fóru nemendur í frjálstan leik þegar komið var niður af fjallinu. Göngustjórar voru Ingveldur og Linda.

B: Erfiða gangan - Þverfellshorn. Nemendur í 5.-7. bekk gengu stóra hringinn á Esjuna en þeir sem kusu að reyna meira á sig gátu gengið á Þverfellshorn sem liggur frá bílastæði upp að útsýnisskífu á Þverfellshorni í um 780 metra hæð yfir sjávarmáli. Gangan tól rúmlega 3 klst. Göngustjórar voru Davíð og Ósk.

Veðrið lék ekki við göngufólk þennan dag en nokkur snjór var enn í Esjunni. Því var ákveðið að stytta verunu í fjallinu um klukkustund. Göngu leið B – Erfiða gangan var því felld niður.

Kvöldverður var í umsjón foreldrafélagsins og fengu börnin grillaða hamborgara. Um kvöldið var sameiginleg kvöldvaka þar sem nemendur skemmtu með heimatilbúnum skemmtiatriðum, hver árgangur var með eitt til tvö atriði og umsjónarkennarar fengu að sjá atriðið í vikunni áður en það var sýnt. Yngri nemendur áttu að vera komnir í ró um klukkan 22:00 en eldri nemendur máttu vaka til miðnættis. Þá átti að vera komin ró og ljósinn voru slökkt. Foreldrafélagið skipti mér sér vöktum frá því að nemendur komu úr fjallgöngunni þar til frágangi var lokið á hádegi daginn eftir.

Nemendur voru ekki vaktir heldur fengu þeir rólegan morgun eftir þörfum hvers og eins. Allir nemendur áttu rólega stund á heimasvæðum sínum eftir morgunmatinn. Um kl. 9:30 fóru nemendur í rólegheitum að ganga frá á heimasvæðinu sínu og ganga frá farangri sínum. Allir nemendur voru farnir heim upp úr kl. 10:30. Nemendur í 1.-4. bekk höfðu kost á að vera í tómstundaheimilinu til 17:15. Tuttugu nemendur nýttu sér það. Starfsmenn skiptu með sér vöktum þennan dag.

Lokaferð unglíngadeildar var þrískipt eftir árgöngum. 8. og 9. bekkur lögðu af stað að morgni 8. júní og komu tilbaka daginn eftir. 8. bekkur fór í Skorradal en 9. bekkur gistu á hernámssafninu að Hlöðum í Hvalfirði. Stúlkur í 10. bekk fóru í tveggja náttu ferð í sumarbústað í Stykkishólmi frá 8. – 10. júní. Farið var í göngur, leiki og grillaður sameiginlegur kvöldverður í öllum ferðum. Ferðirnar gengu vel og nemendur voru ánægðir.

Samstarf heimilis og skóla

Virkt foreldrasamstarf er einn af hornsteinum góðs skólastarf og það þarf gott samstarf starfsmanna, foreldra og nemenda til að skapa góðan skóla. Forráðamenn eru mikilvægir samstarfsmenn skóla þar sem þeir bera ábyrgð á uppeldi og umönnun barna sinna. Afar mikilvægt er að foreldrar finni sig velkomna í skólann og að aðstoð þeirra sé vel þegin og hafi gildi í skólastarfinu. Þess er vænst að foreldrar fylgist náið með námsframvindu barnsins, hvetji það áfram, sýni áhuga, tali jákvætt um skóla og skólastarf við barnið og spyrji viðeigandi spurninga. Hvatt er til þess að foreldrar komi með virkum hætti að skólastarfinu með markvissum heimsóknnum á skólatíma, þátttöku í starfi umsjónarbekkja, foreldrafélags og foreldraráðs.

Samstarf kennara og foreldra

Á haustdögum kynntu kennarar skólans komandi starfsár og helstu áherslur í starfi. Skólaárið hófst á foreldraviðtalsdegi þann 25. ágúst. Þar gafst dýrmætt tækifæri til þess að miðla upplýsingum milli foreldra og kennara. Á skólaárinu voru haldnir tveir sérstakir foreldraviðtalsdagar sá fyrri var 28. október og seinni 4. febrúar. Eins og gefur að skilja voru fundir, símtöl og tölvupóstsendingar tíðari hjá stórum hópi nemenda. Sérstakir viðtalstímar kennara voru ekki skráðir á töflu heldur var upplýsingagjöf og samráði við foreldra sinnt eins fljótt og hægt var. Gafst það fyrirkomulag afar vel. Rík áhersla var lögð á upplýsingastreymi til forráðamanna. Var það gert með vikulegum bréfum umsjónarkennara á öllum skólastigum.

Foreldraheimsóknir og stjórnendakaffi

Fjölmargir foreldrar komu reglulega í morgunsöng og einnig var fjölmenni á viðburðum á samkomu í byrjun skóladags. Allir hópar héldu kynningar og aðrar uppákomur með forráðamönnum og var almenn ánægja með það. Markmið skólans var að allir nemendur kæmi a.m.k. einu sinni fram í morgunsöng. Það tókst og margir komu mun oftár fram en það.

Nú í vetur buðu stjórnendur í fyrsta sinn foreldrum allra árganga einu sinni á skólaárinu í morgunkaffi. Stjórnendakaffið eins og við köllum það var hugsað sem vettvangur fyrir foreldra til að hittast og spjalla saman en ekki síður tækifæri til að ræða skólastarfið með óformlegum hætti við stjórnendur. Þessi nýbreytni heppnaðst vel og við teljum hana gagnalega fyrir allt skólasamfélagið. Þrátt fyrir að nokkuð fámennt hafi verið í kafinu þá var góðmennt og við ætlum ótrauð að halda áfram að bjóða foreldrum til morgunverðar á næsta skólaári.

Skýrsla foreldrafélags Sjálandsskóla

Á skólaárinu 2014-2015 skipuðu eftirfarandi stjórn foreldrafélags Sjálandsskóla:

Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir formaður

Áslaug Auður Guðmundsdóttir gjaldkeri

Erna Hrönn Geirsdóttir ritari

Elfa Sif Jónsdóttir meðstjórnandi og tengiliður unglingadeildar

Eva Hrönn Jónsdóttir meðstjórnandi og tengiliður yngsta stigs

Foreldrafélag Sjálandsskóla var skipuð ný stjórn á aðalfundi félagsins. Boðað var til aðalfundar með lögmætum hætti og var mjög vel mætt.

Á aðalfundi voru hefðbundinn aðalfundarstörf. Kosin var ný sjórn, en sú nýbreytni sem var lögfest með lagabreytingu, var gerð á skipan stjórnar að einn fulltrúi í stjórn er skipaður úr hópi foreldra í unglingadeild.

Á fyrsta fund stjórnar var farið var yfir fyrirhugaðar upptakomur á skólaárinu og hlutverk bekkjarfulltrúa voru kynnt. Boðað var til fundar með öllum bekkjarfulltrúum, þar sem farið var yfir hlutverk bekkjarfulltrúa og dagskrá vetrarins rædd. Fulltrúar allra árganga voru mættir, mjög góð mæting var á fundinum.

Bekkjarfulltrúar fengu reglulega fréttabréf frá stjórn sem og foreldrar. Settir voru fastir fundir yfir allt skólaárið sem virkaði mjög vel, og aukafundir ef þess gerðist þörf. Haldið var árlegt páskabingó gekk það að mestu hnökralaust fyrir sig.

Árlegt páskabingó var á sínum stað en það er helsta tekjulind félagsins. Ný bingóspjöld sem Garðabær fjárfesti í fyrir félagsstarf í bænum voru mikil búbot fyrir bingókvöldið sem gekk vel í alla staði.

Á þessu skólaári voru innheimt foreldrafélagsgjöld, 1000 krónur á heimili óháð barnafjölda í skólanum. Fjárhagur félagsins stendur vel og því voru ekki innheimt gjöld fyrir mat í innilegunni.

Foreldrafélagið hefur átt fulltrúa í Grunnstöð Garðabæjar. Starfsemi Grunnstöðar hefur verið öflug en Grunnstöðin stóð fyrir skemmtilegum fræðslufundi sem haldinn var í Sjálandsskóla í vor, þar var fjallað um kvíða barna og ungmenna og sló fundurinn öll aðsóknarmet.

Innilegan var að venju haldin í skólalok og gekk einstaklega vel. Gengið var á Esjuna með nemendur í 1. -7. bekk og að göngu lokinni söfnuðust nemendur saman í skólanum. Sú nýbreytni var á hefðbundinni dagskrá að foreldrafélagið bauð upp á aðkeypt skemmtiatriði sem sló heldur betur í gegn, en Lalli töframaður hélt uppi fjörinu. Uppákoman mæltist vel fyrir. Foreldrafélagið lagði sitt af mörkum í innilegunni sem heppnaðist mjög vel. Foreldrar voru virkir í störfum í morgunnefnd, skemmtinefnd, grillnefnd og svefnnefnd. Þetta fyrirkomulag gekk mjög vel. Nokkrir sprækir foreldrar lögðu leið sína í fjallgönguna. Ákveðið var að bjóða ekki upp á popp á kvöldvökunni heldur var boðið upp á ís frá Kjörís. Það var mál manna að sjaldan hefði verið jafn mikil ró yfir nemendum eins og í þetta sinn.

Í heildina gekk starfið ágætlega. Foreldrafélagið stofnaði fésbókarsíðu sem er ætluð til upplýsinga fyrir foreldra og hefur það gefist ágætlega. Foreldrafélagið þyrfti helst að hafa eigið netfang í gegnum skólann þegar það sendir frá sér upplýsingar til foreldra, eins mætti gæta betur að því að netföng foreldra sem eru bekkjarfulltrúa séu virk. Félagið bauð einnig upp á skemmtilegt atriði í morgunsöng í desember, en þá fengum við íþróttaálfinn í heimsókn sem fékk alla til að hoppa af gleði. Skemmtilegt atriði sem hentaði öllum aldurshópum.

Félagið gaf skólanum skólasöng í til efni af tíu ára afmæli skólans.

Foreldrafélagið hefur umsjón með styrktarsjóði sem er ætlað að styrkja börn í skólanum sem vegna bágra fjárhagsaðstæðna komast ekki á viðburði á vegum skólans, í ár voru hlutu nokkrir nemendur styrki af þessu tagi. Allir styrkir eru nafnlausir og beiðnir um slíkt fara eftir ákveðnum reglum.

Næsti aðalfundur félagsins verður komandi haust en þá verður ný stjórn kosin. Áætlað er að boða fund í þriðju viku í september 2015.

f.h. stjórnar

Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir formaður foreldrafélags.

Þróunarverkefni á skólaárinu

Starfsþróun, kannanir og þróunarverkefni á skólaárinu

Unnið var að þróun skólastarfsins og má segja að notkun IPAD hafi verið það svið þar sem stærst var stigið. Starfsmenn Sjálandsskóla sóttu námskeið, fengu fræðsluerindi og tók þátt í ýmsum starfsþróunarverkefnum á árinu á vegum skólans og skólanna í Garðabæ. Auk þess voru kennarar ötulir að sækja endurmenntun til að efla færni sína og starfsþróun.

Fræðsluerindi og námskeið fyrir hluta/alla starfsmenn skólans:

- Skyndihjálp
- I það í skólastarfi
- Komdu og skoðaðu í kistuna mína, ágústráðstefna samtaka áhugafólks um skólaþróun.
- Námsgagnakynning Námsgagnastofnunar
- Skólastarf á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit
- PALS, námskeið fyrir kennara
- Náttúrufræðikennsla
- Sköpun í skólastarfi
- Jóga í skólastarfi
- Einkenni afbragðsgóðra kennara
- Skype í skólastarfi
- Fagfundir grunnskóla Garðabæjar um námsmat

Kannanir og sjálfsmat

Vegna mikillar vinnu við innleiðingu aðalnámskrár grunnskóla var ekki unnið sjálfsmat samkvæmt Gæðagreini. Starfsmenn unnu greiningu á stöðu Sjálandsskóla gagnvart skólustefnu Garðabæjar. Skólinn tók þátt í Skólapúlsinum sem brá ljósi á afmarkaða þætti skólastarfsins.

Þróunarverkefni skólans á skólaárinu 2014-2015

Þróun skólastarfsins fór fram að mestu samkvæmt áætlun.

Ipad í skólastarfi

Skólinn fékk að láni 30 Ipad og keypi ríflega 30 að auki og þannig jókst aðgengi tölvum verulega. Kennarar fengu handleiðslu frá Skemu til þess að skerpa enn frekar áherslu á upplýsingatækni í skólastarfi.

Námsvísar - íslenska

Kennarar skólans unnu að endurskoðun námsvísa skólanámskrár með hliðsjón af niðurstöðu vinnu við námssvið aðalnámskrár og grunnþætti menntunar, sérstök áhersla var á þróun skólanámskrár í íslensku.

Comeniusarverkefni

Sjálandsskóli tók þátt í Comeniusarverkefnum Once up on an Island á skólaárinu. Það verkefni var unnið með nemendum í 1.-4.bekk. Áhersla lögð á að fjalla um þjóðsögur landanna.

Samantekt og mat á árangri skólastarfsins

Tíunda starfsár Sjálandsskóla var farsælt. Skólinn náði góðum árangri í starfi sínu en fjölmörg verkefni sem varða nemendasamsetningu, persónulegar aðstæður nemenda sem og aðstæður í starfshópnum reyndust krefjandi viðfangsefni. Húsnæði skólans er vel nýtt og skólinn sannkölluð samfélagsmiðstöð þar sem margir hópar hafa aðsetur.

Glögg er gests augað. Gestkvæmt var á skólaárinu, jafnt innlendir sem erlendir gestir komu og kynntu sér skólastarfið. Það var samdóma álit allra hópanna að skólastarfið einkenndist af gleði, áhuga, iðni og vellíðan. Margir hópanna vildu kynna sér starfið á unglingastigi, skólastarf í opnu húsnæði, valnámskeið og þemakennslu. All nokkrir hópar vildu fá kynningu á kennslu samkvæmt „samkomulagi“ kennara um vinnutíma þeirra.

Sjálandsskóli er grænn skóli. Frá upphafi skólans hefur skólinn lagt áherslu á vistvernd í verki og sjálfbæra hugsun nemenda og starfsfólks. Vinna við þetta verkefni var í lágmarki á árinu en áform eru um markvissari tök á næsta skólaári.

Sjálandsskóli er heilsueflandi skóli og var þátttakandi í ýmsum verkefnum tengdum hreyfingu eins og undanfarin ár. Veturinn hófst á því að taka þátt í verkefni á vegum ÍSÍ sem heitir Göngum í skólann, einnig tókum við þátt í Lífshlaupinu og Hjólum í vinnuna. Þá var íþróttadagur fyrir allan skólann, farið var í vetrarferð í Bláfjöll með allan skólann þar sem flestir fóru á skíði eða snjóbretti og undir vor var árlegur fjallgöngudagur skólans. Íþróttadagur var að hausti. Þá var haldinn dagur Smáþjóðaleikanna í

samstarfi við Alþjóðaskólann. Þá var útivist og hreyfing samofin öllu skólastarfinu í tengslum við útikennsluna. Þrátt fyrir þessa áherslu var þátttaka í mörgum af stórum verkefnum (Göngum í skólann, Hjólað í vinnuna og Lífshlaupinu) ekki nógu markviss og starfshópurinn ekki nógu samhentur í verkum hvað þau varðaði.

Sköpun er ríkur þáttur í skólastarfi Sjálandsskóla. List- og verkgreinakennarar starfa í nánú samstarfi við aðra kennara skólans og þannig er sköpun, list og verkgreinar samofnar öllu skólastarfi. Allir nemendur skólans komu fram í leikritum. Áfram var haldið að þróa þemun og tengja þau betur listgreinum.

Haldið var upp á 10 ára afmæli skólans með opnu húsi 30. apríl. Nemendur vörpuðu ljósi sögu skólans í máli og myndum, fortíð svæðisins í kringum skólans og framtíðarhugmyndir. Þá var sett upp útilistaverk á sundlaugarvegginn. Undirbúningur að afmælisárinu hófst formlega í 10. nóvember á gleðidegi. Dagurinn var valinn með það í huga að vera nálægt þeim mánaðardegi sem skólinn fékk Íslensku menntaverðlaunin 2011.

Skýrslur umsjónarkennara

Skýrsla umsjónarkennara í 1. og 2. bekk.

Nemendur í 1. bekk voru 32 og í 2. bekk voru nemendur 28 þar af voru 23 strákar og 37 stelpur. Nemendunum var skipt í þrjá umsjónahópa undir umsjón Sifjar Bachmann, Írisar Bjarkar Baldursdóttur og Þóreyjar Írisar Halldórsdóttir. Jóhanna Elísa Magnúsdóttir leikskólakennari aðstoðaði inn í bekk allan veturinn. Aðrir kennarar sem kenndu í hópnum voru Guðrún Dóra Jónsdóttir í myndmennt, Bjarnveig Sigurborg Jakobsdóttir kenndi hönnun og smíði, Hrafnhildur Sævarsdóttir kenndi íþróttir og sund, Silja Kristjánsdóttir og Arngunnur Sigurþórsdóttir kenndu textílmennt. Sigríður Ólafsdóttir sérkennari kom að hópnum og Ólafur Schram kenndi tónmennt. Einnig komu að hópnum stuðningsfulltrúar sem fylgdu ákveðnum nemendum.

Kennslustundir

Nemendurnir fengu 20 kennslustundir (60 mínútur hver stund) á viku. Námið fór fram í þemalotum og var samþætt. Þannig voru námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, kristinfræði, upplýsingatækni og lífsleikni kennd samþætt við efni lotunnar. Fyrirkomulag kennslunnar var gjarnan sett upp í hringekju. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var því mismikill eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreinanna hafi verið náð. Hönnun og smíði, textílmennt, myndmennt, lífsleikni og enska voru kennd í lotum, tvær klukkustundir á viku í þrjár vikur fyrir hvern nemanda. Þetta fyrirkomulag í listum var svo með sama hætti eftir áramót. Tölvur voru kenndar á föstum tímum í töflu 30 mín á viku fyrir hvern nemanda. Íþróttir voru ein klukkustund á viku og tónmennt ein klukkustund á viku. Sund var kennt í 40 mínútna kennslustundum og fór hver nemandi í sund eina kennslustund á viku. Reynt var eftir megni að samþætta sérgreinarnar við viðfangsefnin í þemunum og gekk það almennt mjög vel.

Helstu áherslur hópsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins voru þau að börnunum liði vel í skólanum, að þau upplifðu jákvæða tilfinningu fyrir skólastarfinu og að vekja jákvæðan námsáhuga. Í upphafi var mikil áhersla lögð á almenna skólafærni. Skólinn, umhverfi hans og umgengisreglur í skólasamfélaginu voru kynntar og æfðar. Á hverjum degi var frátekin tími þar sem nemendur gátu talað um það sem þeim lá á hjarta hverju sinni.

Mikil áhersla var lögð á lestrarnám og ritun. Í byrjun skólaárs skiptum við nemendunum upp í hópa eftir því hvar þeir voru staddir í lestri og var unnið þannig fram á vor. Nemendur höfðu þó möguleika á að fara á milli hópa eftir framvindu í náminu. Höfuðáhersla var lögð á lestur og skrift og voru nemendur látnir lesa heima daglega og í skólanum.

Umsjónahópar fengu einn tíma á viku í stærðfræði þar sem unnið var sérstaklega með ákveðna þætti stærðfræðinnar hlutbundið og í gegnum leik. Aðrir stærðfræðitímar voru notaðir í vinnu í námsbókum. Áhersla var lögð á samlagningu og frádrátt, unnið með form, tugi og einingar, ásamt því að gera ýmis konar mælingar og skráningu. Auk þess byrjuðu nemendur í 2. bekk að vinna með verð og verðgildi, daga og mánuði, einnig að finna tölur á undan og á eftir, læra um hundrað og finna helmingi minna og tvöfalt meira. Í öllum námsgreinum var stuðst við markmið Aðalnámskrár grunnskóla.

Þema	Tímalengd
Hafið	(5.vikur. 8. sept. -10.okt.)
Heimilisvika	(1.vika. 13. okt. – 17. okt.)
Risaeðlur	(5.vikur. 20. okt. – 21. nóv.)
Kristinfræði	(3. vikur. 24. nóv. - 12. des.)
Veður	(4. vikur. 12. jan. – 6. feb)
Dýrin í Hálsaskógi	(5.vikur. 23. feb – 27. mars)
Heimilisvika	(1. vika. 13. apríl. – 17. apríl)
Fuglar	(5.vikur. 27. apríl – 29. maí)

Hafið

Mat á þemum

Í flestum þemum var nemandinn metinn út frá þremur markmiðum það er: vandvirkni, vinnusemi, sjálfstæði í vinnubrögðum.

Umgjörð

Þemað um hafið var fyrsta þema vetrarins sem kennaranemi hópsins skipulagði í samráði við kennarana. Í þemanu um hafið fræddust nemendur um lífríki hafsins, aðstæður í sjónum og við ströndina, nemendur fræddust um hugtakið flóð og fjara og hvernig ætti að umgangast fjöruna af virðingu. Nemendur fengu jafnframt innsýn inn í sjávarútveg landsins og sögu hans. Kveikjan að þemanu var bíómyndin um Nemo. Nemendur fengu að horfa á myndina um Nemo og á eftir var spjallað um myndina. Námsbókin Komdu og skoðaðu hafið var lesin ásamt því að nota töluvert kennsluvefinn og fjaran og hafið. Nemendur bjuggu til vinnubók úr því efni sem þau söfnuðu saman á meðan á þemanu stóð. Í útikennslu fóru nemendur í fjöruferð þar sem steinum var velt og lífríkið skoðað. Nemendur bjuggu til pappírskáta sem þeir fengu að sigla í læknum og veiða í sjónum í háf. Nemendur fóru í vettvangsferð á Sjóminjasafnið þar sem þeir fengu að fara um borð í varðskip og fengu leiðsögn um skipið ásamt því að skoða safnið sjálft.

Tíminn

Þemað tók 5 vikur og gekk sæmilega. Unnið var á hverjum fimmtudegi í tvo tíma í senn ásamt því að unnið var að þemanu fimm föstudaga í útikennslu með vettvangsferðum.

Árangur

Árangurinn var sæmilegur en bók sem nemendur útbjuggu var metin. Viðfangsefnin í bók nemenda var ekki slæm en það hefði mátt útfæra bókina sjálfa á frumlegri hátt. Nemendur voru þó almennt áhugasamir um þetta skemmtilega viðfangsefni.

Hvað mætti betur fara

Það hefði mátt vinna meira skapandi með þetta skemmtilega viðfangsefni en raunin varð. Hefðum viljað hafa verk nemenda meiri sýnileg á heimasvæðinu okkar s.s. upp á veggjum og á lofti.

Heimilisvika:

Heimilisvikur á þessu skólaári voru 2. Mikil áhersla var lögð á heimavinnu þar sem aðstaða í skólanum til heimilisfræðikennslu er ekki góð. Við lögðum bæði fyrir skylduverkefni og valverkefni sem nemendur áttu að ljúka heima. Verkefnin voru fjölbreytt og snéru bæði að matseld og öðrum heimilisstörfum. Verkefnin voru svipuð báðar vikurnar. Að lokinni heimilisviku áttu nemendur að skila í skólann matsblaði sem foreldrar áttu að fylla út samhliða verkefnavinnunni heima. Í skólanum skoðuðum við fæðuhringinn, veltum fyrir okkur flokkun sorps og unnum með bætta umgengni á svæðinu okkar. Lögð var áhersla á handþvott eftir klósettferðir og fyrir matmálstíma. Einnig var bakað inni, búinn til mjólkurhristingur og steikt brauð úti.

Risaeðlur

Umgjörð

Risaeðlupemað hófst 23.október og stóð yfir í fimm vikur. Í þemanu fræddust nemendur um steingervinga, fengu að móta risaeðlur úr trölladeigi, fræddust um upphaf og endalok risaeðla, hvað þær borðuðu, stærð þeirra o.sfv. Kveikjan að þemanu var að kennarar voru búnir að fela litlar plastrisaeðlur í sand og veiddu þær upp hverja af annarri þar sem nemendur sátu og horfðu á og nefndu heiti þeirra sem þeir þekktu. Eftir þetta var horft á myndina *Walking with dinosaurs* og á eftir var spjallað um myndina. Fyrirkomulagið var þannig að nemendum var skipt upp í 5, 12 og 13 nemenda hópa sem rúlluðu á milli fimm stöðva í tvöföldum þematímum á fimmtudögum. Stöðvarnar

voru: Risaeðluspil, trölladeigsstöð, fróðleiksstöð, veggmyndastöð og umhverfisstöð. Á hverri stöð var einn kennari sem hafði yfirumsjón með stöðinni og gaf nemendum einkunn eftir hverja stöð. Í útikennslu fórum við í Gálgahraun þar sem við leituðum að risaeðlueggjum og elduðum steinaldarbrauð.

Tíminn

Þemað tók 5 vikur og heppnaðist mjög vel. Unnið var á hverjum fimmtudegi í tvo tíma í senn ásamt því að unnið var að þemanu fimm föstudaga í útikennslu með vettvangsferðum.

Árangur

Árangurinn var mjög góður og afurð nemenda glæsileg. Nemendur útbjuggu risaeðlur á maskínupappír sem hengdur var upp á vegg, nemendur bjuggu til lestrar risaeðlu þar sem hringir voru klipptir út eftir hverja lesna bók og risaeðlan þannig fyllt á flottan hátt. Nemendur mótuðu sínar eigin risaeðlur úr trölladeigi og teiknuðu og máluðu umhverfi risaeðlanna á veggi heimasvæðisins.

Hvað mætti betur fara

Held að það sé bara ekki hægt að nefna neitt sem betur mætti fara. Risaeðluþemað einkar vel heppnað.

Iólin og kristinfræði:

Umgjörð

Kristinfræðiþemað hófst í upphafi aðventu eða í lok nóvember og stóð fram að jólaafrí. Markmiðið með þemanu var að nemendur fræddust um aðventuna og jólasveinana. Nemendur lærðu heiti aðventukertanna bæði með söng og skapandi vinnu. Við höfum þemað á lestri vísunnar hans Jóhannesar úr Kötlum um jólasveinana og í framhaldi æfðum við leikrit um sveinana 13. Nemendur í 2.bekk fóru með vísunnar en nemendur 1.bekkjar léku jólasveinana. Æfingar fyrir leiksýninguna tóku 2 vikur og sýndum við leikritið í morgunsöng þann 11.des. Foreldrum var boðið á sýninguna og í framhaldi boðið upp á kaffi og piparkökur á heimasvæði okkar. Lesið var upp úr kristinfræðibókinni Regnboginn og spjallað um aðventuna og fæðingu frelsarans. Í framhaldi af lestrinum útbjuggu nemendur aðventubók með heiti kertanna og myndskreyttu. Nemendum í 2.bekk var boðið í kertagerð til Siggú sérkennar á meðan 1.bekkingar fönnduðu jólamyndir með leikskólabörnum. Í síðustu vikunni fyrir jólafrí var farið í kirkjuheimsókn með öllum skólanum þar sem prestur fræddi nemendur um jólahaldið, sögur sagðar og jólasálmar sungnir. Nemendur mátu svo vinnu sína sjálfir með sjálfsmatsblaði þar sem bæði var um leiksýninguna og kristinfræðikennsluna.

Tíminn

Þemað tók 3 vikur og gekk mjög vel. Unnið var fjóra daga vikunnar í undirbúningi fyrir leiksýninguna og voru þematímarnir á fimmtudögum nýttir undir fræðslu um aðventuna.

Árangur

Árangurinn finnst þemaþingurinn fallegur. Samhliða þemavinnunni bjuggu nemendur til jólakort og pökkuðu inn jólagjöfum. Nemendur voru glaðir og ánægðir enda allir í jólaskapi.

Hvað mætti betur fara

Lítið sem hægt er að bæta við þetta þó alltaf sé gaman að fá einhverjar nýjar hugmyndir með hverju árinu.

Veður

Umgjörð

Veðurþemað hófst 12.janúar og stóð yfir í fjórar vikur eða fram að vetrarfríi 9.febrúar. Meginmarkmiðið var að fjalla um árstíðirnar, tímann auk þess sem nemendur lærðu um veðurbrigði. Á hverjum morgni var farið yfir veðurspá dagsins og merkt inn á veðurkort hitastig, vindátt, hraða og rétt veðurtákn. Á fimmtudögum í þematíma útbjuggu nemendur bók sem innihélt fjórar blaðsíður með öllum árstíðunum. Í bókina áttu nemendur að skrifa orð sem áttu við hverja árstíð, teikna/lita/mála mismunandi myndir og búa til dúkkulísur í vetrar og sumarfatnaði. Við lásum alfræði/jörðin Disney bók, blikur á lofti og bækur um árstíðarnar og spjölluðum saman um mismunandi veðurfar eftir árstíðum. Nemendur bjuggu til úr þykkum pappa mismunandi veðurtákn sem hengd voru í loftið á svæðinu.

Tíminn

Þemað tók 4 vikur og heppnaðist vel. Unnið var á hverjum fimmtudegi í tvo tíma í senn ásamt því að unnið var að þemanu fjóra föstudaga í útikennslu með vettvangsferðum. Sem dæmi um útikennslu var sleðaferð í snjónum, heimsókn í Helliggerði þar sem náttúran var skoðuð í vetrarríkinu, gönguferðir voru farnar og í lokin fórum við á Hreystibrautina við Flataskóla.

Árangur

Árangurinn var góður og afurð nemenda falleg bók sem kennarar gáfu einkunn fyrir.

Hvað mætti betur fara

Það hefði verið gaman að horfa á fleiri þætti, fræðslumyndbönd og þess háttar en lítið er til um efni fyrir þennan aldurshóp. Það hefði líka verið skemmtilegt að fara út og mæla lengd snjóskafla með priki og vind. Einnig vorum við of sein að panta tíma hjá Veðurstofunni en þeir taka stundum á móti svona skólahópum.

Dýrin í Hálsaskógi

Umgjörð

Dýrin í Hálsaskógi var þema sem hófst viku eftir vetrarfríið í skólanum eða 23.febrúar. Markmiðið með þemanu var að nemendur fengju tækifæri í leikrænni tjáningu, lærðu sönglög og texta og síðast en ekki síst að fengju reynslu af að koma fram á sal fyrir framan skólafélaga og foreldra. 1.bekkur sá um söng og átti stóran þátt í gerð leikmynda. 2.bekkingar léku aðalhlutverkin og tóku jafnframt þátt í gerð leikmynda og búninga. Við bættum inn í handritið aukahlutverkum og dansatriði sem var æft við lög sýningarinnar. Við reyndum að skipta hópnum sem mest upp þannig að börnin þyrftu sem minnst að sitja og bíða á meðan hinir æfðu á sviði. Þegar nemendur voru ekki á sviði að æfa lögðum við fyrir verkefni tengd leikritinu og afraksturinn af þeirri vinnu var veggmynd (Hálsaskógur) á heimasvæði hópsins.

Tíminn

Þemað tók 5 vikur og heppnaðist vel. Við notuðum þematímana á fimmtudögum til æfinga en listgreinakennarar tóku þátt í gerð búninga og leikmynda þegar listahringekja var. Þegar nær dró sýningardegi fjölguðum við æfingum á sal.

Árangur

Árangurinn var frábær með glæsilegri sýningu fyrir foreldra í eftirmiðdag og skólafélaga í morgunsöng sem og var nemendum úr 1-2.bekk í Flata og Hofsstaðaskóla boðið á aukasýningu hér í Sjólandsskóla.

Hvað mætti betur fara

Við vorum með stóran hóp eða um 60 nemendur og erfitt getur reynst að finna verkefni fyrir alla í svona sýningu en við gerðum okkar besta þó alltaf megi gera betur.

Skipulag kennslunnar

Unnið var út frá hugmyndum hugsmíðahyggju og hugmyndum um einstaklingsmiðað nám. Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leikir, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Útikennsla var í hverri viku 2-3 kennslustundir. Mikil áhersla var lögð á að nemendur tileinkuðu sér sjálfstæði í vinnubrögðum. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp út frá þeim. Í upphafi og lok hvers dags hittist hver umsjónarhópur með umsjónarkennara þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins.

Námsbækur og gögn

Sproti 1A, 1B, 2A, 2B

Verkefni fyrir vasareikni, hefti 1 og 2

Viltu reyna gulur, rauður og grænn

Komdu og skoðaðu hringrásir

Komdu og skoðaðu hafið

Ritrún 1 og 2

Vinnubók - Við lesum A og B

Lestrarlandið – vinnubók 1 og 2

Leikur að læra 1 og 2

Ýmsar lestrarbækur

Ýmsar handbækur í tengslum við viðfangsefni hverju sinni

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og kennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf í tölvupósti, ásamt „Gera mitt besta“ blöðunum í upphafi hvers þema. Foreldrum var birt námsmat í mentor í desember og júní. Einnig var birt lykilhæfnimat í mentor fyrir foreldraviðtöl í október og febrúar. Haldin var námskynning í byrjun skólaárs, formleg foreldraviðtöl voru þrisvar yfir veturinn og haldin var leiksýning fyrir foreldra.

Bekkjarfulltrúar skipulögðu tvö bekkjarkvöld. Einnig tóku foreldrar virkan þátt í innilegu.

Ekki hafa verið auglýstir sérstakir viðtalstímar en foreldrar voru alltaf velkomnir í skólann til viðræðna við kennara og einnig var tölvupóstur notaður í samskiptum.

Ferðir/útikennsla

Hópurinn fór í fjölmargar ferðir. Farið var í gróðursetningarferð í Sandhlíð, bókasafn Garðabæjar, Þjóðminjasafnið, Hellisgerði, Náttúrufræðistofu Kópavogs o.fl. Vorferð var farin á Esjuna.

Útikennsla er m.a. tengd við þemu, þannig að unnið var með markmið úr viðkomandi þema úti. Reynt var að hafa útiverkefni fjölbreytt og nálgast þannig sem flest markmið Aðalnámsskrár grunnskóla. Útikennslan tókst yfirleitt vel og voru börnin mjög áhugasöm fyrir þeim verkefnum sem fyrir þau voru lögð.

Verkefni í útikennslu:

- Gróðursetningarferð í Guðmundarlund – allur skólinn (náttúrufræði)
- Berjamó í Gálghaun
- Fjaran og lækurinn á skólalóð.
- Fjaran okkar og Fjaran við leikskólann Sjáland heimsóttar. Skoðað dýralíf og munur á fjörum. Í tengslum við þemað um hafið.
- Heimsókn á Sjóminjasafn Íslands í tveimur hópum
- Heimsókn á Náttúrufræðistofu Kópavogs í tveimur hópum
- Bökuðum brauð (gormabrauð) yfir opnum eldi í tengslum við heimilislífið
- Heimsókn í leikskólann Sjáland. Borða nesti og leika saman í garðinum hjá þeim.
- Gleðidagur – úti að leika
- Jötunheima-leikur í tengslum við dag íslenskrar tungu
- Heimsókn á Bókasafn Garðabæjar
- Lok á risaeðluþema – leituðum að risaeðluveggjum í Gálghaunum og steiktum steinaldarbrauð
- 2.b kertasteypa hjá Siggum – 1.b taka á móti leikskólanum Sjálandi, föndra og leika á sleða
- Heimsókn á Þjóðminjasafnið – fyrsti jólasveinninn
- Vasaljósiferð í Gálghaun
- Sleðaferð
- Stöðvar á skólalóð: Stafaboðhlaup, úthreysti og talning á bílastæði
- Nestisferð í Hellisgerði
- Gönguferð í tilefni lífshlaupsins
- Gönguferð í Flataskóla. Leikið á skólalóð og hreystibrautin prófuð
- Ratleikur (MS) á skólalóð
- Frjáls leikur á skólalóð
- Grillað brauð og tína rusl í tengslum við heimilislífið
- Stærðfræði stöðvar á skólalóð: Mælingar, form, speglun og talning
- Fuglaskoðunarferð í fjöruna við Gálghaun (í tengslum við þema um fugla)
- Skemmtiferð í Hellisgerði

- Mini smáþjóðaleikar og UNICEF hlaup
- Hjólaferð

Ástundun

Veikindadagar samtals í hópnum voru 308 dagar og 9 stundir. Leyfi voru 198 dagar og 98 stundir. Samtals komu nemendur 576 sinni of seint í skólann og var foreldrum gerð gein fyrir mikilvægi þess að mæta á réttum tíma á námskynningu í október því þá strax var farið að bera á því að nemendur mættu of seint. Á u.þ.b sex vikna fresti var sendur ástundunarlisti úr mentor til allra foreldra.

Námsmat

Námsmat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru og voru viðmiðin í samræmi við markmið greinarinnar í Aðalnámsskrá grunnskóla (íslenska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingartækni, þemu). Kannanir voru lagðar reglulega fyrir og Leið til læsis. Námsmat var kynnt foreldrum tvisvar sinnum í vetur í Mentor. Tvisvar var lykilhæfni metin, fyrir foreldraviðtöl í október og febrúar. Í lok skólaársins var nemendum afhent umsagnablað en annað námsmat var birt.

Mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Nemendahópurinn var góður og tókst okkur að vinna þau verkefni sem lagt var upp með í upphafi. Mikil áhersla var lögð á grunnfærni í lestri og ritun og gekk það vel. Námsárangur var að jafnaði góður og stóðu nemendur sig vel í allri vinnu jafnt utan dyra sem innan.

Skýrsla umsjónarkennara í 3. og 4. bekk

Skólaárið 2014-2015 stunduðu 54 nemendur nám í 3. og 4. bekk. Skiptust þeir þannig að 33 nemendur voru í 3. bekk og 21 nemandi í 4. bekk. Kynjaskipting hópsins var þannig að stúlkur voru 21 og drengir 33.

Nemendahópurinn skiptist í þrjá umsjónarhópa með þremur umsjónarkennurum. Þeir voru Ingunn Þóra Hallsdóttir, Ingveldur Karlsdóttir og Eiríkur Þór Vattnes Jónasson. Umsjónarhóparnir skiptust í þrjá 18 nemenda hópa. Einn nemandi í 4. bekk hafði 100 % stuðning með sér.

Aðrir kennarar sem kenndu 3.-4. bekk voru Davíð Örvar Ólafsson íþróttir og útikennsla, Guðrún Dóra Jónsdóttir myndmennt, Bjarnveig S. Jakobsdóttir smíði og hönnun, Hrafnhildur Sævarsdóttir sund, Ólafur Schram tónmennt. Arngunnur Sigurþórsdóttir textílmennt en Silja Kristjánsdóttir kom úr barnsburðarleyfi í febrúar og tók við textílkennslunni.

Aðrar námsgreinar en þær sem hafa verið taldar upp hér að framan kenndu umsjónarkennarar hópsins. Sigríður Ólafsdóttir sérkennari fylgdi eftir námi nokkurra nemenda. Harpa Maren námsráðgjafi aðstoðaði með nokkra nemendur í samráði við umsjónarkennara og foreldra. Eftir áramót tók Særún Sigurjónsdóttir stelpurnar í 4. bekk í vinaverkefni

Skipulag námsins

Kennslustundir nemenda skiptust í 60 mínútna lotur, fjórar lotur á dag, 20 lotur á viku. Nemendur voru 12 lotur á viku með umsjónarkennurum á heimasvæði bekkjarins. Námið fór fram að stórum hluta í þemum (sjá kafla um þemu) og voru námsgreinar samþættar. Íslenska og stærðfræði voru með fasta tíma í stundatöflu ásamt þema. Samfélagsfræði, náttúrufræði og trúarbragðafræði var samþætt í þemalotum. Lífsleikni var einu sinni í viku, 60 mínútur í senn. Fjöldi kennslulota í hverri námsgrein var mismikil eftir því hvert viðfangsefnið var. Útikennsla var að minnsta kosti tvær lotur á viku þar sem leitast var við að tengja hana við þemun. Tónmennt og íþróttir voru kenndar í eina klukkustund hvor námsgrein. Textílmennnt, myndmennnt, smíði og hönnun, tölvur og enska var kennd í þriggja vikna lotum fyrir og eftir áramót í þremur klukkustundum á viku. Sund var kennt einu sinni í viku í 40 mínútur. Heimilisfræði var kennd í formi heimaverkefna. Við vetrarlok er gert ráð fyrir að viðmiðunarstundum námsgreina hafi verið náð.

Helstu áherslur

Hugsmíðahyggja og hugmyndafræðin um einstaklingsmiðað nám var rauði þráðurinn í öllu skólastarfinu hjá 3. og 4. bekk í vetur. Leitast var við að nota fjölbreytta kennsluhætti til að mæta þörfum flestra. Hlutbundin vinna, leikir og spil, leitarnám, uppgötvunarnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar. Verkefnin og námsgreinarnar voru mismunandi og fjölbreyttar. Unnið var út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp og skipulagt út frá þeim.

Helsta markmið vetrarins var að skapa nemendum gott og jákvætt námsumhverfi til að vaxa og þroskast. Lögð var áhersla á jákvæða upplifun nemenda á skóla og byggja upp góðan bekkjaranda. Reglulega var farið yfir reglur, boð og bönn og almenn skólafærni æfð.

Lestur og orðaskrift er megin verkefni nemenda heima við. Nemendur unnu einnig heima eftir áhuga og hvatningu frá kennurum í stærðfræði.

Í öllum námsgreinum var stuðst við markmið Aðalnámskrár grunnskóla. Hér eftir eru taldar upp helstu áherslur í undirstöðu námsgreinum.

Íslenska

Í byrjun skólaárs byrjuðum við fyrstu stund dagsins á hljóðlestri 3x í viku. Á meðan nemendur lásu í hljóði hlustaði umsjónakennari á börnin lesa. Í heimanámi nemenda var lögð rík áhersla á lestur eins og áður hefur komið fram. Ætlast var til að allir læsu minnst 15 mínútur á dag og fullorðinn kvittaði í þar til gert lestrarhefti. Kennarar kvittuðu einnig og skrifuðu jákvæðar og uppbyggjandi athugasemdir til nemenda sem gafst afar vel. Nemendur skrifuðu heima í stílabók eftir upplestri, þrjú til fimm orð sem þeir höfðu lesið eða nokkrar setningar.

Eftir áramót breyttust áherslur í lestri. Þá voru nemendur æfðir í PALS eða paralestri. Nemendur héldu áfram að lesa heima en nú voru það foreldrarir sem báru ábyrgð á að nemendur læsu heima. Ritun var yfirleitt í tengslum við útikennslu. Nemendur voru þjálfaðir í að nota viðurkennd vinnubrögð s.s. setja fyrirsögn, hafa upphaf, miðju og endi.

Unnið var markvisst með lesskilning í PALS tímum en málfræði og stafsetning voru æfð sérstaklega í tímum á móti sundkennslu.

Í málfræði og stafsetningu var lögð áhersla á eftirfarandi hugtök og skilgreiningar á þeim: 3. bekkur – Stór og lítill stafur, raða í stafrófsröð, sérhljóðar og samhljóðar, samsett orð, rím, samheiti og andheiti orða, greinirinn og einfaldur og tvöfaldur samhljóði.

4. bekkur – Greinirinn, einfaldur og tvöfaldur samhljóði, nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, eintala og fleirtala, nútíð og þátíð, stigbreytingu, kyn og fallbeygingu.

Í íslensku unnu nemendur *Ritrún 1*, *Ritrún 2*, *Ritrún 3. Ás*, *Tvistur* ásamt málfræðiheftum af skólavefnum og ýmsum öðrum verkefnum sem unnin voru í stílabækur. Einnig unnu nemendur gagnvirk íslenskuverkefni í tölvum.

Farið var yfir öll markmið og viðfangsefni árgangsins í íslensku.

Enska

Enskan var kennd í lotum á móti listgreinum í vetur og unnið var með færniþættina fjóra – lestur, hlustun, talað mál og ritun á fjölbreyttan hátt. Nemendur unnu verkefni úr Work out og Letterland ásamt ýmsum verkefnum Adventure Island of English Words. Unnið var meðal annars með tölustafi, liti, líkamshluti, mat og fjölskylduheiti. Einnig lásu nemendur ýmsar enskar léttlestrarbækur. Horft var á myndir, farið í spil, leiki og unnið í Ipad.

Farið var yfir öll markmið og viðfangsefni árgangsins í ensku.

Stærðfræði

Stærðfræðin var kennd eftir áætlun í vetur ásamt því að vera tvinnuð saman við þemun. Unnið var með samlagningu, frádrátt, margföldun, deilingu, flatarmál, ummál, námundun, hnitakerfi, form og flutninga, hlutföll, mynstur og algebru, almenn brot og mælingar. Innlagnir voru eftir efni. Einnig voru kennslumyndbönd af Educreation nýtt eftir því sem ástæða var til. Nemendur fengu Ipada til þess að horfa á myndböndin og sækja sér þekkingu fyrir hvert og eitt verkefni. Ætlast var til að nemendur lærðu margföldunartöfluna heima frá 0-10, en í skólanum æfðu nemendur sig í margföldunar öppum í Ipadum. Einnig voru lagðar fyrir stuttar kannanir í margföldunartöflunni nokkrum sinnum yfir veturinn. Námsbækurnar *Sproti 3a, 3b, 4a og 4b* voru lagðar til grundvallar en að auki voru nemendur með aukabækurnar *Við stefnum að margföldun*, *Við stefnum að deilingu*, *Æfingahefti í Sproti 3a, 3b, 4a og 4b* og Verkefni fyrir vasareikna 123.

Farið var yfir öll markmið og viðfangsefni árgangsins í stærðfræði.

Þemaverkefni vetrarins

Þemun sem nemendur unnu voru Helstu áherslur í verkefninu

eftirfarandi: Þemaverkefni

Garðabær bærinn minn	Saga bæjarins skoðuð í máli og myndum. Aðallega byggt á útikennslu þar sem að Garðabær var skoðaður með tilliti til sögu, lista og búshátta.
Saga mannkyns	Menning nokkra stórvelda á sögutíma tekin fyrir og unnið með helstu atriði í hópavinnu.
Trúarbrögð	Helstu trúarbrögð heimsins skoðuð, hvað þau eiga sameiginlegt og hvað einkennir þau.
Ísland áður fyrr	Heima hagir, fatnaður, matur, leikföng og fjölskylda á sögu tíma skoðað.
Halldór Laxnes	Ævi skáldsins skoðuð, helstu bækur, ljóð og samfélagið á 20. Öld.
Fiskar umhverfis Ísland	Hvaða fiskar eru í hafinu við Ísland, hvað er gert við fiskinn sem veiðist og fiskveiðar í gamladaga.

Garðabær bærinn minn

Þemað Garðabær- bærinn minn hófst í byrjun skólaárs eða þann 25. ágúst og stóð til 3. október eða í sex vikur.

Við ákváðum að fara í hjólaferð um Garðabæ í þemanu til þess að kynna fyrir nemendum bæinn okkar. Einnig ákváðum við að nota tækifærið og ræða við nemendur um nauðsyn þess að fara varlega í umferðinni. Í fræðsluna notuðum við fræðslumyndbönd frá Námsgagnastofnun en þau heita Hjólum og njótum og Hjólum meira og njótum útikennslu fórum við í hjólaferð út á Garðaholt. Á leiðinni var börnunum sagt frá ýmsu sem tengist sögu bæjarins. Þau voru frædd um Stálvíkina, Vélsmiðju Sigurjóns, trésmiðjuna Nökkva, smygl sem átti sér stað í Arnarnesvoginum, að það hefðu verið kartöflugarðar í Ásahverfinu, að víkin við Gálgahraun heiti Hraunsvík. Við lögðum einnig fyrir tölvuverkefni þar sem nemendur áttu að kynna sér heimasíður skóla og stofnana í bænum og lesa á stundatöflur og æfingatöflur hjá Stjörnunni. Nemendur leystu einnig í paravinnu verkefni um náttúruperlur Garðabæjar þar sem þeir fengu að hafa bókina *Náttúruperlur Garðabæjar* við hendina.

Saga mannkyns

Þemað um sögu mannkyns hófst 13. október og lauk 14. nóvember og stóð því í 5 vikur.

Þemað hófst á því að allir máttu koma með hlut í skólann frá útlöndum. Að kynningu lokinni var hópnum safnað saman á umsjónamottu og verkefnið útskýrt. Nemendum var skipt upp í hópa (4 – 5 manna eftir stærð verkefnis). Allir hópar fengu möppu en í henni var að finna upplýsingar um verkefnið og bókina Komdu og skoðaðu sögu mannkyns sem allir fengu að hafa allt þemað. Við lögðum mikla áherslu á að nemendur væru duglegir að lesa í bókinni því í lokin var könnun úr bókinni. Verkefni hópanna var að hóparnir áttu að teikna mynd af merku mannvirki/manneskju sem tengdist þeirra tímabili sem var svo raðað saman með verkefnum frá hinum hópunum í tímaröð.

Í tengslum við þemað fórum við í ævintýraleik í útikennslu þar sem nemendur í hópum byrjuðu á því að safna sér gulli með því að leysa ýmsar þrautir og fóru svo á milli seiðkonu, landkönnuðar, spákonu og nornar til að kaupa sér upplýsingar um ýmsa þætti úr sögu mannkyns. Ef þeim tókst að para upplýsingarnar rétt saman gátu þau farið og sótt um að komast í riddaralið keisarans. Þetta heppnaðist mjög vel og höfðu nemendur og kennarar mjög gaman af. Í útikennslu settum við einnig upp orrustu á milli Rómverja og Grikkja í leiknum „capture the flag“.

Trúarbrögð

Trúarbragðapema var í 4 vikur frá 17. nóvember til 12. desember. Okkur fannst þessi tímasetning, rétt fyrir jól, mjög góð. Bókin Trúarbrögðin okkar lá til grundvallar en allir nemendur fengu bókina og notuðu sem lestrarbók á meðan á þemanu stóð. Í bókinni er fjallað um 5 trúarbrögð en samhliða lestrinum var horft á fræðslumyndir, um trúarbrögðin, af vef námsgagnastofnunar. Nemendur bjuggu til bók úr svörtum A3 pappír. Pappírinn var brotinn saman þannig að í bókinni voru 4 blaðsíður. Á blaðsíðurnar var svo heftur vasi sem nemendur settu í upplýsingar um trúarbrögðin, eitt í hvern vasa. Þannig að hver nemandi skrifaði upplýsingar um 4 trúarbrögð á blað og sett í vasa í bókinni sem þau áttu svo að skreyta með tákni trúarbragðanna. Hver nemandi átti að skrifa um sína trú og mátti svo velja 3 trúarbrögð til viðbótar til að fræðast um. Sjá má sýnishorn í möppu frá 2010 – 2011. Í lok þemans skiluðu nemendur bókinni til kennara sem gáfu umsögn fyrir.

Ísland áður fyrr

Þemað Ísland áður fyrr hófst 5.janúar og lauk 6.febrúar. Tímasetningin á þessu þema var mjög góð því að bóndadagur og þorinn voru á sama tíma.

Við lásum söguna Galdrastafir og græn augu eftir Önnu Heiði Pálsdóttur í umsjón, (1.kafla á dag) á meðan á þemanu stóð og vakti hún mikla lukku. Við skráðum hjá okkur gömul og sérkennileg orð sem börnin lærðu. Bókin endurspeglar þemað okkar mjög vel og margt sem við sáum og gerðum í þemanu kom heim og saman við söguþráð bókarinnar t.d. fórum við á Þjóðminjasafnið. Við fórum á Árbæjarsafnið og skoðuðum torfbæinn Árbæ og lærðum ýmis hugtök eins og spinna, baðstofa, vala, tað, keyta, vaðmál og fleira. Samhliða lestrinum á bókinni Galdrastafir og græn augu ræddum við gömul hugtök og tímatal frá því í gamla daga og lásum upp úr bókinni Ísland áður fyrr, heimilið og fjölskyldan. Einnig lásum við nokkrar þjóðsögur úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar um séra Eirík á Vogsósum en hann er ein af sögupersónunum úr Galdrastafir og græn augu. Á miðvikudögum unnum við í þemabók sem krakkarnir útbjuggu en þar áttu þau að búa til eina bls á hverjum degi. Bókin var þannig upp byggð að fremst var forsíðan með mynd úr bókinni Galdrastafir og græn augu, síðan kom síða með hýbýlum áður fyrr og nútíma húsum þar aftan á voru fót áður fyrr og í nútímanum, þar á eftir

komu leikföng áður fyrr og í nútímanum þar aftan á kom ritun um leikföng, þar á eftir kom matur á aski og disk, þar á eftir kom. Við fórum Þjóðminjasafnið og fengum frábæra leiðsögn um gamla daga sem krakkarnir höfðu mjög gaman af. Hópnum var skipt í tvennt (3. bekk og 4. bekk) og fóru þeir sitthvorn daginn.

Halldór Laxness

Þemað um Halldór Laxness hófst 23. mars og lauk 27. apríl.

Kveikjan á þemanu var hugstormun þar sem við kölluðum nemendur saman í stóru stofu, Við spurðum krakkana hvað þau vissu um Laxness og hvað þau vildu vita um hann? Á hverjum degi byrjuðum við daginn í heimakrök á því að lesa einn kafla úr bókinni *Skrýtnastur er maður sjálfur* eftir barnabarn skáldsins Auði Jónsdóttur. Nemendur höfðu mjög gaman af lestrinum og hlustuðu af athygli. fyrir. Í tímunum á miðvikudögum tókum við fyrir eitt atriði í tengslum við æfi og störf skáldsins. Nemendur fengu að leita sér upplýsinga á tölvum, bókum ásamt því að kennarar sögðu frá og nemendur söfnuðu svo upplýsingum saman í litla bók sem þeir útbjuggu. Í tölvum fengu nemendur að skoða heimasíðu Gljúfrasteins, hlusta á gamlar upptökur af Halldóri Laxness og skoða myndir af stórskáldinu. Í útikennslu fórum við í vel heppnaða ferð á Gljúfrastein þar sem við fengum flotta kynningu á lífi skáldsins.

Fiskar umhverfis Ísland

Þemað um nytjafiska umhverfis Ísland hófst 7. apríl og lauk 6 vikum síðar þann 8. maí. Komdu og skoðaðu hafið var aðal efnið sem við notuðum og einnig var notast við vefinn Fjarann og hafið. Kennarar lásu úr bókinni Lífríki á sjó og uppúr Komdu og skoðaðu hafið. En nemendur tóku einnig bókina með sér heim og lásu í henni þar. Í þematímum voru nemendur skipt í 4-5 manna hópa. Hópurinn fékk tölvu og drógu nafni á fiski sem þau fundu nánari upplýsingar um á netinu. Nemendur bjuggu svo til möppur og teiknuðu fiska á A4 blað með helstu upplýsingum. Við nýttum okkur þetta þema vel í útikennslu þar sem byrjað var að fara í hjólaferð í Kópavoginn. Í Kópavogi var farið í heimsókn á Náttúrugripasafn Kópavogs þar sem frætt var um sjávardýr. Einnig var farið í vettvangsferð á Sjóminjasafnið og horft á myndbönd um nytjafiska umhverfis Ísland. Nemendur kynntu svo sinn uppáhalds fisk fyrir framan samnemendur. Í lok þemans var lykilhæfni metin og tekið próf úr bókinni Komdu og skoðaðu hafið. Þemað heppnaðist rosalega vel og tímasetningin á þemanu var mjög góð.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu út vikuleg fréttabréf um starfið í vikunni sem leið. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur og ýmis önnur mál. Nemendur unnu nokkur heimaverkefni. Þeir sem óskuðu eftir því fengu heimavinnu í stærðfræði og íslensku.

Bekkjarfulltrúarnir skipulögðu vinahópa í samráði við kennara og eins stóðu þeir fyrir tveimur bekkjasamkomum í vetur. Einu sinni hittust nemendur ásamt bekkjarfulltrúum og umsjónakennurum í skólanum og horfðu á bíómynd. 30. október skipulögðu bekkjarfulltrúarnir svo Halloween party fyrir nemendur þar sem bekkjarfulltrúar seldu veitingar.

Ferðir, útikennsla og aðrar upptákur

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þær ferðir og útikennslu sem nemendur tóku þátt í vetur:

Ferðir og útikennsla	Helstu áherslur í verkefninu
25. ágúst	Foreldraviðtöl
1. september	Gálghraun (Garðabæjarþema)
8. september	Hjólaferð út á Garðaholt (Garðabæjarþema)
15. september	Gönguferð, skoða listaverk og Vigdísarlund (Garðabæjarþema)
22. september	Hofsstaðir, Urðarbrunnur og útikennsluvæðið (Garðabæjarþema)
29. september	Hátíð í tengslum við lok samræmdra prófa
6. október	Heimilisfræðivika
13. október	Capture the flag orusta Rómverja og Grikkja (Þema: Saga mannkyns)
20. október	Rattleikur á skólaóð (Þema: Saga mannkyns)
27. október	Skipulagsdagur
3. nóvember	Leikir á skólalóð í tengslum við vinaviku. Hópefli.
10. nóvember	Heimsókn á bókasafnið (Þema: Saga mannkyns)
17. nóvember	Rithöfundadagur
24. nóvember	Hreystibrautin – farið upp að Flataskóla
1. desember	Hátíð í tengslum við Fullveldisdaginn
8. desember	Ferð til Reykjavíkur að skoða kirkjur í tengslum við þema. (Trúarbragðapema)
15. desember	Æfingar fyrir jólaeikritið
5. janúar	Farið á leiksvæðið við Aratún. Hópefli
12. janúar	Ferð til Reykjavíkur að skoða gömul hús. (Þema: Ísland áður fyrr)
19. janúar	Átti að fara á safn en féll niður vegna veðurs
26. janúar	Tvískipt: Árbæjarsafn og Landnámssetrið (Þema: Ísland áður fyrr)
2. febrúar	Foreldraviðtöl
9. febrúar	Vetrarfrí
16. febrúar	Tvískipt: Árbæjarsafn og Landnámssetrið (Þema: Ísland áður fyrr)
23. febrúar	Bókasafn Garðabæjar kynning á æfi Halldórs Laxness (Þema: Halldór Laxness)

2. mars	Unnið að Comeníusar - samstarfi myndbönd	
9. mars	Gljúfrasteinn.	(Þema: Halldór Laxness)
16. mars	Samstarfsverkefnið með listgreinakennurum – myndbönd	
23. mars	Samstarfsverkefni með listgreinakennurum – myndbönd	
30. apríl	Páskaleyfi	
6. apríl	Annar í páskum	
13. apríl	Sjóminjasafnið í Reykjavík og undbúningur afmælis.	(Þema: Fiskar)
20. apríl	Sjóminjasafnið í Reykjavík og undirbúningur afmælis.	(Þema: Fiskar)
27. apríl	Náttúrgripasafnið í Kópavogi.	(Þema: Fiskar)
4. maí	Umhverfisverkefni – tína rusl	
11. maí	Útikennsla notuð til að leggja fyrir íslenskupróf.	
18. maí	Fimleikahúsið – haldið uppá að prófum sé lokið	
25. maí	Annar í hvítasunnu	
1. júní	Ylströndin	
8. júní	Innilega og fjallganga	

Samræmd próf

Sjá nánari upplýsingar í kaflanum um samræmd próf í Sjúlandsskóla 2014 (fylgiskjal 4).

Ástundun

Skóladagar í vetur voru samtals 180. Töluvert var um umsóknir um leyfi. Alls voru nemendur 152 dagar í leyfi á árinu. Veikindadagar samtals í umsýðnarhópunum voru 239 dagar og 2 stundir, seinkomur í 410 tíma og fjarvistir í 23 stundir.

Námsmat

Námsmat í október, desember, febrúar og júní var birt í Mentor. Í október og febrúar voru nemendur metnir út frá lykilhæfni. Í desember og júní voru nemendur metnir út frá hæfniviðmiðum m.a. í íslensku og stærðfræði. Námsmat fyrir þemavinnu var birt eftir hvert þema. Í júní var allt námsmat birt í Mentor. Kannanir voru lagðar reglulega fyrir í íslensku og stærðfræði, hraðlestrarpróf ásamt lestrarprófum Leið til læsis og lesskilningskannanir.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk vel. Nemendahópurinn var þægilega stór og yfirleitt jákvæður og námsfús. Samvinna kennarateymisins og stuðningsfulltrúa var mjög góð. Nokkrir nemendur þurftu aðstoð og fengum við aðstoð frá sérkennara og stuðningsfulltrúum. Vel tókst að halda utan um loturnar og gáfust einkar vel þrí- og fjórskiptir tímar í íslensku og stærðfræði. Þessir tímar voru mikilvægi fyrir innlagnir

einstakra þátta námsins. Námsmat var sent heim á fyrirfram ákveðnum tímum og tímalengd þema hélst mjög vel.

Heimilisfræði.

Engin formleg heimilisfræðikennsla var í vetur en þess í stað var lagt upp með heimilisfræðivikur ásamt fræðslu í samræmi við námsvísi hér í skólanum. Skólahjúkrunarfræðingur kom inn í þetta samstarf og vann m.a. með 6H heilsunnar.

Skýrsla umsjónarkennara í 5. og 6. bekk

Skólaárið 2014 – 2015 stundaði 51 nemandi nám í 5. og 6. bekk. Skiptust þeir þannig að 22 nemendur voru í 5. bekk og 29 nemendur í 6. bekk. Kynjaskipting hópsins var þannig að stúlkur voru 17 og drengir voru 34.

Nemendahópurinn skiptist í þrjá umsjónarhópa með þremur umsjónarkennurum. Þeir voru Margrét Þorleifsdóttir, Geirprúður Guðmundsdóttir og Sigurbjörg Ósk Sigurðardóttir. Eftir áramót tók Arngunnur Sigurpórsdóttir við umsjónarhópi Sigurbjargar. Særún Sigurjónsdóttir þroskaþjálfari var í stuðningi og ráðgjöf.

Aðrir kennarar voru Bjarnveig Jakobsdóttir sem kenndi smíði, þema og útikennslu, Davíð Örvar Ólafsson sem sá um íþrótt- og útikennslu, Hrafnhildur Sævarsdóttir um sundkennslu. Arngunnur kenndi textílmennt fyrir jól og Silja Kristjánsdóttir kenndi eftir jól, Guðrún Dóra Jónsdóttir kenndi myndmennt og Ólafur Schram sá um tónmenntakennslu.

Aðrar námsgreinar en þær sem hafa verið taldar upp hér að framan kenndu umsjónarkennarar hópsins. Bryndís Rail hafði umsjón með sérkennslu og stuðningi við nemendur. Harpa Maren Sigurgeirsdóttir námsráðgjafi ræddi við nemendur eftir óskum og ábendingum umsjónarkennara, foreldra eða að óskum nemendanna sjálfra.

Skipulag kennslu

Kennslustundir nemenda skiptust í 60 mínútna lotur, fjórar lotur á dag, 20 lotur á viku. Nemendur unnu 15 kennslustundir með umsjónarkennurum á viku að meðaltali yfir veturinn. Námsgreinar voru íslenska, stærðfræði, þema, upplýsinga- og tæknimennt, lífsleikni, heimilisfræði, enska og danska.

Samfélagsfræði- og náttúrufræðigreinar voru kenndar í þemalotum. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikil eftir því hvert viðfangsefnið var. Textílmennt, myndmennt, smíði og hönnun, lífsleikni og heimilisfræði voru kennd í lotum allan veturinn og fengu nemendur kennslu í hverri grein í þrjár klukkustundir á viku. Sund var kennt einu sinni í viku í 40 mínútur og íþróttir voru einu sinni í viku, í klukkustund. Þar að auki var útikennslutíminn notaður að hluta til fyrir hreyfingu. Útikennslan fór fram einu sinni í viku, á fimmtudögum frá 10:10 – 12:10.

Í íslensku var kennt í 3 klukkustundir á viku. Það var unnið með lestraraðferðina PALS strax í byrjun haustsins og lásu nemendur samkvæmt áætlun, þrisvar sinnum í viku, 40 mín. í senn í 12 vikur.

Í íslensku var mikið unnið með lesskilning á haustönn með verkefnum úr Lestrarkassanum, Flókkuskinnu ofl. en einnig var lögð áhersla á málfræði og stafsetningu. Kenndar voru bækurnar Málrækt I og II, Skinna II, Skræða I og II, Mál til komið og Mál í mótun ofl. verkefni af neti.

Eftir jólin var sérstök áhersla lögð á ritun og stafsetningu í íslenskukennslunni og í lok annarinnar skiluðu nemendur ritunarbók sem var afrakstur vetrarins. Lítið var kennt um ljóð, málshætti og orðtök þennan veturinn.

Í stærðfræði var kennt í 2-3 klukkustundir á viku. Kenndar voru bækurnar Stika I og II, a og b bæði Nemendabók og Æfingahefti og unnu nemendur einn kafla í senn og tóku svo próf við lok hans. Með því móti var hægt að fara í góða upprifjun ef efni kaflans skilaði sér ekki nægilega vel til nemenda. Í vetur náðist ekki að fara í síðasta kafla Stiku II með 6. bekk sem fjallaði um hnitakerfi og hlutföll.

Í ensku var kennt í tvær klukkustundir á viku. Stuðst var við námsefnið Build up I og II og þemabækurnar í bókaflökkinum Portfolio topic books. Einnig voru fjölbreytt verkefni notuð af netinu, myndbönd, söngvar ofl.

Í dönsku fór kennsla fram í eina klukkustund á viku. Stuðst var við námsefnið Start les- og vinnubók hjá báðum árgöngum sem er byrjendanámsefni í dönsku. Ástæðan fyrir því var að þetta var fyrsta árið þar sem byrjað er að kenna dönsku í 5.-6. bekk. Einnig var horft á danskar myndir, farið í leiki, mikið sungið og skapandi vinna unnin út frá tungumálinu. Kennslan í dönsku í 5.-6. bekk gekk mjög vel og voru nemendur flestir áhugasamir og duglegir að læra. Því er mikill áhugi fyrir því að halda áfram að hefja dönskukennslu í 5. bekk.

Helstu áherslur hópsins

Einstaklingsmiðað nám var haft að leiðarljósi í kennslu í 5. - 6. bekk í vetur og reynt að koma til móts við nemendur á sem bestan hátt. Í íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku og þema höfðu nemendur áætlanir til að fylgja eftir. Notast var við fjölbreytta kennsluhætti til að mæta þörfum flestra. Hlutbundin vinna, leikir, spil og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar en einnig má nefna sýnikennslu, skoðunarferðir, gestafyrirlesara, heimsóknir, skriflegar æfingar, vinnubókarkennslu, töflukennslu, heimildaröflun, umræður, leikræna tjáningu og leiki. Verkefnin og námsgreinarnar voru mismunandi og fjölbreyttar. Leitast var við að vinna út frá sterkum hliðum hvers einstaklings og námið byggt upp og skipulagt út frá þeim.

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að byggja upp gott og heilbrigt námsumhverfi fyrir nemendur. Í upphafi hvers dags hittist umsjónarhópurinn með umsjónarkennara þar sem farið var yfir daginn og ýmis mál rædd.

Mikið var lagt upp úr einstaklingsmiðuðu námi en þar er lykilatriði að fram fari meira nám en kennsla og var því mikil og stöðug áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum nemenda og að þeir beri sjálfir ábyrgð á eigin vinnu. Nemendur unnu allir einstaklingsverkefni og kynntu það fyrir samnemendum og foreldrum.

Þemu

Þemu voru kennd í þrjár til sex vikur allt eftir umfangi og markmiðum þeirra. Í þemunum var leitast við að samþætta námsgreinar til að dýpka þekkingu nemenda og nálgast viðfangsefnin frá sem flestum

hliðum. Þemun voru: Himingeimurinn, vinavika, fólkið í blokkinni, kristni á Íslandi, einstaklingsverkefni, Snorra saga, náttúran og heimilisvika.

Þemaverkefni vetrarins: Þemun sem nemendur unnu voru eftirfarandi:

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Himingeimurinn	Þekki stöðu og hreyfingu jarðarinnar í sólkerfinu. Geri sér grein fyrir stærð jarðar og reikistjarna, helstu sérkennum og fjarlægð þeirra frá sólu. Geri greinarmun á reikistjörnu og sólstjörnu / fastastjörnu. Þekki nokkur stjörnumerki sem sjást á norðurhveli jarðar. Að nemendur geti í hóp búið til tónverk þar sem eitthvað fyrirbæri himingeimsins er túlkað. Þjálfist í að lesskilningi og í að setja upp vinnubók með skipulögðum hætti. Þjálfist í að vinna í hóp og útbúi reikistjörnu í réttum hlutföllum.
Fólkið í blokkinni	Flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
Kristni á Íslandi	Að nemendur kynnist siðum og venjum kristinnar trúar. Að nemendur kynni sér boðorðin tíu.
Einstaklingsverkefni	Hver nemandi valdi sér verkefni sem tengist áhugasviði. Útfærði það og kynnti fyrir samnemendum og foreldrum.
Snorrasaga	Sagt frá lífshlaupi Snorra Sturlusonar og ritverkum hans. Sagt frá höfðingjaættum á þessum tíma og átti sig á hlutverki blóðhefnda í samfélaginu. Lýst hvernig handritin voru búin til. Sett sig í spor fólks sem uppi var á Sturlungaöld.

	Tekið þátt í leikrænni tjáningu og unnið með fjölbreytta miðla á skapandi og skýran hátt. Kynnist íslenskum þjóðlögum, einkennum þeirra og samið lag við kvæði eftir Snorra.
Náttúran	Að nemendur kynnist læri um vistkerfið hér á landi. Að nemendur geri sér grein fyrir að lífverur hafi margvísleg áhrif hver á aðra og geri sér grein fyrir gagnsemi þeirra.
Heimilsvika	Að nemendur átti sig á mikilvægi heimilisstarfa. Að nemendur kynnist ýmsum heimilisstörfum.

Uppgjör á þemum 2014-2015

Himingeimurinn

Nemendur lásu og unnu verkefni í Auðvitað- Jörð í Alheimi eftir Helga Grímsson, einnig öfluðu þeir sér upplýsinga úr öðrum bókum, kennsluforritum og af vefnum. Unnin voru fjölbreytt verkefni sem tengdust þemanu bæði einstaklings- og hópaverkefni. Nemendum var skipt upp í tólf hópa. Hver og einn hópur fékk sína reikistjörnu eða plánetu og áttu að útbúa úr pappamassa, í ákveðnum stærðarhlutföllum. Einnig teiknuðu nemendur mynd af einhverskonar lífveru sem gæti hugsanlega búið á þessari tilteknu reikistjörnu eða plánetu. Stjörnuverið hjá Snævari Guðmundssyni kom í heimsókn en þar fengu nemendur að upplifa stjörnuhimininn og sólkerfið á nýjan hátt. Nemendur fengu allir með sér heimapróf í lok þemans til þess að meta þeirra kunnáttu en einnig mátum við líka samvinnu og vinnusemi nemenda.

Tíminn

Þemað tók 5 vikur og það reyndist vera hæfilegur tími. Við nýttum tvo þematíma í viku ásamt útikennsludögunum. Einnig notuðum við að einhverju leyti lokin á bekkjarfundartímanum, aðallega þegar dró að lokum þemans til þess að geta klárað á réttum tíma

Árangur

Árangur af þessu þema var mjög góður og var afraksturinn hengdur upp á vegg inni á svæði.

Hvað mætti betur fara

Það sem helst hefði mátt fara betur í þessu þema var það að nemendur hefðu fengið tækifæri til þess að fara út um morguninn til þess að skoða stjörnubjartan himininn. Því miður leyfði veðrið það ekki á meðan að þemanu stóð. Þetta þema mætti frekar taka seinna á haustönninni eða í byrjun vorannar.

Fólkið í blokkinni

Nemendur lásu bókina Fólkið í blokkinni eftir Ólaf Hauk Símonarson. Með lestrinum unnu þeir fjölbreytt málfræði- og lesskilningsverkefni úr hverjum kafla. Að lokum var sett upp leikrit þar sem nemendur unnu í sviðsmynd, búningum, förðun og dans, sem leikarar, í tæknivinnu, settu upp leikskrá

o.s.frv. Einnig sömdu leikararnir í samvinnu við kennara einn leikþátt í leikritinu. Verkefnið var unnið sem samvinnuverkefni umsjónar- og listgreinakennara.

Tíminn

Upphaflega átti þemað að vera í 5 vikur en við urðum að bæta við viku vegna þess að æfingar á leikriti gengu ekki eins vel og vonir stóðu til.

Árangur

Árangur af þessu þema var mjög góður og voru allir ánægðir með sína aðkomu að leikritinu. Sýningar tókust mjög vel. Allir nemendur fengu DVD disk með afrakstrinum.

Hvað mætti betur fara

Þetta þema hefði þurft aðeins lengri tíma og meiri tíma í æfingar á leikritinu. Sex vikur er hæfilegur tími. Það var ákveðið að bæta við einum leikþætti og fór hluti af tíma leikaranna í að semja hann. Það kom aðeins niður á æfingum.

Kristni á Íslandi

Í þessu þema var áherslan lögð á að nemendur myndu kynnst kristni á Íslandi, siðum og venjum kristnitúrar. Nemendur unnu með boðorðin 10, þeim var skipt niður í hópa og útbjuggu teiknimyndasögur úr þeim. Helmingur af hópnum(6.bekkur) fóru í þrjár vettvangsferðir í þessu þema, skoðuðu Fríkirkjuna í Hafnarfirði, fóru í Hólavallakirkjugarð og í kirkjuferð með öllum skólanum. Hinn helmingurinn(5.bekkur) fór einnig í Hólavallakirkjugarð og kirkjuferð með skólanum ásamt því að æfa og sýndu helgileik á jólaskekkjunum skólans.

Tíminn

Þemað tók 2 vikur. Við nýttum tvo þematíma í viku ásamt útikennsludögum. Einnig notuðum við að einhverju leyti skiptitíma sem höfðum til umráða, þ.e. 40 mínútna tölvutíma fyrir nemendur að afla sér upplýsinga á netinu um viðfangsefnið hverju sinni.

Árangur

Árangur af þessu þema var búsna góður og fannst þeim gaman að útbúa teiknimyndasöguna úr boðorðunum. Helgileikurinn tókst vel og allir sátir með sitt hlutverk.

Hvað mætti betur fara

Þemað hefði þurft lengri tíma eins og upphaflega var áætlað, til þess að geta haft fjölbreyttari verkefni. Þemað átti að vera í 3 vikur en þar sem þemað á undan þurfti meiri tíma höfðum við bara innan við tvær vikur. Annars unnu nemendur vel í þennan stutta tíma sem þeir höfðu.

Einstaklingsverkefni

Hefðbundin umgjörð var á einstaklingsverkefninu. Nemendur fengu blað til að skrá hvað þeir ætluðu að gera, hvernig þeir ætluðu að vinna verkefnið og hvaða hjálp þeir þyrftu. Nemandi, foreldri og kennari skrifuðu svo undir um að nemandinn muni ná markmiði sínu. Í lokin skilaði nemandinn skýrslu sem innihélt dagbók um verkefnavinnuna, viðtal við sérfræðing, heimildaskrá og mat á eigin verki. Nemandinn kynnti svo afurðina fyrir samnemendum og foreldrum.

Tíminn

Verkefnið var að mestu unnið heima og fengu nemendur þrjár vikur til að vinna að verkefninu en því lauk fyrir vetrarfrí. Þetta var hæfilegur tími.

Árangur

Árangurinn af verkefninu var almennt mjög góður enda gaman að sjá flesta blómstra við að segja frá áhugasviðum sínum. Viðfangsefnin voru fjölbreytt s.s frægir söngvarar, fótboltamenn, dýr, flug, fjarlæg lönd, skemmtigarðar o.fl.

Hvað mætti betur fara

Það sem helst mætti skoða betur er að halda betur um skráningarblaðið sem nemendur gera í byrjun vinnunnar. Það er mörgum erfitt að setja niður tímaáætlun og kannski þarf að útfæra þetta blað betur þannig að nemendur noti það til að vinna eftir í ferlinu. Einnig þarf að senda blaðið í pósti á foreldra svo þeir hafi betri yfirsýn. Brýna þarf fyrir nemendum að skila skýrslu og vanda til vinnslu hennar og einnig fannst okkur gott að sýna þeim gamlar skýrslan þannig þau áttuðu sig á að hvernig skýrslan á að líta út. Varðandi kynningar er mikilvægt að hafa ekki of margar á í sama tíma, þannig foreldrar séu ekki að fara út í miðjum kynningum því þau þurfa að vera of lengi frá vinnu. Betra að hafa 7- 8 kynningar í hverjum tíma hjá hverjum hóp yfir þessar 4 lotur dagsins. Það væri líka hægt að skoða það að láta kynningarnar ná yfir lengri tíma (4– 5 daga).

Snorra þema

Snorrapemað gekk mjög vel og nemendur voru yfirleitt áhugasamir um það í byrjun ræddi hver umsjónarhópur um hvað hann vissi og hvað hann vissi ekki um Snorra Sturluson. Við lásum Snorra sögu, bæði í krók og lásu nemendur bókina heima. Unnar voru spurningar og svör úr köflunum bæði heima og í skólanum. Þá var unninn tímaás og skoðuðum höfðingjaættirnar á Íslandskortinu. Nemendur teiknuðu og bjuggu til eina persónu (dúkkulísu) úr sögunni ásamt því að búa til ættartré yfir helstu skyldmenni Snorra. Nemendur útbjuggu vinnubók þar sem efni var litað með kaffi og útbúin forsíða úr því. Þau skrifuðu utan á forsíðuna með kolablýanti og notuðu rúnaletur. Í útikennslutímum fórum við í heimsókn á Sögusafnið út á Granda, þar sem þau sá hinar ýmsu persónur Íslandssögunnar í formi vaxmynda ásamt því að hlusta á leiðsögn um safnið. Við heimsóttum líka Landnámssýninguna Reykjavík 871 en þar fengu nemendur að sjá rústir frá upphafi byggðar í Reykjavík. Einnig gerðu nemendur stuttmyndir úr köflunum í bókinni. Þau áttu að lesa ákveðinn kafla og útbúa handrit áður en tekið var upp. Myndirnar voru síðan unnar í Imovie og horfðum við svo saman á afraksturinn.

Tíminn

Þemað tók 5 vikur og það hefði ekki mátt vera styttra. Við nýttum tvo þematíma í viku ásamt útikennsludögunum. Einnig notuðum við að einhverju leyti skiptitíma sem höfðum til umráða, þ.e. 60 mínútna tölvutíma fyrir nemendur að afla sér upplýsinga á netinu um viðfangsefnið hverju sinni og lærðu á forrit sem notað var til að gera stuttmyndir.

Árangur

Árangur var almennt mjög góður og nemendur leystu vel verkefnin sem lögð voru fyrir.

Hvað mætti betur fara

Hefðum viljað hafa aðeins meiri tíma fyrir vinnubókarvinnu en annars gekk þemað í heild sinni mjög vel.

Náttúrufræðipema

Nemendur lásu bókina Líf á landi, lesturinn dreifðist niður á 4 vikur. Nemendum unnu einstaklingsverkefni um fugla á Íslandi. Þeir drógu sér fugl og útbjuggu veggspjald. Upplýsingar um fuglinn fundu nemendur í bókum og á netinu. Einnig var hópaverkefni unnið þar sem nemendum var skipt í 11 hópa og hver hópur tók einn kafla í bókinni og dýpkaði þekkingu sína á þeim efnum. Nemendur fundu upplýsingar á netinu og í bókum af bókasafninu. Nemendur áttu að skila skýrslu í ritvinnsluforritinu Word og skyggnusýningu í forritinu Powerpoint. Afrakstur verkefnisins kynntu þau svo hvort fyrir öðru í lok þemans. Í tölvutíma fengu nemendur spurningar úr bókinni sem þeir áttu að svara og senda í tölvupóst á kennara. Útikennslutímana notuðum við til að fara í heimsókn á Náttúrugripasafnið í Kópavogi, fórum í ratleik og fuglaskoðun.

Tíminn

Þemað tók 4 vikur og það reyndist vera hæfilegur tími. Þó lentum við í smá tímahraki í hópavinnunni þar sem hóparnir áttu erfitt með að skipuleggja sig og áttuðu sig ekki á umfanginu. Við nýttum tvo þematíma í viku ásamt útikennsludögunum og tölvutímum.

Árangur

Árangur af þessu þema var ágætur. Nemendur hefðu mátt taka kynningunni í hópaverkefninu af meiri alvöru bæði þegar þau voru að flytja og hlusta. Einstaklingsverkefnið tókst mjög vel og skiluðu þau flest mjög vel unnum verkefnum.

Hvað mætti betur fara

Það sem helst hefði mátt fara betur í þessu þema var að nemendur hefðu tekið hlutverk þemans af meiri alvöru og að þeir hefðu lagt meiri metnað í skil á skýrslum og virt tímamörk betur. Við erum ekki vissar um að efni kaflana hafi skilað sér nógu vel til nemenda með kynningum úr hópaverkefnum. Næst væri betra að þau myndu líka svara spurningahefti jafnhliða lestri úr köflunum.

Heimilisvika

Alltaf er gaman að brjóta upp með heimilisviku. Nemendur eru spenntir fyrir þessu þema. Nemendur vinna verk heima og óskað er eftir þátttöku foreldra. Námsmatið byggist þar algjörlega á foreldrum. Í skólanum fengu þau eitt verkefni þar sem nemendur völdu sig saman tvo til þrjá í hópa. Verkefnið fólst í því að innrétta drauma herbergið sitt, teikna upp í réttum hlutföllum og reikna út kostnað.

Tíminn

Tíminn var hæfilegur.

Árangur

Árangurinn var góður og flestir skiluðu matsblöðum foreldra í lok þemans. Nemendur virtust sýna þemanu mikinn áhuga og fannst verkefnið skemmtilegt.

Hvað mætti betur fara

Það væri gaman að gefa sér meiri tíma og gera fleiri verkefni í skólanum tengt þessu þema.

Útikennsla og ferðir

Útikennsla var einu sinni í viku í tvær til þrjár klukkustundir í senn. Leitast var við að tengja sem flestar námsgreinar og þemu við útikennsluna. Farið var í margar skemmtilegar ferðir í tengslum við

þemavinnuna. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þær ferðir og þá útikennslu sem nemendur tóku þátt í í vetur:

Dags.	Ferðir og útikennsla	Helstu áherslur í verkefninu
28/8	Hjólaferð í Heiðmörk	Hópefli, berjatínsla og Maríuhellar skoðaðir.
4/9	Gróðursetning	Allir nemendur skólans fóru í Guðmundarlund, gróðursettu tré og léku sér.
11/9	Folf, amerískur fótbolti og blak á Klambratúni	Fórum með strætó í tveimur hópum niður á Klambratún. Þar var þeim skipt niður í þrjá hópa sem rúlluðu á milli stöðva.
18/9	Stöðvar á skólalóð	Unnum á skólalóðinni á stöðvum sem tengdust himingeimnum.
25/9	Kajak og Stjörnuverið	Hópnum var skipt niður í tvo hópa. Annar hópurinn fór í kajaksiglingu og hinn fór í Stjörnuverið sem heimsótti okkur þennan dag.
2/10	Plánetugerð	Nemendum var skipt upp í 12 hópa þar sem hver og einn hópur átti að útbúa ákveðna plánetu úr pappamassa.
9/10	Plánetugerð og leikir	Skiptum hópnum upp í tvennt, helmingurinn var inni að mála pláneturnar sínar meðan hinn var úti í leikjum.
16/10	Stjörnumerkjagerð	Tókum smá upprifjun á stjörnumerkjunum og skiptum svo hópnum í tvennt. Á meðan helmingurinn gerði stjörnumerkin í sandinn og setti gifs í var hinn helmingurinn í leikjum (t.d. himingeims-

23/10	Skólahreystibrautin	Allur hópurinn fór saman í Skólahreystibrautina við Ásgarð. Enduðum svo á að fara í fótbolta.
30/10-13/11	Borgarleikhúsið/fimleikar og hópefli	Skiptum hópnum í þrennt og létum hópana rúlla þessar ferðir í þrjár vikur. Skoðuðum leikmyndir og leikhúsið baksviðs, fórum í fimleikahúsið í Ásgarði og vorum í hópeflisleikjum á skólalóðinni.
20/11-27/11	Æfingar á leikriti	Þessar tvær vikur vorum við með auka æfingar á leikritinu Fólkið í blokkinni.
4/12	Hafnarfjörður/helgileikur	6.bekkur fór til Hafnafjarðar með strætó að skoða Fríkirkjuna meðan 5. bekkur var í skólanum að æfa helgileik.
11/12	Bæjarferð	Tókum strætó niður í miðbæ Reykjavíkur og skoðuðum Hólavallakirkjugarð. Einnig fórum við á Tjörnina að leika okkur.
18/12	Kirkjuferð með skólanum	
8/1	Hópefli	Hópeflisleikir og l-padar notaðir til að útbúa stuttmyndir útfrá ákveðnum orðum sem þeim var úthlutað.
15/1	Útivera í snjónum og íþróttahús	Fórum út í snjóinn að renna okkur og enduðum svo inni í íþróttahúsi í gryfjubolta.
22/1	Skólalóð og málshættir	Helmingur af hópnum var inni, skoðaði málshætti og túlkaði þá. Hinn helmingurinn var úti í Brennó á skólalóð.

29/1	Stærðfræði	Nemendur áttu að finna stærðfræðiformin úti í náttúrunni og útbúa spil.
5/2	Písakönnun og stærðfræði	Allir nemendur svöruðu Písakönnuninni og unnu áfram með stærðfræðiverkefnið fyrri viku.
19/2-26/2	Sögusafnið/Víkingaleikir	5. bekkur byrjaði á að fara á Sögusafnið meðan 6. bekkur var í skólanum í víkingaleikjum. Seinni vikuna var svo skipt.
5/3	Útivist og spil	
12/3	Landnámssýningin Reykjavík 871	Fórum í tveimur hópum að skoða sýninguna Landnámssýning Reykjavík 871 sem er um upphaf byggðar í Reykjavík.
19/3-26/3	Stuttmyndagerð	Nemendur unnu í 9 hópum við gerð stuttmyndar úr Snorrasögu. Verkefnið tók tvær vikur.
9/4	Fuglaskoðun	Helmingur hópsins byrjaði í fuglaskoðun meðfram strandlengjunni meðan hinn helmingurinn byrjaði í ratleik á skólalóðinni tengdum fuglum.
16/4	Fuglaverkefni	Nemendur unnu í hópum verkefni sem tengdust ákveðnum köflum úr bókinni Líf á landi og fóru í leiki úti á skólalóð inni á milli.
23/4	Sumardagurinn fyrsti	
30/4	Afmæli Sjálandsskóla	Sparikaffi og leikir úti.
7/5	Hjólaferð í Náttúrugripasafnið	Fórum í hjólaferð á Náttúrugripasafnið í Kópavogi í tveimur hópum. Skoðuðum fuglana og fleira sem tengdist náttúrufræðipemanu hjá okkur.

14/5	Uppstigningardagur	
21/5	Útiðun/Hreyfispil/Stafaspil	Hópnum skipt í þrennt og rúllað á milli þessara þriggja stöðva. Elduðum amerískar þönnukökur, spiluðum nýja hreyfispilið og stafaspilið Scrabble.
28/5	Nauthólsvík	Allir hjóluðu saman í Nauthólsvík þar sem við syntum, spiluðum standblak og lékum okkur saman.
4/6	Fimleikasalurinn í Ásgarði	Fórum með allan hópinn í fimleikasalinn í Ásgarði og æfðum okkur þar.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu fréttabréf á mánudögum með upplýsingum um starfið og skipulag námsins. Foreldrar höfðu nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál. Nemendur kláruðu áætlun heima ef þeir náðu því ekki í skólanum. Foreldrafulltrúar tóku þátt í einu bekkjarkvöldi í samvinnu við kennara þetta skólaárið.

Ástundun

Skóladagar í vetur voru samtals 180. Töluvert var um leyfi og veikindi. Alls voru nemendur 169 daga og 25 stundir í leyfi á árinu. Veikindadagar samtals í umsjónarhópnum voru 325 dagar og 10 stundir, seinkomur í 299 stundir og fjarvistir í 1 dag og 18 stundir.

Námsmat

Hæfniviðmiðin voru birt í desember og maí í Mentor. Lykilhæfnin var birt í nóvember og febrúar og voru rædd í foreldraviðtölum. Hæfniviðmiðin voru metin út frá símati.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt vel. Teymiskennslan gekk vel og samstarfið með sérkennurum, þroskaþjálfara og stuðningi var gott. Vel tókst að halda utan um loturnar og tímalengd þeirra stóðst oftast. Samskipti meðal 5. og 6. bekkinga voru almennt góð en þó þurfti að vinna talsvert með samskiptamál með hópnum. Bekkjafundir voru haldnir reglulega til að vinna í slíkum málum og er það mjög mikilvægur liður í skólastarfi á miðstigi. Útikennslan gekk yfirleitt vel, nokkrir örðugleikar voru í byrjun haustsins vegna hegðunar nemenda en þegar leið á veturinn tókst betur til. Sumar ferðir sem farið var í voru hápunktur vetrarins hjá mörgum nemendum.

Almennt gekk nemendum vel að fylgja námsáætlunum. Slíkt fyrirkomulag hentar almennt vel fyrir nemendur og ekki síður foreldra. Þannig gátu þeir fylgst betur með námi barna sinna. Þegar nemendur fóru í leyfi áttu þeir auðvelt með að fylgjast með til hvers var ætlast og gátu því mætt undirbúnir til

vinnu aftur. Heimavinna var að mestu tengt vinnu í áætlunum. Þau verkefni sem nemendur náðu ekki að klára í skólanum unnu þau heima.

Skýrsla umsjónakennara í 7. bekk

Nemendur í 7. bekk voru 33 í vetur. Umsjónarkennarar 7. bekkjar voru Ósk Auðunsdóttir, Rebekka Árnadóttir og Sigríður Guðrún Guðmundsdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund, Davíð Örvar Ólafsson kenndi íþróttir, Bjarnveig S. Jakobsdóttir kenndi smíði, Guðrún Dóra Jónsdóttir myndmennt, Silja Kristjánsdóttir og Arngunnur H. Sigurþórsdóttir kenndu textílmennt og Ólafur Schram kenndi tónmennt. Bryndís Rail og Særún Sigurjónsdóttir héldu utan um stuðning og sérkennslu í bekknum.

Kennslustundir

Nemendur fengu 14,5 kennslustundir (miðað við 60 mínútna kennslustundir) með umsjónarkennurum á viku að meðaltali yfir veturinn. Námsgreinar voru íslenska, stærðfræði, útikennsla, enska, danska, saga, líffræði, náttúrufræði, eðlisfræði, samfélagsfræði, landafræði og upplýsinga- og tæknimennt. Fjöldi kennslustunda í hverri námsgrein var mismikil eftir því hvaða viðfangsefni var um að ræða hverju sinni. Náttúrufræði- og samfélagsfræðigreinar voru allar kenndar í þeim. Hvert þema stóð yfir í 4 til 6 vikur í senn. Listir voru fastar í stundatöflu, þrjár klukkustundir á viku, tónmennt var ein klukkustund á viku, íþróttir voru ein klukkustund á viku og sund einu sinni í viku, 40 mínútur í senn. Enska og danska voru kenndar í tvær klukkustundir á viku. Íslenska og stærðfræði voru með tvo fasta klukkutíma í töflu en kennsla í þeim greinum var talsvert meiri, í tengslum við þemu og einnig á móti sundtímum nemenda. Upplýsinga- og tæknimennt var kennd einu sinni í viku á haustönn en einnig var kennsla í þessari grein í tengslum við þema og íslensku.

Kennt var samkvæmt hæfniviðum úr Aðalnámskrá. Því miður náðist ekki að hafa heimilisfræðiviku þar sem afmælisverkefni skólans tók lengri tíma en áætlað var. Einnig náðist ekki að fara í mynstur og algebru í stærðfræði.

Helstu áherslur hópsins

Umsjónakennarar settu upp vikuáætlun fyrir allar námsgreinar í hverri viku. Sú áætlun var send heim með foreldrapósti á föstudögum. Heimavinna tengdist þeim, lestri, stærðfræði og tungumálunum, dönsku og ensku. Mikil áhersla var á að vinna með samskipti í hópnum. Markmið umsjónarkennara var að efla samstöðu nemenda og samkennd. Í upphafi og lok hvers dags hittist umsjónarhópurinn með umsjónarkennurum þar sem dagurinn var ræddur og fengu nemendur þar stöðuga endurgjöf kennara á samskipti, framkomu og almennt gengi hópsins.

Þemaverkefni vetrarins

Yfirheiti vinnulotunnar	Helstu áherslur í verkefninu
Vilja og virða	Kynnast hvort öðru, efla hópinn og mynda tengsl innan hópsins. Vinna með gildi skólans. Nemendur unnu verkefni í tengslum við skólareglur.
Mannslíkaminn Hugur og heilsa	Kynnast mannslíkamanum, þekkja líffærakerfi og varnir líkamans. Gera athuganir á eigin líkama eins og t.d. að mæla púls og öndun. Gera sér grein fyrir að líkami mannsins tekur stöðugum breytingum frá fæðingu til dauða. Fræðast um kynþroska og einkenni hans.
Áhugasviðsverkefni	Nemendur fengu að velja eitt viðfangsefni sem þeir hafa áhuga á að fræðast meira um. Unnið var með það að mestu leiti heima, skýrsla útbúin og að lokum voru haldnar kynningar um verkefnið fyrir bekkjarfélaga og foreldra.
Veður	Kynnast því hvaða þættir í umhverfinu hafa áhrif á veður og veðurfar og hvernig veður hefur áhrif á daglegt líf.
Ástir og átök Sögupema	Nemendur kynnast siðum og venjum Rómverja. Þekki helstu persónur sögunnar tengdu Rómaveldi, lífi þeirra og örlögum. Geri sér grein fyrir trúarbrögðum Rómverja og tilkomu kristni, þekki sögu landnáms Íslands og lífsháttum víkinga Kynnist nokkrum af merkustu persónum Íslendingasagnanna og kristnitöku á Íslandi.
Eðli og efni	Nemendur kynnast frumeindum, sameindum og læra um sérkenni efna. Gera ýmsar tilraunir, æfa sig í skýrslugerð og rannsóknarvinnu.
Evrópuþema	Nemendur læra um Evrópu og leitast er eftir að þeir fái heildræna mynd af heimsálfunni, sögu hennar og menningu.

Vilja og virða

Strax í upphafi skólaárs var ein vika notuð í hópefli, unnið með gildi skólans. Nemendur unnu verkefni á Íþáða með því að túlka hverja skólareglu fyrir sig með ljósmynd. Afraksturinn var settur upp á vegg. Þetta verkefni tókst vel.

Mannslíkaminn

4 vikur, tvær 60 mínútna kennslustundir ásamt útikennslutímum sem voru þrjár 60 mínútna stundir. Einnig var verkefnið nýtt í enskukennslu. Til grundvallar var bókin *Maðurinn – Hugurinn og heilsa*.

Nemendur unnu í hópum. Hver hópur tók fyrir ákveðið líffæri, teiknaði það og setti inn á sameiginlegan líkama sem límdur var upp á vegg. Einnig kynntu þeir verkefnið og bjuggu til veggspjald um sitt líffæri. Auk þess var einstaklingsverkefni í formi verkefnabókar. Í tengslum við stefnu skólans um að vera

heilsuefandi skóli var ákveðið að tengja þema við heilsu og áhrif matar á mannlíkamann. Nemendur reiknuðu út sykurrinnihald ýmissa drykkja og algengra matvara. Nesti nemenda var sérstaklega tekið til skoðunar. Settur var upp skápur í anddyri skólans þar sem hlutfall sykurs var sýnt fyrir framan hverja vöru fyrir sig. Ýmsar tilraunir voru gerðar tengt mat t.d. drukku nemendur rauðrófusafa og áttu að fylgjast með hve lengi safinn var að fara í gegnum líkamann.

Í útikennslu var ýmislegt gert tengt líkamanum. Nemendur mældu púls fyrir og eftir áreynslu, mældu blóðþrýsting, skoðuðu hár og neglur í víðsjá, skoðuðu fingraförin sín og einkenni þeirra. Námsmat í þema var: mat á verkefnabók, líffærakynningar, virkni í hópastarfi og skriflegt próf. Þetta þema var skemmtilegt og gekk mjög vel. Nemendum fannst sérstaklega skemmtilegt að gera hinar ýmsu tilraunir á sjálfum sér. Tímarammi var aðeins of naumur, ein vika í viðbót hefði verið fínt.

Áhugasviðsverkefni

4 vikur, tvær 60 mínútna kennslustundir. Hefðbundin umgjörð var á einstaklingsverkefninu. Nemendur fengu blað til að skrá hvað þeir ætluðu að gera, hvernig þeir ætluðu að vinna verkefnið og hvaða hjálp þeir þyrftu. Nemandi, foreldri og kennari skrifuðu svo undir um að nemandi myndi ná markmiði sínu. Í lokin skilaði nemandi skýrslu sem innihélt dagbók um verkefnavinnuna, viðtal við sérfræðing, heimildaskrá og mat á eigin verki. Nemandi kynnti afurðina fyrir samnemendum og foreldrum.

Námsmat var þrískipt, afurð, kynning og skýrsla. Það sem hefði mátt betur fara var skipulag á kynningum. Nemendum var skipt í þrjá hópa þar sem foreldrum hvers hóps var boðið á kynningu. Þannig þurftu foreldrar ekki að horfa á allar kynningarnar heldur einungis kynningar þess hóps sem barn þess var í. Sú skipting gekk vel en við hefðum átt að skipta 33 nemendur í fjóra hópa frekar en þrjá.

Veður

4 vikur, tvær 60 mínútna kennslustundir ásamt nokkrum útikennslutímum. Kveikjan að þemanu var kvikmyndin *The day after tomorrow*. Til grundvallar var bókinn *Auðvitað - Jörð í alheimi*. Nemendum var skipt í hópa og fékk hver hópur ákveðið veðurfyrirbæri sem þeir áttu að vinna út frá. Verkefnið unnu þeir í forritinu Publisher. Nemendur gerðu einnig veðurbók, fylgdust með veðurfréttum og athuguðu hvort spáin rættist. Að auki völdu nemendur sér veðurljóð og túlkuðu það. Einnig var samþætting við ensku þar sem nemendur gerðu ritunarverkefni út frá kvikmyndinni.

Námsmat var byggt á könnun, veðurbók, flutningi á veðurljóði og verkefni í Publisher. Útikennsla hefði mátt ganga betur en þegar þemavinna átti sér stað var veðrið alslæmt.

Ástir og átök

4 vikur, tvær 60 mínútna kennslustundir ásamt nokkrum útikennslutímum. Til grundvallar var bókinn *Frá Róm til Þingvalla*. Nemendur svöruðu spurningum úr efninu sem átti að nota í „trivial pursuit“ sem útbjuggu. Hluti af nemendum útbjuggu stóra snúningsskífu sem skipt var niður eftir ákveðnum efnispáttum úr sögunni. Því miður gafst ekki tími til að klára þetta spil. Einnig gerðu nemendur hugarkort út frá persónum í bókinni. Kortin voru unnin á Ipada, í forritinu Mindmap og náðist því góð tenging við upplýsinga- og tæknimennt.

Námsmat var byggt á könnun úr bókinni og mat á hugarkortum.

Eðli og efni

4 vikur, tvær 60 mínútna kennslustundir ásamt útikennslu tímum sem voru þrjár 60 mínútna stundir. Til grundvallar var bókin *Auðvitað III*. Nemendur lásu bókina og unnu verkefni úr henni bæði heima og í skóla. Nemendur fengu sérstaka kennslu í skýrslugerð og í stað útikennslutíma voru tilraunatímar. Nemendur unnu einnig hópaverkefni þar sem nemendum var skipt í þriggja til fjögurra manna hópa. Hver hópur fékk ákveðið viðfangsefni til að vinna með og útskýra í formi myndbands, t.d. hamskipti og hitaþensla.

Námsmat var byggt á könnun úr *Auðvitað III*, verkefnabók og myndbandi. Þemað heppnaðist mjög vel og var sérstaklega árangursríkt að geta notað útikennslutímana í allar þessar tilraunir sem annars hefði ekki verið hægt að gera nema að litlu leyti sökum tíma.

Evrópuþema

5 vikur, tvær 60 mínútna kennslustundir ásamt útikennslu tímum sem voru þrjár 60 mínútna stundir. Til grundvallar var bókin *Evrópa*. Kveikjan að þemanu var að nemendur komu í skólann með ýmsa muni að heiman sem tengdust Evrópu. Nemendur lásu bókina, unnu verkefni úr henni og tóku síðan fjögur heimapróf. Nemendur völdu sér eitt land og bjuggu til heimasíðu um landið þar sem ákveðnir þættir þurftu að vera til staðar. Þar fyrir utan fengur þeir frjálsar hendur um efnisval. Í lokin kynntu nemendur heimasíðu sína. Kennsla í upplýsinga- og tæknimennt var stór hluti af þemavinnu.

Í útikennslu var útbúið spil í formi boðhlaups þar sem nemendur áttu að para saman lönd og höfuðborgir. Nemendur notuðu Ipada og tóku myndir af fánum sem þeir bjuggu til úr efniviði náttúrunnar. Nemendur elduðu þekkta evrópska rétti í útikennslu og lærðu grískan dans.

Námsmat var byggt á heimaprófum, heimasíðu og kynningu og verkefnabók. Þemað tókst mjög vel og sérstaklega heimaprófin því bókin er svo yfirgripsmikil.

Skipulag kennslunnar

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir, beina kennslu, leiki, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunar-nám og vettvangsnám þar sem samþætting námsgreina bar hæst. Hvert þema var kennt í fjórar til sex vikur allt eftir umfangi og markmiðum þemaverkefnisins. Í þemunum var leitast við að samþætta námsgreinar til að dýpka þekkingu nemenda og nálgast viðfangsefnin frá sem flestum hliðum.

Námsefni

Námsefni hópsins var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins.

Í íslensku voru notaðar bækurnar, Vanda málið – minnsta málið, lesbækur, lestrarkassinn, Finnbjörg, Ljóðspor, Á ögurstundu, Stöngin inn o.fl. efni af netinu. Einnig var lestraraðferðin PALS notuð.

Í stærðfræði voru notaðar bækurnar Stika 3a og 3b, ýmislegt efni af netinu.

Í dönsku voru notaðar bækurnar Start og Smart; lesbækur og vinnubækur.

Í ensku voru notaðar bókin Action, lesbók og vinnubækur A og B. Ljósrituð blöð úr Write right. Léttlestrarbækur.

Í þemum voru notaðar bækurnar, Líkami mannsins, Maðurinn – hugur og heilsa, Evrópa, Auðvitað III, Auðvitað – Jörð í Alheimi og Frá Róm til Þingvalla.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu vikulega fréttabréf um starfið og skipulag námsins og veittu upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu mikil samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst og síma í tengslum við vinnulotur, samskipti nemenda og líðan þeirra og ýmis önnur mál. Foreldraviðtöl voru þrisvar yfir árið og svo hittu kennarar foreldra eftir þörfum.

Ferðir

Kirkjuferð

Ferð í Skólabúðirnar að Reykjum í Hrútafirði

Skíðaferð í Bláfjöll

Gönguferð á Esjuna

Hjólaferð í Nauthólsvík

Útikennsla

Kajak	Siglt um Arnarnesvog undir leiðsögn skólastjóra.
Púls/öndunarmælingar	Í tengslum við þemað um mannslíkamann.
Norrænt skólahlaup	Íþróttadagur.
Boðhlaup, para saman lönd og höfuðborgir. Fánar Evrópu	Í tengslum við Evrópuþema.
Útiöldun og dans	Í tengslum við Evrópuþema.
Flugdrekar og veðurathugun	Í tengslum við veðurþema.
Bæjarrölt	Verkefni á vegum Höfuðborgarstofu „Leitin að jólavættunum”
Sleðaferð	
Bíóferð	Skólasýning á vegum Bíóparadísar.
Stærðfræðiverkefni á skólalóð	Flatarmál, yfirborðsflatarmál, rúmmál.
Þrautir	Alþjóðleg uppsetning í Smáralind.

Afmælisverkefni	Taka myndir af uppáhaldsstað hvers nemanda í Garðabæ.
Dönskuverkefni á skólalóð	Nemendur túlka orð með látbragðsleik.
Vorhreinsun á skólalóð	Nemendur tóku þátt í hreinsunarátaki Garðabæjar Nemendur hreinsuðu lækinn.
Útiskrafl, risa twister	
Smáþjóðaleikar	Samvinnuverkefni á milli Sjálandsskóla og Alþjóðaskólans.
Vorleikar	Sameiginlegir leikar allra stiga.

Tölvur

Í vetur hefur 7. bekkur notað tölvur og lpada í samþættingu við þemu, íslensku og stærðfræði. Auk þess voru sérstakir tölvutímar einu sinni í viku á haustönn. Farið var í Word, Excel, Publisher, Outlook og PowerPoint og MindMap svo dæmi séu tekin.

Í veðurþemanu var forritið Publisher notað. Í þemanu Evrópa unnu nemendur heimasíðu í forritinu Tackk. Í þemanu Ástir og átök útbjuggu nemendur hugarkort í smáforritinu MindMap og notuðu m.a. kortin til undirbúnings fyrir próf úr efninu. Í íslensku stóð nemendum til boða að vinna hluta ritunarverkefna í bekkjarbók í tölvum og nýttu það þó nokkrir. Í tengslum við þemað Eðli og efni útbjuggu nemendur myndband í Imovie. Í tengslum við kynningar í þemum notuðu nemendur Powerpoint og veraldarvefinn.

Ástundun

Skóladagar í vetur voru samtals 180. Töluvert var um umsóknir um leyfi. Alls voru nemendur 180 daga og 29 stundir í leyfi á árinu. Veikindadagar voru 194 dagar og 5 stundir, seinkomur í 465 tíma og fjarvistir 3 dagar og 28 stundir.

Námsmat

Að hausti þreyttu nemendur samræmd próf og var árangurinn fyrir ofan meðaltal í stærðfræði á landsvísu en ritunarpáttur í íslensku kom ekki vel út. Símat var unnið samhliða þeim verkefnum sem unnin voru. Námsmat var fjölbreytt m.a. kannanir, sjálfsmat, kynningar og hópamat. Námsmat var birt jafnt og þétt inn á Mentor. Námsárangur var metinn út frá markmiðum aðalnámskrár.

Almennt mat á skólastarfi

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Teymisvinna umsjónarkennara og stuðningsaðila gekk mjög vel. Hópurinn var einstaklega góður og samstilltur. Skipulag náms gekk vel og sérstaklega kom það vel út að hafa vikuáætlun sem nemendur fengu í hendur á mánudagsmorgni. Hún var miðuð við það að nemendur ættu að geta klárað áætlun í skólanum með góðri vinnusemi en ef það tókst ekki þá kláruðu

nemendur heima. Reyndist þetta vera mjög góð hvatning fyrir aukinni vinnusemi í skólanum. Áætlun var einnig send til foreldra með vikupósti föstudeginum á undan þannig að foreldrar voru alltaf mjög vel upplýstir.

Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk

Nemendur í 8. bekk voru 37 í vetur. Tveir nemendur hættu og tveir nýir bættust í hópinn. Umsjónarkennarar voru Erna Sif Auðunsdóttir og Margrét Helgadóttir. Þær kenndu þemu, stærðfræði, lífsleikni og valgreinar.

Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru: Anna Lilja Torfadóttir og Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir sem kenndu ensku og íslensku, Elfa Hrönn Friðriksdóttir kenndi íslensku og sá um sérkennslu. Margrét Þorleifsdóttir og Sigurbjörg S. Sigurðardóttir/Arngunnur Sigurþórsdóttir kenndu dönsku, Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund og val og Davíð Örvar Ólafsson sem kenndi íþróttir og val.

Aðrir kennarar sem kenndu valgreinar voru; Bjarnveig Jakobsdóttir, Guðrún Dóra Jónsdóttir, Silja Kristjánsdóttir, Silja Kristjánsdóttir, Arngunnur Sigþórsdóttir, Harpa Maren Sigurgeirsdóttir, Anna Lís Ríkhardsdóttir, Helgi Grímsson, Edda Björg Sigurðardóttir, Magnús Kristófersson, Ólafur Schram, Sigurður Guðleifsson, Steindór Tryggvason, Ósk Auðunsdóttir, Óskar Birgisson, Sigríður G. Guðmundsdóttir, Rebekka Árnadóttir, Kirsten Kummerfeld og Julio Romero Romeral.

Þroskaþjálfararnir Pála Marie Einarsdóttir, Emilía C, Gylfadóttir og Særún Sigurjónsdóttir komu einnig að hópnum ásamt stuðningsfulltrúunum Andra Hjartar Grétarssyni, Bergþór Bjarki Guðmundsson, Starri Friðriksson og Hrafnhildur Magney Gunnarsdóttir,

Kennslustundir

Nemendur fengu 36,13 kennslustundir á viku (miðað við 40 mínútna kennslustundir). Stærðfræði var kennd 5,6 kennslustundir á viku og íslenska var kennd 5,2 kennslustundir á viku. Danska var kennd 3 kennslustundir á viku en enskan var kennd 5,2 kennslustundir á viku. Þema var kennt í 4,9 kennslustundir á viku. Íþróttir, sund og tónmennt voru kennd í 1,1 kennslustund á viku. Sérstök valnámskeið sem kennd voru 8-10 vikur í senn voru 6,75 kennslustundir á viku. Heimasvæði/vinnustundir var 3,4 kennslustundir á viku.

Helstu áherslur hópsins

Stærðfræðin og íslenskan var kennd í lotum eftir Vallaskólaleiðinni og um það bil 3-4 vikur gefnar í hverja lotu. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að hver nemandi skipulegði vinnu sína og áætlaði sér heimavinnu þegar það átti við. Hver nemandi vann svo á sínum hraða en próf voru tekin í lok hvernar lotu. Leyfilegt var að halda áfram í næstu lotu ef henni var lokið innan þriggja vikna. Heimanám var undir hverjum kennara komið og jafnframt almennt skipulag hvernar kennslustundar. Þema var kennt í mislögum lotum.

Reglulega voru haldnir bekkjarfundir í árganginum og í upphafi voru settar niður bekkjarreglur. Tekið var á ýmsum málum, sérstaklega hvað varðar samskipti og umgengni. Námsefnið Hugarfrelsi var einnig notað eftir áramót til að æfa nemendur í slökun.

Mikil áhersla var að kenna nemendum að temja sér góð vinnubrögð og snyrtilegan frágang á verkefnum. Einnig var áhersla lögð á að nemendur bæru ábyrgð á eigin námi og að nemendur héldu áfram að tileinka

Skipulag kennslunnar

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám, vettvangsnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar.

Íslenska

Íslenska var kennd í 3-4 vikna lotum. Í upphafi hvernar lotu fengu nemendur áætlun yfir verkefni lotunnar. Í lok lotunnar var próf sem hafði 50% vægi á móti vinnu og verkefnum nemenda 50%. Hver nemandi var með viðmiðunartölu sem hann setti sér. Ef nemandi náði ekki viðmiðunartölunni sinni eftir lotupróf þá fór nemandinn í upprifjun og tók aftur próf. Í lok árs er tekið samantektarpróf úr öllu námsefni vetrarins sem gildir 30% á móti lotum vetrarins sem gilda 70%. Í ár var kennt nýtt námsefni í 8. bekk kennsluáætlanir unnar jafnt og þétt yfir veturinn. Flest öllum markmiðum var náð en skerpa mætti á ritunarhluta kennslunnar.

Stærðfræði

Stærðfræði var kennd í 3-4 vikna lotum. Í upphafi hvernar lotu er eitt megin viðfangsefni, verkefnum er skilað í lok hvernar lotu og svo lotupróf eða annað stórt verkefni. Ef nemandi nær ekki viðmiðunartölu sinni á lotuprófi (einkunn ákveðin í samráði við kennara og foreldra) þá fer nemandi í upprifjun og tekur aftur próf. Í lok árs er svo samantektarpróf úr öllu námsefni vetrarins sem gildir 30% en lotur vetrar gilda 70%.

Flest öllum námsmarkmiðum var náð í vetur en skerpa mætti á þættinum um rökræður og fjalla munnlega um stærðfræðileg atriði, efla gagnrýni þeirra á niðurstöðum sínum og túlkun á teikningum, myndritum og jöfnum.

Þema

Aðeins ein jörð

Markmið þemans var m.a. að nemendur fengju tækifæri til þess að kynnast völdum þáttum úr sögu náttúruvísinda sem vörpuðu ljósi á þróun lífvísinda. Nemendur lásu bókina *Lífheimurinn* og unnu sjálfspróf hvers kafla. Þeir leystu jafnframt heimapróf úr bókinni og skrifuðu heimildarritgerð um valið efni tengt bókinni. Heimildarritgerðin var metin í þremur köflum þar sem nemendur skiluðu ritgerðinni þrisvar sinnum og fengu leiðbeiningar frá kennara. Fyrst beinagrind, síðan drög að ritgerð og lokaskil. Fara þarf betur í með nemendum hvernig skrifa á heimildarritgerð og nýta aðstoð kennara betur. Farið var á Hvalasafnið í tengslum við þemað um leið og það opnaði. Þar sem safnið var ekki opnað þegar unnið var í þemanu þá missti tengingin svolítið marks en mjög skemmtileg ferð engu að síður. Farið var yfir öll námsmarkmið þemans. Í heildina gekk þemað vel og stóð yfir í 5. vikur.

Jón Sigurðsson

Markmið þemans var að nemendur fengu innsýn yfir þær aðstæður sem landsmenn bjuggu við í upphafi 20. aldar sem og að kynna sér ævi Jóns Sigurðssonar mjög vel. Skoðað var hvaða þættir spiluðu inn í að Íslendingar ákváðu að berjast fyrir sjálfstæði í byrjun aldarinnar. Nemendur lásu og unnu verkefni úr bókinni *Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar*. Þeir unnu stuttmynd um líf og störf Jóns Sigurðssonar og sýndu á fullveldisdaginn 1. desember fyrir skólann. Í tengslum við þemað var farið í miðbæ Reykjavíkur í ratleik um Jón Sigurðsson. Farið var yfir öll námsmarkmið þemans. Þemað tók sex vikur og heppnaðist mjög vel þar sem nemendur sáu um alla vinnu við stuttmyndina, frá handriti og í að fullvinna myndina ásamt að semja tónlist.

Ég og þú

Nemendur fræddust um líkama sinn og með sérstakri áherslu á kynfræðslu. Þeir horfðu á valda þætti hjá *Forfallakennaranum* og unnu verkefni tengt þeim. Umræður voru einnig stór hluti af fræðslunni. Nemendur völdu sér svo einn kafla í bókinni *Mannslíkamanum*, lásu hann, unnu sjálfspróf og valverkefni tengt honum. Skila þurfti inn frumlegri forsíðu sem reyndist nokkrum frekar erfitt. Í hópavinnu völdu nemendur sér ákveðið efni tengt mannslíkamanum, unnu að afurð og kynningu sem þeir sýndu bekknum. Farið var yfir öll námsmarkmið þemans. Þemað tók sex vikur. Í heildina gekk þetta vel og hugmyndin um að nemendur yrðu sérfræðingar í hluta mannslíkamans tókst mjög vel.

Upp um fjöll og firnindi

Í þemavinnunni kynntust nemendur ýmsum þáttum sem tengjast útiveru og útivist. Nemendur lærðu m.a.á áttavita, kortalestur og um útbúnað og ferðatíma. Mikið var unnið með upplýsingatæknina og ýmiss forrit prufuð sem tengdust hverjum kafla bókarinnar sem nemendur unnu með. Þeir leystu einnig valin verkefni úr bókinni. Nemendur unnu einnig einstaklingslega að því að skipuleggja haustferð bekkjarins með því að búa til sinn eigin útbúnaðarlista, kanna verð og annað sem huga þarf að áður en lagt er af stað út í náttúruna. Þemað endaði svo á því að allir nemendur fóru í útilegu og gistu á Úlfliótsvatni. Tilgangur ferðarinnar var að nemendur fengu tækifæri til að kynnast betur og tengjast bekkjarfélögunum með það í huga að styrkja böndin fyrir veturinn. Þemað tók 8 vikur og náðist að fara yfir öll námsmarkmið þemans. Vel var unnið með upplýsingatækni í þemanu en það hefði mátt leggja meiri áherslu á kortalestur og vinna meira með áttavita. Gaman hefði verið að skoða nágrennið aðeins betur til að nemendur hefði betri skilning á heimabyggð sinni og geta útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf.

Heimilisfræðivika

Nemendur unnu þemað bæði heima og í skólanum. Þeir elduðu heima, keyptu inn og skiluðu inn uppskrift, innkaupalista og mati þeirra sem nutu matarins hjá þeim. Í skólanum rannsökuðu þeir matarmenningu fólks í upphafi 20. aldar og tóku viðtal við fullorðinn einstakling um matarmenningu á Íslandi í dag. Þau áttu svo að bera þetta saman. Nemendur hefðu mátt taka þetta alvarlegra og vinna betur að verkefnunum en í ljós kom að margir áttu erfitt með að vinna svona heimildarvinnu og afla sér upplýsinga og endurorða texta. Þetta þarf að vinna betur með. Þemað tók tvær vikur.

Nýbúar

Markmið þemans er að setja sig í spor nýbúa á Íslandi og öðlast skilning á mismunandi menningarhópum. Nemendur kynntust og notuðu hugtökin nýbúar og fjölmennung. Kveikjan að þemanu var heimildarmyndin *Vegurinn heim* sem er um fjölmenningu á Íslandi. Þeir unnu jafnframt nokkur verkefni tengd myndinni. Nemendur unnu einnig verkefni tengd bókinni *Vinir í nýju landi*. Unnið var eftir CLIM aðferðarfræði þar sem hver og einn nemandi hefur ákveðið hlutverk í hópnum og tímastjórnun er mikilvæg. Stærsta verkefni þemans var viðtal sem nemendur tóku við nýbúa. Þar lærðu nemendur að undirbúa viðtal og framkvæma það. Í lokin kynntu nemendur niðurstöður viðtals fyrir samnemendum. Þemað tók 9. Vikur og hefði getað verið lengra til að dýpka á fleiri atriðum. Flest öllum námsmarkmiðum var náð en skerpa mætti á að nemendur myndi kynnast betur og sýndu fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims.

Námsefni

Námsefni hópans var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins. Í íslensku voru notaðar bækurnar *Kveikjur*, *Málið í mark*, *Fallorð*, *Sagnorð*, *Málvísir*, *Skrifinnur*, *Hugfinnur*, *Ljósrit frá kennara*, *Hrafnkel saga Freysgoða*, *Gaurargangur* og ýmsar kjörbækur.

Í stærðfræði voru notaðar bækurnar *Almenn stærðfræði 1*, *Átta/tíu 1 og 2* og nýjar bækur í stærðfræði sem nefnast *Skali 1A og B*. *Vinkill I* og *Hugtök í stærðfræði* voru einnig notaðar.

Í dönsku voru les- og vinnubækurnar *Tænk* og *Tænk+* notaðar ásamt ýmiss konar verkefni frá kennara. Í ensku voru les- og vinnubókin *Spotlight 8* notuð og ýmiss konar efni frá kennara.

Bókin *Um víða veröld - Jörðin* var notuð í þemanu Upp um fjöll og firnindi. Í þemanu Jón Sigurðsson var bókin *Jón Sigurðsson og hugmyndir 20. aldar* lesin. *Lífheimurinn* heitir bókin sem var notuð í þemanu Aðeins ein jörð. Í þemanu Ég og þú var horft á kennslumyndbandið *Forfallakennarinn af nams.is* ásamt bókunum *Um stelpur og stráka* og *Mannslíkamin*. Í þemanu Nýbúar var námsbókin *Vinir í nýju landi* notuð sem og heimildarmyndin *Vegurinn heim*.

Í öllum þemum var notast við Internetið og ýmsa kennsluvefi á skólavef og hjá nams.is

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennari sendi reglulega fréttabréf um skipulag námsins og veitti upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál.

Vettvangsferðir og uppbrot í skólastarfi

Ekki voru sérstakir útikennsludagar í 8.bekk en farnar nokkrar vettvangsferðir. Bekkurinn fór í haustferð sem hluta af hópefli á Úlfliótsvatn. Í tengslum við þemað Jón Sigurðsson var farið í ratleik um miðbæ Reykjavíkur. Í desember fór bekkurinn í kirkjuferð í Vídalínskirkju með öllum nemendum og starfsfólki Sjálandsskóla. Í lok skólaársins fór 8. bekkur í vorferð í Skorradalinn.

Félagsstarf

Unglingastig Sjálandsskóla hefur aðgang að félagsmiðstöðinni Klakanum. Þangað sóttu nemendur opin hús og dansleiki, jafnframt voru vikuleg opin hús á þriðjudagskvöldum og fimmtudagskvöldum þar sem nemendur mættu nokkuð vel. Árshátíð unglingastigs var haldin í Sjálandsskóla. Nemendur og kennarar áttu ánægjulegan kvöldverð saman í Sjálandsskóla og kennarar og nemendur voru með skemmtiatriði.

Námsmat

Nemendur voru metnir eftir hvert þema og námsmat sett inn á Mentor. Í stærðfræði og íslensku voru lotupróf á þriggja - fjögurra vikna fresti og einkunn sett inn á Mentor. Í ensku og dönsku voru reglulega metin verkefni nemenda. Í lok skólaársins mátti finna heildarmat vetrarins á Mentor þar sem mat var lagt á einstaka námsþætti og mat á þemalotunum. Námsárangur nemenda var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hverrar lotu og markmiðum aðalnámskrár.

Ástundun og fjarvistir

Yfir veturinn voru: veikindadagar alls 286 dagar og 56 stundir, leyfi var veitt 166 daga og 83 stundir, fjarvistir 1 dagur og 75 stundir og seinkomur 129 stundir.

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Fyrri hluta vetrar var lögð áhersla á að skapa hópkennd og innleiða markviss vinnubrögð. Skipulag námsefnis hélst vel í gegnum skólaárið.

Annað

Nemendur kvörtuðu undan því að flísar mynduðust á borðunum þeirra og rífi í hendur eða föt þeirra. Reynt var að pússa upp endann en sumir nemendur límdu yfir endann og leystu málið sjálfir en það þyrfti að yfirfara borðin fyrir haustið. Það er einnig mikilvægt að nemendur fái stóla við sitt hæfi þar sem vaxtakippirnir eru mismiklir eftir einstaklingum og því þurfa yngri nemendur jafnt sem elstu að hafa stól við hæfi í unglingadeild.

Mikilvægt er að fara í einhverjar endurhugsun eða framkvæmdir til að leysa þann vanda að taka á móti stærri hóp í unglingadeild en fer frá okkur í vor. Nauðsynlegt er að nemendur fái frið til að vinna vinnuna sína en einnig svæði fyrir frístundastarf sitt. Klakinn þarf því fái svæði til afnota sem er afmarkað frá kennslurýmum unglinganna og þar sem ljóst er að rými kennslurýmið muni flæða framur og vera í meiri árekstrum við bekk á efri hæðum. Þar sem stundartafla þessara bekkja rekst á þá myndast oft óþarfa læti þegar nemendur eru að færa sig á milli svæða eða eru í frímínútum eða hádegismat.

Skýrsla umsjónarkennara í 9. -10. bekk

Samkenndsla var hjá nemendum í 9. og 10. bekk í vetur. Í 9. bekk eru 23 nemendur og í 10. bekk eru 8 nemendur. Skipting á milli þeirra eru að í 9. bekk eru 8 stúlkur og 15 drengir, í 10. bekk 8 stúlkur eða 31 nemandi í heildina. Umsjónarkennarar voru Anna Lilja Torfadóttir og Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir. Umsjónarkennarar kenndu jafnframt íslensku, ensku og lífsleikni ásamt valgreinunum. Aðrir kennarar sem kenndu hópnum voru: Erna Auðunsdóttir og Margrét Helgadóttir

sem kenndu stærðfræði, þemu og val, Margrét Þorleifsdóttir, Sigurbjörg Ósk Sigurðardóttir og Arngunnur Sigurþórsdóttir sem kenndu dönsku, Hrafnhildur Sævarsdóttir sem kenndi sund og val, Davíð Örvar Ólafsson sem kenndi íþróttir og val.

Aðrir kennarar sem kenndu valgreinar voru; Edda Björg Sigurðardóttir, Bjarnveig Jakobsdóttir, Guðrún Dóra Jónsdóttir, Silja Kristjánsdóttir, Harpa Maren Sigurgeirsdóttir, Anna Lís Ríkharðsdóttir, Helgi Grímsson, Ólafur Schram, Sigurður Guðleifsson, Sigríður G. Guðmundsdóttir, Ósk Auðunsdóttir, Óskar Birgisson, Rebekka Árnadóttir, Steindór Tryggvason, Magnús Kristófersson og Julio Romero Romeral.

Þroskaþjálfararnir Pála Marie Einarsdóttir og Særún Sigurjónsdóttir sem og félagsfræðingurinn Emilfa Christina Gylfadóttir komu einnig að hópnum ásamt stuðningsfulltrúunum Andra Hjartar Grétarssyni, Önnu Maríu Baldursdóttur, Bergþóri Bjarka Guðmundssyni, Björgu Gunnarsdóttur, Conor Joseph Byrne, Hrafnhildi Magneyju Gunnarsdóttur, Kolbrúnu Guðmundsdóttur og Starra Friðrikssyni.

Kennslustundir

Nemendur fengu 37,5 kennslustundir á viku (miðað við 40 mínútna kennslustundir). Stærðfræði var kennd 5,50 kennslustundir og íslenska 5,25 kennslustundir á viku. Enska var kennd 5,12 kennslustundir á viku og danska 3 kennslustundir á viku. Lífsleikni var kennd 2,6 kennslustundir á viku og þema var kennt í 4,87 kennslustundir á viku. Val var kennt 6,75 kennslustundir á viku, heimasvæði/vinnustundir var 1,1 kennslustundir á viku og tónmennt var 1,13 kennslustundir á viku. Íþróttir og sund voru kenndar í 1,13 kennslustundir á viku.

Helstu áherslur hópsins

Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að hver nemandi náði að skipuleggja vinnu sína og áætla sér heimavinnu þegar við átti. Hver nemandi vannur svo á sínum hraða en skiluðu verkefnum og tóku próf eftir áætlun kennara. Heimanám var undir hverjum kennara komið og jafnframt almennt skipulag hvernar kennslustundar.

Mikil áhersla var að kenna nemendum að temja sér góð vinnubrögð og snyrtilegan frágang á verkefnum. Einnig var áhersla lögð á að nemendur bæru ábyrgð á eigin námi og að nemendur héldu áfram að tileinka sér þau viðhorf að skólinn sé vinnustaður þeirra.

Skipulag kennslunnar

Stuðst var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en hlutbundin vinna, leitarnám, samvinnunám, uppgötvunarnám, vettvangsnám og skapandi vinna voru þær aðferðir sem voru helst notaðar.

Íslenska

Íslenska var kennd í 3-4 vikna lotum. Í upphafi hvernar lotu fengu nemendur áætlun yfir verkefni lotunnar. Í lok lotunnar var próf sem hafði 50% vægi á móti vinnu og verkefnum nemenda 50%. Hver nemandi var með viðmiðunartölu sem hann setti sér. Ef nemandi náði ekki viðmiðunartölunni sinni eftir lotupróf þá fór nemandinn í upprifjun og tók aftur próf. Í lok árs er tekið samantektarpróf úr öllu námsefni vetrarins sem gildir 30% á móti lotum vetrarins sem gilda 70%.

Flest öllum markmiðum var náð í íslenskunni hjá 9. og 10. bekk, en skerpa mætti á framsagnarluta kennslunnar.

Stærðfræði

Stærðfræði var kennd í 3-4 vikna lotum. Í upphafi hverrar lotu er eitt megin viðfangsefni, verkefnum er skilað í lok hverrar lotu og svo lotupróf eða annað stórt verkefni. Ef nemandi nær ekki viðmiðunartölu sinni á lotuprófi (einkunn ákveðin í samráði við kennara og foreldra) þá fer nemandi í upprifjun og tekur aftur próf. Í lok árs er svo samantektarpróf úr öllu námsefni vetrarins sem gildir 30% en lotur vetrar gilda 70%.

Í 9. bekk var flest öllum námsmarkmiðum náð í vetur en skerpa mætti á þættinum um rökræður og að nemendur fjalli munnlega um stærðfræðileg atriði, efla gagnrýni þeirra á niðurstöðum sínum og túlkun á teikningum, myndritum og jöfnum. Það þyrfti einnig að æfa þá í að geta greint á milli skilgreininga og setninga, milli einstakra tilvika og alhæfinga. Þannig ætti nemandinn að geta nýtt þá þekkingu til að kanna og ræða um stærðfræðileg hugtök, um tilgang og takmörk þeirra.

Í 10. bekk var flest öllum námsmarkmiðum náð í vetur en skerpa mætti á þættinum um að efla gagnrýni þeirra á niðurstöðum sínum og túlkun á teikningum, myndritum og jöfnum. Það þyrfti einnig að vinna verkefni í tölvu þar sem þau geta teiknað, rannsakað eða sett fram rök um rúmfræðilegar teikningar.

Þema

Stríðsárin

Nemendur lærðu um seinni heimsstyrjöldina og áhrif hennar á íslenskt samfélag. Þeir fræddust um ofsóknir nasista gegn gyðingum og ýmsum minnihlutahópum. Í upphafi þemans áttu nemendur að finna einhvern einstakling sem hafði upplifað stríðsárin á Íslandi og taka viðtal við hann og kynna í lok þemans. Meginlesefni þemans var kennslubókin *Stríðsárin á Íslandi*, nemendur leystu verkefni í tengslum við hana og miklar umræður áttu sér stað í tengslum við stríðsárin. Í lokin fóru nemendur í vettvangsferð í Öskjuhlíðina þar sem hópurinn skoðaði ýmsar minjar frá stríðsárunum m.a. loftvarnarbyrgi og víggrafir úr torfi og grjóti. Til skemmtunar og fróðleiks lásu nemendur einnig skáldsöguna *Grafarþögn* eftir Arnald Indriðason og skiluðu einstaklingsverkefni í tengslum við hana í Íslensku. Þemað tók átta vikur og var öllum námsmarkmiðum náð enda öflugar umræður sem áttu sér stað í hópnum og tekið á ýmsum málum. Það hefði verið betra að enda á að láta nemendur vinna að viðtalinu því þeir áttu erfitt með að koma með kjarngóðar spurningar fyrir viðmælendur sína án þess að vera búin að fara í gegnum umfjöllun um efnið.

Stjörnuheimur

Markmið þemans er að kynnast stjörnuheiminum betur og var bókin *Sól, tungl og stjörnur* til grundvallar. Nemendur unnu verkefni í tengslum við hvern kafla í bókinni *Erfðir og Þróun* og tóku kaflapróf. Lokapróf var fyrir nemendur sem náðu ekki 7 í meðaleinkunn í kaflaprófum. Nemendur unnu stórt hópverkefni þar sem þeir gerðu smáhluti og áttu að búa til frumlegar kynningar um smáhlutinn s.s. stuttmynd, barnabók, leikrit o.s.frv.. Þemað var unnið í samvinnu við 56. bekk en þau unnu líkan af sólkerfinu 910. bekkur bætti smáhlutum geimsins inn á það. Þemað tók átta vikur og var öllum námsmarkmiðum náð á þeim tíma.

Maður og náttúra

Markmið þemans var að huga að samspili náttúrunnar og mannsins, uppruna mannsins og hvernig hann hefur þróast í gegnum aldirnar samhliða náttúrunni. Nemendur lásu bókina *Maður og náttúra* og svöruðu sjálfsprófum í bókinni. Þeir tóku einnig þátt í umræðum og unnu önnur verkefni er tengdust efni bókarinnar. Hópverkefnið var kennsluverkefni þar sem nemendur kynntu eitt hugtak fyrir bekknum og gerðu tímaverkefni tengt innlögninni. Þetta heppnaðist mjög vel og mælt með því að nemendur vinni meira að því að skilja hugtökin. Þemað tók fimm vikur og all flestum námsmarkmiðum náð. Það hefði mátt vinna meira með að beita vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýnninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda og látið þau vinna meira með hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika.

Heimsreisán mín

Nemendur lærðu um heimsálfurnar sjö; Afríku, Asíu, Evrópu, Eyjaálfu (Ástralíu), Norður-Ameríku, Suður-Ameríku og Suðurskautslandið. Nemendur völdu sér eina heimsálfu og eitt land og áttu að gera heimildarritgerð. Bókin *Um víða veröld – Heimsálfur lá til grundvallar*. Stærsta verkefni þemans var hópverkefni þar sem nemendur skipulögðu sína eigin 3 mánaðar heimsreisnu og áttu að gera hana á sem ódýrastan máta. Nemendur þurftu að tilgreina til hvaða heimsálfa þeir fóru og lýsa tveimur ítarlega, hvaða lönd þeir heimsóttu, hvaða staði þeir skoðuðu, hvar þeir gistu, gera nákvæma kostnaðaráætlun. Í lok þemavinnu kynnti hver hópur sína ferð með ca. 20 mín glærukynningu fyrir bekkinn. Þemað tók sex vikur og var öllum námsmarkmiðum náð. Það þyrfti hins vegar að leggja meiri áherslu á að nemendur temji sér góð vinnubrögð þegar þeir vinna að heimildarverkefnum og vitni rétt í þegar það á við.

Nýbúar

Markmið þemans er að setja sig í spor nýbúa á Íslandi og öðlast skilning á mismunandi menningarhópum. Nemendur kynntust og notuðu hugtökin nýbúar og fjölmennungur. Kveikjan að þemanu var heimildarmyndin *Vegurinn heim* sem er um fjölmennungu á Íslandi. Þeir unnu jafnframt nokkur verkefni tengd myndinni. Nemendur unnu einnig verkefni tengd bókinni *Vinir í nýju landi*. Unnið var eftir CLIM aðferðarfræði þar sem hver og einn nemandi hefur ákveðið hlutverk í hópnum og tímastjórnun er mikilvæg. Stærsta verkefni þemans var viðtal sem nemendur tóku við nýbúa. Þar lærðu nemendur að undirbúa viðtal og framkvæma það. Í lokin kynntu nemendur niðurstöður viðtals fyrir samnemendum. Öllum námsmarkmiðum var náð en skerpa mætti á að nemendur myndi kynnast betur og sýndu fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims en nokkrir nemendur kynntu helstu trúarbrögðin og samnemendur hlustuðu á.

Námsefni

Námsefni hópsins var fjölbreytt og miðað að þörfum hvers og eins.

Í íslensku í 9. bekk voru notaðar bækurnar *Skerpa II*, *Mályrkja II*, *Skrifinnur*, *Málfinnur*, *Hugfinnur*, *Laxdæla*, *Djöflaeyjan*, orðabækur, ýmsar kjörbækur, goðsögur, þjóðsögur, smásögur og ljóð. Í íslensku í 10. bekk voru notaðar bækurnar *Skerpa III*, *Mályrkja III*, *Skrifinnur*, *Málfinnur*, *Hugfinnur*, *Gísla saga Súrssonar*, *Englar Alheimsins*, orðabækur, ýmsar sakamálasögur, smásögur og ljóð ásamt ljósritum frá kennara.

Bækurnar sem notaðar voru í stærðfræði í 9. bekk voru *Almenn stærðfræði II*, Átta tíu nr. þrjú og fjögur, *Hugtök í stærðfræði* og *Vinkill II*. Í 10. bekk voru það *Almenn stærðfræði III* og *Vinkill III*. Átta tíu fimm var einnig notuð að hluta. Þá fengu allir nemendur eintak af *Hugtök í stærðfræði*.

Í dönsku var bókin *Ekko; lesbók og verkefnabók*. Í ensku var í 9. bekk notuð bókin *Spotlight 9*; lesbók og verkefnabók og í 10. bekk *Spotlight 10*; lesbók og verkefnabók ásamt ýmsum verkefnum frá kennara.

Í þemum voru ýmsar bækur notaðar. Í þemanu Stríðsárin var bókin *Stríðsárin á Íslandi* lesin. Þemað Stjörnuheimurinn krafðist kennslubókarinnar *Sól, tungl og stjörnur. Maður og náttúra* heitir bókin sem var notuð í þemanu Maður og náttúra. Bókin *Um víða veröld - Heimsálfur* var notuð í þemanu Heimsálfur. Í þemanu Nýbúar var námsbókin *Vinir í nýju landi* notuð sem og heimildarmyndin *Vegurinn heim*.

Í lífsleikni var m.a. efnið *Hugarfrelsi* notað, einnig heimspekileg samræða ásamt ýmsum verkefnum tengdum lífsleikni.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var á milli foreldra og umsjónarkennara. Kennarar sendu upplýsingar um starfið og skipulag námsins reglulega og veitti upplýsingar sem voru gagnlegar fyrir foreldra. Foreldrar höfðu þó nokkur samskipti við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst/síma í tengslum við vinnulotur, samskipti og líðan nemenda og ýmis önnur mál.

Útikennsla og ferðir

Ekki voru sérstakir útikennsludagar í 9. og 10. bekk en vettvangsferðir voru farnar í tengslum við þemun (sjá hjá þemum). Í september var farið í haustferð á Úlfjótssvatn í samstarfi við Klakann. Þar var ýmislegt gert til gamans og m.a. prófuðu nokkrir nemendur vatnsleikjasvæðið þar sem má finna skemmtilegar þrautabrautir..

Í desember fórum við í kirkjuferð í Vídalínskirkju með öllum nemendum og starfsfólki Sjólandsskóla. Farið var í ratleik um miðbæ Reykjavíkur á vordögum. Lauk skólaárinu síðan með vel heppnuðum ferðum í Hvalfjörð hjá 9. bekk og á Snæfellsnesið hjá 10. bekk.

Félagsstarf

Unglingastig Sjólandsskóla hefur aðgang að félagsmiðstöðinni Klakanum. Þangað sóttu nemendur opin hús og dansleiki, jafnframt voru vikuleg opin hús á þriðjudagskvöldum og fimmtudagskvöldum þar sem nemendur mættu nokkuð vel. Árshátíð unglingastigs var haldin í Sjólandsskóla. Nemendur og kennarar áttu ánægjulegan kvöldverð saman í Sjólandsskóla og kennarar og nemendur voru með skemmtiatriði.

Námsmat

Nemendur voru metnir eftir hvert þema og voru einkunnir settar inn í verkefnabók í Mentor. Í stærðfræði og íslensku voru lotupróf á u.þ.b. þriggja vikna fresti. Í ensku og dönsku voru reglulega kaflapróf og verkefni nemenda metin. Í lok skólaársins var nemendum afhent heildarmat vetrarins.

Námsárangur nemenda var almennt ágætur og var það metið út frá markmiðum hverrar lotu og markmiðum aðalnámskrár. Nemendur tóku samantektarpróf í stærðfræði og íslensku í lok maí.

Þrír nemendur voru í fjarnámi í stærðfræði við FG, 2 nemendur í ensku og 2 í dönsku

Ástundun og fjarvistir

Ástundun var send heim til foreldra reglulega yfir veturinn. Þegar líða tók á veturinn kom í ljós að margir nemendur voru ekki nógu samviskusamir í ástundun. Margir mættu seint í kennslustundir hvort sem það var á morgnana eða miðjum degi og mættu jafnvel ekki og höfðu ekki skýrar ástæður fyrir fjarvist sinni. Yfir veturinn voru: veikindadagar alls 352 dagar og 51 stundir, leyfi var 156 dagar og 83 stundir, fjarvistir 25 dagar og 250 stundir og seinkomur 92 stundir.

Almennt mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk almennt mjög vel. Fyrrihluta vetrar var lögð áhersla á að þetta hópinn þar sem samkenntsla var hjá 9. og 10. bekk sem gekk mjög vel þegar reynsla var komin á fyrirkomulagið. Sú nýjung var tekin upp að nota speglaða kenntslu í stærðfræði og að litlu leyti í íslensku og reynt að fá nemendur til að bera meiri ábyrgð á námi sínu með þeim hætti. Ekki tókst að fá alla til að tileinka sér nýja siði í námi en talið er að þetta muni taka smá tíma til að venjast nýjum vinnubrögðum. Nemendur bekkjarins eru ágætir félagar en vinnusemi hópans var mjög misjöfn. Skipulag námsefnis náði að haldast eins og lagt var upp með.

Skýrsla enskukennara

Kennarar: Anna Lilja Torfadóttir og Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir

Skólaárið 2014-2015, 8. 9. og 10. bekkur. Í 8. bekk voru 2 umsjónarhópar en þeim var kennt saman í enskunni, í 9. og 10. bekk var hvorum árgangi kennt fyrir sig þrátt fyrir að vera einn bekkur.

8. bekkur

8. bekkur, 37 nemendur, kennsla fjórum sinnum í viku, tvisvar í 60 mínútur og tvisvar í 45 mínútur, alls 210 mínútur á viku. Einn nemandi var í hraðferð, tók efni 8. bekkjar á haustönn og námsefni 9. bekkjar á vorönn.

Markmið

Markmið enskukennslunnar skiptist í 7 flokka: Hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskóla og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestum af þessum markmiðum.

Skipulag kennslunnar

Enskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt

viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu. Heimanám var nær eingöngu tengt stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára í tímum.

Hlustun

Áhersla var lögð á sem réttastan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lesskilningur

Unnið var með lestexta námsbókum og öðru námsefni.

Samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á ensku, einnig töluðu nemendur saman á ensku í ákveðnum verkefnum.

Frásögn

Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna.

Menningarlæsi

Nemendur lásu kafla í námsbókinni þar sem kynnt eru mismunandi enskumælandi svæði en einnig var notast við heimildamyndirnar World Wide English þar sem fjallað er um nokkrar borgir í enskumælandi löndum.

Námshæfni

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna sem reyndu á sjálfstæði nemenda í upplýsingaleit, skipulagningu og samvinnu.

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: Spotlight 8: lesbók, vinnubók og hlustunarefni.

Annað námsefni: Lesskilningshefti, kjörbækur, efni af vefnum og ýmislegt annað efni frá kennara.

Verkefni

Helstu verkefni voru unnin í verkefnabók Spotlight 8. Önnur verkefni voru lesskilningur, glærukynningar í tengslum við þema, kjörbókarkynning, ritunarverkefni, samvinnuverkefni og vinna með málfræði.

Heimavinna

Heimavinna tengdist aðallega stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára þau í vinnustundum.

Matsaðferðir

Öll skilaverkefni voru metin til einkunnna. Vinnubók ásamt vinnusemi var líka hluti af einkunn. Tekin voru skrifleg kaflapróf, þrjú á haustönn og tvö á vorönn. Hjá hraðferðarnemanda voru kaflaprófin fimm á haustönn og sex á vorönn. Allir nemendur tóku sex sagnapróf á vorönn. Skrifleg málfræðipróf voru í desember og maí, sem og hlustunarpróf. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefinn í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn. Þar gildi einkunn á haustönn 50% og vorönn 50%.

9. bekkur

9. bekkur, 23 nemendur, kennsla fjórum sinnum í viku, einu sinni í 60 mínútur og þrisvar í 45 mínútur, alls 195 mínútur á viku. 11 nemendur voru í hraðferð, tóku efni 9. bekkjar á haustönn og efni 10. bekkjar á vorönn.

Markmið

Markmið enskukennslunnar skiptist í 7 flokka: Hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarlæsi og námshæfni. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskóla og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestum af þessum markmiðum.

Skipulag kennslunnar

Enskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu. Heimanám var nær eingöngu tengt stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára í tímum.

Hlustun

Áhersla var lögð á sem réttastan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lesskilningur

Unnið var með lestexta námsbókum og öðru námsefni.

Samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á ensku, einnig töluðu nemendur saman á ensku í ákveðnum verkefnum.

Frásögn

Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna.

Menningarlæsi

Nemendur lásu kafla í námsbókinni þar sem kynnt eru mismunandi enskumælandi svæði en einnig var notast við heimildamyndirnar World Wide English þar sem fjallað er um nokkrar borgir í enskumælandi löndum.

Námshæfni

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna sem reyndu á sjálfstæði nemenda í upplýsingaleit, skipulagningu og samvinnu.

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: Spotlight 9: lesbók, vinnubók og hlustunarefni.

Annað námsefni: Kjörbækur, efni af vefnum og ýmislegt annað efni frá kennara.

Verkefni

Helstu verkefni voru unnin í verkefnabók Spotlight 9. Önnur verkefni voru kynningar, kjörbókarritgerð og verkefni um sjónvarpsþátt.

Heimavinna

Heimavinna tengdist aðallega stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára þau í vinnustundum.

Matsaðferðir

Öll skilaverkefni voru metin til einkunnar. Vinnubók ásamt vinnusemi var líka hluti af einkunn. Tekin voru skrifleg kaflapróf, þrjú á haustönn og þrjú á vorönn hjá þorra nemenda en hjá hraðferðarnemendum voru kaflaprófin sex á haustönn en sjö á vorönn. Allir nemendur tóku sex sagnapróf á vorönn. Skrifleg málfræðipróf voru í desember og maí, sem og hlustunarpróf. Munnlegt próf var fyrir hraðferðarnemendum í maí og var það í formi myndbands sem nemendur sendu kennara. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefinn í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn. Þar gildi einkunn á haustönn 50% og vorönn 50%.

10. bekkur

10. bekkur, 8 nemendur (þar af 2 nemendur sem voru í fjarnámi frá FG), kennsla fjórum sinnum í viku, einu sinni í 60 mínútur og þrisvar í 45 mínútur, alls 195 mínútur á viku

Markmið

Markmið enskukennslunnar skiptist í 7 flokka: Hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarlæsi og námshæfni. Markmiðin eru byggð á Aðalnámskrá grunnskóla og í verkefnum vetrarins var reynt að ná sem flestum af þessum markmiðum.

Skipulag kennslunnar

Enskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu. Heimanám var nær eingöngu tengt stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára í tímum.

Hlustun

Áhersla var lögð á sem réttastan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lesskilningur

Unnið var með lestexta námsbókum og öðru námsefni.

Samskipti

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á ensku, einnig töluðu nemendur saman á ensku í ákveðnum verkefnum.

Frásögn

Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna.

Menningarlæsi

Nemendur lásu kafla í námsbókinni þar sem kynnt eru mismunandi enskumælandi svæði en einnig var notast við heimildamyndirnar World Wide English þar sem fjallað er um nokkrar borgir í enskumælandi löndum.

Námshæfni

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna sem reyndu á sjálfstæði nemenda í upplýsingaleit, skipulagningu og samvinnu.

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: Spotlight 10: lesbók, vinnubók og hlustunarefni.

Annað námsefni: Kjörbækur, efni af vefnum og ýmislegt annað efni frá kennara.

Verkefni

Helstu verkefni voru unnin í verkefnabók Spotlight 10. Önnur verkefni voru kynningar, lestrarverkefni, dægurlagaverkefni og einstaklingsverkefni.

Heimavinna

Heimavinna tengdist aðallega stærri verkefnum, en einnig þurftu nemendur að klára viðfangsefni vikunnar heima ef þeir náðu ekki að klára þau í vinnustundum.

Matsaðferðir

Öll skilaverkefni voru metin til einkunnna. Vinnubók ásamt vinnusemi var líka hluti af einkunn. Tekin voru skrifleg kaflapróf, þrjú á haustönn og fjögur á vorönn. Allir nemendur tóku sex sagnapróf á vorönn. Skrifleg málfræðipróf voru í desember og maí, sem og hlustunarpróf. Munnlegt próf var í maí og var það í formi myndbands sem nemendur sendu kennara. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefinn í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn. Þar gildi einkunn á haustönn 50% og vorönn 50%.

Skýrsla dönskukennara

Kennarar voru: Margrét Þorleifsdóttir, Sigurbjörg Ósk H. Sigurðardóttir og Arngunnur H. Sigurpórsdóttir. Þær kenndu fimm árgöngum dönsku skólaárið 2014 – 2015. 5. og 6. bekkur, 8. 9. og 10. bekkur

5. og 6. bekkur. Í 5 og 6. bekk var 51 nemandi í dönsku, kennt einu sinni í viku í 60 mínútur.

Hæfniviðið í dönsku: Að nemandi

- geti skrifað algeng orð sem tengjast fjölskyldunni
- geti skrifað nöfn daganna, mánaðanna og árstíðanna
- geti skrifað tölurnar frá 1-20
- geti lesið einfaldan texta á dönsku og svarað spurningum úr honum
- geti þýtt einfaldan texta á dönsku
- geti skrifað algeng sagnorð og lýsingarorð
- geti skrifað algeng orð sem tengjast heimilinu
- geti skilið þegar talað er á skýru og einföldu máli um lesið efni eða daglegt líf

Kennsluhættir og skipulag: Dönskukennslan miðast við að vekja áhuga á dönsku og danskri menningu. Auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Leitast var við að nota fjölbreytta kennsluhætti og jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu.

8. bekkur

Í 8. bekk voru 37 nemendur í dönsku, kennt var tvisvar sinnum í viku, tvær 60 mínútna kennslustundir, alls 120 mínútur á viku.

Hæfniviðið

Hæfniviðiðum í dönsku er skipt í 7 flokka í Aðalnámskrá grunnskóla: Hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, menningarlesi og námshæfni. Leitast var við að aðlaga dönskuverkefni vetrarins að þessum hæfniviðiðum.

Skipulag kennslunnar

Dönskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á dönsku og kynna danska menningu og siði.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu.

Hlustun

Áhersla var lögð á réttan, danskan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda auk þess sem að þeir fengu að hlusta á tónlist og horfa á kvikmyndir yfir veturinn. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lesskilningur

Unnið var í námsbókum og öðru námsefni.

Samskipti og Frásögn

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á dönsku, einnig töluðu nemendur saman á dönsku í ákveðnum verkefnum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Nemendur lásu til skiptis úr námsbókum, ræddu saman í þörum um námsefnið og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum. Það var farið í ýmsa leiki til að gera þau óhrædd við að tjá sig á dönsku.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna, s.s. ritgerða og ritunarverkefna.

Menningarlæsi og námshæfni

Unnið var með kvikmyndir, auglýsingagerð og I-pada

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: Tænk lesbók og Tænk, vinnubækur A og B.

Annað námsefni: Leikir, spil, teikniverkefni, tónlist, kvikmyndir og annað efni af netinu og frá kennara.

Heimavinna

Nemendur fengu áætlun í dönsku fyrir allan veturinn í upphafi skólaárs og unnu eftir henni. Ef nemendur náðu ekki að klára verkefnið í kennslustundunum þá var ætlast til að þeir kláruðu verkefnið heima.

Matsaðferðir

Símat var allt skólaárið og allar kannanir og próf sem tekin voru yfir veturinn höfðu vægi inn í heildareinkunn að vori, samtals 75%. Vinna í vinnubók, vinnusemi og virkni í tímum og skil á

heimavinnu höfðu 25% vægi á móti vægi kannana og prófa. Kannanir og próf voru skrifleg, munnleg og hlustun. Námsmat var samsett úr símati sem fram fór allt skólaárið og í lokin var gefin ein heildareinkunn.

9. bekkur

Í 9. bekk voru 23 nemendur í dönsku, kennt var tvisvar sinnum í viku, tvær 60 mínútna kennslustundir, alls 120 mínútur á viku.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðmiðum í dönsku er skipt í 7 flokka í Aðalnámskrá grunnskóla: Hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, menningarläsi og námshæfni. Leitast var við að aðlaga dönskuverkefni vetrarins að þessum hæfniviðmiðum.

Skipulag kennslunnar

Dönskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á dönsku og kynna danska menningu og siði.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu.

Hlustun

Áhersla var lögð á réttan, danskan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda auk þess sem að þeir fengu að hlusta á tónlist og horfa á kvikmyndir yfir veturinn. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lesskilningur

Unnið var í námsbókum og öðru námsefni.

Samskipti og Frásögn

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á dönsku, einnig töluðu nemendur saman á dönsku. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Nemendur lásu til skiptis úr námsbókum, ræddu saman í pörum um námsefnið og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum. Það var farið í ýmsa leiki til að gera þau óhrædd við að tjá sig á dönsku.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna, s.s. ritgerða og ritunarverkefna.

Menningarläsi og námshæfni

Unnið var með kvikmyndir, auglýsingagerð og með I-pada

Skipulag kennslunnar

Dönskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á dönsku og kynna danska menningu og siði.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru bæði skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu.

Hlustun

Áhersla var lögð á réttan, danskan framburð. Nemendur hlustuðu á tónlist, alls kyns myndbönd og efni af netinu, kennarann og hver á annan. Auk þess fengu nemendur að horfa á bíómyndir. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lesskilningur

Unnið var með lesskilning í námsbókum og fleiri miðlum.

Samskipti og frásögn

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennarann á dönsku, einnig töluðu nemendur saman í þörum eða hópum á dönsku. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Lásu til skiptis úr námsbókum og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbók. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Ritun

Unnið var í námsbókum, ritgerð um kvikmynd og ýmis styttri ritunarverkefni.

Menningarläsi og námshæfni

Unnið var með kvikmyndir, auglýsingagerð og l_pada

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: Dejlige Danmark: lesbók, vinnubók og hlustunarefni. Smil: lesbók og vinnubók A.

Annað námsefni: Leikir, spil, sögur, myndasaga, tónlist, kvikmyndir, verkefni af vefnum, s.s. danskediamanter.is og önnur verkefni frá kennara.

Heimavinna

Nemendur fengu áætlun í dönsku fyrir allan veturinn í upphafi skólaárs og unnu eftir henni. Ef nemendur náðu ekki að klára verkefni í kennslustundunum þá var ætlast til að þeir kláruðu verkefni heima.

Matsaðferðir

Símat var allt skólaárið og allar kannanir og próf sem tekin voru yfir veturinn höfðu vægi inn í heildareinkunn að vori, samtals 75%. Vinna í vinnubók, vinnusemi og virkni í tímum og skil á

heimavinnu höfðu 25% vægi á móti vægi kannana og prófa. Kannanir og próf voru skrifleg, munnleg og hlustun. Námsmat var samsett úr símati sem fram fór allt skólaárið og í lokin var gefin ein heildareinkunn.

10. bekkur

Í 10. bekk voru 5 nemendur í dönsku, 3 nemendur voru í hefðbundnu námi og 2 í hraðferð. Þeir sem voru í hraðferð kláruðu 10. bekkjar námsefni um jól og tóku þá framhaldsskólaáfangu í fjarnámi. Kennt var tvisvar í viku, tvær 60 mínútna kennslustundir, alls 120 mínútur á viku.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðmiðum í dönsku er skipt í 7 flokka í Aðalnámskrá grunnskóla: Hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, menningarlæsi og námshæfni. Leitast var við að aðlaga dönskuverkefni vetrarins að þessum hæfniviðmiðum.

Skipulag kennslunnar

Dönskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á dönsku og kynna danska menningu og siði.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu.

Hlustun

Áhersla var lögð á réttan, danskan framburð. Nemendur hlustuðu á framburð kennara og annarra nemenda auk þess sem að þeir fengu að hlusta á tónlist og horfa á kvikmyndir yfir veturinn. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lesskilningur

Unnið var í námsbókum og öðru námsefni.

Samskipti og Frásögn

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á dönsku, einnig töluðu nemendur saman á dönsku. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Nemendur lásu til skiptis úr námsbókum, ræddu saman í pörum um námsefnið og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum. Það var farið í ýmsa leiki til að gera þau óhrædd við að tjá sig á dönsku.

Ritun

Unnið var í námsbókum auk annarra verkefna, s.s. ritgerða og ritunarverkefna.

Menningarlæsi og námshæfni

Unnið var með kvikmyndir, auglýsingagerð og með I-pada

Skipulag kennslunnar

Dönskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á dönsku og kynna danska menningu og siði.

Kennsluhættir

Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru bæði skrifleg og munnleg. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu.

Hlustun

Áhersla var lögð á réttan, danskan framburð. Nemendur hlustuðu á tónlist, alls kyns myndbönd og efni af netinu, kennarann og hver á annan. Auk þess fengu nemendur að horfa á bíómyndir. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókanna.

Lesskilningur

Unnið var með lesskilning í námsbókum og fleiri miðlum.

Samskipti og frásögn

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennarann á dönsku, einnig töluðu nemendur saman í þörum eða hópum á dönsku. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Lásu til skiptis úr námsbókum og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbók. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Ritun

Unnið var í námsbókum, ritgerð um kvikmynd og ýmis styttri ritunarverkefni.

Menningarläsi og námshæfni

Unnið var með kvikmyndir, auglýsingagerð og ipada

Skipulag og kennsluhættir

Dönskukennslan miðaðist við að auka orðaforða með hlustun, lestri og ritun. Vekja áhuga á dönsku og kynna danska menningu og siði. Leitast var við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Verkefni voru unnin bæði sem einstaklingsverkefni og í hópavinnu. Verkefni voru bæði skrifleg, munnleg og hlustun. Áhersla var lögð á jákvætt viðhorf gagnvart náminu og tungumálinu og að styrkja nemandann í trú á eigin getu í faginu.

Hlustun

Áhersla var lögð á réttan, danskan framburð. Nemendur hlustuðu á tónlist, kennara og hver á annan. Auk þess fengu nemendur að horfa á bíómyndir. Einnig var notast við hlustunarefni námsbókar.

Lestur

Unnið var í námsbókum, lagatextar og ýmsir aðrir textar.

Samskipti og frásögn

Í ákveðnum verkefnum höfðu nemendur samskipti við kennara á dönsku, einnig töluðu nemendur saman á dönsku í þörum eða hópum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð. Nemendur komu fram og kynntu verkefni sín þegar það átti við. Lásu til skiptis úr námsbókum, fóru í ýmsa leiki til að þjálfra þau í frásögn á dönsku og einnig var notast við hlustunaræfingar sem fylgja námsbókunum. Áhersla var lögð á að kenna réttan, danskan framburð.

Ritun

Unnið var í námsbókum, skrifaðar ritgerðir og styttri ritunarverkefni.

Menningarläsi og námshæfni

Unnið var með kvikmyndir, leikrit og I-pada

Námsgögn og námsefni

Kennslubækur: Ekko: lesbók, vinnubækur A og B og hlustunarefni. Grammatik 2 lesbók og vinnubók.

Annað námsefni: Leikir, spil, saga, ljóð, kvikmyndir, tónlist, verkefni af vefnum danskediamanter.is og önnur verkefni frá kennara.

Heimavinna

Nemendur fengu áætlun í dönsku fyrir allan veturinn í upphafi skólaárs og unnu eftir henni. Ef nemendur náðu ekki að klára verkefnið í kennslustundunum þá var ætlast til að þeir kláruðu verkefnið heima.

Námsmat

Símat var allt skólaárið og allar kannanir og próf sem tekin voru yfir veturinn höfðu vægi inn í heildareinkunn að vori, samtals 80%. Vinna í vinnubók, vinnusemi og virkni í tímum og skil á heimavinnu hafa 20% vægi á móti vægi kannana og prófa. Kannanir og próf voru bæði skrifleg, munnleg og hlustun. Námsmat fyrir kannanir og próf var gefið í tölum og í lok skólaárs var gefin ein heildareinkunn.

Valnámskeið á unglingastigi

Stattu upp og stattu þig

Nemendur fá þjálfun í að standa fyrir framan hóp og tjá skoðanir sínar á ýmsum málefnum.

Námsgögn og námsefni

Bókin *Verum virk* lá til grundvallar í þessu valnámskeiði.

Kennsluaðferðir

Bókin *Verum virk* var lesin og rædd í tímum. Unnin voru verkefni tengd bókinni, bæði í hópum og einstaklingslega.

Matsaðferðir

20% Virkni í tímum

20% Þátttaka í hópavinnu

20% Afmælisávarp

30% Iokaræða

10% Heimavinna

Bakstur

Nemendur æfa sig í að baka eftir uppskrift og ganga frá eftir sig.

Námsgögn og námsefni

Uppskriftir úr bókinni *Uppskriftir fyrir unglingastig* (slóðin

<http://vefir.nams.is/heimilisfraedi/unglingastig.pdf>) voru að mestu notaðar en einnig mátti finna uppskriftir á netinu.

Kennsluaðferðir

Nemendum var skipt í hópa sem þeir unnu í allt námskeiðið. Hóparnir skiptust á að sjá um uppvask, frágang og þrif og var búin til rúlla sem rúllaði allt tímabilið. Þeir sjáu um að sækja það sem þeim vantaði í búrið, vinna eftir uppskrift og koma kökunum í ofn og ofan í poka.

Matsaðferðir

Nemendur unnu sjálfsmat og jafningjamat en jafnframt var tekið mið af framgöngu nemandans, vinnubrögðum, efnisnotkun, virkni/sjálfstæði, umgengi og frágangi.

Leiklist

Nemendur fá þjálfun í leikrænni tjáningu og framsögn.

Námsgögn og námsefni

Leikið með listina, Leiklist í kennslu og ýmiss verkefni sem kennari hefur safnað að sér.

Kennsluaðferðir

Gerðar voru upphitunar og spunaæfingar í hverjum tíma og unnið með eitthvað ákveðið efni í hverjum tíma. Nemendur reyndu fyrir sér í handritagerð.

Matsaðferðir

Námsmat byggir á ástundun, frammistöðu í tímum og verkefnum.

His story – her story

Stiklað á stóru um frægar persónur sögunnar og velt fyrir sér hvar konurnar eru. Líf nokkurra frægra karla var rannsakað og velt fyrir sér hvaða áhrif konurnar í kringum hann höfðu á frægðarljóma hans. Jafnrétti og kynjahugmyndir ræddar í tengslum við persónurnar.

Námsgögn og námsefni

Ýmsar greinar af netinu, námsbækurnar *Stríðsárin á Íslandi*, *Vesturfara*, *Snorri Sturluson og mannlíf á miðöldum*, *Miðaldafólk á ferð*, *Ein grjóthrúga í hafinu*, *Sögueyjan I*, *Bréf og minningar*, *Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar*, *Úr sveit í borg* og Internetið.

Kennsluaðferðir

Nemendur lásu ýmsar greinar um konur í sögunni eða hvar þær væru að finna. Hugtökin kynjasaga, kvennasaga og kyngervi var kynnt til sögunnar. Nemendur skönnuðu einnig nokkrar sögubækur sem kenndar eru í grunnskólum og töldu út hve margar konur voru nefndar á nafn. Nemendur kynntu yfirleitt niðurstöður sínar fyrir hópnum og þær ræddar í hópnum. Unnið var eftir leitar og spurnaraðferð sem og púslaðferðin var notuð.

Matsaðferðir

50% Lokaverkefni

30% Tímaverkefni

20% Kennaramat

Tilraunastofan

Á námskeiðinu verða gerðar ýmsar tilraunir tengdar efna-eðlisfræði sem ætlað er að skerpa skilning á ýmsum þáttum efna-og eðlisfræði. Á hverjum tíma eru gerðar skriflegar skýrslur um tilraunir nemenda.

Námsgögn og námsefni

Efni og áhöld frá kennara. Ýmsar tilraunir af netinu og <http://vefir.nams.is/edlisfr/index.htm>.

Kennsluaðferðir

Nemendur unnu ýmsar tilraunir og athuganir. Nemendum var kennd grundvallaratriði í skýrslugerð og vinnu við tilraunir.

Námsmat

Námsmat byggir á ástundun, frammistöðu í tímum og verkefnum.

Bollakökur

Nemendur læra að búa til ólíkar gerðir af bollakökum og skreyta þær.

Námsgögn og námsefni

Efni og áhöld frá kennara.

Kennsluaðferðir

Nemendum var skipt í hópa sem þeir unnu í allt námskeiðið. Hóparnir skiptust á að sjá um uppvask, frágang og þrif og var búin til rúlla sem rúllaði allt tímabilið. Þeir sjáu um að sækja það sem þeim vantaði í búið, vinna eftir uppskrift og koma kökunum í ofn. Nemendum var kennt að búa til ýmisskonar krem og skreytingartækni.

Námsmat

Byggir á ástundun og frammistöðu í tímum. Tekið er mið af framgöngu nemandans, vinnubrögðum, efnisnotkun, virkni/sjálfstæði, umgengni og frágangur.

Heimsins bestu brauð

Nemendur læra að búa til ólíkar gerðir af brauðum s.s. ger, og gerlaus brauð. Leitast var við að gera brauðin sem heilsusamlegust.

Námsgögn og námsefni

Efni og áhöld frá kennara.

Brauð sem voru bökuð

Rúsínubrauð

Súkkulaðiskonsur

Svanhildarbrauð

Pissasnúðar

Heilsubrauð

Döðlubrauð

Bananabrauðið besta

Kennsluaðferðir

Nemendur unnu ýmist einir eða tveir saman. Nemendur sáu sjálfir um að ganga frá og þrifa þau áhöld sem þeir notuðu. Hópurinn sá sameiginlega um annan frágang. Kennari sá um að tína til efni og áhöld í búið.

Námsmat

Byggir á ástundun og frammistöðu í tímum. Tekið er mið af framgöngu nemandans, vinnubrögðum, efnisnotkun, virkni/sjálfstæði, umgengni og frágangur.

Mæting nemenda var góð, þau voru vinnu- og áhugasöm um námsefnið.

Kvimkyndir

Nemendur horfa á nokkur klassísk stórvirki í bandarískri kvikmyndasögu, þær greindar og gagnrýndar. Farið verður í uppbyggingu kvikmyndanna, hvað sé sérstækt við þær og hvernig sumar þeirra eru „lagskiptar“

Námsgögn og námsefni

Myndbönd

Námsmat

Byggir á ástundun, frammistöðu og verkefnaúrlausnum.

Ítölsk matargerð

Nemendur fá að kynnast grunnþáttum ítalskrar matargerðar, sögu hennar og spreyta sig á að matbúa ýmsa velþekkta rétti.

Námsgögn og námsefni

Stuðst var við heftið *Uppskriftir fyrir unglingastig*, gefin út af Námsgagnastofnun 2009. (slóðin <http://vefir.nams.is/heimilisfraedi/unglingastig.pdf>) Einnig voru ýmsar uppskriftir sóttar héðan og þaðan af hinum ýmsu vefsíðum, þýddar og staðfærðar.

Kennsluaðferðir

Farið var lauslega yfir sögu ítalskrar matargerðar og mismunandi matreiðsla og hráefni hvers héraðs rædd. Nemendum var skipt í jafna hópa í upphafi hvers tíma, þar sem hver hópur vann eftir uppskrift og skiptist á að vaska upp og ganga frá eftir sig.

Matsaðferðir

Nemendur unnu sjálfsmat en fyrst og fremst var tekið mið af framgöngu nemandans, vinnubrögðum, efnisnotkun, virkni/sjálfstæði, umgengi og frágangi.

Hjólreiðar

Nemendur læra um örugga hjólanotkun og fara í hjólaferðir.

Námsgögn og námsefni

Reiðhjól og hjálmur. Ýmislegt efni af interneti, t.d. hjólamyndbönd af youtube, vefsíðan hjólreiðar.is, hjólavefsjáin <http://is.ridethecity.com/iceland> og vefur umferðarstofu.

Kennsluaðferðir

Í upphafi valnámskeiðs voru umræður um hjólanotkun, mismunandi hjól og hjólaleiðir. Einnig var farið stuttlega yfir lög og reglugerðir um hjól og hjólreiðar. Nemendur leituðu upplýsinga á netinu og skipulögðu hjólaferðir. Útikennsla var meginþungi valnámskeiðsins þar sem nemendur fóru í margar hjólaferðir.

Námsmat

Byggir á ástundun og frammistöðu í tímum.

Leikir með litla bolta

Farið er í boltaleiki með mjúkum boltum t.d. brennó, gryfjubolti, frelsisstöng, dodgeball, liðaskotbolti, virkaskotbolti, ýmsar tegundir skotbolta ásamt fjölbreyttum leikjum, nýjum og gömlum með litlum mjúkum boltum.

Mat

Þetta val er alltaf mjög vinsælt og yfir 20 nemendur sem velja það og hafa gert þau ár sem valið hefur verið í boði.

Námsmat

Byggir á ástundun, virkni, verkefni og frammistöðu í tímum.

Leikir án bolta

Farið er í leiki, hlaupaleiki, samvinnuleiki, ýmsar tegundir eltingaleikja, ratleiki og marga nýja leiki ásamt gömlum góðum íslenskum leikjum.

Mat

Þetta val er mjög vinsælt, um og yfir 20 nemendur hafa verið í þessu vali þegar það er í boði.

Námsmat

Byggir á ástundun, virkni, samvinnuverkefni og frammistöðu í tímum.

Líkamsmótun og Jump-fit

Farið er í styrkjandi æfingar og mikil áhersla lögð á rétta líkamsbeitingu. Nemendur gera æfingar með eigin líkamspyngd og þær æfingar tengdar m.a. við yoga og pilates. Jump-fit er nokkurs konar sippdans þar sem nemendur sippa í takt við tónlist og gera allskonar danshreyfingar með sippuböndum. Annar tími vikunnar er Jump-fit tími og hinn tíminn rólegar styrkjandi æfingar.

Mat

Valið verður æ vinsælla með árunum. Það er að vísu aldrei eins þ.e. líkamsmótunarpátturinn.

Námsmat

Byggir á ástundun, virkni, verkefni og frammistöðu í tímum.

Líkamsrækt í tækjasal

Nemendur fá kennslu á líkamsræktartæki í tækjasalnum í Ásgarði. Lögð er áhersla á að auka styrk og þol. Áhersla er á að nemendur geri æfingarnar rétt og að nemendur séu að lyfta þeirri þyngd sem hentar þeirra aldri og getu.

Mat

Námskeiðið er kennt uppi í Ásgarði og er aðallega fyrir nemendur í 10. bekk. Hámarksfjöldi nemenda í tímum eru 12 nemendur.

Námsmat

Byggir á ástundun, virkni, hegðun og frammistöðu í tímum.

Myndmennt val

Kennari: Guðrún Dóra Jónsdóttir.

Nemendur í 8 – 10. bekk voru með myndmennt sem valfag í lotum. Valið var kennt í átta vikna lotum. Nemendur komu einu sinni í viku í 2 klst í senn, í hópunum voru 10-13 nemendur. Nemendur unnu einföld skylduverkefni og fengu svo rúman tíma til þess að vinna frjáls verkefni þar sem sköpun nemenda réði ríkjum.

Að vefa úr salgætisbréfum

Fallegir og litríkir hlutir búnir til, eins og veski, skálar og margt fleira með frábærri aðferð við að vefa saman búta úr endurnýtanlegum efnum. Hlutirnir eru búnir til úr snakkpokum, kaffipokum, salgætisbréfum, tímaritum og dagblöðum. Byrjað var á einföldum hlut og allir lærðu grunnatriðin í þeirri vinnu. Því næst réði sköpunargleðin ríkjum.

Leirmótun

Nemendur lærðu helstu aðferðir og tækni við leirmótun ásamt því að fá tilfinningu fyrir leirnum sem mótunarefni. Þegar nemendur voru búnir að ná góðri færni með leirinn þá var unnið að einu stóru verkefni, að móta skó.

Myndmennt

Nemendur völdu sér verkefni til að vinna með, gengið var út frá því að velja eitt lítið verkefni og eitt stórt, þau fengu að velja hvað verkefni var byrjað á.

Verkefnin sem í boði voru;

1. Klippimynd – Erró
2. Teikning – línur og form
3. Mótun – fígúra út vír og pappamassa
4. Teikning – uppstilling.

Listakokteill

Kennarar: Guðrún Dóra Jónsdóttir og Ólafur Schram

Nemendur fylla út blað þar sem þeir segja frá þeirri listgrein sem þeir hafa mest áhuga á og hvað þeir

vilja gera tengt henni. Þau finna sér félaga til að vinna verkefnið með og geta tengt það saman.

Tvívítt/þrívítt

Nemendur fá kennslu í tvívíðri formfræði, byrjað er á grunnþáttum formfræðinnar. Unnið með línur, fleti, formgreiningu, einföld form skoðuð og teiknuð. Í þrívíðri vinnu verður unnið með pappír, hann skorinn út og haldið áfram að skoða línur og fleti með þeim hætti. Nemendur fengu svo frjálsar hendur í lokaverkefni þar sem þeir velja annan þáttinn til að vinna með og útfæra stærra verkefni.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Við nýttum bókakost og tölvur skólans eftir því sem hentaði hverju sinni.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Tekið er mið af verkefnum, frágangi þeirra, áhuga nemanda, mætingu, sjálfstæði, sköpun, umgengni, vandvirkni og vinnusemi.

Allt námsmat var fært beint inn í Mentor.

Námsmat var eftir lotuna þar sem færni nemenda var metin með eftirfarandi skala.

A - Nemandi hefur mjög góð tök á námsefninu og náð 85 – 100% af settum markmiðum

B - Nemandi hefur góð tök á námsefninu og náð 70 – 84% af settum markmiðum.

C - Nemandi er á réttri leið og náð 50 – 69% af settum markmiðum.

D - Námsárangur er ófullnægjandi. Nemandi hefur náð 0 – 49% af settum markmiðum

Textíl

Nemendur í 8 – 10. bekk voru með textílmennt sem valfag í lotum. Valið var kennt í átta vikna lotum. Nemendur komu einu sinni í viku í 1 1/2 -2 klst í senn, í hópunum voru 16 nemendur.

Verkefni í textílmennt val

Fatasaumur: Nemendur lærðu vel á saumavélar og notkun einfaldra sniða. Allir saumuðu sér einfaldar náttbuxur og héldu hugmyndadagbók, en auk þess máttu nemendur velja sér frjáls verkefni. Vinsælasta verkefnið var að sauma pils.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru saumavélar, snið, efni og ýmir smáhlutir. Stuðst var við bókakost skólans, Onion snið og efni á netinu.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræður og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Námsmatið skiptist í tvennt, þar eða leiðsagnarmat í hverjum tíma og lokamat í lok námskeiðsins. Lokamatið skiptist í mat á verkefnum nemenda, hugmyndabók, þrautsegu og frágang, auk þess sem nemendur meta sig sjálfir. Lokamatið er gefið í bókstöfum auk umsagnar.

Búningar

Nemendur unnu búninga fyrir sýningu félagsmiðstöðvarinnar Klakans á Lísu í Undralandi. Mikil áhersla var lögð á hugmyndavinnu og á að nýta þar sem til var og bæta og breyta.

Námsgögn og námsefni

Saumavélar, gamlir búningar, bækur, blöð, myndbönd og netið.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru umræður, og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Námsmatið skiptist í tvennt, þar eða leiðsagnarmat í hverjum tíma og lokamat í lok námskeiðsins. Lokamatið skiptist í mat á verkefnum nemenda, þrautsegu og frágang, auk þess sem nemendur mátu sig sjálfir. Lokamatið er gefið í bókstöfum auk umsagnar.

Tauprykk

Nemendur lærðu nokkrar einfaldrar þrykkaðferðir sem nota má á efni. Áhersla var lögð á að prófa sig áfram og vinna úr hugmyndum.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru Sericol litir, einfaldir þrykkrammar, sköfur, efni og ýmsir smáhlutir. Stuðst var við bókakost skólans og efni á netinu.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræður og nemendur ávalt hvattir til sjálfstæðra vinnubragða.

Matsaðferðir

Námsmatið skiptist í tvennt, þar eða leiðsagnarmat í hverjum tíma og lokamat í lok námskeiðsins. Lokamatið skiptist í mat á vinnusemi nemenda og frágangi, auk þess sem nemendur mátu sig sjálfir. Lokamatið er gefið í bókstöfum auk umsagnar.

Hönnun og smíði val

Nemendur í 8 – 10. bekk voru með Hönnun og smíði sem valfag í lotum. Valið var kennt í átta vikna lotum. Nemendur komu einu sinni í viku í 11/2 -2 klst í senn, í hópunum voru 5 til 14 nemendur.

Tálgun og útskurður

Tálgað er í ferskan við. Kennd eru rétt handbrögð við notkun tálguhnífs og annara tálguverkfæra. Unnir eru nytjahlutir úr ferskvið. Nemendum eru kynnt útskurðarverkfæri og kennd rétt handbrögð við notkun þeirra.

Hönnun og smíði

Nemendur hanna og smíða a.m.k. eitt verkefni úr vörubretti. Nemendur hanna og teikna hlut og málsetja. Hluturinn er svo smíðaður og yfirborðsmeðhöndlaður.

Plastvinna: Nemendur hanna og smíða hlut úr akrylplasti og öðru plasti sem hægt er að endurnýta. Hlutur úr akrylplasti er sagaður, pússaður og loks hitaður og formaður. Nemendur endurnýta ýmiskonar plast og hanna úr því nytjahluti. Lögð er áhersla á hönnum, hugmyndaauðgi og vönduð vinnubrögð.

Glervinna

Nemendur kynnast glervinnu þar sem gler er endurunnið, brætt upp og búnir til ýmsir nytjahlutir. Á námskeiðinu þjálfast nemendur í notkun verkfæra sem notuð eru við vinnslu á glerverkefnum, fá fræðslu um efni og kenndar verða aðferðir við glervinnu.

Málmsmíði

Nemendur kynnast málsm-/silfursmíði og búa til nytjahlut. Á námskeiðinu þjálfast nemendur í notkun verkfæra sem notuð eru við vinnslu í málsm- og silfursmíði, fá fræðslu um efni og kenndar eru aðferðir við málmsmíði.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í smíðastofu ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Við nýttum bókakost og tölvur skólans eftir því sem hentaði hverju sinni.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræður og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Tekið er mið af verkefnum, frágangi þeirra, áhuga nemanda, mætingu, sjálfstæði, sköpun, umgengni, vandvirkni og vinnusemi.

Námsmat var eftir lotuna þar sem færni nemenda var metin með eftirfarandi skala ásamt umsögn:

A - Nemandi hefur mjög góð tök á námsefninu og náð 85 – 100% af settum markmiðum

B - Nemandi hefur góð tök á námsefninu og náð 70 – 84% af settum markmiðum.

C - Nemandi er á réttri leið og náð 50 – 69% af settum markmiðum.

D - Námsárangur er ófullnægjandi. Nemandi hefur náð 0 – 49% af settum markmiðum

Tónmennt val

Eftirfarandi valfög voru kennt á unglingastigi:

- Tölvur og tónlist
- Rafmagnað samspil
- Söngur

Tónlist og tölvur

Á námskeiðinu kynntust nemendur þróun tölvunotkunar í tónlist seinni hluta 20. aldar og upphafi þeirrar 21. Nemendur unnu svo undir handleiðslu kennara þrenn verkefni þar sem unnið var á tölvur, bæði hljóðbúta og upptökur. Nemendur lærðu einfalda hljóðblöndun eigin laga.

Námsgögn

Bókin Tónlist og tölvur eftir Flosa Einarsson og verkefni og glærur tónmenntakennara.

Söngur

Í námskeiðinu kynntust nemendur nokkrum söngstílum vestrænnar tónlistar í innlögnum, hlustung og söng. Kennnd var raddbeyting og upphitunartækni. Nemendur æfðust í að búa til þrúndarröddun við þekkta laglínu.

Tvö verkefni voru unnin í námskeiðinu. Hið fyrra var lag sem kennari útsetti og nemendur lærðu og sungu hver sinn part inn á upptöku. Seinna verkefnið var lag að eigin vali þar sem nemendur æfðu og sungu einir eða í litlum hópum lagið inn á upptöku undir leiðsögn kennara.

Námsgögn

Útsetningar eftir kennara námskeiðsins.

Rafmagnað samspil

Í námskeiðinu unnu nemendur í hópum eða hljómsveitum. Nemendur kynntust hljóðfærum og tækjum popp/rokk hljómsveitar og lærðu grunn atriði hljóðfæraleiks á þau. Fjögur verkefni voru unnin í námskeiðinu. Í fyrstu tveim verkefnunum fengu nemendur þekkt hljómsveitarlög (standarda) sem nemendur útsettu með kennara og æfðu. Í þriðja verkefninu átti hópurinn (hljómsveitin) að semja sitt eigið lag eftir ákveðnum aðferðum. Í síðasta verkefninu fengu nemendur að velja sér hvaða lag sem var eða semja sitt eigið og útsetja og æfa með hljómsveitinni. Lög hljómsveitanna voru svo tekin upp og fengu nemendur þá innsýn í upptökutækni og hljóðblöndun.

Skýrslur list og verkgreinakennara

Skýrsla íþróttakennara

Kennarar: 1.-2. bekk Hrafnhildur Sævarsdóttir og 3.-10. bekk Davíð Örvar Ólafsson

1. og 2. bekkur

Markmið

Almenn markmið með íþróttakennslunni í Sjálandsskóla er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í gegnum fjölbreyttar æfingar og leiki. Einnig að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þeir gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er markmiðið að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Rík áhersla er lögð á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Að síðustu er mikil áhersla lögð á samvinnu og að aðstoða og hvetja félagana sína áfram.

Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur fengu einn 60 mín tíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram til lok september og frá maí fram í júní var nær eingöngu um útikennslu að ræða. Venjulega er lengri tími í útiþróttum en vegna hópsins og veðurs var útikennslan mun minni en ella. Annars voru nemendur inni í íþróttasal eða í danssalnum yfir háveturinn. Um var að ræða þrjá námshópa í vetur með 20-22 nemendum úr fyrsta og öðrum bekk.

Viðfangsefni

Með tilliti til nemendahópsins og aðstæðna til íþróttakennslu var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun fór fram í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvaþjálfun. Liðleikaþjálfun í gegnum teygjur. Boltaíþróttir, dans, litlir boltaleikir eins og ýmis afbrigði af skotbolta, brennibolti og kýló. Frjálsaríþróttir, spretthlaup, kúla, spjót, þrístökk og langstökk og þar voru nemendur m.a. í hlutverkum tímavarða og mælitækna. Ratleikir, frjálsir tímar og hinn sívinsæli Tarzanleikur. Inn í stöðvaþjálfun voru íslensku og stærðfræði þrautir. Nemendur fengu stundum að velja hvaða leiki var farið í eða hvað var gert í tímum, annars vegar var um frjálst val að ræða eða stýrt val. Boccia, krikket, kóngaleikur, munkur og frisbeegolf var kynnt fyrir nemendum. Einnig var hjólatími og fjörutími. Viðfangsefni í íþróttum eru fjölbreytt og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan. Það sem ekki var komist yfir í vetur verður bætt úr á næsta skólaári. Heimsókn er einu sinni á ári, að þessu sinni á vorönn, frá elsta hópi á leikskólanum Sjálandi og í þeim tímum (leikskólahópnum skipt í þrennt vegna fjölda) var þrautabraut og stöðvar, 2. bekkur tók ekki þátt í þessu verkefni í vetur.

Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir námsmarkmiðum aðalnámskrár í skólaíþróttum og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám, ýmiskonar stöðvaþjálfun og svo voru þrautabrautir. Í byrjun hvernar annar er útbúin kennsluáætlun m.t.t. aðalnámskrá grunnskóla. Gerð er gróf áætlun þar sem ég merki hjá mér hvaða þætti ég mun taka fyrir hverju sinni. Þá geri ég annaráætlun og að lokum tímaseðla. Eftir fyrri önn þ.e. um jólin endurskoðaði ég svo áætlunina með tilliti til getu og áhugasviðs hópsins, hvað ég tók fyrir í tímum, hvað virkaði vel og hvað ég á eftir að fara betur í. Ég vann eftir þessu grófskipulagi en vék frá skipulaginu allt eftir dagsformi mínu og nemendanna.

Tenging við lotur

Það tókst ekkert sérlega vel að tengjast lotunum í vetur, jólaþema og tröllapema var tengt inn í íþróttirnar. Íslenska og stærðfræði var sambætt við íþróttir. Einnig tengdust íþróttir sameiginlegum viðburðum eins og íþróttadegi, gróðursetningardegi, Smáþjóðaleikum og Vorleikum.

Námsgögn og efni

Þær bækur sem eru til og þau áhöld sem eru í íþróttageymslunni. Íþod kennarans var vel nýttur.

Matsaðferðir

Í byrjun desember var lagt fyrir nemendur sjálfsmat þar sem kom meðal annars fram hvernig nemendum líður í tímum, hvort þeim finnst gaman eða ekki og hvort þau séu dugleg eða ekki. Í apríl og maí voru eftirfarandi atriði metin af kennara: sipp, 60m sprettur, þol, kraftur og liðleiki.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur

Almennt gekk kennslan vel í vetur og nemendahópurinn var orkumikill og fjölbreyttur. Það er gott að vera með tímana í samfellu til að hægt sé að nýta uppsett áhöld. Það tekur 20 mín að stilla upp góðri þrautabraut og örlítið styttri tíma að taka hana niður með aðstoð nemenda. Auðveldara hefði verið að hafa alla tímana samfellda í stundatöflu kennarans vegna uppstillingar á tækjum. Ítreka þarf fyrir næsta vetur að starfsfólk í þróttahússins sé inni klefum fyrir og eftir tíma til að ýta á nemendur að flýti sér.

3. og 4. bekkur

Markmið

Almenn markmið með íþróttakennslunni í Sjálandsskóla er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í gegnum fjölbreyttar æfingar og leiki. Einnig að allir fái eitthvað við sitt hæfi, að íþróttakennslan sé fjölbreytt, að nemendur fái stundum að velja hvað þau gera í tímum og að stundum sé frjáls hreyfing. Einnig er markmiðið á að kynna ýmsa tegund hreyfingar fyrir nemendum hvort sem um er að ræða íþróttagrein eða almenna hreyfingu. Rík áhersla er lögð á að nemendur geti verið sjálfstæðir við eigin íþróttaiðkun óháð því hvað hópurinn gerir eða hvað honum finnst. Að síðustu er mjög mikil áhersla lögð á samvinnu og að aðstoða og hvetja félaga sína áfram.

Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur fengu einn klukkutíma tíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í lok september og frá maí til skólaloka í júní var mikið um útikennslu en einnig vorum við inni þegar veður var leiðinlegt. Að öðru leyti vorum við með kennslu í nýja íþróttahúsinu í Sjálandsskóla. Um var að ræða 3 námshópa, um það bil 20 nemendur í hvorum hóp.

Viðfangsefni

Með tilliti til nemendahópsins og aðstæðna til íþróttakennslu var lögð áhersla á eftirfarandi þætti í íþróttum í vetur: Þolþjálfun var mikið í gegnum hlaup, leiki og aðrar íþróttagreinar. Styrktarþjálfun var m.a. í gegnum stöðvaþjálfun. Liðleikaþjálfun í gegnum teygjur. Boltaíþróttir, litlir boltaleikir eins og ýmis afbrigði af skotbolta, brennibolti og kýló. Frjálsar íþróttir, spretthlaup, borðtennis, badminton, bandý. Ratleikir, frjálsir tímar og hinn sívinsæli Tarzanleikur. Nemendur fengu stundum að velja hvaða leiki

var farið í eða hvað var gert í tímum, annars vegar var um frjálst val að ræða eða stýrt val. Einnig þessar hefðbundnu boltaíþróttir, fótþolti, handþolti, körfubolti og blak. Viðfangsefni í íþróttum eru fjölmörg og það sem við gerðum í vetur er ekki allt upptalið hér að framan. Það sem ekki var komist yfir í vetur verður bætt úr á næsta skólaári.

Kennslu og vinnuaðferðir

Við undirbúning námsskipulags var farið eftir markmiðum aðalnámskrár í íþróttum líkams- og heilsurækt og var þeim náð að mestu leyti. Þær kennsluaðferðir sem aðallega voru notaðar voru samvirkt nám og ýmiskonar stöðvaþjálfun og einnig notaði ég þau aukalega þau rými sem nýja húsnæðið býður uppá, pallinn fyrir framan íþróttasalinn og einnig danssalinn uppi. Í byrjun hvernar annar rýni ég í aðalnámskrá grunnskóla og rifja upp hvaða þætti er gott að hafa í huga þegar kennsluáætlun er útbúin. Loks geri ég grófa áætlun þar sem ég merki hjá mér hvaða þætti ég mun taka fyrir hverju sinni. Þar næst geri ég annaráætlun og styðst við mína tímaseðla og geri smávægilegar breytingar en grunnurinn er ávallt sá sami, upphitun, aðalþáttur og lok. Eftir fyrri önn þ.e. um jólin endurskoðaði ég svo áætlunina með tilliti til getu og áhugasvið hópsins, hvað ég tók fyrir í tímum, hvað virkaði vel og hvað ég á eftir að fara betur í.

Tenging við lotur

Lítið var unnið með umsjónarkennurum varðandi lotur en úr því er stefnt að bæta af á næsta skólaári. Íþróttir tengdust einni sameiginlegum viðburðum eins og íþróttadegi og vorleikunum.

Námsgögn og efni

Ýmsar bækur og geisladiskar.

Vettvangsferðir

Nemendur voru í útihlaupum á haust- og vordögum og hlaupa þá annaðhvort út að gálgahrauni eða að Arnarnesinu.

Matsaðferðir

Fyrir jól fóru krakkarnir í hlaupapróf og íþróttapróf og að þessu sinni var settur upp stór stöðvunarþjálfunarhringur með ýmsum æfingum auk þess var prófað í sippi, planka og langstökki. Í apríl var svo prófað í 3 greinum, körfubolta, sipp og hoppþróf yfir sippuband. Krakkarnir fá svo einkunn út frá hæfni og getu í þessum þáttum.

Mat

Mér fannst kennslan takast vel í vetur og hafði ég mjög gaman af að kenna þessum kappsfulla, fjölbreytta og skemmtilega nemendahópi. Við vorum meira inni þennan vetur en undanfarna vetur. Það var vegna þess að mér fannst mikilvægara að nemendur fengju jákvæða upplifun og góða hreyfingu inni í stað þess að vera með þau úti í slæmu veðri. Í maí var nánast eingöngu kennt úti. Mér fannst hópaskiptingin koma mjög vel út, minni hópar en vanalega enda þrír í stað tveggja árið áður.

5.-7. bekkur

Markmið

Markmið með íþróttakennslu er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í íþróttatímum, kynnast fjölmörgum íþróttagreinum í gegnum æfingar og leiki. Einnig að undirbúa og kenna nemendum að hugsa vel um líkama sinn og leiðbeina þeim að æfa sig í að gera æfingar og hreyfingar á réttan hátt. Íþróttakennslan er einnig undirbúningur og kynning á íþróttagreinum sem nemendur geta svo stundað sjálfir, annað hvort í hóp- eða einstaklingsíþróttum. Einnig er lagt áhersla á að nemendur vinni saman og hjálpi hvor öðrum í kennslunni, aðstoða og hvetja. Annaðhvort er að um að ræða fyrirfram ákveðna íþróttatíma en einnig er svokallaðir frjálsir tímar þar sem nemendur geta valið hvað þeir gera sjálfir en ávallt skal einhverskonar hreyfing eða áreynsla vera skylda í þessum frjálsu tímum.

Tími og tölulegar upplýsingar

Nemendur fengu einn klukkutíma tíma á viku í íþróttakennslu. Frá ágúst fram í lok september og frá maí til skólaloka í júní var mikið um útikennslu en einnig vorum við inni þegar veður var leiðinlegt. Að öðru leyti vorum við með kennslu í íþróttahúsinu í Sjólandsskóla. Um var að ræða þrjá námshópa í 5.-6. bekk, blandaðir úr báðum hópum. Þessar hópaskiptingar heppnuðust ágætlega, reyndar voru stelpur töluvert færri en strákar.

Viðfangsefni

Viðfangsefni vetrarins voru margvísleg, boltaleikir, útihlaup, leikir, ratleikir, stöðvaþjálfun, frjálsar íþróttir, badminton, blak og golf svo eitthvað sé nefnt. Áhersla var lögð á að kynna fyrir nemendum þolþjálfun og var útihlaup og stöðvaþjálfun notað til þess. Umhverfið í kringum skólann er stundum erfitt á veturnar, snjókast og að renna sér í brekkunum er einnig partur af íþróttakennslunni. Upphitarleikir s.s stórfiskaleikir, stórt skip lítið skip, 12345 dimmalimm og fleiri leikir eru vinsælir, einnig brennó og skotbolti. Kýló og sparkó eru líka leikir sem leyndu á sér, krakkarnir gleyma oft hversu mikið þau hlaupa í svona leikjum og finnst það skemmtilegra en að hlaupa ákveðna vegalengd en oft er mikið kapp í slíkum leikjum. Boltaleikir ýmiss konar voru helstu viðfangsefni vetrarins og einnig var mikil áhersla lögð á að hita vel upp og bæta úthald og þol nemenda.

Kennsluaðferðir

Íþróttakennarinn gerir grófa ársáætlun fyrir báðar annir og reyni ég að fara eftir henni eins og kostur er. En oft þurfti að fara útaf henni bæði vegna veðurs og stundum þarf að spila þetta eftir eyranu eftir því hvaða hópur er í tímanum. Samvinnuleikir eins og reipitog, boðhlaup og ratleikir eru notaðir til að láta hópana vinna saman og hjálpast að. Þessir leikir eru oft mjög hvetjandi og kennir krökkunum að vinna sem ein heild.

Ávallt er farið eftir aðalnámskrá grunnskóla.

Tenging við lotur

Ekki var um að ræða tengingu við starfið í umsjónarþekkingunum.

Námsgögn og áhöld

Ég nota bækur um íþróttakennslu sem til eru í skólanum og eru gefnar út af Námsgagnastofnun, áhöldin eru í geymslunni okkar og fleira í íþróttarými.

Vettvangsferðir

Þessir hópar voru meira í útihlaupum heldur en þeir yngri en það var samt minna um útikennslu í haust en áður sökum veðurs. Í maí vorum við svo nánast úti allan tímann en slepptum útihlaupunum en vorum þess í stað meira í leikjum og krakkarnir fengu líka að nýta hjóla- og brettapallana meira en áður.

Matsaðferðir

Fyrir jól fóru krakkarnir í hlaupapróf, íþróttapróf og að þessu sinni var settur upp stór stöðvunarþjálfunarhringur með ýmsum æfingum auk þess var prófað í sippi, planka og langstökki. Í apríl var svo prófað í 4 greinum, körfubolta, sipp og hopppróf og planka. Krakkarnir fá svo einkunn út frá hæfni og getu í þessum þáttum. Auk virkni og mætingu í íþróttatímum.

Mat

Eins og gengur leggja sumir sig alltaf fram í hverjum tíma en aðrir hafa minni áhuga á íþróttum og hreyfingu. Það getur reynst erfitt að finna íþróttagreinar og leiki sem henta öllum. Farið var í flestar íþróttagreinar í vetur, bæði bolta- og aðrar íþróttagreinar.

8.-10. bekkur

Markmið

Markmið með íþróttakennslu er að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í íþróttatímum, kynnst fjölmörgum íþróttagreinum í gegnum æfingar og leiki. Einnig að undirbúa og kenna nemendum að hugsa vel um líkama sinn og leiðbeina þeim að æfa sig í að gera æfingar og hreyfingar á réttan hátt. Íþróttakennslan er einnig undirbúningur og kynning á íþróttagreinum sem nemendur geta svo stundað sjálfir, annað hvort í hóp- eða einstaklingsíþróttum. Einnig er lagt áhersla á að nemendur vinni saman og hjálpi hvor öðrum í kennslunni, aðstoða og hvetja. Annaðhvort er að um að ræða fyrirfram ákveðna íþróttatíma en einnig er svokallaðir frjálsir tímar þar sem nemendur geta valið hvað þeir gera sjálfir en ávallt skal einhverskonar hreyfing eða áreynsla vera skylda í þessum frjálsu tímum.

Tími og tölulegar upplýsingar

Þessir árgangar fá 40 mín á viku í íþróttum. Nemendum var skipt upp í 4 hópa, drengir í 8. bekk voru saman og stelpur úr 8. bekk, einn drengjahópur úr 9. bekk og svo stelpur úr 9. og 10. bekk og strákar úr 10. bekk. Hópaskiptingin heppnaðist vel og persónulega vil ég skipta alfarið eftir kyni.

Viðfangsefni

Viðfangsefni vetrarins voru margvísleg, boltaleikir, útihlaup, leikir, ratleikir, stöðvabjálfun, frjálsar íþróttir, badminton, blak og golf svo eitthvað sé nefnt. Áhersla var lögð á að kynna fyrir nemendum þolþjálfun og var útihlaup og stöðvabjálfun notað til þess. Upphitunarleikir s.s stórfiskaleikur, stórt skip lítið skip, og fleiri leikir eru vinsælir, einnig brennó og skotbolti. Kýló og sparkó eru líka leikir sem leyndu á sér, krakkarnir gleyma oft hversu mikið þau hlaupa í svona leikjum og finnst það skemmtilegra en að hlaupa ákveðna vegalengd en oft er mikið kapp í slíkum leikjum. Boltaleikir ýmiss konar voru helstu viðfangsefni vetrarins og einnig var mikil áhersla lögð á að hita vel upp og bæta úthald og þol nemenda.

Kennsluaðferðir

Íþróttakennarinn gerir grófa ársáætlun fyrir báðar annir og reyni ég að fara eftir henni eins og kostur er. Nokkrum sinnum þurfti að fara útaf henni bæði vegna veðurs og stundum þarf að spila þetta eftir eyranu eftir því hvaða hópur er í tímanum. Samvinnuleikur eins og reipitog, boðhlaup og ratleikir eru notaðir til að láta hópana vinna saman og hjálpast að. Þessir leikir eru oft mjög hvetjandi og kennir krökkunum að vinna sem ein heild. Ávallt er farið eftir Aðalnámskrá grunnskóla.

Tenging við lotur

Ekki var um að ræða tengingu við starfið í umsjónarbekkjunum.

Námsgögn og áhöld

Ég nota bækur um íþróttakennslu sem til eru í skólanum og eru gefnar út af Námsgagnastofnun, áhöldin og tæki í íþróttarými. Áhöld og tækjum til íþróttakennslu er alltaf að fjölga og vonandi bætist í íþróttageymsluna okkar nú í sumar.

Matsaðferðir

Fyrir jól fóru krakkarnir í hlaupapróf og íþróttapróf og að þessu sinni var settur upp stór stöðvunarþjálfunarhringur með ýmsum æfingum auk þess var prófað í sippi, planka og langstökki. Í apríl var svo prófað í 4 greinum, körfubolta, sipp og hopppróf og planka. Krakkarnir fá svo einkunn út frá hæfni og getu í þessum þáttum. Auk virkni og mætingu í íþróttatímana.

Mat

Eins og gengur leggja nemendur mis mikið á sig. Sumir leggja sig alltaf fram í hverjum einasta tíma en aðrir hafa minni áhuga á íþróttum og hreyfingu. Það getur því reynst erfitt að finna íþróttagreinar og leiki sem henta öllum. Farið var í flestar íþróttagreinar í vetur, bæði bolta- og síðan aðrar íþróttagreinar. Á þessu ári tókum við svo þátt í skólahreysti fjórða árið í röð og stóðu nemendur sig frábærlega vel þrátt fyrir þínu basl að manna liðin og allt gert á síðustu stundu. Á næsta ári munum við setja enn meiri kraft í skólahreystina enda er áhugi krakkana mikill sem verða í unglingadeild á næsta ári.

Skýrsla sundkennara

Kennari: Hrafnhildur Sævarsdóttir

1.- 2. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhræddir og geti notað sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni. Markmiðið er jafnframt að kenna nemendum á búningaðstöðu en mikilvægt er að foreldrar geri það sumarið fyrir skólabyrjun svo það taki nemendur styttri tíma að gera sig tilbúin fyrir sundtímana.

Sundstig 1. bekkjar.

- Skriðsundsfótatök.
- Andað frá sér ofan í vatnið 10 sinnum.

- Gengið með andlit í kafi 2,5 metra eða lengra.
- Bringusundsfótatök við bakka.
- Flot á bringu.
- Flot á baki.
- Velta sér af kvið yfir á bak og tilbaka.
- Hoppa af bakka í laug.

Sundstig 2. bekkjar.

- Marglyttuflot og rétta úr sér.
- Bringusund.
- Skólabaksundsfótatök.
- Spyrnt frá bakka og rennt með andlitið í kafi 2,5 metra.
- 10m skriðsundsfótatök.
- 10m baksundsfótatök.
- Flot á baki.
- Hoppað af bakka í laug með bak í laugina.

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið. Nemendum er blandað saman í tíma þ.e. úr 1. og 2. bekk til að byrja með en um mitt ár voru aldursskiptir hópar.

Viðfangsefni

Vatnsaðlögun, leikir, fjórar sundaðferðir, köfun, öndun, flot o.s.frv.

Kennslu og vinnuaðferðir

Sundkennari er ofan í lauginni með nemendum meira og minna alveg fram að páska. Eftir páska var kennarinn alfarið uppi á bakka til að auka hjá þeim sjálfstæði og áræðni. Það er nauðsynlegt fyrir framfarir nemenda að kennari sé eitthvað ofan í með þeim fyrstu tvö árin.

Farið var í köfun, flot, leiki og beina sundkennslu en lagt var upp með að börnin hefðu gaman af sundtímunum sem leiðir til þess að þau verði áhugasamari um að læra að synda.

Matsaðferðir

Í desember var sent matsblað heim til foreldra, þar sem nemendur höfðu sjálfir metið sig m.a. hvort þeim líði vel í sundtímum, hvort þeim finnst gaman og hvort þau fari oft í sund utan skólatíma. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknðu. Í febrúar var leiðsagnarmat birt á Mentor. Í júní fengu nemendur sundmat þar sem fram kom hvort þeir hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki, einnig inni á Mentor.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og veraldarvefurinn.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir og ekki.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Mér fannst kennslan takast mjög vel í vetur. Nemendur tóku framförum og flest allir geta bjargað sér í djúpu vatni.

3. – 4. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Sundstig 3. bekkjar.

- 12,5 m bringusund
- 12,5 m skólabaksund
- 12,5 m skriðsund
- 12,5 m baksund
- Kafað eftir hlut á 1 – 1,5 metra dýpi.
- Stunga úr kropstöðu

Sundstigin fyrir 4. bekk.

- 12,5 m bringusund
- 12,5 m skólabaksund
- 25 m skriðsund
- 25 m baksund
- 10m flugsundsfótatök
- Stunga úr kropstöðu

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku í 40 mínútur í senn allt skólaárið. Hópunum var kynjaskipt eftir árgöngum. En svo voru piltum og stúlkum blandað í hópa þar sem hóparnir voru mjög erfiðir kynjaskiptir. Það var einn hópur með duglegum piltum í 3. bekk og 4. bekkjar stúlkum hann hélst eins allan veturinn.

Viðfangsefni

Vatnsaðlögun, leikir, sundaðferðir, köfun, flot o.s.frv.

Kennslu og vinnuaðferðir

Farið var í leiki, notuð tónlist ásamt tæknikennslu. Lagt var upp með að börnin hefðu gaman af sundtímunum sem leiðir vonandi til þess að þau verði áhugasamari um að læra að synda. Nemendur fengu einnig tvo tíma á kajak í sundlauginni, tvisvar sinnum dótasundtíma, fatasundtíma og fleira.

Matsaðferðir

Í desember var sett inn í Mentor þeir þættir sem metnir voru fyrir áramót. Einnig kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftar í sund. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknud. Í febrúar var birt leiðsagnarmat í Mentor. Í júní fengu nemendur sundmat einnig í Mentor þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir eða til leikja. Þá var iPad og iPodnotaður í kennslunni.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur ef einhverjar eru

Mér fannst kennslan í heildina takast mjög vel. Nemendahópurinn var duglegur og aðeins örfáir sem ekki ná öllum þáttum sundstigsins. Mikilvægt er að foreldrar aðstoði nemendur utan skólatíma við að ná tökum á þeim markmiðum sem þau ekki ná í sundkennslu.

5.-6. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundþolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Sundstig 5. bekkjar.

- 100m bringusund, tímamörk og stíll.
- 25m skriðsund.
- 25m skólabaksund.
- 25m baksund.
- Marvaði í 40 sek.
- 12,5m flugsundsátök.
- Stunga af bakka.
- Kafa eftir hlut 1-2m dýpi eftir 5m sund.

Sundstig 6. bekkjar.

- 200m bringusund, tími.

- 25m bringusund, tími.
- 50m skólabaksund.
- 25m skriðsund.
- 25m baksund.
- 12,5m björgunarsund.
- 8m kafsund.
- 12,5m flugsund.
- Marvaði 60 sek.
- Stunga, stíll.

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið. Nemendum var skipt eftir árgöngum.

Viðfangsefni

Áhersla var lögð á sundfærni, sundþol og leiki.

Kennslu og vinnuaðferðir

Farið var mikið í leiki, notuð tónlist ásamt tæknikennslu. Lagt var upp með að börnin hefðu gaman af sundtímunum sem leiðir vonandi til þess að þau verði áhugasamari um að læra að synda. Nemendum var stundum skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum, kyni, vinum eða getu. Nemendur læra nær eingöngu í gegnum æfingar. Reynt er að blanda leikjum inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu. Nemendur fengu einnig tvo tíma á kajak í sundlauginni, fatasundtíma og fleira.

Matsaðferðir

Í desember var sett inn í Mentor þeir þættir sem metnir voru fyrir áramót. Einnig kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftari í sund. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknud. Í febrúar var birt leiðsagnarmat í Mentor. Í júní fengu nemendur sundmat einnig í Mentor þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið. Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sundgugar, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir og ekki. Eins var iPod og iPad notað í kennslunni.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur

Mér fannst kennslan í heildina takast mjög vel. Þetta eru duglegir nemendur og örfáir sem ekki ná öllum þáttum sundstigsins. Mikilvægt er að foreldrar aðstoði nemendur utan skólatíma við að ná tökum á þeim markmiðum sem þau ekki ná í sundkennslu.

7. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni og séu óhrædd. Að nemendur læri að synda (bringu-, bak-, skrið-, björgunar-, flug- og skólabaksund) m.a. svo þeir geti bjargað sér í vatni og öðrum. Að nemendur geti nýtt sér sund sér til heilsubótar í framtíðinni. Að nemendur læri að vinna saman og beri virðingu fyrir getu hvers annars. Að lokum að nemendur efli styrk og þol.

Sundstig 7. bekkjar.

- 300m bringusund, tímamörk.
- 25m skólabaksund, stílsund.
- 25m skriðsund, stílsund
- 25m bringusund, stílsund
- 12,5 metra björgunarsund með jafningja.
- 8 metra kafsund, stílsund.
- 50 metra bringusund á tíma.
- 25 metra skriðsund á tíma.
- 25m baksund, stílsund.
- 12,5m flugsund.

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku í 40 mínútur í senn allt skólaárið, kynjaskipt.

Viðfangsefni

Mest áhersla var lögð á sundfærni, sundþol og leiki.

Kennslu og vinnuaðferðir

Farið var mikið í leiki, notuð tónlist ásamt tæknikennslu. Lagt var upp með að börnin hefðu gaman af sundtímunum sem leiðir vonandi til þess að þau verði áhugasamari um að læra að synda. Nemendum var stundum skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum, kyni, vinum eða getu. Nemendur læra nær eingöngu í gegnum æfingar. Reynt er að blanda leikjum inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu. Nemendur fengu einnig tvo tíma á kajak í sundlauginni, fatasundtíma og fleira.

Matsaðferðir

Í desember var sett inn í Mentor þeir þættir sem metnir voru fyrir áramót. Einnig kom fram hvað vantar hjá nemendum og úrbætur sem foreldrar geta gert t.d. sent nemendur á sundnámskeið eða farið oftari í sund. Foreldrum var einnig bent á að hafa samband við sundkennara ef spurningar vöknðu. Í

febrúar var birt leiðsagnarmat í Mentor. Í júní fengu nemendur sundmat einnig í Mentor þar sem fram kom hvort nemendur hefðu náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir og ekki. Eins var iPod og iPad notað í kennslunni.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur

Mér fannst kennslan í heildina takast mjög vel nemendur mættu mjög vel sem var mikil breyting frá 7. bekk á síðasta skólaári.

8. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundþolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Sundstig 8. bekkjar.

- 400 m þolsund, val um aðferð og tímamörk.
- 75m skriðsund, stíll.
- 50m baksund, stíll.
- 50m bringusund á tíma.
- 25m skriðsund á tíma.
- 12,5m flugsund.
- Marvaði 60 sek í fötum.
- 8m kafsund, ná í hlut á 2m dýpi og endurtekið eftir 10 sekúndur.

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið. Það var einn piltahópur, einn stúlknaþópur og svo einn blandaður hópur.

Viðfangsefni

Mest áhersla var lögð á sunaðferðirnar og að nemendur fái jákvæða upplifun af sundi. Einnig var áhersla á leiki og sundleikfimi. Þegar nemendur eru komnir í 8. bekk þá vil ég að þau séu búin að ná mjög góðum tökum á sunaðferðunum og að kennslan byggist aðallega á að ná góðum hraða og þoli.

Kennslu og vinnuaðferðir

Í vetur ákvað ég að nota línurnar í lauginni mun minna en ég hef gert undanfarin ár. Kennslan breyttist eftir því og tel ég að það hafi verið til góðs. Nemendur læra í gegnum æfingar og leiki. Reynt er að

blanda leikjum og ýmiskonar hreyfingu inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er og gera upplifun nemenda af sundi jákvæða. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu.

Matsaðferðir

Sundstigið var metið jafnt og þétt yfir veturinn og einkunnir birtar jafnóðum í Mentor. Nemendur voru hvattir til þess að skoða matið, nýta tækifærið og bæta sig með því að endurtaka próf. Í febrúar var birt leiðsagnarmat í Mentor. Í júní fengu nemendur sundeinkun þar kom einnig fram hvort nemandi hafi náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir og ekki. Eins var iPod og iPad notað í kennslunni.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur

Mér fannst sundkennslan takast ágætlega í vetur.

9. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundþolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Markmiðin fyrir 9. bekk

- 75m þrisund, stíll.
- 8m kafsund - stílsund
- 100m bringusund á tíma.
- 50m skriðsund á tíma.
- 25m baksund á tíma.
- 500m þolsund á tíma, þrjár sundaðferðir notaðar og a.m.k. 75m hverja sundaðferð.
- Fatasund og björgun.

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku í 40 mínútur í senn allt skólaárið. Það var einn piltahópur og stúlkurnar voru í sundtíma með stúlkum í 10. bekk.

Viðfangsefni

Mikil áhersla var lögð á sundþol og að nemendur fái jákvæða upplifun af sundi. Einnig var mikil áhersla á leiki. Þegar nemendur eru komnir í 9. bekk þá vil ég að þeir séu búnir að ná mjög góðum tökum á sundaðferðunum og að kennslan byggist aðallega á að ná góðum hraða og þoli.

Kennslu og vinnuaðferðir

Í vetur ákvað ég að nota línurnar í lauginni mun minna en ég hef gert undanfarin ár. Kennslan breyttist eftir því og tel ég að það hafi verið til góðs. Nemendur læra í gegnum æfingar og leiki. Reynt er að blanda leikjum og ýmskonar hreyfingu inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er og gera upplifun nemenda af sundi jákvæða. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu.

Matsaðferðir

Sundstigið var metið jafnt og þétt yfir veturinn og einkunnir birtar jafnóðum í Mentor. Nemendur voru hvattir til þess að skoða matið, nýta tækifærið og bæta sig með því að endurtaka próf. Í febrúar var birt leiðsagnarmat í Mentor. Í júní fengu nemendur sundeinkun þar kom einnig fram hvort nemandi hafi náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir og ekki. Eins var iPod og iPad notað í kennslunni.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur

Mér fannst sundkennslan takast ágætlega í vetur.

10. bekkur

Markmið

Markmið sundkennslunnar er að nemendur hafi gaman af því að vera í vatni, séu óhrædd, auki sundþolið og geti hugsanlega notað sér sund sem holla og góða hreyfingu í framtíðinni.

Markmiðin fyrir 10. bekk

- 600m þolsund á innan við 20 mín.
- Val um tvær tímatökur:
 - 100m bringusund
 - 50m skriðsund
 - 50m baksund
 - 25m flugsund
- Stílsund:
 - 12m kafsund
 - 50m bringusund
- Björgunarsund með jafningja 25m eftir 30 sek marvaða í fötum.

Tími

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið. Það eru bara stúlkur í þessum árgangi og voru þær í sundtímum með stúlkum úr 9. bekk.

Viðfangsefni

Mikil áhersla var lögð á sundþol og að nemendur fái jákvæða upplifun af sundi. Einnig var mikil áhersla á leiki. Þegar nemendur eru komnir í 10. bekk þá vil ég að þeir séu búnir að ná mjög góðum tókum á sunnaðferðunum og að kennslan byggist aðallega á að nýta sund sér til heilsubótar og þolþjálfunar.

Kennslu og vinnuaðferðir

Í vetur ákvað ég að nota línurnar í lauginni mun minna en ég hef gert undanfarin ár. Kennslan breyttist eftir því og tel ég að það hafi verið til góðs. Nemendur læra í gegnum æfingar og leiki. Reynt er að blanda leikjum og ýmskonar hreyfingu inn í kennsluna eins mikið og mögulegt er og gera upplifun nemenda af sundi jákvæða. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu.

Matsaðferðir

Sundstigið var metið jafnt og þétt yfir veturinn og einkunnir birtar jafnóðum í Mentor. Nemendur voru hvattir til þess að skoða matið, nýta tækifærið og bæta sig með því að endurtaka próf. Í febrúar var birt leiðsagnarmat í Mentor. Í júní fengu nemendur sundeinkun þar kom einnig fram hvort nemandi hafi náð sundstigi viðkomandi árgangs eða ekki.

Námsgögn og efni

Bækur sem til eru um sundkennslu í skólanum og internetið.

Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, sunduggar, hringir, ýmsar tegundir bolta og dót bæði til að kafa eftir og ekki. Eins var Ipod og Ipad notað í kennslunni.

Mat á því hvernig til tókst og úrbætur

Mér fannst sundkennslan takast ágætlega.

Ábendingar um kennsluna.

Sundlaug Sjálandsskóla er mjög góð kennslulaug. Lykilatriði í sundkennslunnar er að hafa hópana ekki of stóra. Litlir hópar skila tvímælalaust betri árangri. Í eldri bekkjunum er nauðsynlegt að hafa sundtímana kynjaskipta frá 7. bekk og upp úr. Velt tókst til að skipta nemendum í sundhópa á skólaárinu, þar sem engir árekstrar voru á milli nemenda þvert á árganga.

Mikilvægt er að hægt sé að læsa hurðum inn í laug frá klefum, þá er öryggisatriði að fá spegil fyrir ofan heita pottinn og afleysingu fyrir baðverði verði þeir veikir.

Annað hvert ár legg ég áherslu á að sýna nemendum sundvdeo og annað hvert ár er þemað Börn bjarga börnum.

Skýrsla myndmenntakennara

1.- 2. bekkur

Kennari Guðrún Dóra Jónsdóttir.

Í myndmennt í 1.-2. bekk var unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkennsla var í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu

tekin á tveggja ára tímabili. Nemendur í 1. – 2. bekk voru alls 60 og var kennt í 5 hópum með 12 nemendum í hverjum hópi. Nemendahóparnir komu í lotum yfir skólaárið, tvisvar í viku í þrjár vikur á haustönn og þrjár vikur á vorönn, klukkutíma í senn.

Námið byggðist upp af skylduverkefnum og stundum aukaverkefnum. Í byrjun vorannar fóru allir nemendur árganganna beggja í fjöggra vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman við uppsetningu á *Dýrunum í Hálsaskógi*. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum.

Verkefni

- Safnmappa
- Sjálfsmynd
- Risaeðluverkefni
- Leirverkefni
- Litafræði
- Formfræði
- Leikrit

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru hæfniviðmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat/hæfniviðmið var gefið í desember og maí, lykilhæfni var gefin í febrúar. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (1.-4. þrep). Hæfniviðmið og lykilhæfni var metin í bókstöfunum A, B, C og D, ásamt umsögn. Hæfni nemenda var metin með eftirfarandi hætti:

Að nemendur geti:

- notað kunnáttu sína í litafræði í eigin sköpun
- beitt kunnáttu sinni í formfræði
- unnið með einfalda myndbyggingu
- notað mismunandi aðferðir í myndsköpun
- unnið skapandi vinnu í hóp
- beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna
- unnið með dæmi úr íslenskri listasögu

unnið með myndmál í nærumhverfi

3. – 4. bekkur

Kennari: Guðrún Dóra Jónsdóttir.

Í myndmennt í 3. – 4. bekk var unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Nemendur í 3. – 4. bekk voru alls 54 og var kennt í 5 hópum með 10-12 nemendur í hverjum hóp. Nemendur komu í lotum yfir skólaárið þrisvar í viku í þrjár vikur á haustönn og þrjár á vorönn, klukkutíma í senn. Námið byggðist upp af skylduverkefnum og stundum aukaverkefnum. Þrisvar yfir skólaárið fóru allir nemendur beggja árgana í 1 – 2 vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman. Í desember var jólaþema og í mars unnu nemendur og kennarar að verkefni tengdu Comenius. Í apríl var kennsla aftur brotinn upp og nemendur gerðu fiska úr tré, leir og steinum sem var hluti af útlitaverki í tilefni að 10 ára afmæli Sjálandsskóla.

Verkefni

- Safnmappa
- Rammi og mynd. Unnið með verðlaust efni.
- Bókamerki – línur
- Nálægð og fjarlægð
- Mótun – leir
- Listasaga – íslenskur listamaður
- Jákvætt og neikvætt rými – andlitið mitt

Námsgögn og námsefni .

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunni og ýmis mynddæmi úr bókum og Listavefur krakka - Námsgagnastofnun.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru hæfniviðmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat/hæfniviðmið var gefið í desember og maí, lykilhæfni var gefin í febrúar. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (5.-8. þrep). Hæfniviðmið og lykilhæfni var metin í bókstöfunum A, B, C og D, ásamt umsögn. Hæfni nemenda var metin með eftirfarandi hætti:

Að nemendur geti:

- notað kunnáttu sína í litafræði í eigin sköpun
- beitt kunnáttu sinni í formfræði
- unnið með einfalda myndbyggingu
- notað mismunandi aðferðir í myndsköpun
- unnið skapandi vinnu í hóp
- beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna

- unnið með dæmi úr íslenskri listasögu
- unnið með myndmál í nærumhverfi

5. – 6. bekkur

Kennari: Guðrún Dóra Jónsdóttir.

Í myndmennt í 5. – 6. bekk var unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkensla var í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili. Nemendur í 5. – 6. bekk voru alls 52 og var kennt í 4 hópum með 12-13 nemendum í hverjum hópi. Nemendur komu í lotum yfir skólaárið þrisvar í viku í þrjár vikur á haustönn og í fimm vikur á vorönn, klukkutíma í senn. Í nóvember fóru allir nemendur beggja árgana í 3 vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman að uppsetningu leikritsins *Fólkið í blokkinni*.

Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum. Í apríl var kennsla aftur brotinn upp og nemendur gerðu fiska úr tré, leir og plasti sem var hluti af útilistaverki í tilefni að 10 ára afmæli Sjálandsskóla.

Verkefni í myndmennt

- Safnmappa
- Formfræði – teikning
- Mótun
- Tvívítt/þrívítt – andlit
- Íslenskur listamaður – teikning
- Listasaga - tímabil

Námsgögn og námsefni .

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum. Bækur um listamenn ásamt upplýsingum á netinu voru líka notaðar.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru hæfniviðmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat/hæfniviðmið var gefið í desember og maí, lykilhæfni var gefin í febrúar. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (9.-12. þrep). Hæfniviðmið og lykilhæfni var metin í bókstöfunum, A, B, C og D, ásamt umsögn. Hæfni nemenda var metin með eftirfarandi hætti:

Að nemendur geti:

- beitt mismunandi efnum og verkfærum sem á við hverju sinni
- notað grunnþætti myndlistar í sköpun sinni
- sagt skoðanir sínar á eigin sköpun
- unnið verk allt frá hugmyndavinnu og skissugerð

- beitt hugtökum og heitum myndlistar
- þekki mismunandi aðferðir myndlistar
- þekkt hönnun og gert grein fyrir henni

7. bekkur

Kennari: Guðrún Dóra Jónsdóttir.

Í myndmennt í 7. bekk var unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla Nemendur í 7. bekk voru alls 33 og var kennt í þremur hópum með 10 – 11 nemendur í hverjum hópi. Nemendur komu í lotum þrisvar í viku í fimm vikur á haustönn og í fimm-sex vikur á vorönn, klukkutíma í senn. Nemendur unnu eftir vali. Þau fá verkefni til að vinna með og velja sér það sem þau vilja gera hverju sinni. Þau vinna eftir verkefnalýsingu með hverju verkefni og fylla út áætlunarblað eftir hvern tíma, þar skrá þau hvað þau gerðu í tímanum og meta það hvernig þau stóðu sig. Einu sinni í viku allan veturinn unnu nemendur allir saman þvert á listgreinarnar að öðrum verkefnum. Fyrir áramót var tekin fyrir fjölbreytt bókagerð og eftir áramót var farið í endurnýtingu á pappír og öðru efni. Í apríl var kennsla brotinn upp og nemendur gerðu fiska úr tré, leir og plasti sem var hluti af útilistaverki í tilefni að 10 ára afmæli Sjálandsskóla.

Verkefni

- Safnmappa - línur
- Op art
- Litafræði - litatónar
- Teikning – Form og uppstilling
- Listamaður
- Mótun - leir

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem við höfðum til umráða í listastofunum ásamt gersemum úr umhverfi skólans. Við nýttum bókakost og tölvur skólans eftir því sem hentaði hverju sinni.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru markmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat var gefið í desember og maí, lykilhæfni var gefin í febrúar. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (13.-14. þrep). Færni nemenda og lykilhæfni var metin í bókstöfunum, A, B, C og D, ásamt umsögn. Færni nemenda var metin með eftirfarandi hætti.

Að nemendur geti:

- Beitt mismunandi efnum og verkfærum sem á við hverju sinni
- Notað grunnþætti myndlistar í sköpun sinni

- Sagt skoðanir sínar á eigin sköpun
- Unnið verk allt frá hugmyndavinnu og skissugerð
- Beitt hugtökum og heitum myndlistar
- Þekki mismunandi aðferðir myndlistar
- Þekkt hönnun og gert grein fyrir henni

Skýrsla textílkennara

1.- 2. bekkur

Kennari: Arngunnur H. Sigurpórsdóttir / Silja Kristjánsdóttir

Nemendur í 1. – 2. bekk voru alls 6 og var kennt í 5 hópum í textílmennt með 12 nemendur í hverjum hóp. Í textílmennt í 1.-2. bekk var unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkennsla var í árgöngunum og var unnið með markmið beggja árganga. Farið var yfir öll markmið og viðfangsefni árganganna í textílmennt skv. námsvísi í Skólanámsskrá Sjálandsskóla.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið, 2 svar í viku í 3 vikur á haustönn og í 3 vikur á vorönn, klukkutíma í senn. Námið byggðist á verklegum verkefnum nemenda. Í upphafi vorannar var 4 vikna uppbot þar sem allir nemendur í 1. og 2. bekk unnu saman að uppsetningu Dýranna í Hálsaskógi. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum. Í apríl var kennsla aftur brotin upp og nemendur máluðu fiska á steina úr fjörunni sem voru hluti af útilistaverki í tilefni af 10 ára afmæli Sjálandsskóla.

Verkefni í textílmennt unnin af 1. - 2. bekk

- Púðar- þrykk og vélsaumur og hnýtingar
- Ofnir karlar – garn, vefnálar, skæri og fleira
- Dúskar
- Málaðir steinar – fyrir afmæli skólans

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru áhöld og efniviður sem henta nemendum í 1.-2. bekk og voru til staðar í textílstofunni. Stuðst var við hugmyndir af netinu og efni frá kennara haft til hliðsjónar.

Kennsluaðferðir

Innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður. Sjálfstæð vinna og tilraunir nemenda

Matsaðferðir

Við námsmat voru hæfniviðmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat/hæfniviðmið var gefið í desember og maí, lykilhæfni var gefin í febrúar. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (1.-4. þrep). Hæfniviðmið og lykilhæfni var metin í bókstöfunum, A, B, C og D, ásamt umsögn. Hæfni nemenda var metin með eftirfarandi hætti:

Nemandinn getur:

- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar
- Beitt viðeigandi áhöldum greinarinnar
- Tjáð hugmyndir sínar með einföldum skissum

3. – 4. bekkur

Kennari: Arngunnur H. Sigurpórsdóttir / Silja Kristjánsdóttir

Nemendur í 3. – 4. bekk voru alls 54 og var kennt í 5 hópum í textílmennt með 10-11 nemendur í hverjum hópi. Í textílmennt í 3. – 4. bekk var unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkenntla var í árgöngunum og var unnið með markmið beggja árganga. Farið var yfir öll markmið og viðfangsefni árganganna í textílmennt skv. námsvísi í Skólanámsskrá Sjálandsskóla.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið 3 svar í viku í 3 vikur á haustönn og vorönn, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna meira frjálst þar sem að sköpun nemenda réð ríkjum. Þrisvar yfir skólaárið fóru allir nemendur beggja árganga í 1 – 2 vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman. Í desember var jólaþema og í mars unnu nemendur og kennarar að verkefni tengdu Comenius. Í apríl var kennsla aftur brotinn upp og nemendur gerðu fiska úr tré, leir og steinum sem var hluti af útilistaverki í tilefni að 10 ára afmæli Sjálandsskóla.

Verkefni textílmennt unnin af 3. – 4. bekk

- Veggteppi- þrykk og útsaumur eftir eigin teikningu þar sem þemað var tré, frjálst verkefni þrjón
- Saumavélaæfingar
- Bangsi eftir eigin teikningu – teiknað á efni og saumað í saumavél.
- Stór vefur
- Dúskar

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru áhöld og efni sem henta 3.-4. bekk og voru til taks í textílstofunni. Stuðst var við efni á netinu og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, jafningjafræðsla og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru hæfniviðmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat/hæfniviðmið var gefið í desember og maí, lykilhæfni var gefin í febrúar. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (5.-8. þrep). Hæfniviðmið og lykilhæfni var metin í bókstofunum, A, B, C og D, ásamt umsögn. Hæfni nemenda var metin með eftirfarandi hætti:

Nemandinn getur:

- notað einfaldar aðferðir greinarinnar
- beitt viðeigandi áhöldum
- unnið úr nokkrum gerðum textílefna
- unnið eftir einföldum leiðbeiningum
- tjáð hugmyndir sínar með einföldum skissum

5. – 6. bekkur

Kennari: Arngunnur H. Sigurþórsdóttir / Silja Kristjánsdóttir

Nemendur í 5. – 6. bekk voru alls 52 og var kennt í 4 hópum í textílmennt með 12-13 nemendur í hverjum hópi. Unnið var eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkennsla var í árgöngunum og unnið með markmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest markmið og viðfangsefni árganganna í textílmennt, skv. námsvísi í Skólanámsskrá Sjúlandsskóla yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið 3 svar í viku í 3 vikur á haustönn og í 5 vikur á vorönn, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna meira frjálst þar sem að sköpun nemenda réð ríkjum. Hver nemandi vann verkefnið á sínum eigin hraða. Mikil áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Í nóvember fóru allir nemendur beggja árganga í 3 vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman að uppsetningu leikritsins *Fólkið í blokkinni*. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum. Í apríl var kennsla aftur brotinn upp og nemendur gerðu fiska úr tré, leir og plasti sem var hluti af útilistaverki í tilefni að 10 ára afmæli Sjúlandsskóla.

Verkefni í textílmennt unnin af 5. – 6. bekk

- Vélsaumur - pennaveski/budda skreytt með vélsaumi og festur rennilás, frjálst verkefni (prjón)
- Prjónað úr hvítum lopa – nemendur prjóna verkefni eftir áhuga og getu og lita stykkið á einfaldan hátt þegar það er tilbúið
- Frjáls verkefni

Frjáls verkefni

Nemendum var gefinn tími í frjáls verkefni. Þeir þurftu að velja sér verkefni eftir áhuga og getu og reyna eftir fremsta megni að vinna þau sjálfstætt.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru áhöld og efni sem henta 5.-6. bekk og voru til taks í textílstofunni. Stuðst var við efni af netinu og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru hæfniviðmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat/hæfniviðmið var gefið í desember og maí, lykilhæfni var gefin í febrúar. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (9.-12. þrep). Hæfniviðmið og lykilhæfni var metin í bókstöfunum, A, B, C og D, ásamt umsögn. Hæfni nemenda var metin með eftirfarandi hætti:

Nemandinn getur:

- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar
- Beitt viðeigandi áhöldum
- Unnið úr nokkrum gerðum textílefna
- Unnið eftir einföldum leiðbeiningum
- Tíjád hugmyndir sínar með einföldum skissum
- Notað helstu hugtök greinarinnar
- Leitað sér frekari upplýsinga og hugmynda
- Greint á milli helstu tegunda textílefna

7. bekkur

Kennari: Arngunnur H. Sigurpórsdóttir / Silja Kristjánsdóttir

Nemendur í 7. bekk voru alls 33 og var kennt í 3 hópum í textílmennt með 11 nemendur í hverjum hópi. Í textílmennt í 7. bekk var unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Farið var yfir öll markmið og viðfangsefni árgangsins í textílmennt skv. námsvísi í Skólanámsskrá Sjálandsskóla.

Nemendur komu í lotum 3svar í viku í 5 vikur á haustönn og í 5-6 vikur á vorönn, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefni en þegar nemendur kláruðu það verkefni fengu þeir að vinna frjálst þar sem að sköpun nemenda réði ríkjum. Góður tími var gefinn til eigin sköpunar í gegnum frjáls verkefni. Einu sinni í viku allan veturinn unnu nemendur allir saman þvert á listgreinarnar að öðrum verkefnum. Fyrir áramót var tekin fyrir fjölbreytt bókagerð og eftir áramót var farið í endurnýtingu á pappír og öðru efni.

Í apríl var kennsla brotinn upp og nemendur gerðu fiska úr tré, leir og plasti sem var hluti af útilistaverki í tilefni að 10 ára afmæli Sjálandsskóla.

Verkefni í textílmennt unnin af 7. bekk

- Endurvinnsluverkefni - vélsaumur úr endurunnum gallabuxum, - nemendur hönnuðu tösku, veski, úlnliðsbönd o.fl eftir eigin óskum.
- Hekl – heklað á dósir
- 20 mín taska – nemendur skreyta efni og fylgja einföldum leiðbeiningum við gerð tösku

- Frjáls verkefni

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru áhöld, efni og tæki sem henta nemendum í 7. bekk og við höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni á netinu, efni frá kennara og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræða, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru hæfniviðmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat/hæfniviðmið var gefið í desember og maí, lykilhæfni var gefin í febrúar. Állt námsmat var fært beint inn í Mentor (13-14. þrep). Hæfniviðmið og lykilhæfni var metin í bókstöfunum, A, B, C og D, ásamt umsögn. Hæfni nemenda var metin með eftirfarandi hætti:

Nemandinn getur:

- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar
- Beitt viðeigandi áhöldum
- Unnið úr nokkrum gerðum textílefna
- Unnið eftir einföldum leiðbeiningum
- Tjáð hugmyndir sínar með einföldum skissum
- Notað helstu hugtök greinarinnar
- Leitað sér frekari upplýsinga og hugmynda
- Greint á milli helstu tegunda textílefna

Skýrsla hönnunar og smíðakennara

1.- 2. bekkur

Kennari: Bjarnveig S. Jakobsdóttir

Nemendur í 1. – 2. bekk voru alls 60 og var kennt í 5 hópum í hönnun og smíði með 12 nemendur í hverjum hóp. Í hönnun og smíði í 1.-2. bekk var unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkennsla var í árgöngunum og var unnið með hæfniviðmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest hæfniviðmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið, 2 svar í viku í 3 vikur á haustönn og í 3 vikur á vorönn, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu

Þau verkefni fengu þeir að vinna aukaverkefni. Í byrjun vorannar fóru allir nemendur árganganna beggja í 4 vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman við uppsetningu á *Dýrunum í Hálsaskógi*. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum. Í apríl var kennsla aftur brotinn upp og nemendur máluðu fiska á steina úr fjörunni sem var hluti af útilistaverki í tilefni að 10 ára afmæli Sjálandsskóla.

1.-2. bekkur

Verkefni

- Gluggaskraut
- Unnið með viðarafganga - bátur
- Unnið með afganga – stafurinn minn
- Hringekja (Stöðvar í smíðastofu með frjálsum verkefnum úr afgangsefni með það að markmiði að nemendur æfðu sig í notkun ýmissa verkfæra)

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 1.-2. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af netinu og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru hæfniviðmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat/hæfniviðmið var gefið í desember og maí, lykilhæfni var gefin í febrúar. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (1.-4. þrep). Hæfniviðmið og lykilhæfni var metin í bókstöfunum, A, B, C og D, ásamt umsögn. Hæfni nemenda var metin með eftirfarandi hætti:

Nemandinn getur:

- Valið og notað verkfæri sem hæfa verkefninu á öruggan hátt
- Gert grein fyrir þeim smíðaeignum sem unnið er með
- Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með
- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar
- Nemandinn gengur vel um smíðastofuna, verkfærin sem inni í henni eru og verkefni sín og annarra

3. – 4. bekkur

Kennari: Bjarnveig Sigurborg Jakobsdóttir

Nemendur í 3. – 4. bekk voru alls 54 og var kennt í 5 hópum í hönnun og smíði með 10 – 12 nemendur í hverjum hóp. Í hönnun og smíði í 3. – 4. bekk var unnið eftir hæfniviðmiðum

Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkennsla var í árgöngunum og var unnið með hæfniviðmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest hæfniviðmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið 3 svar í viku í 3 vikur á haustönn og vorönn, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna meira frjálst þar sem að sköpun nemenda réð ríkjum. Þrisvar yfir skólaárið fóru allir nemendur beggja árgana í 1 – 2 vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman. Í desember var jólaþema og í mars unnu nemendur og kennarar að verkefni tengdu Comenius. Í apríl var kennsla aftur brotinn upp og nemendur gerðu fiska úr tré, leir og steinum sem var hluti af útlitaverki í tilefni að 10 ára afmæli Sjálandsskóla.

Verkefni

3. – 4. bekkur:

- Litastatíf
- Sögusvið í mandarínukassa (tengt íslensku)
- Hringekja (Stöðvar í smíðastofu með frjálsum verkefnum úr afgangsefni með það að markmiði að nemendur æfðu sig í notkun ýmissa verkfæra)

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem henta 3.-4. bekk og við höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af netinu og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, jafningjafræðsla og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru hæfniviðmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat/hæfniviðmið var gefið í desember og maí, lykilhæfni var gefin í febrúar. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (5.-8. þrep). Hæfniviðmið og lykilhæfni var metin í bókstöfunum, A, B, C og D, ásamt umsögn. Hæfni nemenda var metin með eftirfarandi hætti:

Nemandinn getur:

- Valið og notað verkfæri sem hæfa verkefninu á öruggan hátt
- Gert grein fyrir þeim smíðaefnum sem unnið er með
- Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar
- Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut
- Framkvæmt einfaldar samsetningar
- Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með

- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar
- Nemandinn gengur vel um smíðastofuna, verkfærin sem inni í henni eru og verkefni sín og annara

5. – 6. bekkur

Kennari: Bjarnveig Sigurborg Jakobsdóttir

Nemendur í 5. – 6. bekk voru alls 52 og var kennt í 4 hópum í hönnun og smíði með 12 -13 nemendur í hverjum hóp. Í hönnun og smíði í 5. – 6. bekk var unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla. Samkenntla var í árgöngunum og var unnið með hæfniviðmið beggja árganga. Horft var til þess að sem flest hæfniviðmið yrðu tekin á tveggja ára tímabili.

Nemendur komu í lotum yfir skólaárið 3 svar í viku í 3 vikur á haustönn og í 5 vikur á vorönn, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna meira frjálst þar sem að sköpun nemenda réð ríkjum. Hver nemandi vann verkefni á sínum eigin hraða. Mikil áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Í nóvember fóru allir nemendur beggja árganga í 3 vikna þemavinnu þar sem allar listgreinar unnu saman að uppsetningu leikritsins *Fólkið í blokkinni*. Nemendur bjuggu til búninga, gerðu leikmynd og leikmuni í list- og verkgreinum. Í apríl var kenntla aftur brotinn upp og nemendur gerðu fiska úr tré, leir og plasti sem var hluti af útlitstaverki í tilefni að 10 ára afmæli Sjálandsskóla.

Verkefni

- Verkefni tengt þema – unnið með afgangsefni úr smíðastofunni (hópavinna)
- Frjálst verkefni, skylduverkefni – nemendur urðu að skipuleggja vinnu sína og skila inn vinnuteikningu og skýrslu
- Frjáls verkefni

Frjáls verkefni

Nemendum var gefinn tími í frjáls verkefni. Þeir þurftu að velja sér verkefni eftir áhuga og getu og reyna eftir fremsta megni að vinna þau sjálfstætt.

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem henta 5.-6. bekk og við höfðum til umráða í smíðastofunni. Vinnuleiðbeiningar frá kennara, stuðst var við efni af netinu og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar. Nemendur höfðu einnig færi á að afla upplýsinga á netinu.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru hæfniviðmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat/hæfniviðmið var gefið í desember og maí, lykilhæfni var gefin

í febrúar. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (9.-12. þrep). Hæfniviðmið og lykilhæfni var metin í bókstöfunum, A, B, C og D, ásamt umsögn. Hæfni nemenda var metin með eftirfarandi hætti:

Nemandinn getur:

- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki sem hæfa verkefninu
- Gert grein fyrir þeim efniviði og notagildi hans sem notaður er í smíðastofunni
- Útskýrt hugmyndir sínar á einfaldan hátt með vinnuteikningu
- Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum
- Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni
- Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað
- Nemandinn gengur vel um smíðastofuna, verkfærin sem inni í henni eru og verkefnin sín og annara

7. bekkur

Kennari: Bjarnveig Sigurborg Jakobsdóttir

Nemendur í 7. bekk voru alls 33 og var kennt í 3 hópum í hönnun og smíði með 10 – 11 nemendur í hverjum hóp. Í hönnun og smíði í 7. bekk var unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla.

Nemendur komu í lotum 3svar í viku í 5 vikur á haustönn og í 5-6 vikur á vorönn, klukkutíma í senn. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjálst þar sem að sköpun nemenda réð ríkjum. Góður tími var gefinn til eigin sköpunar í gegnum frjáls verkefni. Einu sinni í viku allan veturinn unnu nemendur allir saman þvert á listgreinarnar að öðrum verkefnum. Fyrir áramót var tekin fyrir fjölbreytt bókagerð og eftir áramót var farið í endurnýtingu á pappír og öðru efni.

Í apríl var kennsla brotinn upp og nemendur gerðu fiska úr tré, leir og plasti sem var hluti af útilistaverki í tilefni að 10 ára afmæli Sjálandsskóla.

Verkefni

- Rammi
- Snjallsímastandur eða spjaldtölvustandur – val
- Kennslumyndband (hópavinna)
- Frjáls verkefni

Námsgögn og námsefni

Námsgögn voru öll þau töl og tæki sem henta nemendum í 7. bekk og við höfðum til umræða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af netinu og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar. Nemendur höfðu einnig færi á að afla upplýsinga á netinu.

Kennsluaðferðir

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræða, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum.

Matsaðferðir

Við námsmat voru hæfniviðmið hvers verkefnis höfð að leiðarljósi. Kennarinn merkti hjá sér þegar einstaka þættir voru skoðaðir. Námsmat/hæfniviðmið var gefið í desember og maí, lykilhæfni var gefin í febrúar. Allt námsmat var fært beint inn í Mentor (13.-14. þrep). Hæfniviðmið og lykilhæfni var metin í bókstöfunum, A, B, C og D, ásamt umsögn. Hæfni nemenda var metin með eftirfarandi hætti:

Nemandinn getur:

- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki sem hæfa verkefninu
- Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni
- Útskýrt hugmyndir sínar á einfaldan hátt með vinnuteikningu
- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð
- Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum
- Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni
- Nýtt sér réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað
- Nemandinn gengur vel um smíðastofuna, verkfærin sem inni í henni eru og verkefni sín og annara
-

Skýrsla tónmenntakennara

Í vetur fengu nemendur 1. – 7. bekk eina klukkustund á viku í tónmennt. 8. – 10. bekkur fékk 45 mínútur á viku. Kór var starfandi við skólann allan veturinn og var 2 klst. og 40 mínútur helgaðar honum á viku. Þrjú valnámskeið voru kennd í vetur fyrir nemendur á unglingastigi. Á haustönn voru kennd námskeiðin *Tölvur og tónlist* og *Rafmagnað samspil en Söngur* á vorönn.

Kennslan í 1. – 2. bekk

Viðfangsefni vetrarinnss voru eftirfarandi.

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Í undirbúningi uppsetningar leikritsins *Dýrin í Hálsaskógi* æfðu nemendur lögin úr leikritinu í tónmennt.

- Taktur. Nemendur hafa spilað takta eftir nótum og hefur verið farið í ýmsa leiki þar sem unnið er með takt. Einnig hefur verið spilað á skólahljóðfæri í takt við tónlist og eftir fyrirætlum og stjórnun kennara eða samnemenda.
- Spuni. Nemendur hafa spunnið á sílafóna yfir undirspil.
- Sköpun. Nemendur sömdu stutt hljóðverk og skráðu með grafískri nótnaskrift. Í tengslum við þemað um *Hafið* sömdu nemendur hljóðverk sem tengist því. Nemendur skráðu tónsköpun sína með grafískri nótnaskrift og léku á skólahljóðfæri. Á vordögum valdi hver umsjónarhópur sér einn farfugl og samdi og æfði stutt hljóðverk sem túlkaði hann.
- Hljóðfæri. Nemendur hafa unnið mikið með og leikið á skólahljóðfæri bæði takt- og laglínuhljóðfæri og m.a. tekið upp nokkur lög til birtingar á heimasíðu skólans, spunnið og skapað á þau. Þá kynntust nemendur hljóðfærum sinfóníuhljómsveitar í gegnum hlustun og verkefnavinnu.
- Hlustun. Nemendur hlustuðu á fjölbreytta tónlist eftir fjölmörg tónskáld. Sérstaklega var unnið með verkin *Pétur og úlfurinn* eftir Sergei Prokofiev og *Karnival dýranna* eftir Saint Saens.
- Tónfræði. Sérstaklega hefur verið unnið með eftirfarandi þætti tónfræðinnar:
 - Styrkleika (sterkt-veikt, vaxandi-minnkandi)
 - Nótnaheitin
 - Lengdargildi nótna
- Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki og dönsuðu einfalda dansa.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun.

Námsefni

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni auk verkefna úr verkefnabók 1 fyrir tónmennt. Þá voru þýdd og staðfærð verkefni úr enska námsefninu *Music Express year 1 og year 2*.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem voru metnir í 1. og 2. bekk voru:

- Getur sungið í hópi með skýrum framburði
- Þekkir útlit og hljóð nokkurra hljóðfæra sinfóníuhljómsveitar
- Getur leikið á skólahljóðfæri í takt við tónlist
- Getur notað grafíska nótnaskrift við flutning og skráningu tónlistar
- Getur sungið eða leikið á skólahljóðfæri eftir einföldum styrkleikamerkjum
- Getur greint á milli þrí- og fjórskipts takts
- Getur notað algengustu nótnagerðir við að skrá rytma
- Getur spunnið einfaldan spuna á skólahljóðfæri
- Getur samið hljóðverk í hóp

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Í námsmatinu voru gefnir bókstafirnir A, B, C og D.

Kennslan í 3. – 4. bekk

Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Í tengslum við þema um umhverfið voru lög sungin sem tengjast umhverfinu, náttúrunni og haustinu. Meðan nemendur voru í þemanu *Komdu og skoðaðu sögu mannkyns* lærðu nemendur lög og léku á skólahljóðfæri frá ólíkum heimshlutum og tímum. Í þemanu *Ísland áður fyrr* voru íslensk þjóðlög kynnt og sungin.
- Taktur. Unnið hefur verið með takt og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstípti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið unnið með hlustun og hljóðfæraleik á takt- og laglínuhljóðfæri auk líkams rytma.
- Spuni. Nemendur hafa spunnið á sílafóna yfir undirspil.
- Tónsköpun. Í þemanu um umhverfið var unnið með grafíska nótnaskrift. Nemendur fóru í vettvangsferð um nágrenni skólans og söfnuðu hljóðum sem þeir skráðu á sinn hátt með grafískri nótnaskrift. Í tengslum við þemað *Ísland áður fyrr* sömdu nemendur lag við gamla þulu. Nemendur hafa æft spuna á skólahljóðfæri yfir undirspil þar sem áhersla hefur verið á að leikið sé í takt við undirspil og að tónhendingar séu fjölbreyttar og áheyrilegar.
- Hlustun. Nemendur hafa hlustað á og rætt um fjölbreytta tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar og unnið með þau á fjölbreyttan hátt. Í þemanu *Komdu og skoðaðu sögu mannkyns* hlustuðu nemendur á tónlist frá ólíkum heimshlutum frá ólíkum tímabilum.
- Hljóðfæri. Nemendur hafa leikið einfaldar útsetningar af lögum á skólahljóðfæri, bæði laglínuhljóðfæri og takthljóðfæri. Í þemanu *Komdu og skoðaðu sögu mannkyns* æfðu nemendur útsetningu kennara á lögum frá Kína, Perú og gregorískum munkasöng frá miðöldum. Í tengslum við þemað *Ísland áður fyrr* útsettu og æfðu nemendur ásamt kennara frumsömdu lögin sín. Lögin voru tekin upp og má heyra þau á heimasíðu skólans.
- Tólistarsaga. Nemendur kynntust tónlist frá Kína, Suðu-Ameríku og Evrópu á miðöldum.
- Tónfræði. Unnið var með:
 - Styrkleika (piano – forte, vaxandi styrkur-minnkandi styrkur)
 - Ritun og lestur algengustu nótnagilda
 - g- lykil
 - Hraða (hratt – hægt)
 - Tónhæð (háir og lágir tónar)
 - Grafíska nótnaskrift
 - Þrískiptan og fjórskiptan takt auk taktbreytinga

- Form og kafla tónverka (A-B-A form)
- Hreyfing. Nemendur fóru í ýmsa takt- og hreyfileiki.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforrit, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun. Þá voru þýdd og staðfærð verkefni úr enska námsefninu Music Express year 3 og year 4.

Námsefni:

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið með námsefnið *Það var lagið*, bæði hlustunarefni og tónfræðiverkefni, kennsluefnið *Það var lagið* og tölvuforritið *Háskaleik*. Þá voru þýdd og staðfærð verkefni úr enska námsefninu Music Express year 3 og year 4.

Matsaðferðir:

Þeir þættir sem voru metnir í 3. og 4. bekk voru:

- Getur sungið í hópi með skýrum framburði fjölbreytt sönglög og þulur
- Þekkir útlit og hljóð hljóðfæra sinfóníuhljómsveitar og getur flokkað þau í hljóðfærafjölskyldur
- Getur skráð og leikið einfalda laglínu og hrynnótur
- Getur leikið á skólahljóðfæri í takt við undirleik
- Getur skapað og flutt eigið tónver/hljóðverk og notað einföld nótnagildi við að skrá það
- Getur leikið einfalt prástef
- Getur spunnið einfaldan spuna á skólahljóðfæri í takt við undirleik
- Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Í námsmatinu voru gefnir bókstafirnir A, B, C og D.

Kennslan í 5. og 6. bekk

Viðfangsefni vetrarinnis voru eftirfarandi.

- Söngur. Mikil áhersla hefur verið lögð á söng og að nemendur læri ný lög í tengslum við morgunsönginn. Á haustdögum unnu nemendur tónheyrarverkefni í tengslum við lagið *Haustlauf trjáanna* þar sem unnið var með keðjusöng og fjölradda söng. Í vinnu með bókina *Fólkið í blokkinni* lærðu nemendur nokkur lög úr samnefndum söngleik sem var settur upp í sal skólans. Í tengslum við þemað um Snorra Sturluson lærðu nemendur íslensk þjóðlög og kynntust einkennum og sögu þeirra. Í þemanu kynntust nemendur einnig tvísöng og spreittu sig á honum. Fyrir jólin var í samstarfi við enskukennara æft lagið *Must be santa* eftir Bob Dylan.
- Taktur. Mikið hefur verið unnið með takt og lögð áhersla á að nemendur fái tilfinningu fyrir takti og geti leikið í takt og heyrt breytingar á takti bæði taktstkipti og hraðabreytingar. Þetta hefur verið þjálfað með hlustun og hljóðfæraleik á takt- og laglínuhljóðfæri auk líkamsrytma og dans. Í tengslum við þemað um Snorra kynntust nemendur skiptitakti og unnu með hann.

- Sköpun. Í þemanu um himingeiminn völdu nemendur sér plánetu úr okkar sólkerfi og sömdu tónverk sem túlkar hana. Í þemanu um Snorra völdu nemendur sér textabrot úr *Völuspá* og sömdu við þau tónverk. Nemendur útsettu svo saman tónverkin, völdu sér hljóðfæri, æfðu og tóku þau upp. Tónverkin úr þemunum um Snorra og himingeiminn má heyra á heimasíðu skólans.
- Hlustun/tónlistarsaga. Á haustdögum var hlustað á tónlist sem tengist himingeimnum, allt frá lögum eins og *Tunglið tunglið taktu mig* og *Marsbúa cha cha cha* til tónverksins *Pláneturnar* eftir Gustaf Holst og tónlistar úr *Star Wars* eftir John Williams. Í þemanu um Snorra var hlustað á íslensk þjóðlög og unnið með þætti eins og tvísöng, skiptitakt, langspil og íslenska fiðlu auk rímnasöngs. Einnig var hlustað á tónlist unna upp úr íslenskum þjóðlögum eftir Jón Leifs.
- Hljóðfæri. Nemendur léku undirleik á hljóðfæri í ýmsum sönglögum og í ýmsum tónlistarstílum. Margir nemendur nýttu sér hljómsveitarherbergi skólans þar sem þeir geta fengið tíma til að æfa sig saman eða ein á hefðbundin popp/rokk hljómsveitar hljóðfæri.
- Tónfræði. Í viðfangsefnum vetrarins og sérstaklega tónsköpun hefur verið unnið með frumbætti tónlistar, s.s. tónhæð, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun. Tölvur. Nemendur hafa unnið með spjaldtölvur í tónsköpun, upptökum og sem hljóðfæri. Einkum hafa nemendur notað forritin Garage Band, Singing fingers og Figure.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band og Pro tools, fjöldi geisladiska og ýmis skrifleg verkefni í tengslum við tónfræði og hlustun. Þá var notað kennsluforritið Háskaleikur.

Námsefni

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara en einnig var unnið með verkefnabókina Tónmennt 4. Enska námsefnið Music express year 6 hefur verið þýtt og staðfært.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem kennari mat í 5. og 6. bekk voru:

- Getur sungið og flutt fjölbreytt sönglög og þulur á ýmsum tungumálum
- Getur leikið undirleik fyrir söng á hljóðfæri
- Getur samið eigin tónsmíð og leikið á skólahljóðfæri fyrir áheyrendur og skrásett
- Getur spilað og skráð einfalda laglínu eftir heyrn
- Getur útskýrt sérkenni íslenskra þjóðlaga eins og víxlтакт, tvísöng og kvæðasöng
- Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Í námsmatinu voru gefnir bókstafirnir A, B, C og D.
-

Kennslan í 7. bekk

Viðfangsefni vetrarinns voru eftirfarandi.

Í vetur hefur verið lögð áhersla á skapandi vinnu hjá 7. bekk. Unnin voru ýmis tónsköpunar verkefni m.a. veðratónlist, kvikmyndatónlist og hringitónn.

Unnið var með frumþætti tónlistar út frá kvikmyndatónlist og annarri sköpun nemenda og í tengslum við hana unnu nemendur með eftirfarandi þætti:

- Hlustun/Tónlistarsaga. Saga kvikmyndatónlistar á 20. öld kennd. Kvikmyndatónskáldið John Williams kynnt. Einnig var unnið með jazz og swing tónlist og m.a. hlustað á tónlist Miles Davis.
- Blær – tilfinning. Í tónsköpun unnu nemendur sérstaklega með þessa þætti.
- Spuni. Nemendur hafa spunnið á skólahljóðfæri sem og þau hljóðfæri sem þeir sem stunda hljóðfæranám leika á.
- Tónsköpun. Nemendur hafa samið eigin tónlist við stuttmyndir, samið hljóðverk sem túlkar ákveðið veður og búið til hringitón.
- Tónfræði. Í viðfangsefnum nemenda var unnið með tónhæð, þagnir, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun.
- Tölvur. Nemendur hafa unnið með tónlistarforritið Garage band og samið með aðstoð þess eigin tónlist og tekið upp. Nemendur hafa unnið með spjaldtölvur í tónsköpun, upptökum og sem hljóðfæri. Einkum hafa nemendur notað forritin Garage Band, Singing fingers og Figure.

Samvinnuverkefni

Í tengslum við veðurbema sömdu nemendur hljóðverk sem túlkuðu ákveðið veður.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band og Pro tools, fjöldi geisladiska og kvikmynda.

Námsefni

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið með námsefnið *Það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist*.

Matsaðferðir

Þeir þættir sem voru metnir í 7. bekk voru:

- Getur greint einstaka þætti tónlistar eins og hljóðfæri, hraða, styrk og blæ og notað við eigin sköpun og flutning
- Getur nefnt nokkur kvikmyndatónskáld og þekkir valin verk þeirra
- Getur beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng
- Getur notað upptöku- og hljóðbútaforrit við tónsköpun og hljóðritun
- Getur samið hringitón eftir ákveðnum leiðbeiningum
- Getur leikið undirleik fyrir söng eða spuna á hljóðfæri
- Þekkir nokkur evrópsk tónskáld og tónlistarfólk og tónlist þeirra

- Getur samið kvikmyndatónlist sem túlkar það sem er að gerast í tilteknu atriði

Námsmat var gert með skriflegum könnunum, verklegum könnunum, videoupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda og hljóðupptökum af hljóðfæraleik og söng nemenda. Í námsmatinu voru gefnir bókstafirnir A, B, C og D.

Kennslan í 8. bekk

Viðfangsefni vetrarins voru eftirfarandi.

Tónlist 20. aldarinnar var yfirskrift vetrarins hjá 8. bekk. Reynt var að kynna fjölbreytileika aldarinnar og leyfa nemendum að prófa sjálfir að vinna með ólíka stíla og aðferðir sem voru notaðar og þróaðar á öldinni. Unnið var með eftirfarandi þætti:

- Hlustun/Tónlistarsaga. Upphaf kvikmyndagerðar var skoðuð. Kvikmyndatónlist frá fyrstu árum kvikmyndagerðar var könnuð. Hlustað var á tónlist franska tónskáldsins Erik Satie, bandaríska blús tónlist og söngflokka eða svokallaða doo wopp tónlist.
- Blær – tilfinning. Í tónsköpun unnu nemendur sérstaklega með þessa þætti.
- Tónsköpun. Nemendur sömdu tónverk í anda Erik Satie á spjaldtölvur. Samin var tónlist við tvær stuttmyndir, aðra eftir Charlie Chaplin frá öðrum áratug síðustu aldar og stutta mynd af mannlífi í Reykjavík á þriðja áratug tuttugustu aldarinnar. Nemendur sömdu blús lag og texta og lag í doo wop stíl.
- Tónfræði. Í viðfangsefnum nemenda var unnið með tónhæð, þagnir, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun.
- Tölvur. Nemendur hafa unnið með spjaldtölvur og notað forritin Garage band, Singing fingers og Figure.

Námsgögn

- Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band og Pro tools, Singing fingers og Figure. Einnig fjöldi geisladiska og kvikmynda.

Námsefni

Mest var unnið með námsefni tilbúið af tónmenntakennara. Einnig var unnið var með námsefnið *Hljóðspor*.

Matsaðferðir

Námsmat fór að mestu fram með könnunum og mati á tónsköpun og flutningi nemenda. Um símat var að ræða þar sem nemendur fengu matið jafn óðum og verkefni hafði verið klárað.

Kennslan í 9. – 10. bekk

Viðfangsefni vetrarins voru eftirfarandi

Á haustönn var kennsla í tónmennt tengd stríðsára þema sem nemendur voru í á þeim tíma. Nemendur kynntust tónlist stríðsáranna og unnu valverkefni tengt því. Síðar unnu nemendur nokkur verkefni þar sem tónsköpun og hljóðfæraleikur var undirstaðan.

Unnið var með eftirfarandi þætti:

- Hlustun/Tónlistarsaga. Hlustað var á stríðsára tónlist frá Íslandi, meginlandi Evrópu og Bandaríkjunum. Hlustað var á tónlist franska tónskáldsins Erik Satie, bandaríska blús tónlist og reggea tónlist frá Jamaica.
- Tónsköpun. Í tónsköpun unnu nemendur sérstaklega með þessa blæ og tilfinningu í túlkun tónlistar. Nemendur sköpuðu tónlist sem túlkaði atburði stríðsáranna eða var í anda stríðsaratónlistar. Nemendur sömdu á spjaldtölvur tónlist í anda Erik Satie. Nemendur sömdu blúslag og jólalag.
- Tónfræði. Í viðfangsefnum nemenda var unnið með tónhæð, þagnir, tónlengd, hljóma, tónblæ, tónstyrk, form og túlkun.
- Tölvur. Nemendur hafa unnið með spjaldtölvur og notað forritin Garage band, Singing fingers og Figure.

Námsgögn

Námsgögn voru hin ýmsu skólahljóðfæri, tónlistarforritin Garage band og Pro tools, Singing fingers og Figure. Einnig fjöldi geisladiska og kvikmynda.

Námsefni

Unnið var með námsefni tilbúið af tónmenntakennara.

Matsaðferðir

Námsmat var með þeim hætti að þátttaka nemenda var metin í tónsköpun, hljóðfæravinnu og umræðum auk þess sem einstaklings verkefni nemenda voru metin.

Stuðningsþjónusta

Skólaárið 2014-2015 störfuðu þrír sérkennarar við skólann. Sigríður Ólafsdóttir var í 80 % starfshlutfalli á yngra stigi og kenndi íslensku, stærðfræði og nýbúakennslu (1-4 bekkur). Bryndís Rail 50 % starfshlutfalli á miðstigi (5-7 bekkur) og Elfa Hrönn Friðriksdóttir í 85% starfshlutfalli á unglingastigi.

Auk þess starfaði leikskólakennari, Jóhanna Elísa Magnúsdóttir sem meðferðarfulltrúi í 1.-4. bekk í 80% starfi og tveir þroskaþjálfar, Særún Sigurjónsdóttir og Pála Marie Einarsdóttir. Pála fór í fæðingarorlof í janúar og við tók Emelía C. Gylfadóttir í 100%starfi.

Skólasálfræðingar á haustönn voru þeir Trausti Valsson og Brynjólfur Brynjólfsson. Eftir áramót tók Soffía Elín Sigurðardóttir. Hún kom að jafnaði einu sinni í viku í skólann.

Skipulag

- Sérkennarar skólans starfa náið með skólastjórnendum, umsjónarkennurum, námsráðgjafa, þroskaþjálfum, foreldrum og öðrum stuðningsaðilum.
- Sérkennarar sitja kennarafundi, fundi lausnarþeymis auk ýmissa skilafunda með sérfræðingum, umsjónarkennurum og foreldrum.

- Sérkennslan fer fram bæði inni á kennslusvæðum og í sérkennslustofum, ýmist sem hóp- eða einstaklingskennsla.
- Sérkennarar aðstoða nemendur í prófum, þar sem þörf er á.
- Sérkennarar bera ábyrgð á að lestrarprófa nemendur að hausti og vori.
- Sérkennarar veita ráðgjöf varðandi nám nemenda bæði til kennara og foreldra.
- Sérkennarar semja einstaklingsnámsskrá þar sem við á, finna og aðlaga námsefni í samvinnu við umsjónarkennara.
- Upplýsingar um sérkennslunemendur eru skráðar í Mentor undir flípanum sértækar upplýsingar.
- Trúnaðarupplýsingar og greiningar eru geymdar í skjalaskáp skólans

Umsóknir

- Umsjónarkennarar leggja fram skriflega beiðni til skólastjórnenda að vori og óska eftir sérkennslu fyrir nemendur sína á komandi skólaári
- Lausnarteymi fer síðan yfir stöðuna, metur þörfina á sérúrræðum og finnur lausnir
- Stuðst er við niðurstöður ýmissa skimana í lestri og stærðfræði auk annarra greininga
- Foreldrar eru ávallt upplýstir um stöðu mála og óskað er eftir samþykki þeirra ef barni þeirra gefst kostur á að fá greiningu eða sérkennslu

Allir nemendur í 1.-6. bekk voru lestrarprófaðir af sérkennara þrisvar yfir veturinn. Auk þess voru lögð fyrir ýmis skimunarpróf í lestri, íslensku og stærðfræði, (sjá nánar um greiningar). Þegar niðurstöður prófanna lágu fyrir var tekin ákvörðun um frekari aðstoð við nemendur og kennslan endurskipulögð og verkefnum forgangsraðað.

Kennslufyrirkomulag

Áhersluþættir sérkennslu á yngri og miðstigi voru

- Grunnlestrarþjálfun, lestur og lesskilningur
- Íslenska
- Stærðfræði
- Almenn vinnubrögð

Haustönn hófst með því að sérkennarar lestrarprófuðu alla nemendur í 1.-6. bekk og hluta af nemendum í 7. bekk. LTL lestrarprófin voru lögð fyrir 1-4 bekk. Umsjónarkennarar lögðu LTL skimunarprófið fyrir 1.bekk. Auk þess voru lögð fyrir skimunarpróf, þar sem þörf var á. Unnið var úr niðurstöðum prófanna og kennslan endurskipulögð

Sérkennsla 1.-4. bekk í fór fram ýmist einstaklingslega eða í hópi (4-10 börn í hópi). Hópkennslan var yfirleitt tímabundin, kennt var í lotum, oftast daglega í 3 vikur í senn.

Einstaklingskennsla miðaði að því að byggja upp grunnfærni í lestri, auka málfærni og orðaforða með áherslu á ritun og lesskilning. Stærðfræði í 1.- 4. bekk var kennd í litlum hópum og lögð áhersla á talnagildi og talnaskilning auk reiknisaðferða.

Tvítýngi

Tvítýngdir nemendur fengu íslenskukennslu hjá sérkennara 1 tíma á viku.

Sérkennsla í 5 - 7 bekk

- Lestrarkennsla í 5-7 bekk var fyrst og fremst einstaklingsþjálfun tvisvar til fjórum sinnum í viku, þar sem kennt var námsefnið Lesum lipurt
- Í stærðfræði var lögð áhersla á að nemendur fylgdu námskrá bekkjarins
- Þeir sem réðu illa við stærðfræðina fengu afslátt og einstaklingsstuðning
- Ef grunur vaknaði um að námið gengi ekki sem skyldi voru gerðar ráðstafanir og reynt að finna lausnir í samráði við lausnateymi
- Einnig var lögð áhersla á að nemendur tileinkuðu sér góð vinnubrögð
- Þrír nemendur á miðstigi voru með einstaklingsnámskrá í öllum greinum

Unglingadeild

Sérkennsla í unglingadeild fór þannig fram að í 8. bekk var sérkennari þriðji kennari á svæði 3x í viku í íslensku og stærðfræði. Að jafnaði var enginn nemandi tekinn út heldur aðlagðir sérkennari áætlanir að nemendum í kennslustundum og fór síðan með reglubundnum hætti á milli nemenda sem þurftu stuðning. Þrír nemendur í 8. bekk þurftu einstaklingsnámskrá, tveir einungis í íslensku en sá þriðji í öllum námsgreinum. Í 9. bekk voru 7 nemendur að jafnaði teknir út bæði í íslensku og stærðfræði. Sex úr þessum hópi voru með einstaklingsnámskrá í báðum fögum en einn einungis í íslensku. Í 10. bekk voru tveir nemendur með aðlagð efni í íslensku og hitti sérkennari nemendur einu sinni í viku. Á tímabili kom sérkennari einnig inn í kennslustundir í ensku og dönsku í 8. bekk sem stuðningur við slaka nemendur. Lestrarþjálfun fór ekki fram allan veturinn heldur í skorpum bæði fyrir og eftir áramóti. Á unglingstigi eru fimm nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Greiningar

Helstu greiningar og próf sem unnið var með í vetur:

- Lestrarpróf, leshraði og lestrarnákvæmni eru lögð fyrir þrisvar yfir skólaárið
- Hljóðfærnipróf, lagt fyrir í 1. bekk
- Told 2P og 2I
- LTL; Leið til læsis 1-4 bekkur
- Lesskilningspróf Orðarún, 2-7 bekkur

- Logos próf, lestrargreinigarpróf
- Grp. 14 lestrargreiningarprófið fyrir 8. bekk
- Samræmd próf í september 4 bekk 7 bekk og 10 bekk
- Greinandi próf í talna og aðgerðarskilningi
- Talnalykill
- Stafsetningarpróf Svanhildur Sverrisdóttir
- Aston Index stafsetning

Notuð voru lestrarviðmið skv. lestrarviðmiðum skólans. Unnið var að breytingum á viðmiðum og kennsluáferðum. Allir nemendur eru hraðlestrarprófaðir þar til þeir hafa náð að lesa 200 atkv./mín. Lágmarksviðmið í raddlestri í lok skólaárs voru ákveðin að hausti og yngstu nemendum gefið tækifæri til að fara rólega af stað við upphaf lestrarnámsins. Viðmið í 1. og 2. bekk voru því höfð sanngjörn og áhersla lögð á að leggja góðan grunn að lestrarnáminu.

Hraðaviðmið í raddlestri:

1. bekkur 0 - 50 atkvæði lesin á mínútu
2. bekkur 50 - 95 atkvæði lesin á mínútu
3. bekkur 95 -150 atkvæði lesin á mínútu
4. bekkur 200 atkvæði lesin á mínútu
5. bekkur 230 atkvæði lesin á mínútu
6. bekkur 265 atkvæði lesin á mín

Skýrsla þroskaþjálfar

Skólaárið 2014-2015 voru tveir þroskaþjálfar í 100 % starfi í Sjálandsskóla til áramóta. Annar þroskaþjálfinn var með yfirumsjón með stuðningi við yngsta- og miðstigi og hinn yfirumsjón með stuðningi á unglingastigi sá fór í fæðingarorlof um áramót og tók þá félagsráðgjafi við. Störf þeirra sköruðust þó í gegnum skólaárið.

Þroskaþjálfar kemur að gerð einstaklingsáætlunar í samvinnu við sérkennara og umsjónarkennara og fylgir henni eftir allt skólaárið. Þroskaþjálfar útbýr og aðlagar námsefni að þörfum hvers nemanda og skipuleggur kennslustundir nemenda sem þurfa á stuðningi að halda í samráði við sérkennara. Þroskaþjálfar aðstoðar einnig nemendur við skipulagningu náms.

Þroskaþjálfarinn vinnur í teymi með umsjónarkennurum nemendanna svo og sérgreinakennurum. Einnig er náið samstarf milli þroskaþjálfarar, sérkennara og atferlisráðgjafa. Þroskaþjálfarinn fylgir nemendum í kennslustundir ef þar ber undir annars hefur þroskaþjálfarinn yfirumsjón með stuðningsfulltrúum sem fylgja nemendum sem þarfnast fulls stuðnings.

Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir og ýmis umbunar- og hvatningarkerfi sem henta hverjum og einum nemanda. Auk námslegra þátta vinnur þroskaþjálfari með atferlismótun, samskiptabækur í tölvuformi og vinnur að því að efla félagsþroska nemanda, styrkja sjálfsmynd þeirra og sjálfstæði. Í þeirri vinnu eru notuð ýmiss konar verkfæri til dæmis félagsfærnisögur, hegðunarsamninga, HAM og Cat – kassinn.

Í vinnu þroskaþjálfara á heimasvæði nemenda sinnir þroskaþjálfari einnig öðrum nemendum. Hann er til staðar fyrir alla sem leita eftir aðstoð hverju sinni þó áhersla sé lögð á ákveðna nemendur og þarfir þeirra. Í völdum stundum fara nemendurnir af svæðinu þegar þörf er á meira næði við úrlausn tiltekinna verkefna. Í vinnu þroskaþjálfara með nemendum er mikilvægt að geta unnið þar sem nemendur verða ekki fyrir truflun frá umhverfi. Þroskaþjálfari situr aðra hverja viku fundi í lausnateymi skólans og tekur þátt í kennarafundum. Þroskaþjálfari situr einnig fundi með foreldrum og umsjónakennurum eftir þörfum.

Skýrsla námsráðgjafa

Skólaárið 2014-2015 sinnti Harpa Maren Sigurgeirsdóttir starfi náms- og starfsráðgjafa í 50% starfshlutfalli við skólann. Var það í sjötta sinn sem skólinn bauð upp á þjónustu námsráðgjafa. Meginhlutverk námsráðgjafa er að vinna með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum, starfsmönnum skólans, starfsfólki á fræðslu- og menningarsviði og félags- og heilbrigðissviði Garðabæjar að þáttum sem snúa að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.

Náms- og starfsráðgjöf

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Einstaklingsviðtöl voru umfangsmikil í starfinu. Nemendur komu helst vegna vanda sem tengdist líðan, námi og samskiptaerfiðleikum. Einstaklingsmiðaða ráðgjöf má flokka í þrjá flokka.

1. Ráðgjöf við náms- og starfsval

Náms- og starfsráðgjöf miðar að því að nemendur efla og þroski þekkingu á sjálfum sér s.s. viðhorfum, áhuga, hæfileikum, getu og væntingum, námsleiðum, störfum og atvinnulífi til að auðvelda þeim ákvörðun um nám eða starf að loknum grunnskóla.

2. Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

Persónuleg ráðgjöf og stuðningur er veitt nemendum, forráðamönnum og kennurum. Ráðgjöfin snýst aðallega um:

- Persónuleg og einstaklingsbundin mál s.s. félags- og tilfinningalegan vanda, veikindi, sjálfstraust og sjálfsmynd
- Samskiptavanda s.s. vináttu, ágreining og einelti
- Námsstengdan vanda s.s. sértæka námserfiðleika, prófkvíða og námsleiða

3. Ráðgjöf um vinnubrögð

Markmið fræðslu og ráðgjafar í námstækni er að nemendur kynnist hugsun, viðhorfum, námsaðferðum og námsvenjum sem rannsóknir og reynsla hafa sýnt að eru árangursríkar.

Alls komu 88 nemendur í einstaklingsviðtal til námsráðgjafa í eitt skipti eða oftar og voru margir nemendur í reglulegum viðtölum allan veturinn. Af þessum 88 voru drengir 31 talsins eða 35% og stúlkur 57 eða 65%. Nemendur skiptust á eftirfarandi árganga:

Árgangur	Fjöldi	Hlutfall
1.	2	2%
2.	4	5%
3.	7	8%
4.	3	3%
5.	7	8%
6.	15	17%
7.	4	5%
8.	30	34%
9.	8	9%
10.	8	9%
Samtals	88	100%

Hópráðgjöf

1. Yngra stig

- Bekkjarfundir eftir þörfum
- Fundir með stúlknahópum á miðstigi

2. Unglingastig

Námstækni

- Valnámskeið í námstækni: á haustin geta nemendur í unglingadeild valið sér 9 vikna námskeið í námstækni. Þar er fjallað um námsvenjur, lestrartækni, einbeitingu, skipulag í námi, glósutækni, hugarkort, próflestur, próftöku og margt fleira. Þátttaka hefur verið góð.

Náms- og starfsfræðsla

- Náms- og starfsfræðsla fyrir nemendur í 10. bekk:* Námsráðgjafi og umsjónarkennarar kenndu þemað *Stefnan sett á síðasta skólaári* og þá fyrir nemendur í 9. bekk og 10. bekk. Nemendur í núverandi 10. bekk hafa því fengið góða fræðslu um nám og störf. Námssefnið fjallar um náms- og starfsval og styrkir nemendur í að taka ákvörðun byggða á sjálfsþekkingu og sjálfstæði. Nemendur unnu verkefni sem fólu í sér sjálfsskoðun og þælingar um framtíðina. Kennt var einu sinni í viku allan veturinn. Nemendur fengu ýmsar kynningar úr atvinnulífinu.
- Nemendur fengu kynningu á þeim skólum sem bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi ásamt því námi sem þar er í boði.
- Námsráðgjafi kynnti fyrir nemendum inntökuskilyrði og umsóknarferli í framhaldsskólana.
- Framhaldsskólakynning í Fjölbautaskólanum í Garðabæ:* Nemendum í 10. bekk bauðst að sækja þessa kynningu þar sem allir framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu kynntu námsframboð sitt. Þar var hægt að nálgast upplýsingar um það nám sem er í boði fyrir nemendur sem eru að ljúka 10. bekk. Þetta var mjög vel heppnað.
- Nemendum gafst tækifæri til að taka rafræna áhugakönnun, *Bendill I*. Könnunin var tekin í hóp og farið var yfir niðurstöður í einstaklingsviðtali.
- Námslokaviðtal:* Allir nemendur í 10. bekk komu til námsráðgjafa í námslokaviðtal. Í þessu viðtali voru skólalokin rædd ásamt því hvar hver og einn var staddur í að taka ákvörðun um áframhaldandi nám.

Námsráðgjafi tók þátt í reglulegum bekkjarfundum með drengjum í 9. bekk. Þessir fundir fóru fram í heimspekítímum í samvinnu við kennara. Málefnið voru uppbyggjandi og fræðandi.

Ýmis verkefni náms- og starfsráðgjafa

Gegn einelti í Garðabæ

Í skólanum er starfandi eineltisteymi, sem í sitja námsráðgjafi og aðstoðarskólastjóri. Ef eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari samband við aðila úr eineltisteyminu og unnið er eftir eineltisáætlun skólans. Námsráðgjafi hefur verið virkur í þessu vinnuferli og fylgt eftir þeim nemendum sem hafa orðið fyrir einelti.

Teymið tekur þátt í verkefninu *Gegn einelti í Garðabæ*, en það er samstarfsverkefni grunnskóla í Garðabæ. Þar mætast eineltisteymi úr Sjálandsskóla, Flataskóla, Hofstaðaskóla, Garðaskóla og Álfthanesskóla. Hópurinn hittist nokkrum sinnum á skólaárinu. Helstu verkefni snúa að því að samræma aðgerðir skólanna í eineltismálum.

Forvarnir

Námsráðgjafi kom að forvarnafræðslu fyrir nemendur skólans.

Ofbeldi gegn börnum

- | | |
|-----------|--|
| 1. bekkur | Hjúkrunarfræðingur fræddi nemendur um líkamann og einkastaðina. Námsráðgjafi tók þátt í þessari fræðslu |
| 2. bekkur | Nemendur sáu brúðuleikhúsið <i>Krakkarnir í hverfinu</i> . Fjallað var um forvarnir gegn líkamlegu- og kynferðislegu ofbeldi gegn börnum |
| 8. bekkur | Fræðsla í lífsleiknitíma um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á vegum Blátt áfram |

Áfengi og vímuefni

Nemendur í unglingadeild fengu fræðslu frá Maríta samtökunum „*Hættu áður en þú byrjar*“. Þetta eru áfengis- og fíkniefnaforvarnir.

Félagsmiðstöðin Klakinn hefur staðið fyrir öflugu forvarnastarfi í vetur og hægt er að sjá samantekt í skýrslu Klakans (sjá fylgiskjal 6).

Önnur verkefni námsráðgjafa voru m.a.

- Kynheilbrigði og velferð á öllum skólastigum í Garðabæ: Þetta er samvinnuverkefni í Garðabæ sem hefur það að markmiði að koma á heildstæðri stefnu og samræmdum verkferlum um kynheilbrigði og velferð. Þátttakendur í verkefninu eru stofnanir og félög sem koma að starfi með börnum og unglingum í Garðabæ. Námsráðgjafi hefur verið þátttakandi í þessu verkefni og verið í vinnuhóp sem hefur í vetur unnið að *verkáætlun vegna gruns um kynferðislegt eða annarskonar ofbeldi gagnvart börnum*.
- Móttaka nýrra nemenda: Námsráðgjafi tók á móti öllum nýjum nemendum og hitti þá einstaklingslega.
- Fundir með foreldrum og forráðamönnum eftir þörfum.
- Fundir með umsónarkennurum vegna einstakra nemenda.
- Nemendaverndarráð: Námsráðgjafi sat fundi í nemendaverndarráði á tveggja vikna fresti.
- Lausnateymi: Námsráðgjafi sat fundi í lausnateymi skólans á tveggja vikna fresti.
- Kennarafundur: Námsráðgjafi tók vikulega þátt í kennarafundum.
- Samráðsfundur námsráðgjafa í Garðabæ: Námsráðgjafar í Garðabæ hittast reglulega yfir veturinn og hafa samráð um fagleg vinnubrögð.
- Próf í unglingadeild: Námsráðgjafi hefur veitt aðstoð með yfirsetu, lestur eða það sem til fellur í prófum.
- Valnámskeið í námstækni: Námsráðgjafi kenndi 9 vikna valnámskeið í námstækni. Áhugasömum nemendum í unglingadeild gafst kostur á að velja sér námskeiðið.
- 1. bekkur: Nemendur í 1. bekk komu í smáum hópum til námsráðgjafa og fengu kynningu á hlutverki hans innan skólans.

- Skólaráð: Námsráðgjafi er í skólaráði Sjálandsskóla. Skólaráð hittist einu sinni í mánuði.

Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu – og upplýsingatækni

Starf kennsluráðgjafa felst í umsjón tölva- og tækja skólans ásamt að sjá um uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni við skólann. Það felur í sér ráðgjöf við kennara í tengslum við tölvu- og upplýsingatækni í kennslu og aðstoð við ýmis tæknileg vandamál sem upp koma í daglegu skólastarfi. Kennsluráðgjafi hefur einnig umsjón með heimasíðu skólans, tekur myndir í skólastarfinu, sér um Mentor og umsjón með spjaldtölvum skólans. Kennsluráðgjafi Sjálandsskóla hefur einnig umsjón með bókasafni skólans og sér um innkaup á öllum námsbókum og bókum fyrir bókasafn. Kennsluráðgjafi hefur því yfirumsjón með upplýsingamiðstöð skólans. Kennsluráðgjafi tekur einnig fullan þátt í öllu skipulagi skólastarfsins, kennarafundum, þróunarverkefnum, umbótavinnu, vettvangsferðum og sérstökum þemadögum.

Kennsluráðgjafi aðstoðar kennara eftir þörfum með minni tæknileg vandamál varðandi tölvur ásamt því að hafa yfirumsjón með myndavélum, myndbandstökvélum, spjaldtölvum o.fl. Kennsluráðgjafi fylgdist með nýjungum, vefsíðum og námsefni sem nýtist í tölvu- og upplýsingatækni fyrir kennara í tengslum við kennslu þeirra á hverjum tíma.

Starf kennsluráðgjafa felur einnig í sér að halda utan og setja upp kannanir sem gerðar eru í skólanum, s.s. foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir. Kennsluráðgjafi leggur einnig fyrir kannanir Skólapiðsins sem nemendur í 6.-10.bekk taka þátt í.

Samstarf kennsluráðgjafa í grunnskólum Garðabæjar

Kennsluráðgjafi fundaði reglulega í allan vetur með hinum kennsluráðgjöfunum í grunnskólum Garðabæjar. Á fundum voru ýmis mál rædd varðandi tölvumál, s.s. heimasíðugerð, námskeiðahald, Mentor, spjaldtölvur, ný og gömul forrit, hugbúnaður, nýjungar í tölvumálum, áhugaverðir vefir og margt fleira.

Tölvukostur skólans

Í vetur voru þrír fartölvuvagnar í skólanum (15-16 tölvur í hvorum vagni). Einn vagninn er staðsettur í unglingadeild og hinir á efra svæði hjá 3.-6.bekk. Kennarar í unglingadeild og á efra svæði sjá til þess að vagnarnir séu í sambandi og að fartölvurnar séu því alltaf fullhlaðnar að morgni. Allir kennarar skólans hafa aðgang að fartölvuvögnunum. Sælukot og Alþjóðaskólinn nýtir einnig fartölvuvagnana.

Í vetur voru 88 spjaldtölvur í skólanum að gerðinni iPad. Skólinn á 58 spjaldtölvur og voru með 30 spjaldtölvur að láni hjá Trawire sem var í tilraunaverkefni með skólanum til að kanna arðsemi þess að leigja skólum spjaldtölvur. Spjaldtölvunum var skipt þannig að 1. - 2. bekkur var með 10 stk. 3. – 4. bekkur með 10 stk. 5. – 6. bekkur með 10 stk. 7. bekkur með 7 stk. 8. – 10. bekkur var með 40 stk. Þrjár spjaldtölvur voru fyrir listgreinar og þrjár fyrir tónmennt og íþróttir. Í lok apríl var ákveðið að gera samning við nemendur í 8. bekk sem ekki gátu komið með sín eigin tækni að lána þeim spjaldtölvur sem þeir hefðu til umráða út skólaárið. Í lok skólaárs fékk skólinn eina spjaldtölvu að Samsung gerð. Hún er hugsuð til notkunar í sérkennslu. Unnið var að uppsetningu og notkunarmöguleikar kannaðir.

Þar sem tölvuvagnarnir eru þéttsetnir alla daga getur reynst erfitt að fá fleiri tími fyrir hópa sérstaklega í kringum þemu. Síðastliðinn vetur voru um 7 nemendur á hverja tölvu (Sjálandsskóli og Alþjóðaskólinn).

Kennsluráðgjafi fylgist með því að tölvur í tölvuvagni og á heimsvæðum séu í lagi. Hann er í samskiptum við tæknimann varðandi vandamál varðandi tölvur og hugbúnað. Huga þarf að uppsetningum og lagfæringum, útvega jaðartæki, hugbúnað og annað sem vantar til að halda tölvukosti í lagi.

Tæknimaður er ekki á staðnum heldur veitir símaþjónustu og kemur þegar á þarf að halda. Töluverður tími kennsluráðgjafa fer í að leysa úr vandamálum er upp koma með fartölvur. Eftirlit með tölvubúnaði og umgengni við hann tekur einnig drjúgan tíma. Einnig þarf að sjá um uppsetningu, setja inn forrit og að hafa umsjón með spjaldtölvunum, en kennsluráðgjafi sér alfarið um þær. Umsjónarkerfi fyrir spjaldtölvurnar, Meraki er notað til að fylgjast með spjaldtölvunum, setja inn forrit og stjórna þeim miðlægt.

Myndasöfn

Í skólanum hefur verið lögð mikil áhersla að taka myndir af starfinu. Myndirnar eru verðmætar heimildir um það starf sem börnin hafa tekið þátt í. Kennsluráðgjafi sá markvisst um að taka myndir af starfinu á hverjum tíma. Kennarar voru einnig mjög duglegir í því sambandi og hefur hver árgangur eða teymi myndavél til umráða. Kennsluráðgjafi hefur umsjón með myndavélunum og myndbandstökuvélum. Einnig að aðstoða nemendur og kennara með ýmis tæknileg atriði varðandi myndavélar, myndbandstökuvélar, iPada og forrit tengd þeim. Kennsluráðgjafi sá einnig um að taka videó af nokkrum viðburðum, klippa saman myndband og setja á netið (Youtube og heimasíðuna)

Heimasíða

Kennsluráðgjafi sér um að halda úti heimasíðu skólans <http://www.sjalandsskoli.is> Nær daglega eru settar inn myndir og/eða fréttir úr skólastarfinu. Einnig eru sýnishorn af vinnu nemenda bæði í myndum og stafrænu formi sett á heimasíðuna. Mikið af tónlistarefni sem tónmenntakennari vann með nemendum er að finna þar, svo og myndbönd úr starfi skólans.

Heimasíðan er mikið skoðuð og samkvæmt teljara er fjöldi notenda um 900-2000 á mánuði. Virka daga er fjöldi notenda um 90-140. Vinsælustu síðurnar eru forsíðan, fréttasíður, myndasíður og upplýsingar um starfsmenn, námið og skólann.

Skólinn er með Youtube-síðu þar sem sett eru inn myndbönd úr skólastarfinu og sér kennsluráðgjafi um að taka upp og klippa myndbönd sem þar eru sett inn.

Kennslufyrirkomulag

Kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ voru hafðar til hliðsjónar við kennsluna en markmið þemu stýrðu einnig mikið vinnunni í tölvu- og upplýsingatækninni. Kennarar í 1.-7.bekk sáu um tölvukennsluna hjá sínum nemendum. Í unglingadeild sáu umsjónarkennarar um tölvukennslu í samþættingu við allar námsgreinar.

Kennslan og notkun nemenda á tölvum og kennsluefni miðast fyrst og fremst við það að kenna nemendum að nýta sér tölvurnar í tengslum við annað nám þeirra. Vinnan miðaðist við markmið námskrár í tölvu- og upplýsingatækni. Þjálfunarforrit voru nýtt þar sem við átti.

Allir hópar skólans áttu fasta tíma með tölvuvagninn, einu sinni í viku og þess á milli gátu kennarar pantað tíma þar sem tölvuvagnar voru lausir.

Alþjóðaskólinn nýtti tölvurnar einnig mjög mikið í sinni kennslu. Nýting á fartölvum og spjaldtölvum var mikil og nánast í notkun allan daginn.

1. – 2. bekkur

Kennt var að jafnaði hálfa klukkustund á viku á tölvur og notaður var fartölvuvagninn og kennt á heimasvæði. Í byrjun hvers tíma var innlagn og síðan vann hver nemandi á sínum hraða. Mikil áhersla var lögð á fingrasetningu og hún æfð í forritinu Fingrafimi og fleiri forritum, einnig voru önnur forrit og kennsluefni frá Námsgagnastofnun notað í tölvukennslunni. Einnig var unnið með helstu grunnmarkmið í tölvukennslu, s.s. umgengnisreglur, rétta líkamsbeitingu, lyklaborð, opna og vista skjöl, skrá sig inn í tölvukerfi skólans með notendanafni og lykilorði o.fl. Einnig voru spjaldtölvurnar notaðar í kennslu og voru notuð ýmisleg smáforrit (öpp)

3. - 4. bekkur

Nemendur fóru í tölvur í vetur tvisvar í viku í 3 vikur í senn í þrískiptum hópum. Notaður var fartölvuvagn og fór kennsla fram á heimasvæði og fundarherbergi kennara síðari hluta vetrarins. Unnið var í ýmsum leikjaforritum og kennsluforritum. Einnig var líka aðeins farið í hvernig á að senda tölvupósta og nemendur fengu að prófa að senda úr sínu eigin skólanetfangi. Tímarnir byrjuðu oftast á að farið var í ákveðið forrit og unnið verkefni og svo var, ef tími gafst, frjáls tölvuvinna. Þau forrit sem aðallega var unnið með voru Word, nemendur unnu ýmist texta eða þá að læra að setja inn myndir. Einnig var unnið í Google Earth, nemendur fundu heimili sitt og settu myndir af því og fleiri sögufrægum stöðum inn í Word skjal. Teikniforritin Paint og Pivot voru einnig fyrirferðamikil. Í Paint teiknuðu nemendur myndir og Pivot er bæði teikni- og hreyfimyndaforrit. Nemendur öfluðu sér upplýsinga í ýmsum verkefnum með hjálp leitarvéla (Google, Ask og fleiri), settu inn myndir og texta þaðan. Verkefni og leikir frá Námsgagnastofnun, nams.is, voru einnig mikið notuð s.s. fingrafimi, sem æfir fingrasetningu, fjölmargir stærðfræðileikir og leikir sem þjálfra almenna kunnáttu og hugarnám. Einnig voru notaðar spjaldtölvur í námi og kennslu, aðallega í ensku, þemu og stærðfæði.

5. - 6. bekkur

Kennsla í upplýsinga- og tæknimennt var einu sinni í viku allan veturinn. Kennt var á föstudögum í 60 mínútur í senn. Nemendur æfðu reglulega fingrasetningu í gegnum heimasíðuna www.sense-lang.org. Nemendur fengu kennslu í nokkrum forritum eins og Word, Publisher, Power Point, Outlook auk ýmissa smáforrita svo sem MindMap, Bitzboard, GoAnimate o.fl. Nemendum var kennt að nota tölvupóstforrit og senda tölvupósta með viðhengjum. Í þematímum notuðu nemendur bæði spjaldtölvur og tölvur. Í þeim tímum lærðu þeir m.a. að búa til myndbönd, hugarkort og tölvuleiki. Einnig öfluðu nemendur sér heimilda í gegnum veraldarvefinn og fóru í gegnum heimildanotkun. Við heimildaöflun var þeim kennt að mikilvægt sé að fara rétt með heimildir en slík kennsla er nauðsynleg og þarf að

endurtaka hana reglulega. Spjaldtölvur og tölvur voru einnig notaðar í öðrum greinum, svo sem stærðfræði, ensku og heimilisfræði og voru þá notuð ýmis forrit til að þjálfa þau atriði sem unnið var með hverju sinni. Einnig voru spjaldtölvur notaðar í námi og kennslu.

7. bekkur

Í vetur hefur 7.bekkur notað tölvur og iPada í samþættingu við þemu, íslensku og stærðfræði, ensku og dönsku. Auk þess var kennd hálf kennslustund (30 mínútur) í viku í tölvum. Farið var í Word, Excel, Publisher, Outlook og PowerPoint auk ýmissa smáforrita svo sem MindMap, Bitzboard, Puppet Pals o.fl. og nemendum kennt að senda tölvupóst með viðhengi. Í þemanu um Benjamín dúfu unnu nemendur sem völdu tækniþóp með ýmis kerfi tengd upptöku og klippingu. Í veðurþemanu var unnið með heimildir á netinu t.d. að finna fréttir, staðreyndir um veður, skaða veðurs, veðurfréttir og veðurspár þá var unnið hópaverkefni þar sem allir hópar unnu verkefnin í tölvum. Langflestir unnu powerpoint sýningar, sumir gerðu veggspjöld. Margir unnu hluta verkefnanna heima og sendu til kennara í tölvupósti en aðrir unnu bæði heima og í skólanum. Í þemanu Evrópa unnu nemendur kynningar ýmist á PowerPoint eða útbjuggu bæklinga í Publisher. Það var t.d. hægt að búa til myndbönd, fræðsluþætti og ritgerðir. Í þemanu Ástir og átök (söguþema) útbjuggu nemendur hugarkort í smáforritinu MindMap og notuðust við kortin sem glósur fyrir lokakönnun í efninu. Nemendur notuðu forritið Bitsboards bæði í ensku og dönsku, birtu afurðina sína á netinu og léku sér svo í forritinu sér til fróðleiks. Í íslensku stóð nemendum til boða að vinna hluta ritunarverkefna í bekkjarbók í tölvum og nýttu það þónokkrir. Í ensku unnu nemendur einstaklingsverkefni það sem þeir völdu sér frægan einstakling og útbjuggu PowerPoint kynningu á viðkomandi sem flutt var fyrir bekkinn. Upplýsinga var aflað með ýmsum hætti en að mestu í gegn um leit á netinu. Einnig unnu nemendur stuttmyndir á smáforritið Puppet Pals í ensku þar sem þau æfðu sig í að tala og leika. Orðabækur sem aðgengilegar eru á netinu voru notaðar í tungumálum og í íslensku. Í stærðfræði samþættum við kennslu á töflureikni við tölvukennslu og unnum verkefni úr Stiku 3a bæði í tölvukennslutímum og í stærðfræði. Tölvur voru notaðar í ýmsum greinum til upplýsingaöflunar. Nemendur nýttu einnig spjaldtölvur í tengslum við ýmsar námsgreinar.

8.bekkur

Í 8. bekk var tölvukennsla ekki bundin við ákveðnar kennslustundir í stundatöflu. Bekkurinn hafði aðgang að fartölvuvagni í þematímum og deildi þeim með 9. og 10. bekk. Tölvurnar voru nýttar í ýmiss konar verkefnavinnu og upplýsingaöflun í tengslum við þemun sem tekin voru fyrir í vetur. Þegar allir hópar þ.e. 8. 9. og 10. bekkur voru með þemu kom fyrir að ekki höfðu allir nemendur aðgang að tölvum. Nemendur notuðu word í ritgerðarvinnu, ýmis verkefni í ritun og heimildaskráningu. Einnig voru notuð ýmis kennsluforrit af vef Námsgagnastofnunar. Þá voru spjaldtölvur notaðar í tengslum við ýmsar námsgreinar

9. og 10. bekkur

Engin sérstök tölvukennsla var í 9. og 10.bekk í vetur en bekkurinn hafði aðgang að fartölvuvagni, fimm spjaldtölvum og Mac tölvu. Þessi tæki voru nýtt í ýmis konar verkefnavinnu og upplýsingaöflun í tengslum við þemu vetrarins, hlusta á innlagnir í stærðfræði og önnur verkefni í öðrum fögum. Forritin sem nemendur notuðu voru af ýmsum toga, vinnsla með myndbönd, tónlist, Word, Power Point og

blogga. Nokkrir nemendur voru með sínar eigin fartölvur, spjaldtölvur eða síma og það nýttist þeim vel í allri verkefnavinnu og það minnkaði því álagið á tækjakost skólans. Nemendur fengu internetaðgang í sínar tölvur en ekki aðgang að sameign skólans.

Unnið var markvisst að því í vetur að kenna nemendum á hin ýmsu hjálparforrit sem gætu nýst þeim í nami s.s. gegnir.is, að vista heimildir í word, leita á netinu að ýmsum upplýsingum. Kennsla var í uppsetngu á heimildaskrá, leita að gögnum á bókasafni sem og á netinu. Þessa nytsömu hluti mætti gera meira af og jafnvel fyrr svo þau gætu nýtt sér þetta meira í nami í Sjálandsskóla.

Námsmat í Mentor

Í vetur eru allar námsgreinar komnar þar inn í Mentor, ásamt lykilhæfni samkvæmt nýrri aðalnámsskrá. Í námsframvindunni geta kennarar skráð inn ýmsar upplýsingar varðandi námsgetu hvers nemenda og birt foreldrum. Hver kennari getur þannig metið nemendur út frá markmiðum í hverri námsgrein og einnig metið lykilhæfni s.s. ábyrgð, þrautseigju, samskipti, tjáningu o.fl. Nú í vor meta allir kennarar lykilhæfni og setja í Mentor. Kennarar hafa verið að prófa sig áfram með þetta kerfi og hefur það reynst mjög vel. Unglingadeild hefur í vetur notað annað kerfi í Mentor, verkefnabækurnar, þar sem kennarar meta og setja inn jafnóðum hvert verkefni sem nemendur vinna. Þannig geta foreldrar og nemendur fylgst með gangi mála í verkefnum nemendanna.

Kannanir

Í vetur voru lagðar fyrir kannanir frá Skólapúlsinum. Um var að ræða foreldrakönnun, nemendakönnun og starfsmannakönnun. Kennsluráðgjafi hafði umsjón með könnunum og einnig að leggja fyrir kannanir Skólapúlsins sem voru lagðar fyrir úrtak í 6.-10.bekk, þrisvar sinnum á vetrinum.

Spjaldtölvur - iPad

Í vetur höfum við haft 88 Ipad í kennslu og hefur nýtingin á þeim verið mjög góð. Mikil þörf er á fleiri spjaldtölvum Kennarar á öllum aldurstigum hafa verið duglegir að prófa sig áfram með iPad í kennslu og eru einnig byrjaðir að búa til kennsluefni á spjaldtölvunum. iPadarnir hafa verið notaðir í sérkennslu, stöðvarvinnu, myndbandagerð, námsmati, hópavinnu og í valgreinum, svo að eitthvað sé nefnt. Þeir nýtast í öllum námsgreinum á öllum aldurstigum. Nemendur hafa m.a. verið duglegir að búa til alls konar myndbönd sem tengjast verkefnum þeirra og hefur opnast sá möguleiki að skila þannig verkefnum á lifandi hátt.

Kennsluráðgjafi hefur séð um fræðslu og að leiðbeina kennurum með Ipada í vetur. Sumir nemendur í unglingadeild hafa einnig komið með sínar spjaldtölvur og notað þær í náminu. Nemendur fá aðgang að interneti í skólanum á sín tæki (spjaldtölvur/fartölvur/snjalltæki).

Ipadar skólans eru settir upp þannig að 5 iPadar eru í grúppu, með sama notendanafni og sömu forritum. Skiptingin í vetur var þannig:

- 10 stk. í 1.-2. .bekk
- 10 stk. 3.-4. bekk
- 10 stk. í 5.-6.bekk
- 7 stk í 7. bekk

- 40.stk.í 8.-10.bekk
- 3 stk.í sérkennslu
- 3 stk.í list-og verkgreinum

Þegar iPadarnir eru ekki í notkun hjá viðkomandi hóp, geta aðrir kennarar pantað þá í gegnum sameiginlegt dagbókarkerfi. Kennarar geta sjálfir sett inn þau ókeypis forrit (öpp) sem þeir vilja en kennsluráðgjafi sér um að setja upp þau forrit sem þarf að kaupa. Kennarar koma þá með tillögur að forritum sem þeir vilja láta kaupa og láta kennsluráðgjafa vita í hvaða tæki þeir vilja fá forritin. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel og kostnaður við kaup forrita er ekki mikill.

Hér má sjá hvaða smáforrit var verið að nota í spjaldtölvunum

Teimi/námsgrein	Smáforrit/öpp
Listgreinakennarar	iMovie Pinterest Stop motion smáforrit sem tengjast pappírsbrotum.
Tónmennt	Garageband Figure Singing fingers
1. – 2. bekkur	Lærum og leikum Bitsboard Fun english MP weather Weather game First numbers My body parts Slede 100, Moji klukki Stærðfærðileikinn. Kennsluforrit af nams.is aðallega í íslensku og stærðfræði.
3.– 4 bekkur	Book creator Stop motion Math duel

5. – 6. bekkur	Imovie Tangram Calculator Math CrazyMath pro Ýmis stærðfræðiforrit
7. bekkur	iMovie Tangram Calculator Math CrazyMath pro ýmis stærðfræðiforrit
8. bekkur	Education How to explain everything Internetið (Safari og Chrome) Showbie iMovie Photos Qr reader Camera Compass 54 Calculator Powerpoint Word Excel,
9. -10. bekkur	Notaði lítið sem ekkert spjaldtölvur í vetur

Skýrsla bókasafns Sjálandsskóla

Helstu verkefni

Bókavörður sér um að taka á móti nemendum og aðstoða þá við bókaval. Einnig að kaupa inn nýjar bækur og fylgjast með hverju nemendur hafa áhuga á. Þegar bækur koma í hús þarf að plasta þær og skrá í Gegni. Einnig þarf að kynna fyrir nemendum breiðari bókaflóru en það sem er vinsælast og stuðla þannig að fjölbreyttari lestrarmenningu. Bókasafnið sér um alla umsýslu varðandi námsbækur. Bókavörður pantar námsbækur, skráir þær inn í Gegni og plastar eftir því sem við á. Hann sækir svo bækurnar niður í kjallara þegar þær á að nota, merkir þær nemendum, skráir á nemendur í Gegni og kemur þeim til kennara. Tekur síðan á móti þeim þegar búið er að nota þær, skilar þeim í Gegni og merkir við hverjir eru búnir að skila. Mikilvægt er að nemendur séu ekki með of margar bækur í láni og því þarf að fylgjast með þegar þeir fá bækur lánaðar. Einnig að þeim sé skilað á réttum tíma og senda út rukklista sem umsjónarkennarar koma til foreldra.

Opnunartími

Safnið er opið frá 8:30 til 14:30 en lokað frá kl. 11:30 til 12:00 vegna hádegismatar starfsmanns. Opið er í hádeginu og þá geta nemendur komið og skoðað bækur eða spilað. Oft á tíðum eru á bókasafninu í hádeginu rúmlega 40 krakkar í einu og mikið fjör.

Útlán

Eintakafjöldi í safninu í lok ársins 2014 var 16.176 og fjölgaði um 1.301 eintak á árinu.

Fjöldi titla í safninu í lok ársins 2014 var 3.788 en var í lok 2013 3.587.

Skráð útlán á árinu 2014 eru 6.103 sem er 916 fleiri en árið áður.

Nýskráð eintök á árinu 2014 voru 2.230 sem er 761 fleiri en árið áður.

Afskráð voru tæplega níuhundruð eintök á árinu 2014.

Innkaup

Keyptar voru inn fyrir jólin nýútkomnar bækur og var mikið um frátektir og útlán á þeim fyrir jólin og í upphafi nýs árs. Einnig voru keyptar bækur á bókamarkaði Félags íslenskra bókaútfendenda í febrúar og á lagersölum forlaga um haustið. Keyptar voru jafnt og þétt nýjustu bækurnar enda fylgjast nemendur vel með og eru búnir að biðja um að taka frá bækur jafnvel áður en þær koma á safnið. Keyptar voru nokkuð margar enskar bækur, svokallaðar „young adult“ bækur eða ungmennabækur, fyrir unglingadeildina í samráði við nemendur. Stefnan er að halda áfram að byggja upp betri bókakost fyrir eldri nemendur.

Staðan

Í vetur hefur starfið einkennst mikið af umsýslu námsbóka og áframhaldandi tiltekt. Eftir að bókageymsla námsbóka var færð niður í kjallara var tekið upp nýtt fyrirkomulag varðandi útlán námsbóka. Það fyrirkomulag er hins vegar í endurskoðun og mun verða betrubætt næsta skólaár.

Á bókasafninu voru hin ýmsu þemu í gangi t.d. teiknimyndasöguþema og spennusöguþema. Einnig var ljóðapema þar sem nemendur í 5., 6. og 7. bekk komu og gerðu klippiljóð úr afskrifuðum bókum, sögunni um Búkollu og dagblöðum. Nemendur gátu einnig komið í hádeginu og búið til ljóð.

Gerð voru sérstök skírteini fyrir heimasvæðin svo auðveldara væri að halda utan um það sem er þar og kennarar þurfi ekki að skrá bækur á sig (eins og t.d. orðabækur).

Stofnuð var Facebook síða fyrir safnið og einnig sér svæði á heimasíðu skólans fyrir bókasafnið.

	2013	2014
Titlar	3.587	3.788
Eintakafjöldi	14.875	16.176
Nýskráð eintök	1.469	2.230
Útlán	5.187	6.103
Lánþegar	487	527

Fjöldi útlána úr Gegni eftir lánþegastöðu og efnistegund

Lánþegastaða					Útlán 2013	Útlán 2014
01	Nemendur 1. - 3. Bekkur				1.246	679
02	Nemendur 4. -7. Bekkur				2.144	2.454
03	Nemendur 8. - 10. Bekkur				1.187	1.723
04	Kennarar grunnskóla				559	456
05	Starfsmenn				43	98
06	Aðrir (t.d. leikskólinn Sjáland)				38	32
09	Kennslustofur					661
Samtals					5.187	6.103

Skýrsla tómstundaheimilisins Sælukots

Starfsmannamál

Í vetur störfuðu alls 15 fastráðnir starfsmenn í Sælukoti. Sjö þeirra voru í hlutastarfi en átta þeirra störfuðu sem stuðningsfulltrúar innan Sjálandsskóla og komu í Sælukot eftir skólalok. Stöðugildi í Sælukoti eru 6-8, mismunandi eftir dögum og fer eftir nemendafjölda hvern dag.

Í upphafi skólaárs (ágúst) störfuðu í Sælukoti umsjónamaður og stuðningsfulltrúar. Í lok ágúst var búið að ganga frá ráðningum og starfsmannahaldi.

Fastráðnir starfsmenn í hlutastarfi í vetur voru eftirfarandi:

Sara Mjöll – (ágúst –október) Hilmar Örn (september-maí) Linda Björk (september-júní) Helga Hanna (september-júní) Bryndís Hrönn (mars-maí) Margrét Jóhannsdóttir (febrúar-júní) Sóley (apríl-júní)

Stuðningsfulltrúar

Hrafnhildur Magney (ágúst-janúar) Anna María (ágúst-janúar) Erla Hjartar (janúar-maí) Kolbrún (ágúst-febrúar/apríl-júní) Starri (ágúst-júní) Elías (janúar-júní) Jóna (janúar-júní) Björg (ágúst-desember)

Umsjónarmaður var Díana Karen Rúnarsdóttir en hún hóf störf í afleysingum í október 2014 og lauk starfi í júní 2015.

Verkskipting starfsfólks

Hlutverk starfsmanna var almenn gæsla úti sem inni samhliða ýmsum öðrum verkefnum s.s. undirbúa og bera fram síðdegishressingu, halda utan um mætingu nemenda, sjá til þess að nemendur færu í tómstundabílinn og stuðla að öryggi bæði í leik og starfi.

Starfsvið umsjónarmanns er að hafa umsjón með öllum þáttum Sælukots, allt frá því að sjá um skráningu nemenda inn og úr Sælukoti, öll samskipti við Garðabæ vegna greiðslumála og annað tilfallandi, samskipti við foreldra og yfirmenn Sjálandsskóla. Umsjónarmaður heldur utan um agamál, innkaup, tímaskráningu starfsmanna og heildarskipulagningu starfsins í samvinnu við aðra starfsmenn Sælukots.

Starf leiðbeinanda felur í sér umsjón með nemendum frá því skóla lýkur og þar til nemendur fara heim. Álagstími er fyrst eftir að skóla lýkur þegar nemendafjöldinn er sem mestur. Í vetur var tekið upp nýtt kerfi þar sem nemendum er skipt upp í hópa fjóra daga vikunnar í stað þess að vera í vali alla daga. Vinum og vinkonum var raðað saman upp í hópa og í hverjum hóp voru 20-25 börn. Þegar nemendur koma í Sælukot líta þeir á töflu sem við notum til að þau viti hvert hópurnir þeirra eigi að fara hverju sinni. Starfsmen dreifa sér á þau svæði til eftirlits og aðstoðar. Um klukkan 15 fara nemendur í síðdegishressingu með sínum hóp ásamt leiðbeinanda. Eftir síðdegishressingu ganga börnin á næstu stöð með leiðbeinanda sínum og næsti hópur tekur við í síðdegishressingu. Í lok dags ber einn starfsmaður ábyrgð á að loka tómstundaheimilinu. Það felur í sér að tryggja að allir nemendur séu örugglega farnir heim, að frágangur á svæðum sé í lagi, ljós séu slökkt og nemendainngangur sé læstur. Af öryggisástæðum eru alltaf tveir starfsmenn á vakt óháð fjölda nemenda.

Tillögur að úrbótum

Símhringingar til foreldra á hverjum degi eru mjög margar. Reynst hefur erfitt að fá foreldra til að framfylgja þeim reglum sem gilda í Sælukoti. Það á t.a.m. við þegar gleymist að tilkynna ef breytingar verða í Sælukoti s.s. breytingar á frístundabíl og ef þau sækja börnin sín eftir skóla. Gott væri að umsjónarmaður sendi frá sér fréttabréf til foreldra reglulega til að minna á ýmsa hluti sem eiga til að gleymast.

Mikilvægt er að hafa fleiri starfsmannafundi, helst einu sinni á mánuði.

Hjá tómsundaheimilunum er áætlað að einn starfsmaður sé á hver 12 börn. Það gildir einnig um umsjónamann. Erfitt er fyrir umsjónamann að halda utan um allt starfið og sjá hvernig dagurinn gengur ef 12 börn eru talin á hann líka. Umsjónarmaður þarf að hafa tök á því að geta gengið á milli stöðva til að fylgjast með hvernig starfið gengur.

Það þarf að vera til starfsmannahandabók sem inniheldur meðan annars hlutverk starfsmanna og öryggisverkferla.

Einnig þarf að vera til foreldrahandbók sem inniheldur meðal annars reglur á tómsundaheimilum, um starfið, okkar markmið, öryggisverkferlar og hver er ábyrgð tómsundaheimilana.

Breytingar á vistun barna í Sælukoti, t.d. ef æfingar falla niður hjá börnunum valda álagi og kalla á aukið starfsmannahald sem erfitt getur reynst með stuttum fyrirvara. Ekki er til gjaldskrá vegna slíkra breytinga og ferlar um hver ber ábyrgð á að tilkynna til skólanna óljósir. Það væri til hagsbóta að hafa eitt gjald í Sælukoti þar sem síðdegishressing væri innifalinn í verðinu. Síðdegishressingin eykur flækjustig og álag þar semt erfitt getur reynst að finna út hver hefur keypt hressingu. Það er algengt að börnin hafi klárað nestið sitt sem þau eiga að hafa með í Sælukoti vegna þess að þeim líkaði ekki við hádegismatinn.

Fjöldi og aldur barna

Rúmlega 105 börn voru mest skráð í Sælukot í vetur en fækkaði þegar líða tók á vorið, að meðaltali voru rúmlega 90 börn á dag. Sælukot er í boði fyrir börn í 1.-4. bekk bæði fyrir Sjálandsskóla og Alþjóðaskólann sem staðsettur er í Sjálandsskóla. Flest börnin voru í 1.-2. bekk.

Með nýju fyrirkomulagi í vetur þar sem börnunum er skipt upp í 4 hópa fjóra daga í viku hafa börnin kynnst öðrum börnum sem þau hefðu kannski ekki kynnst með frjálsu vali eins og var áður. Agavandamál urðu einnig færri með þessari breytingu og mun auðveldara var fyrir starfsfólk að halda utan um ákveðin fjölda barna. Áður fengu börnin að velja sér stöðvar sjálf og skipta um stöðvar sjálf eftir síðdegishressingu. Það var orðið mikið um það að börnin breyttu um stöð án leyfis og þar af leiðandi erfitt fyrir starfsmenn á stöð að sjá hverjir eiga vera á þeirra ábyrgð. Okkur fannst þörf á breytingu svo þetta fyrirkomulag var tekið upp um áramót. Börnunum er skipt upp í hópa fjóra daga vikunnar og fylgja alltaf sínum hóp. Einn dag í viku fá þau að velja sér sjálf og þar geta þau hitt krakka úr öðrum hópum eins og áður.

Starfstími er frá því að skóla lýkur kl 14:05 og þar til Sælukot lokar kl 17:15 alla daga. Það kom fyrir að foreldrar voru sein að sækja börnin sín og starfsfólk ekki látið vita. Það kom einnig fyrir nokkuð oft að

foreldrar sæki eftir lokun Sælukots. Þegar líða tekur á daginn fer börnum fækkandi og er því starfsfólki fækkað samhliða því. Á þeim dögum sem er ekki hefðbundin kennsla er Sælukot opið frá 8:30-17:15. Þetta á við jólafrí, páskafrí, vetrarfrí og skipulagsdaga.

Viðfangsefni vetrarins

Í upphafi skólaárs var notast við frjálst val í Sælukoti. Börnin höfðu sitt nafnspjald og völdu sér stöð á töflunni að eigin vali. Þetta var vel liðið af börnunum og alltaf eitthvað við allra hæfi en starfsfólki fannst þetta fyrirkomulag ekki vera að ganga nógu vel. Um áramót var því tekin ákvörðun um að breyta til og taka upp hópakerfi. Þá var börnunum skipt upp í hópa, Hjartahóp, Skýjahóp, Stjörnuhóp og Regnbogahóp. Í hverjum hóp voru um 20-25 börn, vinir og vinkonur saman upp að vissu marki, svipaður aldur saman í hóp. Hópurinn hefur sína leiðbeinendur sem eru mismunandi eftir dögum svo börnin hafi tök á að kynnast öllum starfsmönnum jafn vel. Það var skipulögð starfsemi fyrir hvern dag, á tveggja vikna fresti var svo stokkað upp í stöðvunum svo allir geti prófað allt sem var í boði. Börnunum, starfsmönnum og foreldrum líkar vel við nýja kerfið enda hefur agavandamálum fækkað mikið og öryggi aukist til muna. Nú hefur hver leiðbeinandi mætingalista yfir sinn hóp og heldur því vel utan um mætingu hvers og eins.

Á hverjum degi í vetur höfum við haft afnot af íþróttasal, danssal, sælukoti og skjólinu. Einnig hefur útisvæði, föndur í matsal, bíó á sal og tölvur verið í boði. Við reynum að hafa gott jafnvægi á tölvum og bíó á móti föndri og öðrum skapandi greinum.

Á lengri dögum s.s. skiplagsdögum, í jólafríi, í vetrar og páskafríi hefur dagleg dagskrá verið brotin upp. Í vetur fórum við m.a. með nemendur í sund í Salalaug Kópavogs og í Hafnarfirði, í keilu í Öskjuhlíð, strætóferðir, gáfum öndunum brauð við tjörnina og margt fleira.

Húsnæði

Sælukot er staðsett í öðrum áfanga Sjálandsskóla. Þar er glæsileg aðstaða, við höfðum meðal annars afnot af íþróttasal, danssal, skjólinu, myndlistarstofu, tölvum, svæði fyrir framan myndlistarstofu, matsal og Sælukot þar sem nemendur geta leikið frjálsum leik. Einu sinni í viku fengum við afnot af myndlistarstofu en notuðum lítið eftir áramót. Einnig er útvistarsvæðið stórt og nýttum við hvert tæki færi til að fara út þegar veðrið var skaplegt. Við fjölgun nemenda í Sælukoti um áramót fundum við aðeins fyrir að plássið þrengdi að okkur. Það væri gott að hafa stærra svæði þar sem hægt er að hafa mörg börn á sama stað í mismunandi verkefnum. Sælukot tekur ekki allan fjöldann og eru stöðvarnar svolítið á dreif um skólann sem gerir það að verkum að það er stundum mikið verið að flakka á milli.

Eftirlit starfsmanna

Það hefur gengið vel í vetur að halda utan um mætingu barnanna, ef vafi kemur upp um hvort eitthvað barn sé farið heim er hægt að fara á stöðina þar sem hópurinn er og spyrja viðkomandi starfsmann. Misjafnt er hvort börnin er sótt eða fara sjálf heim. Umsjónarmaður hefur daglega yfirumsjón, gengur á milli hópa og athuga þarf hvort allir séu mættir. Ef nemandi hefur ekki skilað sé leitar hann tafarlaust skýringa á því. Umsjónarmaður sér um tímaskráningu til Garðabæjar og skilar inn tímum fyrirfram fyrir 22. hvers mánaðar. Þetta fyrirkomulag þarf að kynna nánar og betur fyrir foreldrum því of oft hringja foreldrar eftir þennan tíma og breyta tímafjölda eftir að greiðsluseðilinn hefur borist þeim.

Agamál

Ef upp koma agavandamál í Sælukoti hefur umsjónarmaður umsjón með eftirfylgni slíkra mála og hefur samband við foreldra viðkomandi eða við kennara og eða stjórnendur Sjálandsskóla eftir alvarleika málsins. Sælukot er ekki með sérstakt agakerfi. Agamál hafa ekki verið mörg í vetur. Börnin hafa verið ljúf, tillitsöm, góð við hvert annað sem og starfsmenn. Auðvitað koma upp erfið tilfelli og höfum við haft starfsmenn í vetur sem eru með umsjón með nemendum allan daginn. Brýna þarf betur fyrir foreldrum eldri nemenda í 3. og 4. bekk sem skráð eru í Sælukot, það þarf að liggja fyrir hvenær börnin eiga að mæta og hvenær þau eiga að fara heim. Í of mörgum tilfellum virðast börnin ráða sjálf hvort þau koma eða ekki og veldur það erfiðleikum í utanumhaldi.

Samstarfs og samskipti

Sælukot er að sjálfsögðu í miklu samstarfi og samskiptum við Sjálandsskóla og við foreldra. Umsjónarmaður hefur góðan og greiðan aðgang að kennurum og stjórnendum Sjálandsskóla og auðvelt að bera saman bækur sínar við þá um einstaka mál og einstaklinga. Upplýsingaflæði og samskipti voru ágæt í vetur en alltaf má gera betur og gæti verið ágætt að setjast niður í haust og ákveða reglur um samstarf meðal umsjónarkennara og umsjónarmanns Sælukots. Oft koma foreldrar upplýsingum á framfæri í foreldraviðtölum sem tengist Sælukoti. Mikilvægt er að umsjónarmaður Sælukots hafi tækifæri til að koma inn í þær umræður og geti þannig komið sínum skoðunum eða tillögum á framfæri.

Samskipti við foreldra

Samskipti við foreldra í Sælukoti er stór partur af starfi umsjónarmanns. Símhringingar, tölvupóstur og stutt spjall við foreldra er daglegur þáttur í starfi umsjónarmanns. Ekki er ákveðinn fundardagur í Sælukoti með foreldrum en spurning hvort taka eigi upp slíkt fyrirkomulag svo að foreldrar geti komið sínum skoðunum á framfæri. Símhringingar og tölvupóstar eru fjölmargir á hverjum degi sem getur verið tímafrekt.

Engin kynningabæklingur var sendur til foreldra í haust eins og áður hefur verið. Með kynningabækling myndi auðvelda samskipti starfsmanna og foreldra. Það kom oft fyrir í vetur að foreldrar breyttu vistun barnsins án þess að láta okkur vita, meðal annars sóttu þau börnin sín strax eftir skóla. Einnig létu foreldrar börnin sín vita hvort það ætti að ganga/hjóla heim eftir Sælukot eða á æfingar, en ekki var haft samband við starfsmenn. Þetta olli því að mikill tími fór hjá okkur að leita af börnum sem og að hringja í foreldra til að fá skilaboð barnanna staðfest. Með kynningabæklingi gæti þetta e.t.v. lagast.

Önnur tómstundaheimili og fleiri tækifæri

Í vetur hefur verið vísir af samstarfi á milli tómstundaheimilana í Garðabæ. Eftir áramót hafa verið reglulegir fundir einu sinni í viku með umsjónamönnum tómstundaheimlanna. Tilgangur með fundunum er að búa til öryggisverkferla tómstundaheimilanna, starfsmannahandbók sem og handbók fyrir foreldra. Þessum verkefnum er ekki lokið en haldið verður áfram með þau á næsta skólaári.

Umsjónamenn tómstundaheimila í Garðabæ hafa fundað reglulega einu sinni í mánuði og höfum við skipts á hugmyndum sem hefur hjálpað Sælukoti að efla starf okkar og gert það enn betra. Gagnlegt væri að heimsækja önnur tómstundaheimili til að fá en fleiri hugmyndir með starfið.


Samstarf við Stjórnuna gæti líkað verið hentugt, íþróttaskóli eða heimsóknir þjálfara frá deildum innan Stjörnnunnar í Sælukot, kynna vetrarstarfið fyrir þeim og hugsanlegt samstarf um fylgd úr skóla á æfingar og öfugt.

Horfur næsta vetur - Lokaorð

Starfið í vetur hefur gengið ágætlega. Samskipti við skólann hefur gengið vel en mætti betur ganga með foreldra. Fjölmargir foreldrar hafa lýst yfir ánægju með Sælukot og virðast ánægðir með nýtt fyrirkomulag í vetur. Einnig höfum við fengið börn til okkar sem einfaldlega langar að vera í Sælukoti en þurfa ekki endilega vistun. Þetta finnst okkur ánægjulegt. Einnig hafa foreldrar komið með ábendingar varðandi starf Sælukots sem hefur komið okkur að góðu gagni í að gera enn betur í okkar starfi.

Næsti vetur verður að öllum líkindum með breyttu móti þar sem forstöðumaður líðandi vetrar verður ekki við störf og nýir leiðbeinendur koma einnig inn í starfið. Umsjónarmanni fannst heldur erfitt að halda leiðbeindendum í starfi í vetur. Það þurfti að ráða inn þrjá nýja starfsmenn yfir veturinn og margir sem þurftu að hætta og þar með stytta starfssamning sinn. Þetta olli töluverðum óþægindum og mætti athuga betur næsta vetur. Mikilvægt er að bæta inn meira af leikföngum svo hægt sé að hafa fleira í boði í hverri viku. Með bættu skipulagi og góðu hugarfari er ég bjartsýn á fyrir hönd Sælukots á næsta ári. Foreldrar hafa verið mjög duglegir á að hrósa starfsfólki fyrir vel unnin störf og tala mikið um hvað börnin þeirra séu ánægð í Sælukoti.

Fylgiskjal 1 - Skipurit Sjálandsskóla skólaárið 2014-2015



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Fylgiskjal 2 - Skóladagatal 2014-2015

AGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1 M	Reykjavík 7. bekkur	1 M	1 L	1 M	Fúlvéldisdagurinn	1 F	1 S	1 S	1 F	Verkalýðisdagurinn
2 Þ		2 F	2 S	2 Þ	Jósepinn	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ
3 M	Gróðursetningarféð	3 F	3 M	3 M	Jósepinn	3 L	3 Þ	3 Þ	3 S	3 M
4 F	Þráttur verslunarmanna	4 L	4 Þ	4 F	Vínauka	4 F	4 M	4 L	4 M	4 F
5 F		5 S	5 M	5 F	Vínauka	5 M	5 F	5 S	5 Þ	5 F
6 L		6 M	6 F	6 L	Vínauka	6 L	6 Þ	6 M	6 M	6 L
7 S		7 Þ	7 F	7 S	Vínauka	7 S	7 L	7 Þ	7 F	7 S
8 M	Dagur læris	8 M	8 L	8 M	8 M	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M
9 Þ		9 F	9 S	9 Þ		9 F	9 M	9 F	9 L	9 Þ
10 M		10 F	10 M	10 M		10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M
11 F		11 L	11 Þ	11 F		11 S	11 M	11 L	11 M	11 F
12 F	Skóladagur	12 S	12 M	12 F		12 M	12 F	12 S	12 Þ	12 F
13 L	Skóladagur	13 M	13 F	13 L		13 Þ	13 F	13 M	13 M	13 L
14 S	Skóladagur	14 Þ	14 F	14 S		14 M	14 L	14 Þ	14 F	14 S
15 M		15 M	15 L	15 M		15 S	15 S	15 M	15 F	15 M
16 Þ	Dagur skólastarfs náttúru	16 F	16 S	16 Þ		16 F	16 M	16 F	16 L	16 Þ
17 M		17 F	17 M	17 M		17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M
18 F		18 L	18 Þ	18 F	Kirkjuféð	18 S	18 M	18 L	18 M	18 F
19 S		19 S	19 M	19 F	Jóhannesson	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F
20 L		20 M	20 F	20 L		20 Þ	20 F	20 M	20 M	20 L
21 S		21 Þ	21 F	21 S		21 M	21 L	21 Þ	21 F	21 S
22 M	10. bekkur skóla	22 M	22 L	22 M		22 F	22 S	22 M	22 F	22 M
23 Þ	10. bekkur enska	23 F	23 S	23 Þ	Þorláksson	23 F	23 M	23 F	23 L	23 Þ
24 M	10. bekkur stærðfræði	24 F	24 M	24 M	Aðfangadagur páska	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M
25 F	4.7 bekkur skóla	25 L	25 Þ	25 F	Skóladagur	25 S	25 M	25 L	25 M	25 F
26 F	4.7 bekkur stærðfræði	26 S	26 M	26 F	Annar íðun	26 M	26 F	26 S	26 Þ	26 F
27 L		27 M	27 F	27 L		27 Þ	27 F	27 M	27 L	27 S
28 S		28 Þ	28 F	28 S		28 M	28 L	28 Þ	28 F	28 M
29 M		29 M	29 L	29 M		29 F	29 S	29 M	29 F	29 L
30 Þ		30 F	30 S	30 Þ		30 M	30 L	30 F	30 L	30 Þ
31 S		31 F	31 M	31 L		31 F	31 M	31 L	31 S	31 Þ

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Á kögunarhóli



Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026

Niðurstöður Skólapúlsins skólaárið 2014-2015

Júní 2015

Inngangur

Sjálandsskóli í Garðabæ tók til starfa haustið 2005. Skólinn er í útjaðri Sjálandshverfis við Arnarnesvoginn. Samkvæmt lögum um grunnskóla er það markmið grunnskóla að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Með framangreint að leiðarljósi er hugmyndafræði Sjálandsskóla byggð. Skólahúsnæði Sjálandsskóla er sveigjanlegt og í starfinu er lögð áhersla á einstaklingsmiðað skólastarf og samvinnu nemenda.

Lykill að farsælu skólastarfi er að skapa samhug meðal starfsmanna skólans, foreldra og nemenda um skólastefnu. Að frumkvæði skólaskrifstofu Garðabæjar var ákveðið að Sjálandsskóli yrði þátttakandi í Skólapúlsinum en það er samræmt kannanakerfi sem hefur það markmið að útvega skólastjórnendum og skólaskrifstofum áreiðanleg, langtímamiðuð, samanburðarhæf og aðgengileg gögn um mikilvæga þætti í skólastarfinu.

Aðferð

Á vef Skólapúlsins er að finna upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir kannanakerfisins líkt og í fyrra var kannað ýmislegt sem varðar líðan nemenda og viðhorf foreldra og starfsmanna til skólastarfsins.

Niðurstöður

Í þessari skýrslu eru niðurstöður greindar eftir því hvort um er að ræða marktækan mun milli svara þessarar þriggja hópa (nemenda, foreldra og starfsmanna) í samanburði við viðkomandi hópa annarra skóla á landinu sem tóku þátt í Skólapúlsinum (85 grunnskólar foreldrakannanir, 66 starfsmannakannanir og nemendur samtala um 17000 á landinu).

Öryggismörk í marktektarprófum voru 90%. Lágmarksvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspeгла mögulega ekki almennt viðhorf foreldra í skólanum. Svarhlutfall foreldra í Sjálandsskóla var 91,7%, svarhlutfall nemenda, 91,5% og svarhlutfall starfsmanna 82,4%. Niðurstöður bæði nemenda og starfsmannkönnunar teljast marktækar.

Foreldrakönnunin

Ekki reyndist marktækur munur á viðhorfi foreldra Sjálandsskóla og annarra skóla sem tóku þátt í Skólapúlsinum hvað varðar eftirfarandi þætti:

1. Nám og kennsla

- Ánægja foreldra með stjórnun skólans
- Hæfileg áhersla á námsmat með hefðb. prófum

2. Velferð nemenda

- Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur
- Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda
- Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt
- Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra
- Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum

3. Aðstaða og þjónusta

- Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu/frístundaheimili
- Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili
- Ánægja foreldra með sérkennslu/stuðning í skólanum
- Hlutfall nemenda með sérkennslu/stuðning í skólanum
- Tíðni sérkennslu/stuðnings
- Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun
- Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun
- Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun
- Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu
- Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaárinu
- Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti

4. Foreldrasamstarf

- Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi
- Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur
- Ánægja með síðasta foreldraviðtal
- Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra
- Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá

5. Heimastuðningur

- Virkni foreldra í námi barna sinna
- Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið
- Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu
- Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám

Marktækur munur reyndist vera á viðhorfi foreldra Sjálandsskóla og annarra skóla sem tóku þátt í Skólapúlsinum hvað varðar eftirfarandi þætti:

1. Nám og kennsla

- Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum +
- Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra +
- Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum +
- Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra +
- Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðb. próf að mati for. +

2. Velferð nemenda

- Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt +
- Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum +
- Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans +
- Meðaltímabil eineltis -

3. Aðstaða og þjónusta

- Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum +
- Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti –
- Notkun á mötuneyti –

4. Foreldrasamstarf

- Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum +
- Ánægja foreldra með heimasíðu skólans +

5. Heimastuðningur

- Hæfileg heimavinna að mati foreldra +
- Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns +

Nemendakönnunin

Ekki reyndist marktækur munur á viðhorfi nemenda Sjálandsskóla og annarra skóla sem tóku þátt í Skólapúlsinum hvað varðar eftirfarandi þætti:

Virkni nemenda í skólanum

- Áhugi á stærðfræði
- Ánægja af náttúrufræði

Líðan og heilsa

- Stjórn á eigin lífi
- Vellíðan
- Einelti
- Tíðni eineltis
- Hreyfing
- Mataræði

Skóla- og bekkjarandi

- Samsömun við nemendahópinn -
- Agi í tímum
- Virk þátttaka nemenda í tímum

Marktækur munur reyndist vera á viðhorfi nemenda Sjálandsskóla og annarra skóla sem tóku þátt í Skólapúlsinum hvað varðar eftirfarandi þætti:

Virgni nemenda í skólanum

- Ánægja af lestri +
- Þrautseigja í námi +
- Trú á eigin vinnubrögð í námi +
- Trú á eigin námsgetu +

Líðan og heilsa

- Sjálfsálit +

Skóla- og bekkjarandi

- Samband nemenda við kennara +
- Mikilvægi heimavinnu í náminu -

Starfsmannakönnunin

Ekki reyndist marktækur munur á viðhorfi starfsmanna Sjálandsskóla og annarra skóla sem tóku þátt í Skólapúlsinum hvað varðar eftirfarandi þætti:

Matsþættir

-

1. Allir starfsmenn - Almennt

- Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra
- Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð
- Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð
- Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð
- Starfsmannaviðtöl undanfarið ár
- Tíðni áreitni meðal starfsfólks
- Tíðni eineltis meðal starfsfólks

2. Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans

- Starfsánægja í skólanum
- Starfsandi innan skólans
- Upplýsingastreymi innan skólans
- Starfsaðstaða í skólanum

3. Kennarar - Kennarastarfið

- Trú kennara skólans á eigin getu
- Tími í heimavinnu á viku
- Undirbúningur kennslu í skólanum
- Öllum bekknum kennt í einu
- Hópvinnu í bekk
- Einstaklingsvinna í bekk
- Einstaklingsmiðuð kennsla
- Áhersla kennara á námsmat með prófum
- Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum

4. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

- Virk samvinna um skólaþróun og umbætur

5. Kennarar - Mat og endurgjöf

- Umfang mats og endurgjafar
- Sanngirni mats og endurgjafar
- Gagnsemi mats og endurgjafar

6. Kennarar - Símenntun kennara

- Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár
- Símenntunarpörf kennara

Marktækur munur reyndist vera á viðhorfi starfsmanna Sjálandsskóla og annarra skóla sem tóku þátt í Skólapúlseinum hvað varðar eftirfarandi þætti:

1. Allir starfsmenn – Almenn

- Gagnsemi starfsmannaviðtals -

2. Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans

- Stjórnun skólans -

3. Kennarar - Kennarastarfið

Ánægja með kennarastarfið -

Upplýsingamiðlun til foreldra +

4. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika +

Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem. +

Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara -

Samráð um kennslu +

Samvinna um kennslu +

Valddreifing við ákvarðanatöku -

Vinnuaðstæður kennara +

6. Kennarar - Mat og endurgjöf

Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara -

Nýting á niðurstöðum kennaramats -

7. Kennarar - Símenntun kennara

Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 18 mán. -

Umræða

Niðurstöður Skólapúlsins 2015 benda til þess skólagerð Sjálandsskóla hæfi áherslum aðalnámskrár og teymiskennsla og samstarf kennara um nám og kennslu sé öflugt.

Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með skólann í samanburði við aðra skóla og skiptir þá ekki máli hvort að um sé að ræða nám og kennslu, velferð nemenda foreldrasamstarf og heimastuðning. Það er einna helst að foreldrar telji að hægt sé að bæta aðstöðu og þjónustu í skólanum og þá er einna helst verið að tala um matarmál.

Nemendur eru sömu leiðis almennt sælir, þannig virðast þeir hafa almenna ánægju af náminu, séu þrautseigir og hafi trú á sér. Þá líður þeim almennt vel og telja skóla- og bekkjarandann góðan.

Starfsmenn skólans eru ánægðir með aðstöðuna og fá mikinn stuðning í starfi sínu frá samstarfsfélögum og eru virkir í símenntun sinni. Þó telja kennarar að faglegur stuðningur og endurgjöf frá skólastjóri ætti vera meiri sem og valddreifing í ákvarðanatöku. Kennararnir telja að þeir fái góðan stuðning í vinnu með nemendur sem þurfa á sérkennslu og sérstökum stuðningi að halda. Þessar niðurstöður eru mjög í anda þess sem var á seinasta skólaári og mikilvægt að bregðast við þeim í góðu samstarfi við starfsfólkið.

Lokaorð

Kannanir eru mjög af hinu góða og æskilegt að skólar hafi aðgang að kerfi sem bregður ljósi á viðhorf helstu hagsmunaðila til skólastarfsins. Ígrunda þarf vel hvernig hægt er að tengja saman svörun þessara hópa til þess að þróa skólastarfið enn frekar. Rýni og nýting Skólalánsins er enn í deiglu – þessi skýrsla er því frekar í ætt við samantekt helstu niðurstaðna frekar en skýrslu. Með því að vinna markvisst með niðurstöður er hægt að gera góðan skóla enn betri.

F.h. Sjálfsmatsteymis Sjálandsskóla:

Helgi Grímsson, skólastjór

samræmdra könnunarprófa 2014

Samræmd könnunarpróf fóru fram í Sjálandsskóla ásamt öðrum grunnskólum landsins vikuna 22. – 26. september 2014. Vel gekk að leggja prófin fyrir í öllum árgöngum skólans og voru allar tímaáætlanir í samræmi við tilmæli frá Námsmatsstofnun.

Tafla 1. Þátttaka í samræmdum prófum árið 2014 í öllum árgöngum í Sjálandsskóla.

	<i>Heildafjöldi</i>	<i>Undanþága</i>	<i>Lengdur próftími</i>	<i>Fjarverandi</i>
4. bekkur stærðfræði	21	0	12	0
4. bekkur íslenska	21	0	12	0
7. bekkur stærðfræði	29	1	5	0
7. bekkur íslenska	28	2	5	0
10. bekkur stærðfræði	8	0	4	0
10. bekkur íslenska	8	1	4	1
10. bekkur enska	8	0	4	1

4. bekkur

21 nemandi þreytti samræmt próf í íslensku og í stærðfræði í 4. bekk. Enginn nemandi var með undanþágu eða fjarverandi, 12 nemendur voru með lengdan próftíma í báðum greinum.

Íslenska

Í íslensku var hæsta einkunn 7,5 en tveir nemendur hlutu þá einkunn. Lægsta einkunn var 3,0 en tveir nemendur hlutu þá einkunn. Meðaltal heildareinkunna í Sjálandsskóla var 5,8.


Tafla 2. Samræmdar einkunnir úr einstökum prófþáttum í 4. bekk í íslensku

	<i>Landsmeðaltal</i>	<i>Samræmd einkunn í Sjálandsskóla</i>	<i>Mismunur á milli landsmeðaltals og Sjálandsskóla í %</i>
Heildareinkunn	5,8	5,8	0%
Lestur	6,1	6,3	3,3%
Ritun	6,1	5,3	-15%
Málnotkun	5,5	5,9	6,8%
Stafsetning	5,1	5,1	0%


Fjöldi nemenda 21

Tafla 3. Rað- og normaldreifðar einkunnir í 4.bekk í íslensku.


Íslenska 4. bekkur Sjálandsskóli 2014	Íslenska	Stafsetning	Lestur/hlustun	Málnotkun	Ritun
Raðtala (Re)	49,9	38,0	52,1	57,4	36,3
Normaldreifð einkunn (Sg)	29,4	26,2	30,4	31,5	25,6



Mynd 1 Meðaleinkunnir Sjálandsskóla, landsins og Reykjavík í einstökum námsþáttum á skalanum 1 – 10 í 4. bekk í íslensku.



Mynd 2. Hlutföll normaldreifðra einkunna úr samræmdum könnunarprófum í einstökum prófþáttum skipt niður á þriggja bíla kvarða í 4. bekk í íslensku.



Mynd 3 . Meðaltöl normaldreifðra einkunna einstakra prófþátta annars vegar drengir og hins vegar stúlkur í 4. bekk í íslensku.

Stærðfræði

Í stærðfræði var hæsta heildareinkunn 9,0 en einn nemandi hlaut þá einkunn. Lægsta einkunn var 3,5 en tveir nemendur hlutu þá einkunn. Meðaltal heildareinkunna í Sjálandsskóla var 6,7.


Tafla 4. Samræmdar einkunnir úr einstökum prófþáttum í 4. bekk í stærðfræði.

	Landsmeðaltal	Samræmd einkunn í Sjálandsskóla	Mismunur á milli landsmeðaltals og Sjálandsskóla í %
Heildareinkunn	6,6	6,7	1,5%
Reikningur og aðgerðir	6,6	6,7	1,5%
Rúmfræði og mælingar	5,4	5,8	6,9%
Tölur og talnaskilningur	6,5	7,7	15,6%


Fjöldi nemenda 21

Tafla 5. Rað- og normaldreifðar einkunnir í 4. bekk í stærðfræði.


	Stærðfræði	Reikningur og aðgerðir	Rúmfræði og mælingar	Tölur og talnaskilningur
Stærðfræði 4. bekkur Sjálandsskóli 2014				
Raðtala (Re)	55,3	51,9	55,4	64,7
Normaldreifð einkunn (Sg)	31,3	30	31	35



Mynd 4. Meðaleinkunnir Sjálandsskóla og landsins á einstökum námsþáttum á skalanum 1 – 10 í 4. bekk í stærðfræði.



Mynd 5. Meðaltöl normaldreifðra einkunnna úr samræmdum könnunarprófum í 4. bekk í stærðfræði í einstökum prófþáttum skipt niður á þriggja bila kvarða.



Mynd 6. Samræmdar normaldreifðar einkunnir einstakra prófþátta. Hlutfall drengja og stúlkna í 4. bekk í stærðfræði.

Viðbrögð við niðurstöðum

Þegar á heildina er litið er árangur nemenda í **íslensku** í 4. bekk er í samræmi við væntingar stjórnenda og starfsfólks. Meðaltal heildareinkunnar er 5,8. Raðeinkunn nemenda í 4. bekk er frá 3-86. Raðeinkunn lægstu nemendanna eru þó vonbrigði. Meðaltal raðeinkunna nemenda í 4. bekk í Sjálandsskóla í íslensku var 49,6 (Re), normaldreifð einkunn var 29,4 (Sg).

Umsjónarkennarar hópsins, sérkennari og skólastjórndur funda um niðurstöður, skoða einstaka námsþætti og árangur einstakra nemenda. Unnið er að sérkennslusáætlun fyrir þá nemendur sem voru undir meðallagi í heildareinkunn eða í einstökum prófpáttum. Hópur nemenda sem var með normaldreifða einkunn undir 30 (Sg) hefur nú þegar verið í sérkennslu á haustönninni og verður þeirri vinnu haldið áfram. Þáttur lestrar og hlustunar kom nokkuð vel út en meðaltal heildarniðurstöðu er 52,1 (Sg) sem og þáttur málnotkunar en þar var heildarniðurstaða 57,4 (Sg). Þann árangur má að öllum líkindum tengja við innleiðingu PALS lestraraðferðarinnar skólaárið 2013-2014. Þáttur ritunar eru vonbrigði fyrir skólann þar sem nemendur skólans hafa verið sterkir í þeim námsþætti undanfarin ár á samræmdum könnunarpórfum. Ritunaráherslu skólans hafa verið óbreyttar síðastliðin ár og því koma þessar niðurstöður á óvart. Enn hefur ekki fundist viðunandi skýring á þessari breytingu. Áhersla er lögð á samvinnu við foreldra með heimalesturinn og eiga allir nemendur í 1.-7. bekk að lesa heima á hverjum degi.

Í **stærðfræði** í 4. bekk er meðaltal heildareinkunnar 6,7 sem telst góður árangur miðað við landsmeðaltalið. Raðeinkunn nemenda 55, 3 (Re), normaldreifð meðaleinkunn nemenda er 31,3 (Sg). Hæðsta einkunn var 9,0 sem einn nemandi hlaut. Jafnhliða áætlun í íslensku er unnin áætlun í stærðfræði fyrir þá nemendur sem voru undir meðaltali á landsvísi í heildareinkunn eða í einstökum námsþáttum. Litið verður sérstaklega til nemenda með meðaltal normaldreifðrar einkunnar undir 30,0.

7. bekkur

29 nemendur þreytti samræmt próf í íslensku og í 28 nemendur stærðfræði í 7. bekk. Einn nemandi var með undanþágu í stærðfræði og tveir nemendur í íslensku. Nemendur með undanþágu þreyttu önnur próf aðlöguð að námsgetu á sama tíma, með sama hætti og aðrir nemendur. Enginn nemandi var fjarverandi. 5 nemendur voru með lengdan próftíma í báðum greinum.

Íslenska

Í íslensku var hæsta einkunn 8,5 en tveir nemendur hlutu þá einkunn. Lægsta einkunn var 3,5 en einn nemandi hlutu þá einkunn. Meðaltal heildareinkunna í Sjálandsskóla var 6,0.


Tafla 6. Samræmdar einkunnir úr einstökum prófpáttum í 7. bekk í íslensku.

	Landsmeðaltal	Samræmd einkunn í Sjálandsskóla	Mismunur á milli landsmeðaltals og Sjálandsskóla í %
Heildareinkunn	5,9	6,0	1,6%
Stafsetning	5,1	4,9	-4%
Lestur	6,3	6,7	6%
Málnotkun	5,8	5,6	-3,6%
Ritun	6,0	6,0	0%


Fjöldi nemenda 29

Tafla 7. Rað- og normaldreifðar einkunnir í 7.bekk í íslensku.


	Íslenska	Stafsetning	Lestur/hlustun	Málnotkun	Ritun
Íslenska 7. bekkur Sjálandsskóli 2014					
Raðtala (Re)	47,0	47,0	56,0	47,6	49,2
Normaldreifð einkunn (Sg)	30,4	28,5	56,0	29,1	30,0



Mynd 7. Meðaleinkunnir Sjálandsskóla, landsins og Reykjavík í einstökum námsþáttum á skalanum 1 – 10 í 7. bekk í íslensku.



Mynd 8. Samræmdar einkunnir einstakra prófbátta annars vegar drengir og hins vegar stúlkur á kvarðanum 1 – 10 í 7. bekk í íslensku.



Mynd 9. Hlutföll normaldreifðra einkunna úr samræmdum könnunarprófum í einstökum prófbáttum skipt niður á þriggja bila kvarða í 7.bekk í íslensku.

Stærðfræði

Í stærðfræði var meðaltal heildareinkunnar 7,3. Hæsta heildareinkunnin 9,5 og voru tveir nemendur með þá einkunn. Einn nemandi var með einkunnina 9,0 og þrír nemendur með 8,5. Lægsta heildareinkunn var 5,0 sem að fjórir nemendur hlutu.


Tafla 8. Samræmdar einkunnir úr einstökum prófbáttum í 7. bekk í stærðfræði.

	Landsmeðaltal	Samræmd einkunn í Sjálandsskóla	Mismunur á milli landsmeðaltals og Sjálandsskóla í %
Heildareinkunn	6,6	7,3	9,6%
Reikningur og aðgerðir	6,8	7,7	11,7%
Rúmfræði og mælingar	5,7	6,0	3,9%
Tölfræði	6,5	8,0	18,8%

Fjöldi nemenda 28


Tafla 9. Rað- og normaldreifðar einkunnir í 7.bekk í stærðfræði.

	Stærðfræði	Reikningur og aðgerðir	Rúmfræði og mælingar	Tölfræði
Stærðfræði 4. bekkur Sjálandsskóli 2014				
Raðtala (Re)	59.9	60.7	54	61,8
Normaldreifð einkunn (Sg)	33	33	31,4	33,8




Mynd 10. Meðaleinkunnir Sjálandsskóla, Reykjavík og landsins á einstökum námsþáttum á skalanum 1 – 10 í 7. bekk í stærðfræði.

Mynd 11. Meðaltöl normaldreifðra einkunna úr samræmdar



könnunarprófum í 7. bekk í stærðfræði í einstökum prófþáttum skipt niður á þriggja bila kvarða.


Mynd 12. Samræmdar einkunnir einstakra prófþátta annars vegar drengir og hins vegar stúlur á kvarðanum 1 – 10 í 7. bekk



Viðbrögð við niðurstöðum

Árangur nemenda í 7. bekk í íslensku og stærðfræði var almennt mjög góður.


Í **íslensku** í 7. bekk er árangur nemenda góður. Meðaleinkunn var 6,0. Raðeinkunn nemenda í 7. bekk er frá 9-96 (Re). Meðaltals raðeinkunn nemenda í 7. bekk í Sjálandsskóla í íslensku var 50,7 (Re) normaldreifð einkunn var 30,4 (Sg). Framfarir nemenda eru undir væntingum.



Mynd 13. Framfarir nemenda í íslensku á milli 4. og 7. bekk í samræmdum prófum í íslensku.

Umsjónarkennarar hópsins, sérkennarar og skólastjórnendur funda um niðurstöður, skoða einstaka námsþætti og árangur einstakra nemenda m.t.t. hvernig hægt er að styrkja stöðu þeirra og tryggja að frekari vöxt og þroska í náminu. Unnið verður sérstaklega með nemendur sem fengu raðtölu 30 eða minna, hvort heldur er í einstökum námsþáttum eða í heildareinkunn. Nemendur með raðeinkunn 9-25 fá einstaklingsnámskrá í íslensku. Frá árinu 2009 hefur markvisst verið unnið með ritunarpátt, lestur og lesskilning í skólanum. Ánægjulegt er að sjá árangur nemenda í lestri og hlustun. Skólaárið 2013-2014 var lestrarkennsluaðferðin PALS innleidd í Sjálandsskóla frá 1. -7. bekk. Líklegt má telja að árangurinn megi rekja til lestraraðferðarinnar.

Í **stærðfræði** var námsárangur mjög góður. Raðeinkunn nemenda í 7. bekk er frá 24-96 sem mun teljast góður árangur. Meðaltals raðeinkunn nemenda í 7. bekk í Sjálandsskóla í stærðfræði var 59,5 (Re), normaldreifð einkunn 33,0 (Sg). Framfarir nemenda eru almennt eðlilegar. Nemendur með raðeinkunn undir 30 fá einstaklingsnámskrá í stærðfræði. Skipulag hennar verður gert í samráði við foreldra nemenda með það í huga að efla styrk og sjálfstraust þeirra í stærðfræði.



Mynd 14. Framfarir nemenda í stærðfræði á milli 4. og 7. bekk í samræmdum prófum í stærðfræði.


10. bekkur

6 nemendur þreyttu samræmt próf í íslensku og 7 í stærðfræði og ensku í 10. bekk. Einn nemandi var með undanþágu í íslensku, enginn í stærðfræði og ensku. Einn nemandi var fjarverandi vegna veikinda. 4 nemendur voru með lengdan próftíma í báðum greinum. Niðurstöður skóla með 10 nemendur eða færri eru ekki birtar vegna persónuverndar. Árangur í 10. bekk stóðst væntingar stjórnenda en skólinn er yfir meðaltali í stærðfræði og ensku en lítillega undir í íslensku.

stjórnenda en skólinn er yfir meðaltali í stærðfræði og ensku en lítillega undir í íslensku.

Viðbrögð við niðurstöðum

Árangur nemenda í 10. bekk var almennt góður. Umsjónarkennarar hópsins, sérkennarar og skólastjórnendur fundu um niðurstöður, skoða einstaka námsþætti og árangur einstakra nemenda m.t.t. hvernig hægt er að styrkja stöðu þeirra og stuðla að enn frekari vexti þeirra og þroska í náminu.



Fylgiskjal 5 - Fréttadagbók af heimasíðu

<http://sjalandsskoli.is/forsida/frettir/>

Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026

ÁRSSKÝRSLA KLAKANS 2014-2015



6/8/2015

Starf Klakans – Sjálandsskóla – 2014 -
2015 Anna Lía Ríkharðsdóttir

ÁRSSKÝRSLA KLAKANS 2014-2015

Starf unglिंगadeildar

Þann 9. september fór starf Klakans af stað með opunarhátíð Klakans í Sjálandsskóla. Opunartímar Klakans hafa verið annars vegar á þriðjudagskvöldum kl. 19.30-22.00 og hins vegar á fimmtudögum frá kl. 19.30 – 22.00.

Opin hús unglिंगadeildar

Á opnum húsum hefur félagsmiðstöðin boðið m.a. upp á eftirfarandi:

- ✓ Vinaball þar sem unglingar buðu nemendum úr öðrum skólum á ballið.
- ✓ Varúlf
- ✓ Draugahús
- ✓ Stíl
- ✓ Opið kaffihús í tilefni Félagsmiðstöðvadásins
- ✓ Risa bíó
- ✓ Íþróttamót
- ✓ Gistigleði & lan
- ✓ Jólamynd
- ✓ Jólaskemmtun – matur, skemmtiatriði og ball
- ✓ Jólabingó
- ✓ Jólabakstur
- ✓ 8. bekkjarkvöld
- ✓ Stráka- og stelpukvöld
- ✓ Minute to win it keppni
- ✓ Feluleikur um skólann
- ✓ Kökukeppni
- ✓ Pizzakvöld
- ✓ Skautiferð
- ✓ Friendskvöld
- ✓ Foosball mót
- ✓ Fifa kvöld
- ✓ Spilakvöld
- ✓ Heimsókn frá Elítunni
- ✓ Heimsókn til Elítnnar
- ✓ Master Chef kvöld

Mæting á viðburði og opin hús hafa verið að meðaltali 40-45 unglingar pr. kvöld á haustönn en á vorönn dróst aðeins úr mætingunni og voru þá að mæta 25-30 unglingar pr. kvöld.



Miðeildarstarf

Í október fór Klakinn af stað með starf fyrir miðeild. Opið var á þriðjudögum frá kl. 17.00 – 19.00, annan hvorn þriðjudag fyrir 5. – 6. bekk og fyrir 7. bekk var opið annan hvern fimmtudag frá kl. 17.00-19.00. Eftir áramótin héldum við áfram starfinu og þá var boðið upp á sömu tíma en í maí fengu nemendur í 7. bekk að vera með á kvöldopnunum unglingadeildarinnar og 5.-6. bekkur fékk að koma vikulega.

Á opnum húsum bauð félagsmiðstöðin m.a. upp á eftirfarandi:

- ✓ Minute to win it keppni
- ✓ Ball – öllum skólum í Garðabæ og á Álftanesi var boðið að taka þátt.
- ✓ Kósý og veitingar
- ✓ Leiki og samverustundir
- ✓ Videókvöld
- ✓ Íþróttamót
- ✓ Kappát

Mæting í 5.-6. og 7. bekk bekkjarstarfið var að meðaltali 30-35 börn.

Sameiginlegir viðburðir í unglingadeildarstarfi, samstarf við Garðalund og Elítuna.

Garðalundur hefur boðið Klakanum að taka þátt í böllum. Það hefur gengið vel og starfsmaður mætt frá Klakanum þegar þörf hefur verið á. Í ár fór lítill hópur frá Klakanum á eitt ball hjá Garðalundi í upphafi skólaárs og svo ekki meir. Það var ekki áhugi fyrir því að sækja viðburði til Garðalundar.

Elítan bauð upp nemendum í 7. bekk á sameiginlegt Halloween ball fyrir alla 7. Bekki í Garðabæ. Eins bauð Elítan Klakanum í heimsókn til sín og Klakinn bauð Elítunni til sín.

Klakinn hefur tekið þátt í sameiginlegum viðburðum á vegum Samfés eins og Stíl, Samfestingi og Landsmóti Samfés sem haldið var á Borganesi.

Starfsmenn Klakans hafa farið í eftirfarandi ferðir:

- ✓ 8. bekkjarferð á Úlfjótssvatn.
- ✓ 9. og 10. bekkjarferð á Úlfjótssvatn.
- ✓ Landsmót Samfés til Ísafjarðar.
- ✓ Vorferð 9. bekkjar á Hlaðir í Hvalfirði.

Þessar ferðir hafa verið skipulagðar af forstöðumanni í samráði við kennara og stjórnendur Sjálandsskóla.

Samstarf við Sjálandsskóla

Strax í byrjun skólaárs var forstöðumanni boðið að sitja teymisfundi sem hann og gerði. Hann óskaði eftir að funda með umsjónarkennurum unglingadeildar þar sem farið var yfir hvern ungling fyrir sig. Með því gat forstöðumaður gert sér góða grein fyrir stöðu hvers og eins.

Fundað var þegar þörf var á með stjórnendum skólans, umsjónarkennurum sem og námsráðgjafa.

Mjög gott samstarf hefur verið við húsvörð/umsjónarmann skólans.

Stjórn nemendafélags og félagsmálaval Sjálandsskóla

Forstöðumaður starfaði náið með stjórn nemendafélagsins og fundaði einu sinni í viku með hópnum sem samanstendur af unglingum í 8. 9. og 10. bekk. Fundað var í hádeginu á þriðjudögum.

Félagsmálaval var starfandi með fasta tíma tvisvar í viku allt skólaárið og tekur þátt í og ber ábyrgð á ýmsum viðburðum á vegum félagsmiðstöðvarinnar og skólans. Mikilvægt er að þjálfar hópinn í að vinna sjálfstætt, læra af mistökum og bera ábyrgð. Félagsmálaval má að mínu mati vera hnitmiðaðra og með skýrari markmið. Fyrsta skrefið í þá átt er að fá fastann tíma í stundatöflu.



Leiklist

Æfingar fyrir leikrit sem sett var upp hófust í lok nóvember. Reglulegar æfingar voru fram í janúar en þá fjölgaði þeim og frumsýning verksins Lísu í Undralandi var þann 27. febrúar og 5 sýningar voru haldnar á fjórum dögum. Uppsetningin heppnaðist vel.

Foreldrafélag Sjálandsskóla

Stjórn nemendafélagsins fundaði aldrei með formanni foreldrafélagsins í ár. Fulltrúar stjórnar nemendafélagsins hafa mætt á skólaráðsfundi í vetur.

Foreldrafélagið hefur styrkt nemendafélag Sjálandsskóla tvisvar sinnum um 15 þúsund krónur en ekki fékkst styrkur í ár vegna misskilnings.

Virðingafyllst

Anna Lísu Ríkhartósdóttir

Fræðsluáætlun unglingadeildar

Sjálandsskóla og félagsmiðstöðvarinnar Klakans

Félagsmiðstöðin ásamt skólanum stendur fyrir markvissu fræðslu-, forvarnar- og leitarstarfi og beitir fjölbreyttum aðferðum til að auka líkur á árangri. Forvarnarstarf Klakans og Sjálandsskóla fer fram með ýmsum hætti bæði á skólatíma og utan hans.

Óskað er eftir styrk að upphæð 240.000.- vegna eftirfarandi verkefna fyrir veturinn 2014-2015.

Saft: Tveir fyrirlestar, annars vegar fyrirlestur um það hvernig internetið og tækni er að móta hegðun og samskipti sem birtist í sjálfsmyndum og smáskilaboðum þar sem nektarmyndir eru sendar á milli unglinga. Alvarleiki málsins er lagður fram og mögulegar afleiðingar slíkrar hegðunar. Hins vegar er fyrirlestur um tölvuleikjafíkn ungs fólks. Sýnd er stuttmynd sem varpar ljósi á þau áhrif sem tölvuleikjafíkn hefur á nánasta umhverfi þeirra sem glíma við slíka fíkn, félagslegan þroska þeirra og almennt líf. Fíknin leynist inná heimilum fólks og getur orðið það alvarleg að til kasta lögreglu komi þegar taka þarf á vandamálinu.

Blátt áfram: Starfsmenn Blátt áfram mæta einu sinni yfir veturinn og ræða við unglinga í 8. bekk um sjálfsvirðingu og hvað gera skal ef einstaklingur hefur lent í kynferðislegu ofbeldi.

Marita: Markmiðið er að vekja nemendur til umhugsunar um skaðsemi vímuefna og hvetja þau til að taka afstöðu gegn þeim. Samhliða nemendafræðslu verður boðið upp á foreldrafund að kvöldi til sem veitir sameiginlegan umræðugrundvöll unglinga og foreldra um þessi mikilvægu málefni.

Ástráður: Læknanemar koma einu sinni yfir veturinn og ræða við alla nemendur í unglingadeild um kynheilbrigði, kynsjúkdóma o.fl. Markmiðið er að fækka kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum.

Heimsókn til lögreglu: Farið verður í heimsókn með 9. og 10. bekk til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu þar sem nemendur fá fræðslu um hin ýmsu lög sem eiga við um þeirra aldur.

Sigga Dögg: Markmiðið með heimsókn Siggú Dögg er að fá góða kynfræðslu fyrir nemendur. Hún nálgast viðfangsefnið með öðruvísi hætti en flestir og nemendur fá tækifæri til að spyrja spurninga. Fræðslan er kynjaskipt. Óskað er eftir styrk fyrir fyrirlestur handa unglingum annars vegar og foreldrum hins vegar.

Helgi Grímsson, skólastjóri Sjólandsskóla

Anna Lís Ríkharðsdóttir, forstöðumaður Klakans

Dagskrá skólaárið 2014-2015

September:

Þriðjudagurinn 9. sept

Opnunarkvöld Klakans

Fimmtudagurinn 11. sept

Feluleikur um skólann

Þriðjudagurinn 16. sept

Bíókvöld (popp & kók)

Fimmtudagurinn 18. sept

Kökukeppni – foosball mót úti

Þriðjudagurinn 23. sept

Opið hús - Foosball úti

Fimmtudagurinn 25. sept

8. bekkjarkvöld

Föstudagurinn 26. sept

Neon ball í Garðalundi

Þriðjudagurinn 30. sept

LaserTag í Kópavogi

OKTÓBER

Fimmtudagurinn 2. okt

Spilakvöld

Þriðjudagurinn 7. okt

Íþróttamót

Fimmtudagurinn 9. okt

Fancykvöld

Þriðjudagurinn 14. okt

Varúlfur

Fimmtudaginn 16. okt

9. & 10. bekkjarkvöld

Þriðjudagurinn 21. okt

Pizzakvöld

Fimmtudagurinn 23. okt

Opið hús

Þriðjudagurinn 28. okt

Opið hús

Föstudagurinn 31. okt

NÓVEMBER

Miðvikudaginn 5. nóv

félagsmiðstöðvadaurinn

Fimmtudagurinn 6. nóv

Poolmót

Þriðjudagurinn 11. nóv

Minute to win it

Fimmtudagurinn 13. nóv

Kósýkvöld

Þriðjudagurinn 18. nóv

Undankeppni Stíls í Klakanum

Föstudagurinn 21. nóv

Gistigleði og lan

Þriðjudagurinn 25. nóv

Þáttaraðakvöld

Fimmtudagurinn 27. nóv

Opið hús

Föstudagurinn 28. nóv

Samfés - Rímnaflæði

Laugardagurinn 29. nóv

Samfés – Stíll í Hörpu

DESEMBER

Fimmtudaginn 4. des

Jólabakstur

Þriðjudaginn 9. des

Jólabingó

Fimmtudaginn 11. des

Skautuferð

Þriðjudaginn 16. des

Jólavideókvöld

Fimmtudaginn 18. des

Jólaskemmtun

JANÚAR

Fimmtudaginn 8. Jan

Opið hús

Þriðjudaginn 13. jan

“Vinakeppni” – Hversu vel þekkirðu vini þína?

Fimmtudaginn 15. jan

Vinaball

Þriðjudaginn 20. jan

Stelpukvöld

Fimmtudaginn 22. jan

Strákakvöld

Þriðjudagurinn 27. jan

Söngkeppni Klakans

Fimmtudagurinn 29. jan

Opið hús

FEBRÚAR

Þriðjudaginn 3. feb

Friendskvöld

Fimmtudaginn 5. feb

Spilakvöld

Föstudagurinn 6. feb

Undankeppni Samfés í Grindavík

Miðvikudagurinn 11. feb

Grunnskólahátíðin í HFJ

Fimmtudaginn 12. feb

Heili – Hjarta – Typpi (frítt – 20 sæti laus)

Þriðjudagurinn 17. feb

Opið hús

Fimmtudagurinn 19. feb

Þrautakvöld

Þriðjudagurinn 24. feb

Spurningakeppni

Fimmtudagurinn 26. feb

Undirbúningur fyrir leiksýningu

Föstudagurinn 27 . feb

Frumskýning á Lísu í Undralandi!

MARS

Þriðjudaginn 3. mars

Disney kvöld

Fimmtudaginn 5. mars

Heili – Hjarta – Typpi (frítt – 20 sæti laus)

Þriðjudagurinn 10. mars

Fokk me – Fokk you (heimsókn)

Föstudagurinn 13. mars

Samfestingurinn í Laugardalshöll

Laugardaginn 14. mars

Samfestingurinn - söngkeppnin

Þriðjudagurinn 17. mars

Hryllingsmyndakvöld

Fimmtudagurinn 19. mars

Feluleikur um skólann

Þriðjudagurinn 24. mars

Lokað - skíðaferð

Fimmtudagurinn 26. mars

Lokað – skíðaferð

APRÍL

Þriðjudaginn 7. apríl

Heimsókn í Elítuna

Fimmtudaginn 9. apríl

Slím og Slef

Þriðjudagurinn 14. apríl

Bíókvöld

Fimmtudagurinn 16. apríl

Leikritið Litla Hryllingsbúðin

Þriðjudagurinn 21. apríl

Master Chef

Föstudagurinn 24. apríl

Gistigleði

Þriðjudagurinn 28. apríl

Undirbúnigur fyrir árshátíð

Miðvikudagurinn 29. apríl

Árshátíð

MAÍ

Þriðjudagurinn 5. maí

Íþróttamót úti

Miðvikudagurinn 6. maí

Elítan kemur í heimsókn

Fimmtudagurinn 7. maí

Lokað (opnun 6. maí í staðinn)

Þriðjudagurinn 12. maí Lokahátíð Klakans